

---

# ÓSNORTIN EYÐIBYGGÐ Í FJÖRÐUM

## FORNLEIFASKRÁNING

---



## II. BINDI

**Ritstjóri: Kristborg Þórsdóttir**

Höfundar efnis: Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og  
Stefán Ólafsson

---

Reykjavík 2021

FS857-18081

**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES**



*Á forsíðumynd má sjá túnið á Þönglabakka SP-044 í Þorgeirsfirði. Talsvert landbrot er við ströndina sem ógnar minjum í túninu og víðar. Loftljósmynd tók Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

©Fornleifastofnun Íslands 2021

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

Vefsíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

# Efnisyfirlit

## II. Bindi

### IV. Fornleifaskrá-Þorgeirsfjörður og Keflavík.....5

SP-044 Þönglabakki.....5

SP-045 Botn.....87

SP-046 Hóll.....122

SP-047 Keflavík.....166

SP-621 Fornleifar á fleiri en einni jörð.....206

### V. Byggðasaga.....215

### VI. Skráning örnefna í Fjörðum.....219

### VII. Minjaflokkar.....220

Bæjarhólar, öskuhaugar og bæjartóftir.....221

Kirkjur, kuml og legstaðir.....227

Þjóðtrú.....230

Vatnsból.....231

Tún og túngarðar.....232

Kálgarðar.....234

Útihús.....235

Minjar um sjósókn og útgerð.....236

Kvíar og stekkir.....238

Forngarðar.....241

Beitarhús.....242

Seljabúskapur.....244

Réttir.....246

Landnýting utan túna (mógrafir, torfrista, kolagrafir, útslægjur, áveita).....247

Landamerki.....248

Samgönguminjar.....	249
Samantekt.....	251
VIII. Varðveisla minja.....	254
IX. Kynning og áframhaldandi rannsóknir.....	257
X. Forspárgildi skráningarinnar í Fjörðum fyrir landið allt.....	259
XI. Samantekt og lokaorð .....	265
XII. Heimildaskrá.....	267
Viðauki I: Tegund og hlutverk allra minja í Fjörðum.....	271
Viðauki II: Hnitaskrá ISN93.....	281
Viðauki III: Minjakort Þorgeirsfjörður og Keflavík.....	292

## SP-044 Þönglabakki

1686 og 1696: Beneficium. BL, 290. Í neðanmálgrein á sama stað segir: “Þönglabakki has not belonged to Hólar Cathedral for any particular long period. According to DI V, No. 2-314 (about 1416) the farm is owned by the church on the spot. In DI IX, No. 266-278 (1525) it states that Þönglabakki is a beneficium. In Bréfabók p. 279 (1569) Hólar owns the farm. LR ÁM II, p. 53 f., mentions that the Bishop Guðbrandur Þorláksson (1542-1627) has granted the use of Þönglabakki as beneficium.”

1712: Kirkjustaður og beneficium. “Jarðardýrleiki meinast sje að fornu 12 hdr., til þess á dögum Hr. Guðbrands að þetta varð beneficium síðan hefur staðurinn ekki tíundast.” JÁM XI, 53-54.

1847: Beneficium. JJ, 316. Í neðanmálgrein á sama stað stendur: “A.M. segir hér frá dýrleikanum, og telur hann með þaunglabakka hjáleigurnar, Háfagerði (20 al. lsk.) og Brimnes (30 al. lsk. 1 kúg.)

“Þönglabakkki. Fornt mat 12 h., nýtt 20,7 h. (með hjáleigunni). Samfelld byggð frá 1703 til 1929. Beneficium (prestssetur) til 1902, síðan kirkjujörð.” Björn Teitsson, 37.

Jörðin er einnig nefnd Bakki, e.g. DI XIII, 515.

Jarðarinnar er fyrst getið í heimildum 1270 í rekaskrá Munkaþverárklosturs. DI II, 91.

Eyðibýli 1712: Háagerde, Brimnes. JÁM XI, 54. Önnur eyðibýli: Káragerði og Útvegshús.

Jörðin fór í eyði 1944. Ö-Þönglabakki, 1.

Kirkja er á jörðinni og er hennar fyrst getið í heimildum 1318. DI II, 443-445. Árið 1907 er Þönglabakkasókn lögð niður og lögð til Laufáss SP-024. PP III, 292.

Jarðarítök 1712: “Rekavon í betra lagi, heppnast misjafnt eftir árferði, og nýtur presturinn þess sem uppber, og so hefur lengi verið, en so rómast, að Munkaþverár klostur [EY-406] hafi átt þriðjung þessa reka. Rekaitak á staðurinn á Botnssandi, vestur frá Hólsá út undir gras, allan hvals og við. Munnmæli eru, að staðurinn eigi áttung alls hvalreka af Siglunesi á Tjörnes innan og utan fjarða, ekki hefur hann þess notið so menn viti [sjá þó Mállega 1318, DI II, 443-445].“ Í JÁM segir einnig að Þönglabakki hafi brúkað jörðina Kaðalstaði SP-040 til slægna um það leyti sem Jarðabókin var rituð og borgaði fyrir það xv álnir í landaurum, “þar með kvittast og preststíund.” JÁM XI, 59.

Jarðarítök 1270; Munkaþverárklostur á þriðjung í reka á Þönglabakka. DI II, 91, sbr. einnig máldagi 1461: DI V, 306. Jarðarítök 1318: “Sä er maldagi a þonglabacka kyrckiu. hun ä allt heima land. og. ij. hluti j Rekum. Sueytar menn skulu leggja til Tyund af flutningum af hualskurd. og aullu þui fangi er þeir hliota. af daudum huolum milli sigluness vesturs og austur Tiorness. og alls þar j milli. bædi ä meginlandi og j vteyum. j Kieflavijk [SP-047] half Tyund af Rekhual. enn oll af flutningum. af Rekum øgmundar sueinssonar. þeim sem eru milli Reyniness oc senningar vijkur. vætt spikz af tuitugum hual og meýra. af Rekhualum þordar vr Laufäsi [SP-024]. j hinu sama takmarki. vætt spikz af aullum huolum. Enn. ij. vætter af Reka ormz ogmundarsonar j þuisa takmarki. aunnur spikz enn aunnur reingi. af holz landi vætt. af fiardar Bolz landi vætt. af kadalstada landi vætt 8...].” DI II, 443-445; sjá einnig máldaga 1461: DI V, 264 265.

Jarðarítök 1391: “Skrá um Grundarreka, sem Bjarni Ásgrímsson seldi Benedikt Brynjólfssyni [...] J þorgeirsfirdi fra ose envm forna firir þavnglabacka. oc fell hann þa firir vestan daudsmannskofa [...]” DI III, 457-458; sbr. einnig rekaskrá Espihóls í Eyjafirði. DI XII, 28-29.


Jarðarítök 1525: “Þingeyrarklostur á “þriðjung j þonglabacka bædi huala vidar og flutningar [...]” DI IX, 312.

1918: Túnstærð 2,2 ha, þar af 1/6 slétt.

1712: “Túninu spillir vatnsuppgangur, sem jetur úr rótina. Enginu spillir og stórlega vatn, sem jetur úr rótina. Úthagarnir eru nægir.” JÁM XI, 54.

1839: “Engin útbeit er á vetrum sökum snjóþyngsla. Heyskapur er bæði lítill og slæmur á kaldaverslumýrum umhverfis Þorgeirshöfða, líka sunnan og vestan fram frá bænum. Svo er heyskapur þessi kostaléttur að útífenaður lifir ekki af opnum eingöngu nema þá annaðhvort með fjöru eða hins besta heys saman við. Helstu hlunnindi eru a: Trjáviðarreki, en sá er ókostur hans að mesti partur rekalandisins er undir háum

hamrabjörgum utan undir Þorgeirshöfða. Þegar hafviðri ganga og rekavon er, brýtur sjórinn og molar við björgin besta og stærsta trjáviðinn, svo að óbrúkanlegur er til vandaðs húsasmíðs [...]. b: Mótak á mýri fyrir utan bæinn. c: Grasatekja á svokölluðum Dýjahnúkum en hennar nýtur ekki nema vel ári því sökum þess grasapláss þetta er langt fram til dals, leysir þar ekki snjó nema í besta árferði fyrr en mitt sumar og fólk er farið að gefa sig við heyönnum.” SSP, 66-67.




Minjar í túni Þönglabakka og nágrennis. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

1916-1918: “Lýsing jarðarinnar: Túnið snögglent, og að mestu illa þýft. Stærð um 5.64 ha. Töðufall 65 hestar. Engjar snöggar en greiðfærar, samfelldar, nærtækar og þurrar. Engjavegur ógreiðfær. Heyfengur 150 hestar. Léttingshey. Búfjárhagar: Beitland víðlent og gott. Kjarnaland skjólalaust og snjólétt fremur. Vetrarheit nokkuð frá, fjárgeymsla hæg. Fjörubeit góð. Mótak gott og torfrista. Trjáreki töluverður. Útræði gott og aflavælt [?]. Samgöngur slæmar. Útkjálka sveit og vegleysur. Langt til verzlunarstaða. Tún útgræðsla liggur vel fyrir. Ágangur af afréttarfé. Vatnsból gott. Landamerki eru óglögg og ágreiningur hefir orðið út af þeim. Kirkja er á jörðinni. Jörðin er talin framfleyta: 2 kúm, 2 hrossum og 150 fjár. Hús: Baðstofa, búr, 2 eldhús, framhús og 2 geymsluhús. Fjós. Fjánhús fyrir 95 kindur. Jarðabætur síðastliðin 10 ár: Túnasléttur 1.25 ha Mat jarðarinnar: Jörðin sjálf Kr. 2550.00 Jarðabætur Kr. 50.00 Hús jaðarinnar Kr. 1200 Hús leiguliða Kr. 600.00.” Fasteignamat Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 65.

**SP-044:001\_1** Þönglabakki bæjarhóll bústaður

539588 628724

Á túnakorti frá 1918 er bærinn merktur í miðju túni en út við austurjaðar þess. “Baðstofan var í þremur hólfum. Suðurhúsið var orðið gamalt, fúð og óvistlegt [...] Frambærinn sýndist mér stærðar gímalld, bæði hús og eldhús. Rangali var úr eldhúsinu í fjósið, sem var áfast bænum. Voru þar básar fyrir 4 nautgripi. [...] Svo átti að heita, að gamalt langhús væri á Þönglabakka, og var ofurlítill stofa á vinstri hönd, er gengið var í bæinn [...] Frammi á hlaðinu var allreisuleg skemma, laus frá bænum, og beint fram undan bæjardyrum var kirkja [002]; stóð hún í miðjum garði, eins og í Flatey [á Skjálfanda],” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Ennfremur segir í sömu bók: “Meðan prestur var fyrir sunnan, var gamla suðurhúsið á Þönglabakka rífið og þar byggt baðstofuhús með timburstafni og stórum suðurgaffli á stafni.” Í fasteignamati frá 1916-1918 eru þessi hús talin upp og ætla má að hafi tilheyrt bænum: “Baðstofa, búr, 2 eldhús, framhús og 2 geymsluhús. Fjós.” Til er teikning eftir Grím Sigurðsson í bókinni Fagurt er í Fjörðum af bæjarhúsum á Þönglabakka. Hún sýnir þriggja bursta bæ og hafa burstirnar snúið fram á hlað til vesturs. Að baki þeim vottar fyrir tveimur samsíða, aflöngum húsum sem snúið hafa norður suður.



Kort sem sýnir minjar á bæjarhóli Þönglabakka, kirkju 002\_1 og kirkjugarða 002\_2-3. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



*Bæjarstæði Þönglabakka 001 og kirkja 002, horft til norðausturs.*

Ekki var hægt að finna neitt augljóst samræmi á milli þeirra minja sem sást á vettvangi og teikningu Gríms en samkvæmt Halli Jóhannessyni, heimildamanni, brann bærinn (1932) og þegar foreldrar hans fluttust að Þönglabakka árið 1933 var búið að byggja þar nýtt timburhús með herbergi, stofu og eldhúsi og var stór forstofa eða skúr. Þetta var að hans sögn heljarmikið hús. Skemma var á bak við, norðaustan við íbúðarhúsið. Fjósið var fyrir 4 kúr strax við bæinn, líklega fast norðan við hann. Bæjarhóllinn á Þönglabakka er fyrir botni Þorgeirsfjarðar að austanverðu og rúmum 70m upp af sjávarbakkanum. Á honum eru leifar af yngsta íbúðarhúsinu 001\_2

og byggingaleifum úr torfi og grjóti 001\_5 auk þústa 001\_3 og 001\_4.

Bæjarhóllinn er austast í grösugu en mjög þýfðu túni. Fast austan við hann rennur bæjarlækurinn og þar ofar og austan við tekur við þýfður og deiglendur mói í vesturhlíðum Þönglabakkaháls. Landið hallar til vesturs niður að sjó. Af bæjarhólnum er gott útsýni.

Bæjarhóllinn er 45x30m að stærð og snýr norður og suður. Upphleðsla hans er 4-4,5m að austanverðu en um 2m að vestanverðu. Norðan við miðju hólins er yngsta bæjarstæðið eða leifar þeirra húsa sem síðast stóðu á bæjarhólnum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918; Theódór Friðriksson, 117; 159; Fasteignamat Suður- Þingeyjarsýslu - undirmat I 1916-1918, 65; Fagurt er í fjörðum, teikningar aftast í bók



*Bæjarhóll Þönglabakka 001\_1, horft til suðurs.*




*Bæjarhóllinn, horft til norðurs.*

**SP-044:001\_2** tóft bústaður

539581 628735

Leifar af yngsta bænum á Þönglabakka eru norðvestast á bæjarhólnum, á svæði sem um 15,5x13,5m að stærð og snýr svo til norður og suður. Hverju stöku mannvirki eða hólfi er gefinn bókstafur til





*Bæjarhús á Þönglabakka undir lok búsetu. Mynd sem birtist í Göngum og réttum IV, bls. 216.*

aðgreiningar í lýsingu. Vestast á svæðinu er grunnur timburhúss (A) sem lengst stóð húsa í Fjörðum og var notað sem skipbrotsmannaskýli eftir að jörðin fór í eyði. Er hann 9x5 m að stærð og snýr norður-suður. Norðurhluti hans er niðurgraffinn, er 5x4m að innanmáli og 2-2,5m á dýpt. Þar í er fullt af spýtnarusli, gaddavír og bárujárni sem komið var fyrir í tóftinni árið 1999 þegar kirkjugarðurinn 002\_2 var endurbættur (sjá: Unnið með gamla laginu). Í henni er enn fremur steypur stólpi sem hefði mátt ætla að hafi verið strompur en svo hefur þó ekki verið.

Í norðuhluta grunnsins er hlaðinn

sökkull með steypum kanti ofaná. Grjóthleðslan er um 2 umför, 30cm há og um 50cm breið. Steypti kanturinn ofaná er um 18cm breiður og 10-15cm á hæð. Alls er þessi hleðsla því um 50cm á hæð. Allra nyrst á svæðinu er gryfja B sem hefur lítið sem ekkert ytrabyrði. Hún er um 3x4m að innanmáli og snýr vestur austur. Gryfjan er 120-140cm að dýpt og öll gróin grasi. Hlutverk hennar er ekki þekkt en til greina kemur að hún sé leifar af fjósi sem var fast við bæinn. Sunnan við gryfju B er þríhólfá tóft sem er hlaðin úr torfi og grjóti. Nyrst í henni er allstórt hólf C sem er 4x4m að innanmáli og er op á því nyrst á vesturvegg. Hólfið er fullt af torfhruni sem kemur væntanlega úr þekjunni, einnig má sjá hluta úr timburgrind og bárujárni. Innrabyrði veggja er 80-100cm á hæð. Austan við það er lítið hólf D. Það er um 2x2m að innanmáli og er innrabyrði þess 50-80cm á hæð en ytra byrði 30-60cm á hæð. Sunnan við hólf C, syðst á svæðinu er hólf E. Hólfið er 2,5x1,5m að innanmáli og hefur verið timburþil á suðurgaffli þess. Innrabyrði veggja í því er um 100cm á hæð en ytrabyrði um 40cm á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ÁFÍ 1992, 135; Unnið með gamla laginu: [https://gardur.is/kgsi\\_vefur/bautast6/thonglabakki.html](https://gardur.is/kgsi_vefur/bautast6/thonglabakki.html)



*Leifar af síðustu bæjarhúsunum 001\_2, horft til norðurs.*



*Þúst 001\_3 á bæjarhóli, horft til vesturs.*

**SP-044:001\_3** þúst óþekkt

539592 628706

Syðst á bæjarhólnum austanverðum er þúst. Lítið er hægt að segja til um hlutverk en þó er möguleiki

á að hún gæti verið ummerki eftir öskuhaug. Þústin er 5x3m að stærð og snýr svo til austur vestur. Upphleðsla hennar er 60-80cm á hæð. Þústin liggur ofan í handgrafna rennu 018 sem leidd hefur verið að bænum úr suðri.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:001\_4** þúst óþekkt

539582 628708



*Þúst 001\_4, horft til norðvesturs.*

Syðst á bæjarhólnum vestanverðum, um 4m vestan við þúst 001\_3 er önnur þúst 001\_4. Þústin liggur ofan í handgrafna rennu 018 sem leidd hefur verið að bænum úr suðri. Lítið er hægt að segja um hlutverk en út frá staðsetningu þá gæti hún hafa verið brunnhús en líka gæti verið um öskuhaug að ræða. Líkleg brunnhús hafa einnig fundist á öðrum jörðum í Fjörðum svo sem á Gili SP-037. Þústin er 7x7m að stærð og er upphleðsla hennar 30-50cm á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:001\_5** öskuhaugur

539581 628746

Stór þúst 001\_5 er norðvestan við gryfju í yngstu bæjarhúsunum 001\_2 á norðurjaðri bæjarhólsins 001\_1. Hún er um 20x7m að stærð og snýr austur vestur. Þústin lítur helst út fyrir að vera fjós- og öskuhaugur. Upphleðsla hans gæti verið um 1-1,5m.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:002\_1** hleðsla kirkja

539565 628725

Á túnakorti frá 1918 er kirkjan á Þönglabakka teiknuð um 15 m vestan við bæ 001. “Flest hús voru rifin [árið 1944] þar á meðal kirkjan, aðeins íbúðarhúsið á Þönglabakka látið standa [...],“ segir í Fagurt er í Fjörðum.

Þönglabakki í Fjörðum. Kirkja helguð Guði, Pétri og Andrési postulum, Ólafi, Magnúsi, Nikulási.

1318: “[Máldagi] ÞaunglaBacka kyrckia. Sä er maldagi a þonglabacka kyrckiu. hun ä allt heima land. og. ij. hluti j Reikum. Sueytar menn skulu leggja til Tyund af fluttningum af hualskurd. og aullu þui fangi er þeir hliota. af daudum huolum milli sigluness vesturs og austur Tiorness. og alls þar j milli. bædi ä meginlandi og j vteyum. j Kieflavijk [SP-037] half Tyund af Rekhual. enn oll af fluttningum. af Reikum øgmundar sueinssonar. þeim sem eru milli Reyniness oc senningar vijkur. vætt spikz af tuitugum hual og meýra. af Rekhualum þordar vr Laufäsi [SP-024]. j hinu sama takmarki. vætt spikz af aullum huolum. Enn. ij. vætter af Reka ormz ogmundarsonar j þuisa takmarki. aunnur spikz enn aunnur reingi. af holz landi [SP-046] vætt. af fiardar Bolz landi [SP-045] vætt. af kadalstada landi [SP-040] vætt. Tyund oc matgiafer vr allre sueyt. fyrer þa menn alla. er til logfostu eru skyllder. og eru. xij. manudi. [...].Gollner skulu vera fiskitollar ad marteins messo. ef madr er leingur enn til seliumanna messu. enn goldid adr madr fare burt elligar. Eindagi a hinn fimta dag výku er. iiij. vikur eru af sumre. xij. alner fyrer hinn minna fiskatoll. enn half mork fyrer hinn meira.vondul af sex satum heys huorium of alla sueýt su er afvinna medur þessum tillogum. at prestur skal vera at heimilis huse. oc syngia allar heimilis tijder. og huorn dag helgann. oc fostu tijder ad meýnalausú. og skal prestur skýlldur j allar naudsyniar um Gudz þionustu. Sa madur er kýrckiufile vardueýter skal giefa þurfamonnum hinn Tiunda hlut. af hualtýunnd.

Enn ef þetta fie vinst eý til prestz skýlldar þa skal sa vid bæta er land ä. so ad vinnist til oc eigi þuerri kyrckiufie. Kyrckia er helgud medur Gude petro oc Andrea postolum. olafe oc magnuse. oc nicholao. og heyter olafz kyrckia. Ef kyrckia brennur. edr lestist so ad eý ma tijder j véyta. þa skal eigi skýlld prestvist hin næstu missere. og skal onguo þuerra kyrckiufie fyrrer vppreist annarar kyrckiu. halldast skulu tillögur allar og kyrckiufie. þott prestur missi kaups.af Breckulandi [SP-043] oc Eýrarlandi [SP-042] vætt Eýulfur helgason gaf til kyrckiu hualtyund af rekum þeim. er hann ä medur Backalandi. oc kom þeim þä eý j hug er Býskup liet rita þennan mäldaga.“ DI II, 443-445.

1403, 08.12.: “Testamenti séra Halldórs Loptssonar: kirkiu a þaunglabacka iord aa fiardarbotni [SP-045] med þeim kugildum sæm þar standa med.” DI III, 685.

[1429]: Á Þönglabakka er einn prestur. DI IV, 380.

1461: “[Máldagi]a allt heimaland [og annað] Sueitarmenn skulu legia til tiund af flutningvm oc af hualskurd oc aullu þui fange er þeir hliota af dardum huolum millum siglones vestrs oc austr tiorness



*Þönglabakkakirkja 002\_1. Myndin er líklega tekin skömmu áður en kirkjan var rifin, árið 1944 eða 1945. Hún var í eigu Guðlaugs Jóhannessonar en ljósmyndari er óþekktur.*

oc allt þar j milli. bædi aa meginlandi oc j vteyvm af rekum ogmundar sueinssonar. þeim sem erv milli reynisnes oc seminggarvikr. vætt spiks af tuitogum hual oc meira af rekhulvm þordar or laufasi [SP-024] j eno sama takmarki vætt spiks af ollvm huolum en. ij. af reka orms ogmundarsonar j þui sama takmarki. onnur spiks enn onnur reingis af holslandi [SP-046] vætt af fiardarbotzlandi [SP-045] vætt af kadalstadalandi [SP-040] vætt. Tiunder oc matgiafer vr allri sueit firir þa menn alla er til logfaustu eru skyllder oc eru. xij. manade. edr fra fardogum til vetrar þar skal giallda. ij. fiordunga skreidar firir. iij. menn. en halfur fiordungr ef madr er a sumarit til selia Mannamesso. edr fra vetrnottum til fardaga firir alla frioua menn. Gollidner skulv vera fiskatollar at marteinsMesso. ef madr er leingr en til seliamannaMesso. En gollidit adr madur fari brot elligar Eindagi a hinn fimta dag viku er iij vikur erv af sumri. xij. alner firir hinn minna fiskatoll. En half mork firir hin meira. Vondul af. uj. satum heys hverivm vm alla sueit su er afvinna medur þessum tillagum. at prestr skal vera at heimilishusi oc syngia allar heimilistider. ok huern dag helgan. oc faustutider ad meinalausu. ok skal prestur skylldur j allar

naudsyniar vm guds þionustu Sa madr er kirkiufie vardueiter skal gefa þurfamonnnum enn tiunda hlut af hualtiund. Enn ef þetta fie vintz eigi til prestzskylldar. þa skal sa vit bæta er land a sua at vinnitz til ok eigi þuere kirkiufie. Tiund kirkiuhlute a þui aare half mork oc iij alner betur þar er prestzskylld oc tekr heima iij merkr. oc tekr af. viij bæivm liostoll oc heytoll luktiz i mortalia medan sira olafur magnusson hielt staden. iij. kugillde. reiknadiz j porcio vm vij. ar half mork oc. iij. merkr oc. xx. alner þar til.” DI V, 264-265.

[1461]: Á Þönglabakka er einn prestur. DI V, 359.

1487: Þönglabakkapingum fylgir1 bænhús (sjá Keflavík, SP-047:002). DI V, 356.

1508, 22.06.: Jörðin Kaðalsstaðir (SP-040) er í Þönglabakkakirkjusókn. DI VIII, 215.


1533,31.01.: Eyri í Eystri Fjörðum (SP-042) og Höll í Vestri Fjörðum (SP-046) eru í Þönglabakkakirkjusókn. DI IX, 651.

1569: “Þaunglaback halldin adur beneficium nu byggingarjord.” BG, 279.

[1572]: “a Þaunglabacka fyrer presti 4 k[ugilldi].” BG, 21. 1907, 16.11.: Þönglabakkaprestakall lagt niður og sóknin lögð til Laufáss (SP-024). PP III, 292.

1916-1918: “Þönglabakkakirkja. [...] Byggð úr timbri, turnlaus. Járnþak. Stærð 7 x 4.40 m [hér hefur verið krotað ofan í aðra tölu sem virðist vera 5.60 m] Veggghæð 2.00 m. Aldur 55 ár. Kirkjan fúin og hrörleg.” Grunnur síðustu kirkjunnar á Þönglabakka er rúma 10m suðvestan við bæjartóft 001\_2, 20-25m norðan við þúst 022 og 70m austan við sjávarbakkann. Grunnurinn er innan kirkjugarðs 002\_2 og innan hans má enn sjá leifar enn eldri kirkjugarðs 002\_3.

Kirkjugrunnurinn er miðsvæðis í kirkjugarði sem er innan heimatúns og vestan við bæjarhól 001. Landið umhverfis hallar til vesturs niður að sjávarbakka.



Uppmældar minjar um kirkju og kirkjugarð 002.



Grunnur kirkju 002\_1, horft til vesturs.

Kirkjugrunnurinn sem er lítið eitt suðaustanmegin við miðju garðsins er óljós. Hann er um 9x7m að stærð og snýr svo til í vestur og austur. Grunnurinn sem er á kafi í grasi stendur 30-50 cm upp úr jörðu og hefur grjóthlaðinn kant. Það vottar fyrir skiptingu í grunninum og er suðurhluti grunnsins sem er um 8x5m að stærð mun meira áberandi en norður hluti grunnsins. Hugsanlega gæti þessi skipting grunnsins bent til þess að kirkjan hafi verið stækkuð þegar kirkjan sem síðast stóð var byggð. Rétt norðan við miðju á austurgaffli grunnsins hefur lábörðu grjóti verið komið fyrir og í það klöppuð áletrun sem segir: “Hér stóð Þönglabakkakirkja til 1944”. Það mun sennilega eiga að vera á svipuðum stað og altari kirkjunnar var. Þessu grjóti var komið þarna fyrir 1999 og var þá jafnframt hlaðið undir hann (sjá: Unnið með gamla laginu). Í norðausturhorni grunnsins um 2m norðan við áletraða steininn er jarðfast grjót með járnfestingum og mun það vera leifar af stagi sem fest hefur verið í kirkjuna. Syðst út frá vesturgaffli kirkjugrunnsins er stór þúst. Hún liggur í tæplega 3m breiðum hálfhring út frá grunninum.

Hugsanlega hafa þar verið tröppur eða dyrahella. Enn eru til gripir sem tilheyrðu Þönglabakkakirkju. Til að mynda er patína úr silfri sem talin er vera frá 12. öld og íslensk smíð á Þjóðminjasafni Íslands. Kirkjuklukkan úr Þönglabakkakirkju eru varðveittar á Minjasafni Akureyrar og predikunarstóllinn var settur upp í Saurbæjarkirkju í Eyjafirði og eru myndir af klukkum og stól í bókinni Forn frægðarsetur IV eftir Ágúst Sigurðsson.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918; Fagurt er í Fjörðum, 103; DI II, 443 445; DI III, 685; DI IV, 380; DI V, 264 265, 356, 359; DI VIII, 215; DI IX, 651; BG, 21, 279; PP III, 292; Unnið með gamla laginu: [https://gardur.is/kgsi\\_vefur/bautast6/thonglabakki.html](https://gardur.is/kgsi_vefur/bautast6/thonglabakki.html); Ágúst Sigurðsson 1982

**SP-044:002\_2** gerði legstaður

539567 628737



*Hlið á kirkjugarði 002\_2, horft til austurs.*

Kirkjugarðurinn er rúmlega 20x20m að stærð, ferhyrndur og hlaðinn úr torfi og grjóti. Op er á garðinum á vesturhlið. Ytrabyrði garðsins er 90-100cm á hæð og er það almennt hærra en innrabyrði hans sem er 40-60cm á hæð. Telja má 2-3 umför í grjóthleðslum þar sem þau sjást. Almennt standa veggheðslurnar ágætlega nema á tveimur stöðum á norðurhliðinni þar sem þær eru farnar að síga. Garðurinn var endurbættur 1999 og var þá gaddavírsgirðing og staurar sem héldu henni uppi fjarlægðir. Hlaðið var í skörð á kirkjugarðsveggnum og horn hans lagfærð (sjá: Unnið með gamla laginu).

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Unnið með gamla laginu: [https://](https://gardur.is/kgsi_vefur/bautast6/thonglabakki.html)

[gardur.is/kgsi\\_vefur/bautast6/thonglabakki.html](https://gardur.is/kgsi_vefur/bautast6/thonglabakki.html)

**SP-044:002\_3** gerði legstaður

539556 628737



*Leifar af kirkjugarði 002\_3 í suðausturhorni kirkjugarðs 002\_2, horft til austurs.*


Innan kirkjugarðsins 002\_2 vottar fyrir öðrum og þá eldri kirkjugarði 002\_3 sem hefur verið hringlaga og má sjá glitta í þennan eldri garð í öllum hornum yngri garðsins 002\_2 nema í norðausturhorninu. Þetta eru greinileg ummerki þess að garðurinn hefur áður verið hringlaga og sennilega 20-22m í þvermál. Þar sem sést í garðinn er hann um 1m á breidd og 20-30cm á hæð, mjög siginn og nokkuð óljós. Þessi eldri kirkjugarður hefur að öllum líkindum eitthvað verið sléttaður. Ekkert grjót sást í honum.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:003** tóft útihús

539607 628746

Útihús er sýnt á túnakorti frá 1918 um 10m NNA við bæ 001. Þar er tóft og er hún tæpa 100m vestan við Káragerði 011 og 100-105m suð-suðaustan við fjárhús 004.



*Útihústóft 003, horft til norðausturs á ljósmynd.*

Tóftin er jaðri túns sem er grösugt og þýft. Hún er fremst á lækjarbakka sem er austan megin við tóftina. Aðeins er þröngt sund á milli bæjarhóls og tóftar.

Tóftin er tvískipt, um 15x11m að stærð og snýr norður suður. Nyrðra hólfið er 5x2m að innanmáli og snýr vestur austur og er op á því til vesturs. Syðra hólfið er 3x2,5m að innanmáli og var ekki hægt að greina neitt op á því. Veggheðslur eru úr torfi og grjóti og eru þær 2-3m á breidd. Innrabyrði þeirra er 80-120cm á hæð en ytrabyrði 70-80cm á hæð. Tóftin ber þess merki að hafa verið sléttuð með handverkfærum og því sjást engar greinilegar grjóthleðslur núna en víða má sjá glitta í grjót sem mun hafa verið í þeim. Undir tóftinni vottar fyrir upphleðslu og er hún um 70-80cm.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SP-044:004** tóft fjárhús

539569 628855

Útihús er sýnt á túnakorti frá 1918, 120 m norðvestan við bæ 001. Mið sjómanna :“Fjárhús frá Þönglabakka, sem voru frammi á bakkanum, voru látin bera í Þönglabakkabæ,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá.

“Er við feðgarnir höfðum svipazt um þessi bæjarhús, brugðum við okkur út og ofan á bakkann, þar sem fjárhúsin voru. Ekki var hægt að neita því, að pláss væri þar fyrir nokkrar kindur, en eg vakti máls á því við föður minn, að illa væri fyrir okkur komið með fjárstofninn, og erfitt mundi verða að eiga ekki svo mikið sem eitt hrossbein á þessari miklu jörð,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. “Bak við slysavarnaskýlið er braggi, ágætt hús fyrir þá sem hafa með sér hesta [...]. Rústir útihúsa eru hins



*Fjárhústóft 004 frammi á sjávarbakka.*

*Lofmynd af fjárhúsunum, tekin til suðausturs.*

vegar margar og ólíkar, til dæmis eru tóftir mikilla fjárhúsa við braggann, skammt frá slysavarnaskýlinu,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. Tóft af fjárhúsum er um 100m norð-norðvestan við bæjarhól 001, um 180m vest-norðvestur af Káragerði 011 og 15m suð-suðvestur af tóft 049.

Tóftin er fremst á sjávarbakka sem er vestan megin við tóftina. Sjávarrofið er aðeins farið að narta í norðvesturhornið á tóftinni en annars er grösugt og þýft land umhverfis tóftina.

Tóftin er 22x14m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún skiptist í þrjú fjárhús, eina kró og hlöðu. Öll fjárhúsin eru um 7x4m að innanmáli og snúa norðvestur og suðaustur. Eftir þeim liggur grjóthlaðinn garði sem er ríflega 50cm á breidd og um 30cm á hæð. Almennt eru vegghleðslur 1,5 - 2m á beidd og um 150cm á hæð. Grjóthleðslur eru mjög grónar og verða umföru ekki talin. Króin er syðst, liggur samsíða fjárhúsunum og snýr op hennar einnig til vesturs út að sjó. Hún er 6,2m að innanmáli og er innrabyrði vegghleðslu 60-100cm á hæð en ytrabyrði 60-70cm á hæð. Á fjárhúsunum og krónni hafa að öllum líkindum verið timburgaflar. Austan við fjárhúsin og krónna er hlaðan sem snýr þvert á hin húsin eða norðaustur og suðvestur. Hún er 12x4m að innanmáli og er innrabyrði hennar 160-180cm á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots


**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Þönglabakki Aths. og viðb., 1; Theódór Friðriksson, 117; ÁFÍ 1992, 136

**SP-044:005** tóft fjárhús

539641 628923

Á túnakorti frá 1918 er útihús merkt tæpum 190 m NNV við bæ 001. “Þarna norðan við lækinn við fjárhúsin [004] var ofurlítill tungumyndaður túnbleðill, en nokkru norðar var ofurlítið ræktað gerði [033], og var þar annað fjárhús, sem ætlað var sauðum. Hvort húsanna tók um þrjátíu kindur,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Fjárhúsið sést enn og er innan gerðis 033. Það er tæpum 20 m suðaustan við tóft 045 og um 170 m norðan við bæ 001. Tóftin er sigin, þýfð og gróin.

Gróið, stórþýft tún í halla til vesturs. Mýri er til austurs og norðurs.



*Fjárhús 005, horft til norðurs á ljósmynd.*

Tóftin er á grónum hól sem er örlítið stærri en tóftin. Hún nær engu að síður nánast yfir hann allan. Hóllinn er án efa að stórum hluta uppsöfnuð mannvistarlög, hann er 0,8-1 m á hæð og hliðar hans eru brattar. Einnig gæti verið eldri tóft hér undir, það þarfnast ítarlegri rannsóknar. Tóftin sem nú er á hólnum er 17x7,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í þrjú hólf og lýsingin hefst syðst, í hólf 1. Það er 5,5x2,5 m að innanmáli, snýr norður-suður og er lítillaga niðurgrafið. Op er á því í suðvesturhorni og grjóthlaðinn garði liggur eftir því endilöngu. Hann er 0,4 m á hæð og gróið yfir hann að mestu. Ytri brún veggja er 0,2-0,3 m á hæð en innri brún 0,5 m á hæð. Hér og þar glittir í grjót inni í hólfinu. Hólf

2 er norðar og var hlaða. Það er 4,3x1,6 m að innanmáli, snýr norður-suður og ekkert op sést á því á yfirborði. Gólfíð er 0,3 m hærra en í hólfi 1. Veggirnir eru 0,3-1 m á hæð, lægstir inni og þar glittir í grjót til suðurs og uppistandandi burst er þar enn. Þar glittir í 2-3 steina í suðausturhorni. Hólf 3 er norðan við tóftina og byggt utan í hollinn sem tóftin er á og tengist henni ekki á yfirborði. Hólfíð er U-laga og líklega var op til suðausturs, að garðlagi 033. Hólfíð er 2,6x1,8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Til suðurs afmarkar hollinn og tóftin það. Veggirnir eru 1-2 m á breidd og 0,2 m á hæð og algrónir. Líklega var ekki þak hér yfir.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Túnakort 1918; Theódór Friðriksson, 123

**SP-044:006** gata leið

539532 628720

Gata er sýnd á túnakorti frá 1918. Samkvæmt kortinu liggur hún í gegnum heimatúnið, nálega norðaustur-suðvestur og fer meðfram suðurhlið kirkjugarðs 002\_2. Hún er látin liggja að bæjarhlaðinu milli bæjar og kirkjugarðs. Þessi gata er enn vel greinileg en hefur greinilega breyst næst kirkjugarðinum 002\_1 og bæjarhólnum 001\_1. Gatan liggur núna frá opi á vesturhlið kirkjugarðs 002\_1 til suðvesturs, framhjá vesturenda túngarðs 019 og niður að sjó. Hugsanlega hefur þetta hlið á kirkjugarðinum komið til eftir að túnakortið var gert.

Gatan liggur um frekar þýft og grösugt tún sem hallar til vesturs niður að sjó.



*Gata 006, loftmynd tekin til norðausturs.*



*Gatan, horft til suðvesturs.*

Gatan er niðurgrafin, allt að 60-80cm djúp og um 2m á breidd. Hún er um 130m að lengd, að stærstum hluta þurr og greiðfær en á nokkrum stöðum fer hún yfir mýrarpolla.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SP-044:007\_1** vegur leið

539575 628694

Gata er sýnd á túnakorti frá 1918. Samkvæmt kortinu liggur hún frá bæjarhólnum 001\_1 til suðurs í gegnum heimatúnið. Sjá má upphlaðinn veg þar sem gatan lá. Nyrst á veginum, upp við bæjarhólinn mótast fyrir upphlöðnum palli 007\_2.

Vegurinn er í austurjaðri heimatúnsins og liggur um þýft grösugt tún og liggur út að og í gegnum túngarð 019.

Vegurinn er upphlaðinn og um 55m langur. Hann er um 2m breiður og er upphleðsla hans 30-40cm. Hann er á kafi í grasi og er ekki hægt að sjá neinar grjóthleðslur í honum.

**Hættumat:** engin hættu



**Heimildir:** Túnakort 1918

**SP-044:007\_2** þúst óþekkt

539575 628704

Þar sem vegur 007\_1 kemur að bæjarhól 001\_1 er þúst 007\_2 sem lítur út eins og upphlaðinn pallur. Þústin er um 6x5m að stærð og snýr norður og suður. Upphleðsla hennar er svipuð og vegarins eða um 30-40cm og er hún öll á kafi í grasi.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:008\_1** *Brimnes* bæjarhóll býli


539856 629849

“Upp af Brimnesi [nestota austan við mynni fjarðarins] var kot, sem einnig hét Brimnes,” segir í örnefnaskrá.

“En langt úti á bökkum var Brimnes og fór í eyði í Stórubólu. Þar var seinna stekkur,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2000.

“Brimnes, önnur eyðihjáleiga. Bygð fyrir manna minni í úthögum, og varaði bygðin inn til næstu 14 eður 15 ára [...]. Fóðrast kunni i kýr hálfan vetur, seinast byggt var, en nú minna, því túnið er fordjarfað af leirsáburði úr einum læk, og því má ekki aftur byggja,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Minjar um býlið Brimnes og yngri minjar í túni þess eru skráðar saman undir einu númeri. Þær eru 1,1 km norðan við bæ 001 og 200 m norðaustan við mógrafir 026 á Brimneshorni. Á bæjarhólnum eru tvær tóftir og óljóst innanmál í þriðju tóftinni. Að auki eru í túninu þúst, kantur, lítil tóft, Brimnesstekkur og eldri tóft undir honum og suðvestan við hann. Að auki er túnið skráð sem sérstök fornleif. Býlið er í dálítilli kvos milli tveggja melalda. Þar er stórþýfður mói en grasteygingar inn á milli, merki um gamalt tún. Minjarnar eru á svæði sem er 65x55 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.


Tún Brimness er neðan við hæðarbrún sem bærinn er á. Þetta eru eins og tveir stallar. Bærinn er frammi á suðvesturbrún þess efri og túnið er fram á brún þess neðri. Suðvestan við grasgróður á þeim stelli eru tvær tóftir. Önnur allfornleg en hún er mjög skemmd af yngri, tvískiptri tóft, líklega Brimnesstekk.



*Minjar sem tilheyra býlinu Brimnesi 008 eða eru í túni þess. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Lækurinn sem nefndur er í Jarðabók Árna og Páls rennur suðaustan við túnið og til sjávar. Er gil hans mjög niður grafið og rof í kringum hann, aðallega neðar í hallanum en þessu svæði hallar til suðvesturs. Neðan við túnið er þýfður lyngmói.

Brimnes Sp-044:008



Minjar á bæjarhóli Brimness 008 og þar í kring.

Bæjarhóll Brimness 008\_1, horft til VSV.

Minjalýsingin hefst á bæjarhólnum sem er norðaustarlega á svæðinu. Hóllinn er 26x15 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hann er á náttúrulegri brún og er 1,5-2 m hár, hæstur er hann til VSV. Hóllinn er grasi gróinn en í SSA-hluta er lynggróður og þar er hann fremur flatur. Í NNV-enda er allstór tóft, líklega bæjartóft 008\_4, á miðjum hólnum er fremur ungleg tóft 008\_3, mögulega heytóft. Fast suðaustan við hana eru óljós ummerki um innanmál hólfa í útflattri tóft 008\_2. Á miðjum austurjaðri bæjarhólsins er að lokum hlaðinn veggur við hlið nokkuð afgerandi rennu 008\_5.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þönglabakki AG, 2; ÁFÍ 2000, 167; JÁM XI, 54

**Sp-044:008\_2** mannvirki óþekkt

539858 629851

Óljóst mannvirki er nærri SSA-enda bæjarhóls 008\_1. Það er 6,5x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Svo virðist sem að í suðvesturenda mannvirkisins séu tvö hólf sem eru opin til norðvesturs. Suðvestast í mannvirkinu er þúfa eða veggþúfur sem sker sig úr umhverfinu vegna mikils krækiberjalyngs. Norðaustan við hólfin er svo brún eða kantur sem virðist vera ytri brún veggjar. Ekki er útilokað að þessi ummerki hafi myndast við efnistöku fyrir meint heystæði 008\_3.

**Hættumat:** engin hætta



Óljóst mannvirki 008\_2, horft til suðvesturs.

Tóft af heystæði 008\_3, horft til VSV.

**SP-044:008\_3** tóft heystæði

539857 629854


Fast norðvestan við mannvirki 008\_2 er torfhlaðin tóft sem er líklega heystæði. Hún er 4x3 m stór og snýr ANA-VSV. Tóftin er einföld og virðist vera op á miðjum NNV-vegg. Mesta hæð veggja er 0,2-0,3 m og eru þeir 0,5-0,6 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:008\_4** tóft bústaður

539854 629858

Brimnes SP-044:008



*Bæjartóft 008\_4, horfi til suðurs á ljósmynd.*

Allstór tóft, líklega bæjartóftin í Brimnesi, er í NNV-enda bæjarhólsins 008\_1. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og skiptist í þrjú greinileg hól en að auki er eitt hólft utan á austanverðri tóftinni og annað mjög ógreinilegt hólft norðan í henni. Bæði þessi hólft eru í halla frá tóftinni. Heildarstærð tóftarinnar er 14x12 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Op er inn í tóftina á miðri suðvesturhlið og hægt að fara úr því til norðausturs inn í stærsta hólfið sem er 2,5x2 m og snýr NNV-SSA. Úr opinu á tóftinni er líka hægt að fara inn í allstórt og dýpra hólft til NNV sem er 2,3x2 og snýr norðvestur-suðaustur. Úr því er nánast ógreinanlegt op inn í djúpt hólft til norðausturs sem er 1,5x1,5 m að innanmáli. Syðst á ANA-hlið tóftarinnar er sigið og ógreinilegt hólft sem er 3x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er inn í hólfið í suðausturhorni. Veggir tóftarinnar eru 0,8 m á hæð en í þessu síðastnefnda hólfti eru þeir aðeins 0,2-0,3 m á hæð. Að lokum er svo mjög ógreinilegt hólft norðan við NNV-hlið tóftarinnar. Það sést sem lág og smápýfð þúst sem er 3,6x3,3 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sést skýrt innanmál í því eða op.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:008\_5** hleðsla óþekkt

539863 629859

Fast suðaustan við bæjartóft 008\_4 virðist vera hlaðinn veggur á austurjaðri bæjarhólsins 008\_1. Hann er 4,5x2 m að stærð og snýr norður-suður. Veggurinn er um 0,3 m á breidd, grasi vaxinn. Vestan við vegginn og meðfram honum er renna sem gengur inn í bæjarhólinn úr norðri. Hún er 4x1 m að innanmáli. Mögulega eru þetta leifar af tóft og er innanmál hennar þá þar sem rennan er en aðrir veggir eru ekki greinanlegir.

**Hættumat:** engin hætta



*Hleðsla 008\_5, horft til suðurs.*



*Ummerki um niðurgroft 008\_6, horft til norðurs.*

**SP-044:008\_6** mannvirki óþekkt


539866 629843

Grunnur niðurgroftur 008\_6 er fast suðaustan við bæjarhól 001. Svæðið er 0,1 m lægra en umhverfið, 9x4 m að stærð og snýr norður-suður. Það er grasi vaxið en utan þess er lyngmói.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:008\_7** tóft útihús

539831 629811



*Tóftir 008\_7-8.*



*Tóft 008\_7, horft til NNW.*

Fornleg og lyngi vaxin tóft 008\_7 er 40 m suðvestan við bæjarhól 008\_1 og fast suðvestan við stekkjartóft 008\_8. Bygging stekkjans hefur stórskemmt eldri tóftina sem hér er skráð. Tóftin virðist hafa verið tvískipt og enn sést hluti af henni sem er 12x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Nokkuð skýrt afmarkað hól er í suðausturenda sem er 2,3x1,9 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést op á því. Norðvestan við þetta hól er óreglulegt rými sem er afmarkað til suðvesturs og að hluta til norðausturs. Norðausturhluti tóftarinnar sést ekki lengur vegna rasks sem fylgdi byggingu stekkjans. Mesta hæð veggja sem enn eru óraskaðir er 0,5 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að hér hafi verið útihús frá Brimnesi.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:008\_8** tóft stekkur

539834 629820

Allstór tóft 008\_8 sem virðist að mestu hlaðin úr torfi er fast norðaustan við tóft 008\_7, 30 m suðvestan



*Stekkur 008\_8, horft til suðurs.*


við bæjarhól 008\_1 og 1,1 km norðan við bæ 001. Tóftin virðist ekki forn og má ætla að hún sé stekkurinn sem nefndur er í Árbók ferðafélagsins. Tóftin er 12x10 m að stærð og snýr norður-suður. Hún skiptist í tvö hólf. Það stærra er 7x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er á því í norðurenda. Minna hólfid er í norðvesturhorni tóftarinnar. Það er um 2,3x2,3 m að innanmáli. Ekki sést op á því en mögulega hefur það verið á suðurhlid hólfsins. Nokkurt hrun er úr suðurveggnum til suðurs. Tóftin er grasi vaxin og eru veggir hennar um 1 m á hæð utanmáls en þeir hafa sigið talsvert og aflagast. Sé það rétt að hér hafi verið stekkur hefur hann verið nokkuð stór og veggir hans háir og breiðir.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-044:008\_9** tóft útihús

539818 629842

Brimnes SP-044:008



*Tóft 008\_9, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

Meint tóft 008\_9 er hláðin utan í lágt bjarg í lyngmóa neðan við grasi vaxið túnið, 30 m suðvestan við bæjarhól 008\_1. Tóftin er einföld og er 4,5x2,5 ef bjargið er ekki talið með en það myndar norðausturvegg tóftarinnar að stærstum hluta. Op er á tóftinni í suðurhorni og eru veggir hennar hæstir í vesturhorni þar sem þeir eru 0,6 m á hæð. Tóftin er fornleg og lyngi vaxin en hlutverk hennar er ekki þekkt. Helst kemur til greina að hún hafi verið útihús frá Brimnesi.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-044:008\_10** þúst óþekkt

539872 629863

Þúst 008\_10 er 6 m norðaustan við bæjarhólinn 008\_1, á lágri brún í túnjaðri þar sem er lyngmói. Hún sker sig aðeins frá umhverfinu því að í henni er grasvöxtur í bland við lynggróður. Þústin er 4,5x3,2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mörk hennar eru nokkuð skýr nema til suðausturs þar sem hún hefur samlagast brúninni sem hún er á. Þústin er lítillaga kúpt að ofan og er hæst suðvestast þar sem hún er 0,6 m á hæð.

**Hættumat:** engin hættu




*Þúst 008\_10, horft til SSA.*

**SB-044:008\_11** sáðslétta tún

539851 629833

Tún Brimness er lítið og rýrt og er grasið gulleitt sem vex innan þess. Í jöðrum túnsins er lynggróður.



*Tún Brimness 008\_11, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Túnið virðist vera um 0,4 ha, 80x70 m stórt og snýr norður-suður. Túnið er að mestu slétt og hallar lítillega til vesturs. Það er afmarkað af læk til norðurs og lágri brún til norðurs og austurs. Ekki er að sjá að túngarður hafi verið umhverfis túnið.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:009** tóft rétt

539414 628671

Hallur Jóhannesson, heimildamaður, greindi frá því að rétt og steypur skúr hefðu verið rétt utan við túnið á Þönglabakka, undir sjávarbakknum. Mjög brotakenndar leifar sjást enn af réttinni en en steypri skúrinn er horfinn vegna landbrots. Óvíst er að hann hafi verið nógu gamall til að teljast til fornminja. Réttin er 160 m suðvestan við bæ 001 og fast ofan og sunnan við réttina er gömul leið SB-621:005 sem er allbreiður sneiðingur upp á tún og hélt áfram í túninu (sjá 006) að Þönglabakkakirkju 002\_1 og bænum 001. Björn Ingólfsson, heimildamaður, hafði eftir Sveini Jóhannessyni á Hóli (f. 1937) að þessi rétt hefði verið notuð til þess að draga í sundur fé Fjörðunga og Höfðhverfinga fram til 1958. Björn hefur ennfremur eftir Ernst Hermann Ingólfssyni (f. 1936) að hann mundi eftir því að réttin hefði verið á sléttum fleti sem var svo breiður að það þurfti að standa sjávarmegin við hana þegar rekið var inn.

Minjarnar eru í grasi vaxinni brekku neðan við sjávarbakkann. Mikið landbrot er af völdum sjávar en síst vegna Botnsár sem rennur nú til sjávar fast vestan við réttina. Ós árinna hefur færst mikið til austurs á undanförunum áratugum.



*Leifar af rétt 009, horft til ANA á ljósmynd.*

Leifar réttarinnar sjást á svæði sem er 15x4 m að stærð og snýr ANA-VSV. Ekki er gott að átta sig á því hversu stór réttin hefur verið því aðeins sést grjótdreif úr vegg í VSV-enda hennar og svo hlaðinn kantur á SSA-hlið hennar. Aðrar hliðar réttarinnar eru horfnar vegna landbrots. Kanturinn á SSA-hlið réttarinnar er hlaðinn upp við brekku. Kanturinn sést á 15 m löngum kafla en ANA-endi hans er horfinn. Hann er yfirgróinn á kafla og innri brún hans sést ekki. Þar sem hleðslur standa best eru þær 0,6 m á hæð og mest sjást 4 umför. Hrúnið hefur úr kantinum í VSV-enda. Í þeim enda hefur mögulega verið op inn í réttina. Um 2 m norðvestan við hrúnið eru leifar af VSV-vegg sem sjást í rofi. Þar er lítil grjótdreif sem mun hverfa innan skamms. Þess má geta að talsvert er af lausu grjót í grassverði ofan og SSA- við VSV-enda réttarinnar, neðst í sneiðingnum sem liggur upp á túnið. Ekki er ljóst hvort það er úr réttinni eða hvernig það er til komið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Sp-044:010** tóft óþekkt

539343 628610

Lítill og ógreinileg tóft er nærri bakka Fjarðarár/Botnsár, neðst í halla til norðvesturs. Hún er aðeins 4 m suðvestan við gerði 043 og 40 m suðvestan við Útvegshús 022 en 250 m suðvestan við bæ 001.

Tóftin er í grösugu mýrlendi. Neðan við tóftina er talsvert af rekaviðardrumbum.



*Tóft 010, horft til ANA á ljósmynd.*

Tóftin er 5x4 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er einföld og ekki virðist vera hlaðinn veggur á NNV-hlið. Tóftin virðist torfhlaðin og eru veggir greinilegastir á VSV -hlið þar sem þeir eru 0,3-0,5 m á hæð.

Á öðrum hliðum er ytri brún veggja illgreinanleg og kann hún að vera niðurgrafin að einhverju leyti. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:011\_1** Káragerði bæjarhóll býli

539759 628799

“Sunnan við höfðann á Hálsinum [Þönglabakkahálsi] er tjörn, sem heitir Startjörn. Það er stararmýri á miðjum hálsi; Káragerði er gamalt býli utarlega á hálsinum,” segir í örnefnaskrá.

“Upp frá tungunni og húsunum [sjá fjárhús 004 og 005] voru grösug engjadrög upp í hálsinn. Nokkru fyrir ofan lækinn, er þúfnaklasi með grónum tóftarbrotum, og var það kallað Káragerði,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Tveir stórir rústahólar með nokkrum tóftum á eru 160 m norðaustan



*Kort yfir allar minjar í Káragerði 011. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Meintur bæjarhóll Káragerðis 011\_1, horft til NNW.*

við bæ 001 og 1,1 km sunnan við Brimnes 008. Minjarnar eru á svæði sem er 80x30 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan þess eru skráðar níu minjaeiningar og hefst lýsingin á meintum bæjarhól Káragerðis 011\_1 sem er norðaustast á svæðinu. Ekki er víst að minjar um býlið Káragerði sé á báðum rústahólunum.

Minjarnar eru í grösugri og mýrlendri brekku í vestanverðum Þönglabakkahálsi. Ofan við minjarnar er mói og melabrúnir. Nokkurt jarðvegsrof er í þar. Neðan við minjarnar eru grösugar og votar engjar í hallamýrum. Á milli rústahólanna er mýrlent og einnig fast ofan og



austan við norðaustari hólinn.

Meintur bæjarhóll Káragerðis er allstór og þýfður, rúmir 30 m í þvermál. Hóllinn er í halla til vesturs og er hæstur í norður- og vesturjöðrum og er yfir 2 m á hæð þar sem hann er hæstur norðvestast. Þar er allbratt niður af honum. Á hólnum eru sýnilegar fjórar tóftir 011\_2 - 011\_5. Þess má geta að á milli tófta 011\_3 og 011\_5 er gróinn og grunnur niðurgröftur sem er 7x3,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er í halla til suðvesturs. Líklega hefur hann myndast þegar efni var stungið upp í beitarhús 011\_5.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þönglabakki AG, 3; Theódór Friðriksson, 123



*Yfirlitsmynd af minjum í Káragerði 011, horft til NNA.*

**SP-044:011\_2** tóft beitarhús

539762 628796

Nyrst á bæjarhól 011\_1 er stór og sigrin tóft sem virðist vera af beitarhúsum. Hún er 14x8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Tóftin er breiðust í SSV-enda en í NNA-enda er hún um 7 m breið. Eitt nokkuð greinilegt hól er í tóftinni sem er 9,5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Eftir endilöngu hólfínu er breiður bálkur sem virðist geta verið leifar af garða en ekki er útilokað að um hrun sé að ræða. Sem fyrir segir breiðkar tóftin í SSV-enda og þar kann að hafa verið hlaða sem er 4x1,5 að innanmáli og snýr þvert á hitt hólfið. Þessi hluti tóftarinnar er mjög ógreinilegur og virðist hafa verið raskað af byggingu beitarhúsa 011\_5. Ekki sést skýrt op inn í tóftina en það mætti ætla að það hafi verið í NNA-enda. Þar er veggurinn nánast útflattur og hefur samlagast hólbrúninni. Veggir eru mjög gegnir í þúfur og ekki gott að átta sig á breidd þeirra. Þeir virðast víðast yfir 2 m á breidd og hæstir eru þeir 0,3 m. Ekkert grjótt sést í veggjum tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta



*Sigin beitarhúsatóft 011\_2, horft til NNA*



*Tóft 011\_3, horft til VNV*

**SB-044:011\_3** tóft óþekkt

539753 628796

Hringlaga tóft er vestast á bæjarhól 011\_1 og er í halla til vesturs. Hún er um 8 m í þvermál og gæti austurhluti hennar verið lítilliga niðurgrafinn. Veggir tóftarinnar eru mjög signir og gengnir í þúfur, sér í lagi að vestan- og norðanverðu. Ekki sést op inn í tóftina en hafi það verið er líklegt að það hafi verið á vesturhlið. Hæð veggja er 0,2-0,3 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt og ekki er hægt að ráða í það út frá lögun tóftarinnar. Ekki er ólíklegt að þarna hafi verið heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:011\_4** tóft óþekkt

539773 628795



*Ógrenileg tóft 011\_4, horft til norðurs.*


Illgreinanleg tóft er austast á bæjarhól 011\_1. Austurhluti tóftarinnar er í mýrlendi og þar vex lyng og mosi í bland við gras en annarsstaðar er tóftin eingöngu vaxin grasi. Veggir hennar sjást ekki í suðausturhorni. Tóftin er um 9x7 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir hennar eru ýmist mjög signir og/eða mjög gengnir í þúfur. Mesta hæð þeirra er 0,5-0,6 m í norðvesturhorni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Þess má geta að nokkuð afgerandi geil er á milli þessarar tóftar og beitarhústóftar 011\_2.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:011\_5** tóft beitarhús

539763 628782

Fremur ungleg beitarhúsatóft er syðst á bæjarhóli 011\_1. Hún skiptist í þrjú hól og er hlaðin úr torfi og grjóti en ekki sést fjöldi umfara í hleðslum vegna gróðurs. Tóftin er 16 m löng og 10 m breidd í ASA-enda en 5-6 m á breidd í VNV-enda. NNA-langhlið tóftarinnar er lítilliga grafin inn bæjarhólinn. Op er inn í tóftina í VNV-enda. Þar er gengið inn í fjárhúshluta tóftarinnar sem er 7x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Gardi er eftir endilöngum fjárhúsunum og er hann 4 m á lengd, tæpur 0,7 m á breidd og 0,3 m á hæð. Úr fjárhúsum er op inn í hlöðu í ASA-enda sem stendur nokkuð hærra en fjárhúshlutinn. Hlaðan er 2x3 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Óljóst op er úr henni til SSV inn í annað hól sem hefur að líkindum einnig gegnt hlutverki hlöðu eða heystæðis. Það er 3,5x1,5 m að innanmáli og snýr



Minjar 011\_1-5 í Káragerði.



Beitarhúsatóft 011\_5, horft til VNV.

eins og önnur hólf í tóftinni. Veggurinn sem skilur að þessi tvö hólf er ógreinilegur og má vera að þetta sé í raun eitt og sama hólflið. Norðan við hlöðuna er nokkuð afgerandi rof í NNA-langvegg en þar kann að hafa verið op inn í hlöðuna. Veggir í ASA-hluta tóftarinnar eru lágir og ekki virðist vera grjót í þeim. Mýrlent er fast austan við tóftina. Veggir eru almennt fremur lágir utanmáls, sérstaklega á NNA-hlið sem er grafin inn í hólinn. Þar eru þeir 0,2-0,3 m á hæð en litlu hærrí á SSV-hlið eða 0,4 m en allt að 0,5 m. Greina má lágan kant meðfram SSV-hlið tóftarinnar sem kann að gefa til kynna að tóftin sé byggð ofan á eldra mannvirki.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:011\_6** gerði kálgarður

539717 628750



Kálgarður 011\_6, horft til NNA.

Leifar af unglegum kálgarði eru suðvestast á rústahól 011\_7. Kálgarðurinn virðist tvískiptur og er á svæði sem er 12x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðvestara og stærra hólflið í kálgarðinum er 8,5x7 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Á norðvestur- og suðausturhliðum eru torfhlaðnir veggir sem eru 0,3-0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð utanmáls. Grjóthlaðinn kantur er á suðvesturhlið. Hann er 0,2 m á hæð og sést eitt umfar. Suðaustara hólflið er 6x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Mjór, hlaðinn veggur er á suðvesturhlið þess.

**Hættumat:** engin hætta


**SP-044:011\_7** þúst óþekkt

539717 628758

Rústahóll 011\_7 er 20 m suðvestan við meintan bæjarhól Káragerðis 011\_1 og 110 m ANA við bæ 001. Á honum eru kálgarður 011\_6 auk tveggja tófta 011\_8 - 011\_9. Hóllinn er 28x24 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hann er fremur flatur að ofan en þó er aflíðandi halli í honum til vesturs. Hóllinn er grösugur og mjög stórþýfður, er 1,5-2 m á hæð, hæstur til vesturs. Þessi hóll er ekki eins afgerandi og bæjarhóll 011\_1 og eru hliðar hans meira aflíðandi.

**Hættumat:** engin hætta

SP-044:011



Minjar 011\_6-9 í Káragerði.



Rústahóll 011\_7, horft til VNV.

**SP-044:011\_8** tóft óþekkt

539724 628755



Tóft 011\_8, horft til ASA.

Tvískipt tóft er suðaustast á rústahóli 011\_7. Tóftin er mjög stórbýfð og er alls ekki útilokað að hún sé í raun stærri og skiptist í fleiri hólfi. Tóftin er 10x12 m að stærð og snýr norður-suður. Í norðurenda er stórt hólfi sem er 6,5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er inn í það í norðvesturhorni tóftarinnar. Rof virðist hafa komið í suðurvegg þessa hólfs en það hefur gróið aftur. Á einum stað sést steinn í veggjahleðslum og má ætla að tóftin sé torf- og grjóthlaðin. Lítið hólfi er eins og byggt utan í stærra hólfið að suðaustanverðu og er það í halla til suðausturs. Hólfið er 2x2 m að innanmáli. Ekki er sýnilega hlaðinn veggur fyrir suðausturhlið og kann þar að hafa verið timburþil. Í þessu hólfi er stór þúfa eða jarðvegsbunga. Mesta hæð veggja í tóftinni

utanmáls er 0,3 m. Hlutverk hennar er ekki þekkt.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:011\_9** tóft óþekkt

539729 628768



Tóft 011\_9, horft til norðurs.

Að lokum er einföld tóft norðaustast á rústahóli 011\_7. Hún er líklega torf- og grjóthlaðin og er við mýri á milli rústahóls 011\_7 og bæjarhóls 011\_1. Vatn úr mýrinni rennur í gegnum tóftina og veldur skemmdum á henni. Tóftin er 7x5,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún mjókkar lítillega til suðurs. Víða eru skorningar í gegnum vegg tóftarinnar og því ekki ljóst hvar eiginlegt op á henni var en líklegast var það í suðurenda. Mesta hæð veggja er 0,4 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

SB-044:012 tóft heystæði 540444

628516

Afar sigin og ógreinileg torfhlaðin tóft er í Kinnum, mýrlendi norðan við Startjörn, nærri merkjum á milli Þönglabakka og Arnareyrar. Meint tóft er 110 m sunnan við tóft 052 og 890 m austan við bæ 001. Mögulega er hér aðeins um náttúrumyndun að ræða.

Tóftin er í grösugu mýrlendi sem ætla má að hafi verið heyjað áður fyrr. Afliðandi halli er upp frá tóftinni til norðurs, upp á Þorgeirshöfða.



Ógreinileg heystæði 012. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Heystæði 012, horft til SSA á ljósmynd.

Tóftin virðist einföld, er 11x7 m að stærð og snýr VNV-ASA. Veggir tóftarinnar eru mjög signir og sjást sem stakar þúfur upp úr sléttlendi en ekki afgerandi samfelldir veggir. Mesta hæð veggja er 0,3 m en þeir eru mjög misháir. Ekki er útilokað að op hafi verið á tóft í VNV-enda. Þýfður blettur er fast sunnan við tóftina. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en út frá staðsetningu og gerð tóftar kemur helst til greina að um heytóft sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

SB-044:013\_1 Bújarðir tóft óþekkt

538507 627763


“Hér suður af [Hraunnesi] taka við stórgrýtishraun á nokkru svæði. Þá er þar gróðursæl spilda, sem heitir Bújarðir. Þar sér til tófta, og eru skiptar skoðanir hvort það sé eftir sel eða bæ,” segir í örnefnaskrá. Eitthvað er á reiki hvar Bújarðir eru því í annari örnefnaskrá fyrir Fjörður kemur fram að Bújarðir séu talsvert sunnar, sjá huldufólksbústað 060. Það svæði sem nefnt er í tilvísuninni hér að framan virðist vera

þar sem sjá má tvær tóftir 1,4km suðvestan við bæjarhól 001, 105-110m suðvestan við tóft 067 og um 220m sunnan við rétt 066. Tóftirnar eru á svæði sem er 30x10m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Umfang minjanna gefur hvorki til kynna að þarna hafi verið sel né bær en hlutverk þeirra er óljóst.


Tóftirnar eru norðvestan undir þýfðum og lyngivöxnum bakka. Þar ofan og suðaustanmegin er mýri. Norðvestan við tóftirnar eru lágur grösugur bakki og er blaut mýri einnig undir honum.

Syðri tóftin er einföld, 8x7m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Veggheðslur eru lyngi

SB-044:013



Tóftir 013.



Tóft 013\_1, horft til norðurs á ljósmynd.


vaxnar, mjög rúnnaðar og signar og sjást engar grjóthleðslur í þeim. Þær eru um 2m á breidd, ytarbyrði er 40-60cm á hæð og innrabyrði 30-50cm á hæð. Hún hefur op á norðausturlanglið. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftirnar þjónuðu en ekki er ósennilegt að um heystæði sé að ræða.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Þönglabakki AG, 4; Ö-Úr Fjörðum, 13

**SP-044:013\_2** tóft óþekkt

538524 627775



Tóft 013\_2, horft til suðausturs á ljósmynd.

Nyrðri tóftin er 8x7m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Veggheðslur eru lyngi vaxnar, mjög rúnnaðar og signar og sjást engar grjóthleðslur í þeim. Þær eru um 1m á breidd og 30cm á hæð. Eingöngu var hægt að greina eitt hólfi í tóftinni og op á því til suðausturs en frá norðvesturgafflinum liggur veggbotn til norðvesturs og gefur það til kynna að mögulega hafi hólfin verið tvö. Ekki er vitað hvað tilgangi tóftirnar þjónuðu en ekki er ósennilegt að um heystæði sé að ræða.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-044:014** *Dauðsmannskofi* heimild

“Inn í botni vestan Bakkaár, er svo heitir þar, eru Grundir. Á þeim er kofi, sem heitir Dauðsmannskofi,” segir í örnefnaskrá. Af lýsingunni hér að framan að dæma er Dauðsmannskofi innst á Bakkadal, líklega á milli Bakkaár og Þverár/Afvíksár sem skiptir þar löndum milli Þönglabakka og Hóls. Heimildamenn sem rætt var við könnuðust ekki við örnefnið eða kofarúst á þessu svæði. Ekki vannst tími til að fara

innst í dalinn í leit að kofanum. Staðsetning hans er því enn ókunn. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki þetta hefur verið eða til hvers það var notað en bent er á að fornar heimildir geta um Dauðsmannsskála 061 fremst á dalnum, út við ströndina.

**Heimildir:** Ö-Þönglabakki AG, 4

**SP-044:015** þúst útihús

539585 628643



*Þúst 015, horft til austurs.*

Fast sunnan við heimatúnið, um 60 m sunnan við bæ 001 og 2,5 m vestan við útihús 024, er þúst. Hlutverk þústarinnar er óþekkt en líklega eru þarna leifar af útihúsi af einhverju tagi.

Þústin er á þýfðu og grónu svæði skammt vestan við bæjarlækinn.

Þústin er 4 x 4 m að stærð, algróin og 0,3 m á hæð. Hún sker sig frá stórum þúfum og er bæði grænni og sléttari.

**Hættumat:** engin hætta


**SP-044:016\_1** Selhóll tóft sel

539392 628090

“Vestan við Lút eru hólar, sem heita Bollar. Þeir eru upp af Bollaskriðu, og norðan við Lút er klettaborg, sem heitir Stekkjarborg,” segir í örnefnaskrá. Annað nafn var einnig á þessari klettaborg: “Upp af [Háagerðislaut] er einn hóll, Selhóll og á honum er klettaborg nefnd Selborg [030],” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Sunnan undir Selhól eru þrjár tóftir og tvær þústir og eru þær beint suður af Selborginni. Þær eru tæplega 640m suð-suðvestan við bæjarhól 001, um 340m sunnan við Háagerði 025 og um 40m norðan við mógrafir 061.

Tóftirnar eru í mólendi sem hallar til suðurs. Deiglent er sunnan og austan við minjasvæðið en að norðan verðu eru klettaholt.

**SP-044:016**



*Selminjar 016.*

Tóftirnar standa í hnapp á rústasvæði sem er 25x20m að stærð og snýr vestur og austur. Vestast í þessum hnapp er þrískipt tóft 016\_1 sem er 12x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Veggheðslur eru rúnnaðar. Þær eru um 1m á breidd, ytrabyrði er 50-100cm á hæð en innrabyrði er 30-70cm á hæð. Tóftin er mjög grösug og sést ekkert hleðslugrjót í henni. Norðaustast er hólf sem er 3x1,5m að innanmáli og er op á því til suðaustur. Suðvestan við það er lítið hólf sem er 3x1m að innanmáli. Op er á því til suðvesturs að stærsta hólf tóftarinnar sem er 6x2,5m að innanmáli. Það er einnig op á því og snýr það til vesturs. Þessi tóft er einna skýrust af þeim tóftum sem eru á svæðinu og



*Seltóft 016\_1, horft til suðurs.*

jafnframt þeirra stærst. Vera má að þetta hafi verið aðal seltóftin þegar þarna var haft í seli en það er líka sennilegt að hún hafi verið notuð sem stekkur eins og örnefnið Stekkjarborg bendir til um.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þönglabakki AG, 3; Ö-Þönglabakki Aths. og viðb., 2

**SP-044:016\_2** tóft óþekkt

539403 628093



*Tóftir 016\_2-3, horft til suðurs.*

Austast í rústaþyrpingunni er einföld tóft sem er 6x5m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Vegghleðslur eru orðnar nokkuð signar en þær eru um 1m á breidd og 30-50cm á hæð. Tóftin sem hefur op á suðausturgaffli er öll gróin lynggróðri og sjást engar grjóthleðslur í henni. Hún er sambyggð tóft 016\_3 við norðvesturhornið og má draga þá ályktun á ólíkri stefnu þeirra og jafnvel af ólíkri þykkt veggja að þær hafi ekki verið byggðar á sama tíma. Ekkert er hægt að segja til um hvaða hlutverki hún hefur þjónað.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:016\_3** tóft óþekkt

539399 628092

Vestan við tóft 016\_2 og sambyggð henni er önnur einföld tóft sem er 7x6m að stærð og snýr hún norðvestur og suðaustur. Vegghleðslur eru um 2m á breidd og er innrabyrði 40-80cm á hæð en ytrabyrði 30-60cm á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í vegghleðslunum sem eru signar og lyngi vaxnar. Tóftin hefur op til suðvesturs. Ekkert er hægt að segja til um hvaða hlutverki hún hefur þjónað.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:016\_4** þúst óþekkt

539402 628087

Á milli tóftar 016\_3 og 016\_5 er 6x2m löng þúst sem snýr norðaustur og suðvestur. Gæti verið einhvers konar hleðsla. Ómögulegt er að segja nokkuð um hlutverk.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:016\_5** þúst óþekkt

539405 628079

Stór þúst er syðst í rústaþyrpingunni sem sennilega er manngerð. Hún er 9m suðaustan við tóft 016\_1 og um 3m sunnan við tóft 016\_2. Hún er 10x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Norðan við miðju hennar er grunn dæld sem er 2,8x2,3 m að innanmáli og snýr eins og þústin. Upphleðsla hennar gæti verið 120-130cm og er hún öll lyngivaxin. Ekkert er hægt að segja til um hlutverki.

**Hættumat:** engin hætta





*Púst 016\_5. horft til suðvesturs.*

**SB-044:017** Skolli heimild um lendingu

539487 628788

“Beint niður undan bænum heitir Skolli. Er þar ofurlítill skora sunnan undir hlein, og gott að lenda í austanátt. Er nafnið Skolli dregið af blindskeri í lendingunni,” segir í Í verum eftir Theódór Friðriksson. “Heimræði er hjer, lending göð og skipsuppsátur, og gengur hjer nú eitt skip staðarhaldarans,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Upphlaðinn vegur 082 liggur frá bæ 001 niður að sjávarbakka og má ætla að hann hafi legið niður að lendingunni sem hefur þá verið 100 m norðvestan við bæinn og 160 m norðaustan við Útvegshús 022.



*Lendingin Skolli 017, horft til suðvesturs.*

Fjaran er stórgrytt klapparfjara. Upp af henni til austurs er hár og brattur, ógróinn sjávarbakki.

Úti fyrir lendingunni er allstórt sker sem virðist alltaf standa upp úr sjónum, a.m.k. einhver hluti þess. Ætla má að lent hafi verið suðaustan undir klappartanga sem gengur út til suðvesturs. Grjót hefur borist að utanverðri lendingunni og inn í hana. Ekki er að sjá nein mannverk á þessum stað en að sögn Halls Jóhannessonar, heimildamanns sem ólst upp á Þönglabakka (f. 1935) var grjót hreinsað úr lendingunni í hans tíð og gerð vör þar. Að sögn Halls hafa aðstæður breyst mikið á síðustu áratugum vegna þess hversu mikið ós Fjarðarár/Botnsár hefur færst til austurs. Það hefur valdið því að ekki er lengur gott að lenda bátum á þessum stað og hefur lendingin færst

utar í fjörðinn þar sem straums úr ánni gætir ekki.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 123; JÁM XI, 54


**SB-044:018** renna vatnsból

539524 628708

Austan við bæjarhól 001\_1 rennur bæjarlækur til norðurs. Um 80 m sunnan við bæjarhól liggur handgrafin renna út frá vesturbakka bæjarlækjarins og að bæjarhólnum. Við bæjarhólnum er beygja á rennunni til austurs eina 20m meðfram suðurmörkum bæjarhólsins, þar sem hún sameinast læknum aftur. Eftir rennunni hefur vatni verið veitt að tóft 029 sem gæti hafa verið nýtt til að kæla mjólk og þúst 001\_4 sem gæti hafa verið brunnhús.

Rennan er í grónu graslendi milli bæjarhóls og túns.

Rennan 100 m löng, 10-30cm breið og 30-50cm djúp. Eftir rennunni er vatni veitt úr bæjarlæknum



*Renna 018, horft til norðurs.*

meðfram suðurhlíð bæjarhólsins og framhjá tóft 029 og þústum 001\_3 og 001\_4 sem eru syðst á bæjarhólnum.

**Hættumat:** engin hætta

*Renna 018 sem vatni var veitt eftir heim að bæ úr Bæjarlæknum. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*


#### **SP-044:019\_1** garðlag túngarður

539490 628645

Heimatúnið afmarkast að stærstum hluta af læk sem rennur meðfram austur- og norðurmörkum túnsins. Að vestan er það afmarkað af sjávarbakkanum en að sunnan er það afmarkað af túngarði. Hann liggur frá tóft 024 sem er á vesturbakka áður nefnds lækjar til vesturs niður að sjávarbakka. Túngarðurinn er tæpa 60m sunnan við bæjarhólinn og er tóft 019\_2 sambyggð honum.

Túngarðurinn er á mörkum þýfðs túns og stórþýfðs móa sem nefnist Bakkamór. Landið umhverfis hann hallar til vesturs.

Túngarðurinn er 60-100cm á hæð, 150-200cm á breidd og um 150m að lengd. Hann hefur trapisulag og er ekki mjög siginn eða rúnnaður. Hann er grösugur og sjást engar grjóthleðslur í honum. Sunnan



*Yfirlitskort sem sýnir túngarð 019\_1 og tóft 019\_2.  
Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Mynd sem sýnir túngarð og sambyggða tóft, horft til suðvesturs.*

við garðlagið vottar fyrir þælu. Garðlagið er rofið á alla vega fjórum stöðum og eru tvö rofop við austurendann og önnur tvö á vesturhelmingi garðlagsins. Hlið hefur verið á garðinum þar sem vegur 007\_1 lá í gegnum garðinn og svo er mögulegt að op eða hlið hafi verið öðru hvoru megin við tóft 019\_2 eða báðumegin.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-044:019\_2** tóft útihús

539524 628648




*Útihústóft 019\_2, horft til norðurs á ljósmynd.*

Tóftin er 14x9m að stærð, snýr vestur og austur og hefur fjögur hólf. Það má segja að hólfín myndi tvær hólfaraðir og eru þá tvö hólf í hvorri röð. Nyrðri röðin er innan túns en syðri röðin er utan túns. Norðvestast í tóftinni er hólf sem er 4x3m að innanmáli og er op á því til norðurs en sunnan við það er lítið hólf sem er 4x1,5 að innanmáli. Op er á því á vesturgaffli. Norðaustast í tóftinni er þriðja hólfid sem lítur bara út eins og djúp dæld. Ekkert op sést á þessu hólf en dældin er 2x1,5 að innanmáli. Sunnan við það er svo fjórða hólfid sem er 4x2,5m að innanmáli. Op er á því í suðvesturhorni. Veggheðslur eru töluvert signar og hlaupnar í þúfur en hleðsluhæð þeirra er 30-70cm og breidd 1-1,5m. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og þótt engar greinilegar grjóthleðslur sjáist í veggheðslum má þó víða sjá glitta í grjót hér og þar. Út frá staðsetningu er líklegt að um útihús sé að ræða.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-044:020** tóft útihús

539550 628703



*Útihús 020, horft til austurs á ljósmynd.*

Tóft af útihúsi er um 16m sunnan við kirkjugarð 002\_2, um 12 m vestan við tóft 050 og rúma 50m norðan við túngarð 019\_1.

Tóftin er innan þýfðs heimatúns sem er mjög grösugt.

Tóftin er einföld, um 6x4m að stærð og snýr vestur og austur. Hún hefur að öllum líkindum verið sléttuð með handverkfærum. Það er ekki hægt að greina neitt hleðslugrjót í henni en hún er á kafi í grasi og mjög þýfð. Vegghleðslur eru 50-60cm á hæð og breidd 1,5-2m.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 117

**SB-044:021** *Bakkamýri* náma mógrafir

539748 629515

“Ekki þurfti að kvíða eldiviðarskorti, því að bæði var mikill rekaviður, og mótak að kalla um alla landareignina. Um vorið stóðu eftir hraukabrot hingað og þangað, gamlar leifar, sem þægilegt var að hagnýta sér, fyrst eftir að við komum vestur [...]. Víða er mótak í mýrum þessum [Bakkamýrum], en ekki er mórinn verulega góður, nema úti á Brimneshorni [sjá 026] [...]. Varð því mörgum það heldur að taka móinn nær bænum [sjá 027], þar sem hann var miklu betri,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. “Móskurður til eldiviðar nægur,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Í Bakkamýri er víða mógrafir. Mógrafirnar sem hér eru skráðar eru tæpum 60 m austan við tóftir 072 og tæpum 820 m norðan við bæ 001.



*Afmörkun mógrafa 021 í Bakkamýri. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Greinilegar mógrafir sjást á svæðinu, horft til norðausturs.*

Mógrafirnar eru í mýri, sem hallar til til vesturs, niður af Þorgeirshöfða. Hlíðarnar eru mýrlendar með þurrum hryggjum inn á milli.

Mógrafasvæðið er fremur lítið, eða 21x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Milli 20-30 mógrafir eru sjáanlegar á yfirborði. Enn mótar fyrir einni stórrí mógröf sem vatn stendur í. Það mótar fyrir nokkrum til viðbótar sem beinum línunum og bökkum, þær eru ýmist rakar eða blautar. Mógrafirnar eru 0,5-1 m á dýpt og brúnir nokkurra eru enn skýrt afmarkaðar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 121, 124; JÁM XI, 54


**SB-044:022\_1** *Útvegshús* tóft bústaður

539391 628654

“Lækkar hann [sjávarbakkinn] smám saman, er sunnar dregur með túninu, og hverfur með öllu í krika nokkurn við fjarðarbotninn að austanverðu. Í krika þessum var, þegar við fluttum að Þönglabakka, ofurlítill sjóbúð, eða byrgi, þar sem inn mátti stinga sjófangi á trönur eða lausarær. Undan þessu hrófi

var breitt fjöruborð og uppsátur [023], og var þar nægilega rúmt til þess að setja förin upp undan brimi,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. “Austan við ósinn eru tættur húsa frá Þönglabakka, nú mjög brotin af sjó,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. Ætla má að Útvegshús sem voru í byggð á tímabilinu 1912-1916 og nefnd eru í grein Björns Teitssonar, Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu, hafi verið á sama stað og sjóbúðin var þegar Theódór Friðriksson og fjölskylda hans bjuggu á Þönglabakka (1892-1894). Allstór tóft og fleiri óræðar minjar eru 200 m suðvestan við bæ 001 og 25 m suðvestan við rétt 009. Þær voru áður á sjávarbakka og neðan við þær var grýtt fjara. Botnsá hefur hins vegar breytt farvegi sínum mikið á síðastliðnum áratugum og rennur nú (2018) meðfram bakkanum austast í fjarðarbotninum. Mikið landbrot er á bakkanum af völdum árinna og eru minjarnar á þessum stað í stórhættu. Alls eru minjar sem taldar eru tengjast umsvifum á þessum stað á svæði sem er 40x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Minjarnar fá tölustafi til aðgreiningar en þessari minjaheild tilheyrir stór tóft sem ætla má að séu leifar af Útvegshúsum 022\_1, heimild um sjóbúð 022\_2, sigin og óveruleg tóft 022\_3, og mjög sigin og ógreinileg þúst 022\_4.

Minjarnar eru á þýfðum, grösugum bakka neðan við hallamýrar. Í þeim eru víða allstórir steinar.



Útvegshús 022, tóftir og óræðari minjar frammi á rofbakka. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Lýsingin hefst á stórra tóft 022\_1 sem er suðvestast á svæðinu. Hún er 23x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er í aflíðandi halla til norðvesturs og liggur gata ofan á henni suðaustanverðri sem farin er af ferðafólki og sauðfé. Mögulega er þýfi ofan og suðaustan við tóftina hluti af henni. Tóftin virðist skiptast í 7 hólf og hefst lýsingin í suðvesturenda hennar. Öll hólfina nema eitt eru í norðvesturhluta tóftarinnar, þau snúa öll nokkurn veginn norðvestur-suðaustur og er op á þeim í norðvesturenda. Nokkuð hefur brotið af tóftinni á norðvesturhlið hennar sem er frammi á árbakkanum. Tóftin er lægst í suðvesturenda og hólfid þar er fremur lítilfjörlegt og óvíst að það hafi verið undir þaki. Innanmál þess er ógreinilegt en virðist vera 3,5x1 m. Þar norðaustan við er greinilegt hólf sem er 2,5x1 m að innanmáli. Þá taka við þrjú meint hólf nokkuð þétt saman sem öll eru fremur ógreinileg að innanmáli. Í norðausturenda



*Horft til suðausturs á mynd sem sýnir háan rofbakkann sem Útvegshús 022 eru á.*



*Tóft 022\_1, horft til norðausturs.*

er greinilegasta hólfið sem er 4x1 m að innanmáli. Rof er í suðausturvegg hólsins og svo virðist sem að op hafi verið úr því til suðvesturs. Óljós renna eða gata liggur frá því til suðvesturs að sjöunda og síðasta hólfinu sem greinanlegt er. Það gæti raunar verið yngri tóft sem var byggt seinna og standa veggir þess hærra en aðrir veggir í tóftinni. Þetta hólfi er 1,5x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op var á því á norðvesturhlið. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og er mesta hleðsluhæð um 0,5 m. Ekki er ljóst hvort að þurrabúðin Útvegshús hafi verið í allri tóftinni eða aðeins hluta hennar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 123; ÁFÍ 1992, 138; BT, 37

**SB-044:022\_2** heimild um sjóbúð

539382 628646

Heimild er um að sjóbúð hafi verið á sama stað og Útvegshús 022\_1 en í tíð Theódórs Friðrikssonar (1892-1894) var hún nýtt sem herslubyrgi. Ekki er ljóst hvort að sú tóft sem enn sést á svæðinu sé að hluta til leifar af sjóbúðinni eða hvort að ný hús hafi verið reist á sama stað þegar búseta var í Útvegshúsum. Í það minnsta má ætla að sjóbúðin hafi verið á sama stað og Útvegshús.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**SB-044:022\_3** tóft óþekkt

539395 628657



*Tóft 022\_3, horft til norðurs.*

Lítill og ógreinileg tóft 022\_3 er fast norðaustan við tóft 022\_1, frammi á árbakkanum. Áin brýtur af bakkanum og er tóftin því í stórhættu vegna landbrots. Tóftin er 3,5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún virðist hafa verið lengri til norðvesturs en ekki er gott að átta sig á því hversu mikið hefur brotnað af tóftinni. Ekki sést veggur norðvestast í tóftinni og suðvesturveggur er mjög ógreinilegur. Veggir virðast hlaðnir úr torfi og grjóti en eru ekki hærra en 0,2 m. Í sverði mátti greina tréstaup á einum stað í tóftinni. Gætu lágir veggir og viðarleifarnar bent til þess að þarna hafi verið þurrkhjallur en um það er ekki hægt að fullyrða.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

SB-044:022\_4 þúst óþekkt

539401 628659



Þúst 022\_4, horft til austurs.

Fast norðaustan við tóft 022\_3 og norðaustast á minjasvæðinu er þúst eða óljós ummerki um útflattar minjar á svæði sem er 12,5x4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á svæðinu sjást alldjúpar skorur sem gætu gefið til kynna innanmál hólfa eða mörk veggja. Þarna sést einnig grjót og á einum stað er einnig viðarleifar. Ekki er ósennilegt að þurrkhjallar hafi verið á þessu svæði. Minjarnar eru í stórhættu vegna landbrots.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

SB-044:023 heimild um uppsátur

539381 628673

“Lækkar hann [sjávarbakkinn] smám saman, er sunnar dregur með túninu, og hverfur með öllu í krika nokkurn við fjarðarbotninn að austanverðu. Í krika þessum var, þegar við fluttum að Þönglabakka, ofurlítill sjóbúð, eða byrgi [022], þar sem inn mátti stinga sjófangi á trönur eða lausarær. Undan þessu hrófi var breitt fjöruborð og uppsátur, og var þar nægilega rúmt til þess að setja förin upp undan brimi,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Ætla má að uppsátur það sem hér er nefnt hafi verið á sjávarmölinni norðan og neðan við Útvegshús 022\_1 þar sem sjóbúð 022\_2 var einnig og 200 m VSV við bæ 001.

Botnsá hefur breytt farvegi sínum mikið á síðastliðnum áratugum og færst til austurs. Nú rennur hún á milli Útvegshúsa og sjávarkambs með tilheyrandi landbroti. Á sjávarkambinum er stórt fjörugrjót.

Engin ummerki sjást um uppsátur á sjávarkambinum, enda mikið landbrot og breytingar á landslagi vegna samspils sjávar og Botnsár.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 123


SB-044:024\_1 tóft útihús

539590 628651

Tvær tóftir af útihúsum eru í suðausturhorni heimatúnsins, tæpa 50m sunnan við bæjarhól 001\_1, um 55m austan við tóft 019\_2 og rúma 10m norðan við tóft 031. Þær eru á svæði sem er tæplega 18x9m á stærð og snýr norður og suður. Syðri tóftin er tvískip og virðist yngri en sú nyrðri (024\_2) sem er einföld. Tóftirnar virðast vera á upphlöðnum hól og gæti upphleðsla hans verið 50-60cm.

Tóftin er í túnjaðri í þýfðu túni og hallar landið til vesturs. Bæjarlækurinn rennur fast austan við tóftirnar. Tóftin er tvískipt, 11x6m að stærð og snýr svo til alveg norður og suður. Vegghleðslur eru 50-60cm á hæð og 1-2,5m á breidd. Þær eru mjög rúnnaðar og þýfðar og sjást engar grjóthleðslur í þeim. Mögulega hefur tóftin verið sléttuð að einhveru marki með handverkfærum. Op er á milli hólfa upp við vesturlanghlið og svo er annað op syðst á syðra hólfinu til vesturs.

**Hættumat:** engin hætta



Tóftir 024\_1-2, horft til suðurs á ljósmynd.

**SP-044:024\_2** tóft útihús

539588 628654

Nyrðri tóftin er einföld og um 8x8m að stærð. Hún er 3x1,5m að innanmáli og er op á vesturgaffli. Veggheðslur eru um 2m á breidd og 40-70cm á hæð og er innrabyrðið almennt hærra en það ytra. Þær eru mjög rúnnaðar og sjást engar grjóthleðslur í þeim enda má fastlega gera ráð fyrir því að þær hafi verið sléttaðar að einhverju marki með handverkfærum. Tvö lítil veggbröt liggja út frá tóftinni til austur og suðurs og út frá þeim má ætla að tóftin hafi einhvern tímann verið stærri en gera má ráð fyrir því að sá hluti hennar hafi verið rifinn þegar yngri tóftin (024\_1) var byggð.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:025\_1** Háagerði bæjarhóll býli

539442 628433

“Háagerde, fornt eyðiból í staðarins landi, en hjer um fyrir 60 árum var þar bygd hjáleigunefna, sem öðru hvörju var bygd inn til næstu 10 ára, síðan í auðn [...]. Fóðrast kunni úngneyti, seinast bygt var, en nú minna, því túnið er í holt upp blásið, og má því ei aftur byggja,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. “Háagerði var hjáleiga í suðvestur túnjaðri, var í byggð fram um 1920,” segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnalýsingu segir: “Háagerði er ekki í túnjaðri [...].”


“Háagerði. Hjáleiga frá Þönglabakka. Í byggð 1846-62 og 1919-25. Leiguábúð,” segir í bókinni Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu.

“Skammt sunnan við gamla kvíabólið [031], á hæð nokkurri, sem nefnd er Háaleyti, hafði verið bær eigi alls fyrir löngu. Hét sá Eiríkur Jónsson, er bjó þar síðastur manna um það bil, er séra Jón Reykjalin kom að Þönglabakka, og hafði Eiríkur endurbyggt bæinn. Þarna sá vel fyrir þýfðu túni, sem komið var í órækt, og stóðu enn nokkur veggjabrot af bænum,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Í Árbók Ferðafélags Íslands 1992 segir að haft hafi verið í seli í Háagerði frá Þönglabakka á milli ábúðar. Háagerði var samkvæmt Jarðabókinni byggt um 1650 en þar kemur líka fram að þar hafi verið forn eyðibygð. Sé tekið mið af búsetusögunni var búseta ekki stöðug, býlið fer í og úr ábúð allt fram til 1925. Minjar sem tilheyra býlinu eru alls níu talsins. Háagerði er um 320 m sunnan við bæ 001, uppi á hálsi sem þar er. Túngarður afmarkar túnið til austurs en ekki er ljóst hvað afmarkaði það til annarra átta. Minjasvæðið er 250x140 m að stærð og snýr VNV-ASA.

Túnið er þýft og ósléttað að mestu. Það sjást svæði, m.a. við tóft 025\_4 sem hafa verið handsléttuð. Túnið er mýrlent til vesturs, í halla niður hálsinn sem bærinn er á. Mýri er líka austan við hálsinn en túnið náði ekki lengra en að brún þess. Túnið er grasivaxið uppi á háholtinu, við bæjarhúsin, en stórþýft engu að síður. Líklega er búið að raska minjum hér og nýta sem fjárrétt, það sést á bæjarhúsunum.

Bærinn var í suðausturhorni túnsins. Bæjarhóllinn er 25x18 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er grasivaxinn og sker sig úr stórþýfðu túninu sökum mikillar grænku. Bæjarhóllinn sést lítið á yfirborði nema til suðausturs, minjar eru á honum öllum. Hann er einna greinilegastur til suðausturs og





Minjar í túni Háagerðis 025. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

er 1-1,5 m á hæð þar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þönglabakki AG, 2; Ö-Þönglabakki Aths. og viðb., 2; BT, 37; JÁM XI, 54; Theódór Friðriksson, 124; ÁFÍ 1992, 129

**SP-044:025\_2** tóft bústaður

539445 628429

Bæjartóftin sést enn á bæjarhól 025\_1, þó er hún mikið röskuð og líklega endurnýtt sem fjárrétt að hluta. Hún er 25x13 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í átta hól. Hólf A er norðaustast í tóftinni. Það er 3x0,7 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur og samfallið. Það er opið til suðausturs, út úr heimatúninu. Ekki er annað op á veggjum sem eru stórpýfðir og mikið veggjahrun inni í því. Hólf



Bæjarhól 025\_1 og bæjartóft 025\_2, horft til norðausturs á ljósmynd.

B er suðvestan við hólfa A. Það er 2x1,3 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur og ekkert op sést þar inn. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og algrónir. Hólf C er norðvestan við hólfa B. Það er 1,8x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekkert op sést á yfirborði inn í hólfid, líklega var það á norðvesturgaffli, þar eru veggir lægri. Þeir eru annars 0,5 m á hæð og stórpýfðir. Hólf D er suðvestan við hólfa D, á milli þess og hólfa B og C er há veggjabrún, ofan á breiðari vegg. Hólfid er 2,5x1,8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er í suðausturenda þess inn í gang sem opnast til norðausturs yfir í hólfa E. Veggirnir eru samfallnir og óljósir. Þeir eru 0,2-0,4 m á hæð og algrónir. Gangurinn heldur áfram til suðausturs út úr tóftinni. Hólf F er vestan við hólfa D og E. Það er óljóst og rask hefur átt sér stað á þessum stað í tóftinni. Hólfid er 9x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólfid er opið til norðvesturs og veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og algrónir. Annað op er líklega til norðausturs en hluti af norðurvegg er aðskilinn tóftinni hér. Mögulega voru herna fleiri hólf. Hólf G er suðvestan við hólfa F, nánast á miðjum bæjarhólnum. Ekki er ljóst hvaða mannvirki var hér, hólfid er niðurgrafið og líkist einna helst hlöðu. Einnig er greinilegt að hér var gerð fjárrétt, girðingarstaurar eru norðvestan þess og leifar af gaddavír. Hólfid er 5x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það er opið til vesturs og þar sést vírgirðing ásamt girðingarstaurum. Veggirnir eru 0,8 - 1 m á hæð og þar glittir í 3 för af grjóthleðslu við innanvert opið. Mikið veggjahrun er inni í hólfinu. Fyrir norðvestan hólfid, utan við tóftina, er þúst og beinn bakki. Það var einhverskonar aðrekstargarður eða "gangur" hér inni í hólfid. Hólf H er sunnan við hólfa G. Það er 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Það er sigið og opið til suðurs. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og algrónir. Öll bæjartóftin er sigin, þýfð og ekki útilokað að fleiri hólf séu hér. Fyrir norðvestan bæjartóftina er þúst, nokkuð norðar. Hún er 5,5x2,5 m að stærð, 0,3 m á hæð og minjaskilti er á henni. Á því stendur nafn bæjarins og árið sem hann fór í eyði.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:025\_3** hleðsla kálgarður

539434 628426


Kálgarður var að öllum líkindum fyrir sunnan bæinn. Þar sést bogadregin hleðsla sem er lítið annað en þýfður bakki í túninu. Hleðslan afmarkar svæði sem er 10x8 m að stærð, líklega suðvesturhorn kálgarðsins. Hún er 0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Mögulega er op inn í kálgarðinn til norðvesturs, við þúst sem tengist hólfu 6 á miðjum bæjarhólnum. Hleðslan liggur í sveig að bæjarhólnum til norðausturs og fjarar þar út.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:025\_4** tóft útihús

539478 628504

Tóft er rúma 60m norð-norðaustan við bæjarhól Háagerðis 025\_1, rúma 40m norðan við tóft 025\_6 og um 160m suðaustan við tóft 022. Hún er í þýfðu túni sem hallar til vesturs. Tóftin er tvískipt, 14x12m



Útihústóft 025\_4, horft til suðurs á ljósmynd.

að stærð og snýr svo til norður og suður. Vestara hólfíð er 7x3m að innanmáli, snýr eins og tóftin og er op á því til vesturs. Hólfíð austan megin er 3x2m að innanmáli, snýr vestur og austur og er op á því til norðurs. Sunnan við þetta hólf og austan við stóra hólfíð markar fyrir óljósum palli. Hvort þetta hafi verið pallur í raun eða hugsanlega þriðja hólfíð er lítið hægt að segja til um. Tóftin er á kafi í grasi og sést hvorki né finnst fyrir grjóthleðslum í henni. Tóftin er vel gróin grasi en þó er ógróið rof í eystra hólfínu í innanverðum norðurvegg. Veggheðslur eru um 1m á breidd, ytrabyrði 30-60cm á hæð en innrabyrði 60-100cm á hæð. Greina má óljósa upphleðslu undir tóftinni sem er líklega 80-90cm á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:025\_5** garðlag túngarður

539511 628461




*Túngarður 025\_5, horft til ANA.*

Túngarður afmarkaði tún Háagerðis til austurs en ekki er ljóst hvað réði afmörkuninni til annarra átta. Hann liggur til norðausturs frá bæjartóft 025\_2 og greinilegt að bakhlið húsanna var nýtt til afmörkunar túnsins. Túngarðurinn er 117 m að lengd og 2-2,5 m á breidd. Hann liggur til norðausturs en sveigir til norðvesturs, nyrst í túninu. Hann er rofinn á þremur stöðum en ekki sést glitta í grjót þar. Hann er 0,6 m á hæð og algróinn. Utan með túninu sést pæla við túngarðinn og líklega er það vegna efnistöku. Heimatúnið afmarkast af grónu svæði uppi á holtinu sem minjarnar eru á. Það svæði er um 0,8 ha og stórþýft.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:025\_6** tóft útihús

539492 628455




*Útihústóft 025\_6, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Um 40 m norðaustan við bæjartóft 025\_2 er útihústóft, sambyggð túngarði 025\_5. Tóftin er innan túnsins og afmarkar túngarðurinn suðausturhlið hennar. Tóftin er 5,5x3,5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru algrónir, 0,5-0,7 m á hæð og hrun er í suðvesturhorni. Op er á tóftinni á NNV-gaffli og þar glittir í tvo steina.

**Hættumat:** engin hætta

SB-044:025\_7 tóft rétt

539416 628405



Réttartóft 025\_7, horft til austurs á ljósmynd.

Réttartóft er sambyggð sunnanverðum vörslugarði 025\_8, sunnan við heimatúnið. Vörslugarðurinn afmarkar norðurhlið réttarinnar. Réttin er 13x8 m að særð og snýr ASA-VNV. Hún skiptist í tvö hólfi, annað þeirra var undir þaki. Hólf 1 er austar og var líklega útihús. Það er 2,5x1,8 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og algrónir. Hólf 2 er vestar og umfang veggjanna er minna. Það er 6x5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur á vesturhlið. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og 1 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta

SB-044:025\_8 garðlag vörslugarður

539217 628549



Vörslugarður 025\_8, horft til vesturs.

Fyrir sunnan og VSV heimatúnið er vörslugarður. Hann liggur til VNV niður hálsinn sem bærinn er á, í Háagerðislaut og allt að sjó. Hann er best varðveittur sunnan við bæ 025\_2 en ástand hans er bágborið í mýrlendri brekku og erfitt að rekja hann á vettvangi. Hins vegar var hægt að tengja hann saman á loftmynd. Víða er rof í garðinum vegna vatnsaga. Á köflum sést hann einungis sem þýður bakki. Ytri (syðri) brún er 1 m á hæð en innri (nyrðri) bún er 0,1-0,2 m á hæð. Hann er í heildina um 260 m á lengd og liggur VNV-ASA niður brekku.

**Hættumat:** engin hætta

SB-044:025\_9 sáðslétta tún

539449 628484

Tún Háagerðis er nokkuð jafnlent og flatlend en í aflíðandi halla til norðurs og norðvesturs. Túnið er 0,9 ha; 180 m langt og 92 m breitt þar sem það er breiðast í norðausturenda. Túnið er allþýft og ósléttað að mestu. Þó eru mjög skýr ummerki um túnasléttun allra austast í túninu og á stórri skák vestan við útihús 025\_4 og víðar í kringum það. Talsverður grasvöxtur er innan túnsins sem er afmarkað af túngarði 025\_5 að suðaustanverðu.

**Hættumat:** engin hætta




*Yfirlitsmynd tekin til suðausturs. Á henni sést túnið 025\_9 vel, sem og minjar innan þess. Greinileg ummerki eru um túnasléttun.*

**SP-044:026** *Brimneshorn* náma mógrafir

539695 629733

“Viða er mótak í mýrum þessum [Bakkamýrum, sjá t.d. 021 og 027], en ekki er mórinn verulega góður, nema úti á Brimneshorni. En þar var mórinn svartur eins og kol og grjótharður, er hann þornaði. En ýmsum örðugleikum var það bundið, að ná þar upp úr móholu. Stundum var að vísu hægt að hitta á djúpan mó, en er minnst varði, gátu komið fyrir sprungur, og vall þá fram vatn með ósköpum [...]. Við boruðum okkur niður eftir mó, þar sem þægilegast var að koma frá sér á þurrkvöll. En ekki var eg í rónni, fyrr en eg gat fengið karl föður minn til þess að reyna fyrir okkur úti á Brimnessbökkum. Tókst okkur eftir margar tilraunir að ná þar mó upp úr einni holu, og er það harðasti og beztí mór, sem eg hef séð, og nærri því eins hitamikill og kol. Ekki náðum við samt nema fimm lögum, áður en gröfin sprakk fram á okkur, en það var gömul sögn, að mór væri þarna svo djúpt í jörðu, að aldrei næðust upp öll



*Afmörkun mógrafa 026 við Brimneshorn. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Mógrafirnar, horft til norðurs.*

lögin,“ segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Mógrafirnar eru 50 m sunnan við tóftir 028, 190 m suðvestan við býlið Brimnes 008 og um 1 km norðan við bæ 001.

Mógrafirnar eru austan við háan sjávarbakka. Svæðið er bogadregið í mýrlendi.

Mógrafasvæðið er 50x50 m að stærð en vesturhlíð þess afmarkast af 20-30 m háum og þverhniptum bakka niður að sjó. Mógrafasvæðið er bogadregið. Mótekja á þessu svæði hefur valdið því að jarðvegur á svæðinu er lægri en utan þess. Brún svæðisins er 0,6-1 m á hæð og nokkuð brött. Innan þess eru sléttir flákar, brúnir og þurrar holur allt að 0,6 m á dýpt. Svæðið er þurr en lækur rennur sunnan þess. Ekki er ljóst hversu margar mógrafir eru á svæðinu en þær skipta tugum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 124

**SP-044:027** náma mógrafir

539684 629146

“Stundum var að vísu hægt að hitta á djúpan mó, en er minnst varði, gátu komið fyrir sprungur, og vall þá fram vatn með ósköpum [sjá mógrafir 026]. Varð því mörgum það heldur að taka móinn nær bænum, þar sem hann var miklu betri,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson.

“Helstu hlunnindi eru [...] b: Mótak á mýri fyrir utan bæinn [001],” segir í Sýslu-og sóknalýsingu Þingeyjarsýslna 1839. Mógrafirnar eru rúmum 110 m suðvestan við mógrafir 056 og 320 m norðan við bæ 001.

Gróin mýri í halla til vesturs niður Þorgeirshöfða. Mýrin kallast Bakkamýri. Jarðvegur hér er deiglendur og skríður fram til vesturs. Svæðið er þýft og gróið.



*Afmörkun mógrafasvæðis 027. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Mógrafirnar, horft til suðurs.*

Mógrafirnar eru á brún sjávarbakka og afmarkar hann vesturhluta þess. Hann er 15-20 m hár og þverhniptur. Erfitt er að áætla stærð mótekjunnar, víða sjást beinir bakkar, slétt svæði og inn á milli mótar fyrir stökum, blautum mógröfum. Svæðið er stórþýft og sundurskorið af litlum farvegum. Það er þó líklega 125x60 m að stærð en ekki er hægt að áætla fjölda mógrafa.


**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 124; SSP, 66-67.

**SP-044:028\_1** tóft skemma

539783 629747


Á svæði sem er 70x40 m að stærð eru fjögur móstæði og þrjár þústir, í allt 7 einingar. Minjarnar eru á þurrum bakka, sunnan við mjóan lækjarfarveg en mýrlendi er til annarra átta. Móstæðin eru um 110 m suðvestan við býlið Brimnes 008, 50 m norðaustan við mógrafir 026 og tæpum 1,1 km norðan við bæ



Yfirlitskort af móstæðum 028. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

001. Móstæðin eru á Brimneshorni.

Svæðið er þurrt. Skammt suðvestar er mýri en melur er nokkuð austar. Næst minjunum er gras og mosi. Inn á milli eru deiglend svæði og moldarrof.




Móstæði 028\_1, horft til norðurs á ljósmynd.

Tóft 028\_1 er suðaustast. Hún er um 3x3 m að stærð og opin til suðurs. Veggirnir eru lyngi- og mosavaxnir og rof er í suðausturhorni eða op. Veggirnir eru 0,5-1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Tóftin er fornleg og ekki eins áberandi og hinar.

**Hættumat:** engin hætta

SB-044:028\_2 tóft skemma

539768 629750




Tóft 028\_2, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóft 028\_2 er VNV við tóft 028\_1. Hún er stærst af minjum á þessu svæði. Hún er á lágum hól sem er um 0,3 m á hæð og líklega eru uppsöfnuð mannvistarlög í hólnum. Tóftin er 8x3 m að stærð og í henni eru tvö hólf. Þau eru bæði um 3x1 m að innanmáli og snúa norðvestur-suðaustur. Það mótar óljóst fyrir opi á milli þeirra og þar glittir í einn stein. Veggirnir eru 0,5-1 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Eystra hólfid er öllu ógreinilegra.

**Hættumat:** engin hætta

SB-044:028\_3 þúst skemma

539758 629780



Þúst 028\_3, horft til vesturs á ljósmynd.

Þúst 028\_3 er rúmum 25 m norðan við tóft 028\_2. Hún er 4x2,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er ílöng, algróin og hvergi sést í innri brún veggja. Ytri brúnir þústarinnar eru mjög greinilegar og 0,2 m á hæð.


**Hættumat:** engin hætta

SB-044:028\_4 tóft skemma

539754 629789

Tóft 028\_4 er 4 m norðan við þúst 028\_3 og um 5 m norðaustar er mjótt lækjargil. Tóftin er 4 x 4 m að






*Tóft 028\_4, horft til VNV á ljósmynd.*

stærð, einföld og opin til suðurs. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og 1 m á breidd. Þeir eru algrónir lyngi og mosa.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:028\_5** tóft skemma

539745 629802



*Móstæði 028\_5, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

Tóft 028\_5 er 12 m norðvestan við tóft 028\_4. Hún er 6x3 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er löng og opin til suðurs. Veggirnir eru 0,2 m á hæð, 1 m á breidd og mosa- og grasivaxnir. Tóftin er á lækjarbakka og einna best varðveitt af móstæðunum sem hér eru.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:028\_6** þúst skemma

539739 629789

Þúst 028\_6 er 7 m suðvestan við tóft 028\_5. Hún er 0,4 m á hæð, 6x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er algróin en það mótár óljóst fyrir innri brún veggja. Þústin er lyngi- og grasivaxin.

**Hættumat:** engin hætta




*Þúst 028\_6, horft til suðurs á ljósmynd.*

**SP-044:028\_7** þúst skemma

539787 629753

Þúst 028\_7 er 5 m norðan við tóft 1. Hún er um 2,5 m í þvermál, 0,3 m á hæð og nánast ferhyrnd. Hún er algróin og sker sig úr nánasta umhverfi sökum grænku.



*Þúst 028\_7, horft til norðurs á ljósmynd.*

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:029\_1** tóft óþekkt


539598 628688

Óljós tóft er 15m suður af bæjarhól 001\_1, um 17m austur af vegi 007\_1 og 30m norður af tóft 024. Frá rennu 018 virðist sem grafið hafi verið fyrir rás 029\_2 að tóftinni. Með henni hefur svo vatni verið veitt í gegnum tóftina. Sé þetta rétt þá hefur tóftin mögulega verið til þess að kæla mjólk og mjólkurafurðir.

Tóftin er vestan bæjarlækjar við austurmörk heimatúnsins. Umhverfið er grösugt en blautt.

Tóftin er einföld, 6x5m að stærð og snýr vestur og austur. Hún er opin í báða enda og svo virðist sem vatni hafi verið veitt í gegnum tóftina eftir rennu 029\_2. Veggheðslur eru um 2m á breidd, er innrabyrði 60-90cm á hæð en ytrabyrði 50-80cm á hæð. Ekkert hleðslugrjót sést í veggheðslunum.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft og renna 029.



Tóft 029\_1, horft til suðurs.

**SP-044:029\_2** renna

539594 628687



Renna 029\_2, horft til vesturs.

Út frá rennu 018 sem liggur norður suður, liggur önnur renna 029\_2 til austurs. Renna 029\_2 er óljósari og grynri en renna 018 enda mikið til gróin en hún liggur að og í gegnum tóft 029\_1. Renna 029\_2 er um 5m löng og nokkuð skýr vestan við tóft 029\_1 en mun ógreinilegri austan megin við tóftina þar sem hún liggur að bæjarlæknum. Öll rennan mun vera um 17m að lengd, 30-50cm á breidd og um 30cm á dýpt.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:030** Selborg heimild um huldufólksbústað

539387 628187



Selborg 030 er litlu ofar og sunnar en minjar um býlið Háagerði 025 sem er hér í forgrunni á myndinni. Horft til suðausturs.

“Frá Hágerði [025] var örstutt upp að Selborg, álfheimunum í þjóðsögum Fjörðunga. Hæð þessi er með einkennilegum bergstöllum, en gróðursæl sund eru fyrir ofan hana að austan. [...]. Upp með Selborginni eru fjárgötur frá Þönglabakka inn á Bakkadal,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Líklega er átt við sama stað þar sem talað er um Borgirnar í Árbók Ferðafélags Íslands frá 2000: “Uppundir Lútinni sjást Borgirnar, klettaborgir þar sem álfabyggð var hvað mest í Fjörðum.” Selborg er á Selhóli rúma 550m suð-suðvestan við bæjarhól 001\_1, um 50m norðan við Sel 016 og um 215m sunnan við bæjarhól Háagerðis 025\_1.

Selborg er áberandi og lítt gróin klettaborg efst á Selhól.

Ekki hafa fundist sagnir sem tengjast álfum eða huldufólki í Selborg.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 124; ÁFÍ 2000, 161

**SP-044:031** tóft kvíar

539593 628625

“Skammt sunnan við gamla kvíabólið, á hæð nokkurri, sem nefnd er Háaleyti, hafði verið bær [025] eigi alls fyrir löngu. Hét sá Eiríkur Jónsson, er bjó þar síðastur manna um það bil, er séra Jón Reykjalín kom að Þönglabakka, og hafði Eiríkur endurbyggt bæinn,“ segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Hér er verið að skrá kvíarnar. Þær eru rétt utan og sunnan við heimatún Þönglabakka, fast vestan við bæjarlækinn. Kvíarnar eru 100 m sunnan við bæ 001 og um 15 m norðan við tóft 064. Hallur Jóhannesson, heimildamaður sem ólst upp á Þönglabakka (f. 1935) man ekki eftir því að ær væru mjólkaðar í kvíum en eldri systkini hans mundu eftir því og töluðu um það við hann. Fjölskylda Halls kom að Þönglabakka 1933 og hefur líklega verið hætt að mjólka í kvíum fljótlega eftir það.

Tóftin er vestan við bæjarlækinn, í brekku sem hallar þar niður. Svæðið er mýrlent en tóftin er á þurru bakka.



*Kvíar 031, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Tóftin er 10x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er niðurgrafin, til vesturs inn í lækjarbakka. Hún er einföld og ekki er hleðsla fyrir norðvesturvegg. Það glittir í einn stein í suðurvegg. Veggirnir eru grasivaxnir og ekki sér til hólfaskiptingar eða garða. Tóftin er niðurgrafin um 1 m en veggirnir eru 0,2 m á hæð að utan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 124


**SP-044:032** tóft stekkur

539057 628419

Tóft er 50 m vestan við tóft 063 og um 580 m suðvestan við bæ 001. Tóftin er vestan og fremst (nyrst) í ás sem kallast Leiti og liggur til norðurs úr fjallinu Lúti, fast við Botnsá. Háagerðislaut er austan við ásin. Sé tekið mið af lagi tóftarinnar er um stekk eða heimarétt að ræða. Tóftin er suðaustan við hól, fuglaþúfa er uppi á hólnum. Lítill gróinn hvammur er til VSV. Göngubrúin yfir Botnsá er skammt norðvestar.

Á þessu svæði eru grónar tungur og mýrlendi inn á milli þeirra. Tóftin er á þurru, flötu svæði uppi á ásnúnum, suðvestan við háhólinn. Til suðurs eru brekkur að Fjarðará.

Tóftin er 12x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er algróin og skiptist í 3 hólf. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð, aflagaðir og signir. Op er í suðurenda tóftarinnar inn í hólfi 1. Það er 1,7 x 0,8 m að innanmáli



*Stekkur 032, horft til norðurs á ljósmynd.*

og snýr norður-suður. Það er aflagað vegna hruns og grasivaxið að innan. Veggirnir eru vaxnir lyngi og mosa. Op er úr því í norðurenda inn í hólfi 2. Það er 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Nyrðri veggurinn líkist stórrí þúfu. Þetta hólfi er einnig grasivaxið að innan og veggirnir eru 2-3 m á breidd. Úr hólfi 2 er op í norðurenda inn í hólfi 3. Það er 2x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er aflagað vegna hruns.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:033** garðlag túngarður

539645 628914

“Þarna norðan við lækinn við fjárhúsin [004] var ofurlítill tungumyndaður túnbleðill, en nokkru norðar var ofurlítið ræktað gerði, og var þar annað fjárhús [005], sem ætlað var sauðum. Hvort húsanna tók um þrjátíu kindur,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Túngarður 033 afmarkaði norðurhlið stakstæðs túns sem nefnt er hér að framan og er norðan við heimatúnið. Bæjarlækurinn var þar á milli. Ekki er ljóst hversu stórt svæði túngarðurinn afmarkaði, norðurhlið og hluti af austurhlið eru enn sjáanlegar á yfirborði. Garðurinn er 170 m norðan við bæ 001 og innan hans eru fjárhústóft 005 og tóft 045.



*Túngarður 033, horft til norðurs.*

Túnið er grasivaxið og stórþýft. Suðurhluti þess er mýrlundur og allt svæðið til austurs einnig. Landið hallar hér til vesturs, í átt til sjávar.

Túngarðurinn afmarkar lítið tún að norðanverðu og að hluta að austnverðu. Ekki er ljóst hversu stórt þetta tún var eða hvort að túngarðurinn afmarkaði aðrar hliðar þess. Hann er bogadreginn og afmarkar svæði sem er 32x19 m að stærð. Hann sést fyrst fast austan við fjárhústóft 005 og liggur þaðan til norðurs á 32 m löngum kafla. Þá beygir hann til vesturs og endar við sjávarbakka. Mögulega var op á honum til austurs, við tóft 005. Hann er 1-2 m á breidd, 0,3-0,5 m á hæð og hvergi glittir í grjóti.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 123

**SB-044:034** *Nykurtjörn* þjóðsaga draugur

540891 629125

“Á honum [Þorgeirshöfða] er Nykurtjörn, en fremst á honum að vestanverðu er nest nefnd Brimnes [sjá 008],” segir í örnefnaskrá.

“Í Nykurtjörn drukknaði Ísaks Jónsson Þönglabakkabóndi 4. júlí 1906 [...]. Í kjölfar slyssins þótti reimt við tjörnina og einkennilega spor hafa sést þar talin eftir sjávarókind,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992.



*Nykurtjörn 04, horft til vesturs.*

“Munnmæli herma að nykur sé í törn þeirri, sem er uppi á höfðanum milli Þorgeirsfjarðar og Hvalvatnsfjarðar [...]. Stundum hafa menn einnig þótt sjá stórgrip þar við tjörnina; líkist hann mest hesti, en í seinni tíð hefur engin gerzt svo djarfur að hafa hendur á honum eða koma honum á bak,” segir í Grímu III.

Nykurtjörn er um 1,2km aust-norðaustan við bæjarhól 001\_1 og rúma 600m norðaustan við Startjörn.

Nykurtjörn er nokkuð stór og umhverfis hana er frekar gróðurlítið mólendi sem einkennist af lágum og sléttum klettaholtum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þönglabakki HL, 1; ÁFÍ 1992, 17;

Gríma III, 204-205

**SB-044:035** heimild um landamerki

“Að vestan ræður Fjarðaráin allt í árósin fyrir sunnan Botnsgranda, úr Króknum síðan bein lína til sjáfar, yfir Stúfínn og er á honum hlaðin varða eða dys með hvalbeinslið innan í,” segir í Landamerkjabréfi Þönglabakka No. 59, þinglýst 1890. Af lýsingunni að dæma var vörða eða dys á merkjum frammi á sjávarbakka, í miðjum firði. Þar sáust engin ummerki um slíkt mannvirki og ætla má að það sé horfið vegna landbrots en einnig hafa miklar breytingar orðið á ósi Fjarðarárinnar. Af þessum sökum reyndist ekki unnt að staðsetja vörðuna með innan við 50 m skekkju.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabréf Þönglabakka No. 59

**SB-044:036** heimild um landamerki

540291 628290

“Að austan ræður merkjum lækjar drag, sem liggur úr vatninu upp á há Þorgeirshöfða norðaustur ofan í Breiðuvík austanverða, úr áður nefndru lækjar dragi, þar sem það fellur úr vatninu á Þorgeirshöfða, ræður bein lína í Hrossastein, sem er á hálsinum skammt fyrir sunnan Startjörn og skal vörðu hlaða á honum til glöggvunar,” segir í Landamerkjabréfi Þönglabakka No. 59, þinglýst 1890. Ætla má að Hrossasteinn sé lítt afgerandi jarðlægur steinn eða steinar 80 m suðvestan við Startjörn og 840 m suðaustan við bæ 001. Mólendi er í kringum meintan Hrossastein sunnan við Startjörn.

Ekki sáust skýr ummerki um hlaðna vörðu á Hrossasteini. Óvíst er að varða hafi verið hlaðin þar þó að mælst hafi verið til þess í landamerkjabréfi. Einnig getur verið að varðan sé öll hrunin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Landamerkjabréf No. 59

**SP-044:037** heimild um heystæði

“Þessa bagga bárum við á bakinu í tóft við lambhúskofann [038], sem stóð lítið fyrir neðan slægjulandið,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Ekki er víst hvar þessi heytóft var og koma ýmsar tóftir til greina, meðal annars tóft 076. Ekki reyndist því unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 144

**SP-044:038** heimild um lambhús

“Þessa bagga bárum við á bakinu í tóft [037] við lambhúskofann, sem stóð lítið fyrir neðan slægjulandið,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Ekki er víst hvar þessi lambhús voru og koma ýmsar tóftir til greina, meðal annars tóft 076. Ekki reyndist því unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 144

**SP-044:039** heimild um rist


“Torfstúnga næg, rista lök,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalins frá 1712. Ekki er vitað hvar torf var rist þegar Jarðabókin var rituð. Ekki er ólíklegt að það hafi verið víða, til að mynda í Bakkamýri. Skrásetjarar gengu ekki fram á ummerki um ristur við yfirferð sína um jörðina og frekari heimildir þarf til að staðsetja hana.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** JÁM XI, 54

**SP-044:040\_1** tóft óþekkt

539738 629849



Minjar 040 eru nærri sjávarbakka neðan við Brimnes 008.

Tóft 040\_1, horft til VSV.

Tvær þústir og ein tóft eru rúmum 100 m vestan við bæjarhól Brimness 008\_1 og 1,1 km norðan við bæ 001. Líklegt er að þær tengist búsetu í Brimnesi eða öðrum umsvifum þar. Minjarnar eru á svæði sem er 16x14 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hlutverk minjanna er ekki þekkt en líklegt er að þær hafi gegnt hlutverki heystæða.

Minjarnar eru í þýfðum lyngmóa, á flatlendi frammi á háum og bröttum sjávarbakka.

Suðaustast á svæðinu er tóft 040\_1. Hún er einföld, hringlaga og nokkuð fornleg að sjá. Tóftin er um 3 m í þvermál og mjög óljóst innanmál er 2,4x1,6 m og snýr austur-vestur. Gamalt rof virðist vera á SSA-jaðri tóftarinnar og þar eru hún aflöguð og grasi gróin en annarsstaðar er hún lyngi vaxin. Veggir hennar

eru 0,2-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**SP-044:040\_2** þúst óþekkt

539737 629859

Þúst 040\_2 er 8 m norðan við tóft 040\_1 og 7 m norðaustan við þúst 040\_3. Hún er mjög fornleg og lyngi vaxin en ekki þýfð. Þústin er sporöskjulaga 4,5x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,3 m á hæð, fremur flöt að ofan en þó lítillega kúpt.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots



*Þúst 040\_2, horft til suðausturs.*



*Þúst 040\_3 horft til norðausturs.*

**SP-044:040\_3** þúst óþekkt

539727 629853


Þúst 040\_3 er 10 m norðvestan við tóft 040\_1 og 7 m suðvestan við þúst 040\_2. Hún er mun ógreinilegri en þúst 040\_2, lægri og flatari, en er einnig lyngi vaxin og virðist frá sama tíma. Þústin er 4,5x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, eins og þúst 040\_2, en er aðeins 0,2 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**SP-044:041** tóft heystæði

539680 628918

Rétt sunnan heimatúns er U-laga tóft um 11 m vestan við kvíar 031 og um 85 m sunnan við bæ 001.



*Heystæði 041, horft til suðurs á ljósmynd.*



Hleðslan er mjög sigin og þýð, í deiglendi. Sé tekið mið af staðsetningu gæti þetta hafa verið hey- eða móstæði enda ólíklegt að fjárhús hafi verið í votlendi. Þetta svæði heitir Bakkamór eða Þönglabakkamór sem bendir til mótekju.

Fyrir austan tóftina er þurr rimi en mýri er til vesturs og suðurs. Lækjar drag rennur vestan við tóftina.

Tóftin er eins og áður sagði U-laga og opin til norðurs. Ekki er ljóst hvort að veggur var þar, hann gæti allt eins verið sokkin í mýrina. Tóftin er 8,5 x 5,5 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og 2 m á breidd. Veggirnir eru algrónir, þýfðir og sjást einna helst sem þýfður bakki.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:042** tóft heystæði

539559 628613

Tóft er tæpum 90 m sunnan við bæ 001 og rúmum 10 m vestan við hleðslu 041. Tóftin er rúmum 20 m sunnan við túngarð 019, utan túns. Lag tóftarinnar gefur til kynna að þetta sé hey- eða móstæði. Þetta svæði heitir Bakkamór eða Þönglabakkamór sem bendir til mótekju.

Allt umhverfis tóftina er deiglendi á svæði milli heimatúnsins og hálsins sem Háakot 025 er á. Svæðið er rakt, lautir og lágir eru víða. Tóftin er aflöguð og sigin vegna þess hversu svæðið er deiglent.



*Heystæði 042, horft til norðurs á ljósmynd.*

Tóftin er 12 x 9,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er algróin, veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð og 1 m á breidd. Að utan er veggjahrun við þá sem ýkir umfang þeirra. Tóftin skiptist í tvö hólfi. Í norðurenda er hólfi 1. Það er 3,5 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru þýfðir sem og gólfflötur hólfsins. Op er á hólfinu í suðurenda, inn í hólfi 2. Það er 7,5 x 3,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Sem fyrr eru þeir algrónir en ekki er hlaðinn veggur á vesturhlið þess.

**Hættumat:** engin hætta


**SB-044:043** gerði óþekkt

539351 628616

Ferhyrnt gerði er neðst í brekku vestan við Bakkamó, niður við Botnsá skammt frá árosnum. Gerðið er 4 m norðaustan við tóft 010, 30 m suðvestan við Útvegshús 022\_1 og 240 m suðvestan við bæ 001.

Gerðið er að hluta grafið inn í halla og að hluta upphlaðið. Miklar hallamýrar eru suðvestan við það en mólendi í bland við mýrar er ofan við það til norðausturs og suðausturs. Neðan við gerðið til norðvesturs er árbakkinn sem er deiglendur og fremur sléttur.

Gerðið er 10,5x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Norðaustur- og suðaustuhliðar eru lítilla niðurgrafnar inn í halla mót norðvestri. Aðrar hliðar eru torfhláðnar og eru þeir veggir 0,3-0,5 m breiðir



*Gerði 043, horft til norðausturs.*

og 0,2-0,3 m háir. Inni í gerðinu er alveg slétt. Mögulegt op er í suðurhorni. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta gerði hefur þjónað en það gæti hafa girt af kálgarð.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:044** þúst óþekkt

539680 628918

Óljóst þúst er norðarlega á hólhrygg rúnum 30 m austan við túngarð 033 og rúnum 190 m norðan við bæ 001. Minjarnar eru lítið annað en tvær stórbýfðar þústir en þar sem að þær eru staðsettar á hólhrygg í deiglendi bendir það til þess að þarna séu mannvistarleifar undir sverði. Ekkert er vitað um hlutverk eða aldur minjanna.

Deiglendi er umhverfis hrygginn sem þústirnar eru á. Svæðið hallar til vesturs, niður frá Þorgeirshöfða. Lækur rennur meðfram hryggnum að sunnan- og norðanverðu.



*Þústir 044, horft til norðurs á ljósmynd.*

Hólhryggurinn er um 14 x 8 m að stærð og snýr norður-suður. Eftir honum endilöngum eru þýfðir bakkar en á norðurhluta hans eru tvær þústir. Þær skera sig helst frá þýfinu vegna gróðurs. Þústirnar afmarkast í raun af fjórum þýfum, tveimur til vesturs og tveimur til austurs. Það mótast fyrir opi til norðurs á milli þeirra. Þar er hryggurinn jafnframt brattastur, niður í mýrina. Þústirnar eru báðar 0,2-0,3 m á hæð og 2 m á breidd. Þær eru algrónar og mjög óljósar.


**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:045** tóft útihús

539622 628945

Sigin tóft er frammi á sjávarbakka innan gerðis 033 og litlu norðvestan við tóft 005. Hún er tæpum 20 m VNV við tóft 005 og 190 m norðan við bæ 001. Sjór brýtur af vesturhlið tóftarinnar og hún er nú þegar röskuð af þeim sökum. Tóftin er ekki sýnd á túnakorti frá 1919 en var án efa til á þeim tíma og líklega ekki í notkun. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu tóftarinnar er þetta útihús.

Sjávarbakkinn er 5-6 m hár. Snið tóftarinnar sást ekki þegar skrásetjari var á ferðinni vegna bleytu. Innan gerðis 033 er gróið, stórþýft tún. Umhverfis túnið er mýrlendi sem hallar til vesturs, niður hliðar Þorgeirshöfða.



*Útihústóft 045, horft til norðurs á ljósmynd.*

Tóftin er 15x5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í tvö hólf. Í suðvesturhorni er hólf 1. Það er 4,5x2,8 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Óljóst mótar fyrir opi á austurhlið. Einnig er rof til vesturs, líklega vegna landbrots. Veggirnir eru algrónir, 1,5-2 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Inni í hófinu er stór þúfa, mögulega garði. Norðar er hólf 2. Það er 4,5 x 4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það er líklega opið til suðvesturs, yfir í hólf 1 en það er afar óljóst. Veggirnir eru 2 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð og algrónir.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**SB-044:046\_1** garðlag vörslugarður

540073 628548

Mjög fornlegur garður liggur til vesturs frá vesturenda Startjarnar og hættir að sjást litlu ofan og austan við mógrafir 071 og 300 m suðaustan við bæ 001. Garðurinn liggur að hluta til samsíða upphlöðnum

vegi 053. Tvær tóftir eru sambyggðar garðinum og eru skráðar undir sama númeri.



*Vörslugarður 046\_1, horft til austurs.*

Garðurinn liggur um aflíðandi brekku í vestanverðum Þönglabakkahálsi. Vestast er garðurinn í stórþýfðum móa, þá tekur við allblaut mýri á flötum stalli í brekkunni. Þar ofan og austan við er svo brekka upp þýfðan móa sem talsvert jarðvegsrof er í og er garðurinn rofinn rétt neðan og vestan við stóra hundapúfu sem er á garðinum. Þaðan og að Startjörn til austurs er garðurinn illa rofinn á kafla þar til kemur að Startjörn en þar tekur aftur við deiglendi og sést garðurinn vel þar.

Garðurinn er 430 m langur og kann að hafa náð

lengra til vesturs þó að engin ummerki um það sjáist lengur. Ætla má að hann hafi gegnt hlutverki vörslugarðs. Vestast er garðurinn allgreinilegur, er 2-3 m á breidd og allt að 0,3 m á hæð. Hann er mjög siginn og ógreinilegur í mýrinni á stelli í brekkunni en verður aftur greinilegur þar fyrir ofan, áður en kemur að alllögum rofkafli frá hundapúfu. Frá hundapúfunni sveigir garðurinn lítillega til SSA. Eftir því sem nær dregur Startjörn verður garðurinn skýrari og mjórri, 1,5-2 m breiður og 0,4 m hár. Rétt áður en garðurinn kemur að Startjörn er afgerandi sveigja á honum til austurs.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

SP-044:046\_2 tóft óþekkt

540018 628554



Óþekkt tóft 046\_2 við garð 046\_1, horft til norðurs á ljósmynd.

Allfornleg einföld tóft 046\_2 virðist sambyggð suðurhlið vörslugarðsins 046\_1 og er 150 m austan við vesturenda hans. Ekki er útilokað að þessi tóft tengist óræðum minjum 075 sem eru sunnan við hana. Tóftin er 5x3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er í aflíðandi halla til vesturs.. Ekki er skýrt op á henni en í norðvesturhorni er rás í gegnum vegginn sem virðist náttúrulegt rof. Veggir tóftarinnar eru lyngi vaxnir, 1-1,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

**Hættumat:** engin hætta

SP-044:046\_3 tóft heystæði

540229 628475

Tóft 046\_3 er grasi vaxin og greinilega talsvert yngri en garður 046\_1. Hún er byggð ofan á og norðaustan í garðinn. Tóftin er einföld og er 5x3,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er op á



Heystæðistöft 046\_3, horft til vesturs á ljósmynd.

henni sýnilegt. Veggjahleðslur eru lægstar og ógreinilegastar á norðausturhlið. Mögulega var op inn í tóftina þar. Veggir eru torfhlaðnir og eru 0,3 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en þar sem hún er nærri miklum og góðum slægjum við Startjörn kemur sterklega til greina að hér hafi verið heystæði. Lögum og stærð tóftarinnar styðja það einnig.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:047** náma mógrafir

539492 628165



*Mógrafir 047, horft til norðurs.*

Í hálfhring umhverfis Selborg 030 og sel 016 undir suðaustanverðum Selhól er mógrafarsvæði. Það er 250m suðvestan við annað mógrafarsvæði 048, um 250m sunnan við Háagerði 025 og um 560m suð-suðvestan við bæjarhól 001.


Mógrafarsvæðið er í blautu mýrlendi sem liggur í kruga austan og sunnan við klettaborg og vestan við læk þann sem rennur að bæjarhólnum á Þönglabakka 001\_1.

Svæðið er rúmlega 100m langt og 70m breitt. Mógrafirnar eru misjafnar að stærð og dýpt en í þeim er mikið vatn. Sumar er grónar í botninn.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:048\_1** náma mógrafir

539643 628395



*Mógrafarsvæði og mótóft 048. Lofmynd: Loftmyndir ehf.*

Mógrafarsvæði er um 170m sunnan við bæjarhól 001\_1, tæpa 140m austan við bæjarhól Háagerðis 025\_1 og fast sunnan við veg 053. Innan mógrafarsvæðisins er lítil tóft 048\_2.

Mógrafarsvæðið er þýft og deiglent og hallar það til vesturs.

Mógrafarsvæðið er um 255x160m að stærð og snýr norður og suður. Mógrafirnar liggja ekki þétt saman en dreifast aðeins um svæðið. Þær eru misdjúpar og misstórar en í þeim flestum er vatn.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:048\_2** tóft skemma

539643 628395

Lítil tóft er innan mósvaldis 048\_1 og er hún um 320m sunnan við bæjarhól 001\_1 og um 190m aust-suðaustan við bæjarhól Háagerðis 025\_1. Út frá staðsetningu er mjög líklega um móstæði að ræða. Tóftin er einföld, 11x7m að stærð og snýr norður suður. Vegghleðslur eru um 60-100cm á breidd, ytrabyrði 50-100 og innrabyrði 30-60cm á hæð. Ekkert op sést á tóftinni og engar grjóthleðslur sjást í vegghleðslunum sem eru á kafi í grasi. Tóftin virðist vera á einhvers konar palli sem er 15x11m að stærð og snýr eins og tóftin og gæti hann vel hafa myndast þegar stungið var fyrir tóftinni. Ytrabyrði hans er 30-60cm á hæð. Minjastaðurinn er allur hlaupinn í þúfur.

**Hættumat:** engin hætta




Móftóft 048\_2, horft til norðurs á ljósmynd.

**SB-044:049** tóft fjárhús

539596 628871

Tóft er á milli heimatúnsins og lítills túns sem afmarkað er af túngarði 033, fast norðan við bæjarlækinn. Sé tekið mið af staðsetningu og lagi tóftarinnar er um fjárhús að ræða. Fjárhúsin eru 15 m austan við útihús 004 og um 115 m norðan við bæ 001. Sjávarbakkinn er um 15 vestar og lækurinn fellur þar til sjávar.

Tóftin er í mýrlendi. Lækur rennur fast sunnan við tóftina og sameinast bæjarlæknum. Allt svæðið er mýrlent og hallar til VNV, niður að læknum og til sjávar. Tóftin er á flötu svæði, neðan við lága brekku sem er 3-4 m á hæð og lækkar til austurs.



Fjárhústóft 049, horft til austurs á ljósmynd.

Öll tóftin er þýfð og aflöguð vegna mýrlendis. Hún er 10 x 8,5 m að stærð, skiptist í tvö hólfi og snýr austur-vestur. Hólf 1 er í vesturhluta tóftarinnar og var líklega hlaða. Það er 5,1 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á hólfinu til vesturs, út úr tóftinni og annað op er í austurhluta, yfir í hólf 2. Veggirnir eru algrónir, 1,5-2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Hólf 2 er austar. Það er 2,6 x 1,7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er mikið veggjahrun inni í hólfinu. Einnig gæti hluti af þakinu enn hangið uppi, skrásetjari komst ekki þar niður. Þetta er fjárhúsið. Hólfid er opið til austurs. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð, algrónir og 3 m á breidd.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:050** tóft útihús

539569 628700

Tóft af útihúsi er í heimatúni um 15m sunnan við kirkjugarð 002\_2, um 6m suðvestan við bæjarhól 001\_1 og fast vestan við pall 007\_2 sem virðist tengjast vegi 007.

Grösugt svæði alveg upp við bæjarhóllinn.



*Útihústóft 050, horft til norðurs á ljósmynd.*

Tóftin er einföld, 8x7m að stærð og snýr norður suður. Hún er mjög grösug og eru veggheðslurnar hlaupnar í þúfur og orðnar nokkuð óljósar. Hún virðist opin í báða gaffla og hefur sennilega verið um 5x3m að innanmáli. Syðra opið er þrengra en það sem snýr norður. Veggheðslur eru 30-50cm á hæð og um 2m á breidd. Tóftin ber þess merki að hafa verið sléttuð með handverkfærum. Út frá staðsetningu gæti hún kannski hafa verið hesthús.


**Hættumat:** engin hættu

**SP-044:051\_1** náma mógrafir

540329 628650

Ummerki um mógrafir eru á tveimur stöðum í Kinnum norðan við Startjörn og sunnan undir Þorgeirshöfða. Þær eru á milli vörslugarðs 072\_1 og tóftar 052, 750 m austan við bæ 001. Minjarnar eru á svæði sem er um 60x50 m að stærð og snýr norður-suður. Líklegt er að mótekja hafi verið víðar í deiglandinu í kringum Startjörn.

Mógrafirnar eru á tveimur stöllum í afliðandi halla til suðurs. Efri og nyrðri stallurinn er deiglandur,



*Yfirlitsmynd sem sýnir mógrafir 051. Loftmynd:  
Loftmyndir ehf.*



*Mógrafir 051\_1, horft til vesturs.*

vaxinn lyngi og grasi og engjagróðri í bland. Neðri og syðri stallurinn er grösugur, fremur flatlendur og mýrlendur.

Lýsingin hefst á syðri mógröfunum 051\_1 sem eru 50x30 m að stærð og snýr austur-vestur. Skýrar brúnir eru nyrst og austast á svæðinu. Grafirnar eru grónar en vatn stendur í þeim á stöku stað. Þær eru víða 0,3 m djúpar en allt að 0,5 m.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:051\_2** náma mógrafir

540346 628684



*Mógrafasvæði 051\_2, horft til VSV.*

Nyrðri mógrafirnar 051\_2 eru 20 m norðan við syðri grafirnar 051\_1 og eru umfangsminni ummerki um þær. Mógrafir sjást á svæði sem er 12x7 m að stærð og snýr norður-suður. Þær eru grasi grónar og þurrar en lynggróður er í kringum þær. Ein stök ferköntuð gróf er í norðausturhorni svæðisins sem er 1 m á kant og 0,5 m á dýpt. Grunnt vatn stendur í henni og er hún ekki vel gróin.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:052** tóft óþekkt

540434 628628

Einföld, lítil tóft er í Kinnum neðst í mólendi sunnan undir Þorgeirshöfða og norðan við Startjörn. Hún er 60 m austan við mógrafasvæði 051 og 850 m austan við bæ 001. Hlutverk hennar er ekki þekkt en þar sem hún er á svæði sem hefur verið nýtt til mótekju og heyskapar er líklegt að hún hafi verið notuð sem móstæði eða heystæði.

Tóftin er hlaðin undir lágan bakka fast norðan við flatlenda og grösuga mýri. Tóftin er lyngi vaxin og fornleg.



*Tóft 052 norðan við Startjörn, horft til norðausturs á ljósmynd.*

Tóftin er algróin og hvergi sést í grjóthleðslur. Veggir hennar standa það vel að mögulegt er að grjót sé í veggjum hennar ásamt torfi. Hún er 5x3,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Ekki sést op inn í tóftina og



innanmál hennar er ekki mjög skýrt. Veggir eru 0,1-0,2 m á hæð innanmáls en 0,4 m á hæð utanmáls.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:053** vegur samgöngubót

540035 628500

Upphlaðinn vegur er á leið SP-621:002 sem lá yfir Þönglabakkaháls á milli Tindriðastaða SP-043 í Hvalvatnsfirði og Þönglabakka í Þorgeirsfirði. Einnig lá leið 621:011 á milli Brekku og Arnareyrar í Hvalvatnsfirði og Þönglabakka á þennan veg.



*Vegur 053 á leið SP-621:002, horft til VNV*

Vegurinn liggur niður af Þönglabakkahálsi yfir blauta mýri til vesturs og endar 160 m sunnan við bæ, rétt ofan og austan við bæjarlækinn. Hann er 415 m langur og liggur austur-vestur. Vegurinn er víðast torfhlaðinn og eru mjóir skurðir meðfram honum beggja vegna. Skurðirnir eru allt að 1,2 m djúpir og 0,4 m breiðir þar sem þeir hafa grafist niður í vesturenda en víðast eru þeir 0,2-0,3 m breiðir og 0,5 m djúpir. Vegurinn er 4-5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Sumsstaðar er erfitt að greina á milli jaðars vegarins og innri skurðbrúnar. Vegurinn er grasi gróinn og smábýfður en rof er í honum í báðum endum og á nokkrum stöðum er rof í honum vegna vatnsaga. Ekki sjást skýr ummerki um afgerandi reiðgötur á veginum en á honum eru götur og skorningar. Gata sést liggja í


framhaldi af veginum til suðausturs. Hún er grýtt moldargata þar sem hún liggur um móa. Sumsstaðar er hún aðeins mjó gata en verður allt að 1 m á breidd sumsstaðar.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**SP-044:054** tóft óþekkt

539770 629035

Óljós tóft er í Bakkamýri, um 330 m NNA við bæ 001 og um 70 m sunnan við hleðslu 055. Tóftin er ofarlega í mýri sem hallar til vesturs neðan við Þorgeirshöfða. Tóftin er á þurru rima og mun grænni en nánasta umhverfi. Tóftin liggur þvert á hlíðina sem hallar hér niður, það hefur án efa áhrif á varðveislu minjanna. Víða eru lækjardrög og flöt svæði við rimann sem tóftin er á. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en ekki er ólíklegt að það tengist mógröfum 027.



*Tóft 054, horft til NNV á ljósmynd.*

Mýrin hallar til vesturs, að sjó. Svæðið er gróið, þýft og sígur undan halla til vesturs.


Tóftin er aflöguð og einungis langhliðarnar varðveittar. Hún er 16x8,5 m og snýr norður-suður. Langhliðarnar koma saman í miðju og mögulega bendir það til þess að tvö hólf hafi verið hér. Hólf 1 er sunnar og er 5 x 3,5 m að innanmáli. Það er heillegt og opið til suðurs, annað op er á norðurhlið. Veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð, algrónir og stórpýfðir, Hólf 2 er norðar. Það er mun óljósara og allir veggir aflagaðir. Það er um 5x1,5 m að innanmáli og líklega var op á norðurhlið. Austurveggurinn nær lengra til norðurs en sá vestari og ljóst að mikið rask er hér vegna halla og deiglendis. Veggirnir eru 0,2-0,4 m á hæð algrónir og þýfðir.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:055** hleðsla óþekkt

539750 629121

Gróin hleðsla og beinn kantur eru um 400 m NNA við bæ 001 og rúmum 70 m norðan við tóft 054. Þessar minjar eru mikið raskaðar vegna þess að jarðvegur sígur undan halla, niður mýrlendi í hlíðum vestan Þorgeirshöfða. Ekki er hægt að greina hlutverk þessara minja en líklega tengist það mógrafasvæði 027. Mýrin hallar til vesturs, að sjó. Svæðið er gróið, þýft og sígur undan halla til vesturs.



*Hleðsla 055, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

Minjarnar eru á svæði sem er 16x4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hleðsla 1 er austar (ofar). Hún er 8x1,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún liggur þvert á brekkuna, er gróin og 0,3 m á hæð. Hún sveigir til suðausturs og fjarar síðan út. Skammt vestar (neðar) eru tveir beinir bakkar eða kantar. Kantur 2 er austar. Hann er L-laga, 4x3 m að lengd, 0,2 m á hæð og snýr austur-vestur. Hann er algróinn. Kantur 3 er vestar. Hann er 14 m á lengd, 0,2 m á hæð og snýr norður suður- Hann er neðar í brekkunni og mögulega mótar fyrir opi þar í miðju, það er óljóst.

**Hættumat:** engin hætta


**SP-044:056** náma mógrafir

539774 629319

Mógrafir eru um 110 m norðan við mógrafir 027 og 550 m norðan við bæ 001 1. Þær eru í svokallaðri Bakkamýri, vestan undir Þorgeirshöfða.

Mógrafirnar eru í mýri sem hallar til vesturs að sjó en brekkan er fremur aflíðandi. Hér og þar eru slétt svæði, þar eru mógrafir.

Mótekjussvæðið er 90x50 m að stærð og snýr norður-suður. Mógrafirnar sjást bæði sem stakar, blautar grafir og sléttir, deiglendir flákar. Af þeim sökum er erfitt að áætla nákvæman fjölda þeirra en þær skipta án efa tugum. Mógrafirnar eru um 0,2-0,4 m á dýpt.



*Afmörkun mógrafasvæðis 056 sýnd á loftmynd frá Loftmyndum ehf.*



*Mógrafirnar, horft til vesturs.*


**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:057** tóft skemma

539625 629658

Lítill tóft, móstæði, er um 60 m sunnan við mógrafir 026 og 70 m norðan við mógrafir 072. Tóftin er í Bakkamýri, um 900 m norðan við bæ 001. Tóftin er á lágum hól, um 15 m austan við 20 - 30 m háan sjávarbakka.

Blaut mýri. Þar er smápýft, víða eru blautir pyttir og mýrarlækir. Tóftin er á þurru rima og stendur upp úr gróðinum á lágum hól.



*Móstæði 057, horft til VNV á ljósmynd.*


Hóllinn sem tóftin er á er 0,2 m á hæð og gróinn. Tóftin er 6,5 x 3 m að stærð, einföld og snýr NNV-SSA. Veggirnir eru 0,2 m á hæð, 0,5 m á breidd og eru útlattir til suðvesturs. Þeir eru algrónir og op virðist hafa verið til suðvesturs. Mögulega er gróið yfir vegg þar.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:058** tóft beitarhús

539618 629501

Greinileg tóft er frammi á sjávarbakka, um 40 m sunnan við mógrafir 072 og um 750 m norðan við bæ 001. Sé tekið mið af lagi tóftarinnar er um beitarhús eða rétt að ræða. Tóftin er í Bakkamýri, fast austan við 15-20 m háan sjávarbakka og ekki líður á löngu uns það fer að brjóta af vesturhlið hennar. Greinilegt



*Beitarhústóft 058, horft til suðurs á ljósmynd.*

er að landbrot hefur átt sér stað eftir að tóftin var gerð, einungis 1 m er frá henni fram á blábrúnina.

Blaut mýri í halla til vesturs. Fyrir austan tóftina er blautt svæði en hún er sjálf á þurrari rima. Svæðið er stórþýft og jarðvegur skríður til vesturs, niður frá Þorgeirshöfða.

Tóftin er 13,5 m 7 x m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er sigin og mýrlent er inni í henni. Tóftin skiptist í tvö hólfi og hólfi 1 er í vesturhluta hennar. Hólfið er 6,5x3,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á vesturhlið, fram á sjávarbrún. Annað op er á austurhlið, yfir í hólfi 2. Veggirnir eru algrónir, 0,2-0,3 m á hæð og 1,5 m á breidd. Mögulega mótar fyrir öðru hólfi í norðausturhorni, þar er þúst. Hólfi 2 er í austurhluta tóftarinnar. Það er 4x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,4 m á hæð, 1,5 m á breidd og algrónir. Mögulega var annað lítið hólfi í suðausturhorni en það er afar óljóst. Það er hærra uppi en hólfi 1 en ekki virðist verða uppsöfnun mannvistarlaga hér undir.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots


**SB-044:059** tóft beitarhús

539650 629435

Sigin tóft er rúmum 60 m sunnan við tóft 058 og tæpum 700 m norðan við bæ 001. Hún er 12 m austan við 5 m háan sjávarbakka, í svokallaðri Bakkamýri. Hér er líklega um beitarhús að ræða sé tekið mið af staðsetningu og lagi tóftarinnar.

Blaut mýri í halla til vesturs. Fyrir austan tóftina er blautt svæði en hún er sjálf á þurrari rima. Svæðið er stórþýft og jarðvegur skríður til vesturs, niður frá Þorgeirshöfða.

Tóftin er 9x7 m að stærð og snýr norður-suður. Hólfi 1 er nyrst. Það er 4,5x 1,2 m að innanmáli og snýr



*Beitarhústóft 059, horft til austurs á ljósmynd.*

austur-vestur. Það er opið til norðvesturs. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og algrónir. Þeir eru aflagaðir og þýfðir. Hólf 2 er sunnar og um 0,4 m hærra, það er 2x2 m að innanmáli og opið til norðurs, yfir í hólf 1. Veggirnir eru algrónir, þýfðir og sjást engu að síður vel. Mikið hrun er inni í tóftinni og ekki útilokað að þar séu fleiri hólf.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**SB-044:060** *Bújarðir* heimild um huldufólksbústað

537876 627130

“Í framhlaupi þessu [Hrauninu (einnig nefnt Hraunsnef)] er hvammur allstór frá fjalli og niður að á, og er hann grasi gróinn, og eftir honum rennur lækur frá fjallinu og niður í ána. Hér og þar standa við skriðujaðarinn stórir steinar, og er þessi hvammur nefndur Bújarðir. Var þarna mikil huldufólksstrú, og því var blettur þessi aldrei sleginn til þess að styggja ekki íbúana,” segir í örnefnaskránni Úr Fjörðum. Eitthvað er á reiki hvaða svæði örnefnið Bújarðir á við, sjá einnig 013. Sú lýsing sem hér fer á undan bendir helst á svæði sem er sunnan við Grjótnes í landi Hóls og austan við Hraunsnes eða Hraunið. Það svæði er 715 m sunnan við bæinn á Hóli 046:001 og 2,3 km suðvestan við bæinn á Þönglabakka 001 en 900 m suðvestan við tóftir 013 þar sem einnig virðist heita Bújarðir.

Ekki var farið inn að þessu svæði sem er innarlega á Bakkadal þegar vettvangsvinna var unnin sumarið 2018.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Úr Fjörðum, 13

**SB-044:061** *Dauðsmannsskáli* heimild


“J þorgeirs firdi fra ose envm forna firir þavnglabacka. oc fell hann þa firir vestan dauz manz skala. er Loptzsyner attv,” segir í skrá um Grundarreka í Íslensku fornbréfasafni, dagsettu 24. febrúar 1391. Ekkert er vitað um dauðsmannsskála þann sem nefndur er í fornbréfasafninu en nafnið vekur upp spurningar um það hvaða hlutverki slíkur skáli eða hús kann að hafa gegnt. Áros Fjarðará/Botnsár hefur færst smám saman til austurs og er nú (2018) kominn að grónum brekkum sunnan við túnið á Þönglabakka. Ekki er vitað hvar hinn forni ós var við lok 14. aldar, né heldur hvar umræddur dauðsmannskofi hefur staðið. Ganga má út frá því sem vísu að hann sé löngu horfinn vegna landbrots.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** DI III, 458

**SB-044:062** tóft heystæði

539230 628407



Heystæði 062, horft til norðvesturs á ljósmynd.

Lítill tóft í mólendi er um 200 m vestan við Háagerði 025 og um 450 m suðvestan við bæ 001. Tóftin líkist einna helst heystæði og staðsetning hennar styður þá tilgátu. Tóftin er á þurrum rima í mýri sem hallar til vesturs frá hryggnum sem Háagerði er á. Þessi tóft er forn sé tekið mið af lagi og gróðurfari.

Mýri sem hallar til norðvesturs að Fjarðará og niður að sjó. Inn á milli eru þurrir rimar sem eru lyngi- og mosavaxnir. Tóftin er á einum slíkum.


Tóftin er er 8,2 x 7 m að stærð, einföld og algróin mosa og lyngi. Veggir hennar síga undan halla til norðvesturs og þar er veggjahrun innan tóftarinnar. Vítt op er á tóftinni í NNA-horni, undan halla. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og 1-2 m á breidd. Veggirnir halda sér vel og ekki mikið aflagaðir.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:063** tóft heystæði

539112 628413

Greinileg tóft er fast austan við lækjargil í mólendi austur af Botnsá og um 110 m vestan við heystæði 062. Það er rúmum 510 m suðvestan við bæ 001 á þurrum hrygg sem liggur til norðvesturs úr fjallinu Lúti og kallast Leiti.



*Heystæði 063, horft til vesturs á ljósmynd.*

Tóftin er í litlum hvammi, í mólendi. Fyrir vestan tóftina er lækjar drag og mýrlendi til austurs. Til norðurs frá tóftinni er moldarrof. Fyrir vestan tóftina er ásinn Leiti og hún er í hvarfi við hann. Allt umhverfis er mýrlendi. Rofbakki er vestan við moldarrofði.

Tóftin er 5x5 m að stærð, sigin og útlöft. Innanmál tóftarinnar er óljóst en innri brún veggja er aðeins 0,1 m á hæð. Utanmál veggja er 0,3-0,4 m á hæð sem eru algrónir lyngi og mosa. Op er í norðvesturhorni tóftarinnar sem líklega var heystæði. Hún er jafnframt forn, gróðurfari hennar og lag bendir til þess.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:064** tóft heystæði


539589 628606

Lítill tóft er í Bakkamó um 3 m norðan við tóft 078 og rúmum 10 m sunnan við kvíar 031. Hún er tæpum 100 m sunnan við bæ 001, utan heimatúnsins en lag og staðsetning bendir einna helst til heystæðis. Tóftin er lítil og sést illa fyrr en að henni er komið.

Svæðið sunnan við heimatúnið er mýrlent. Þar eru lækjardrög, mýrarsvæði og blautari svæði. Þó er mikið af tóftum þar, á svæðum sem eru “þurrari”. Tóftin er á einu slíku

Tóftin er 5,5x4,5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Ekkert op sést á tóftinni á yfirborði. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og 1,5 m á breidd. Tóftin er slétt að innan.

**Hættumat:** engin hætta




Heystæði 064, horft til ASA á ljósmynd.

**SP-044:065** tóft óþekkt

538609 628084

Tóft er í engjum utarlega í Bakkadal, tæpa 90m norðaustan við rétt 066, rúman 1,1km suðvestan við bæjarhól 001\_1 og um 770m vestan við Selhól, sjá 016. Lítið er hægt að segja til um hlutverk hennar með vissu en út frá staðsetningu gæti hún mögulega hafa verið beitarhús.

Tóftin er í flötu mýrlendi en næsta nágrenni hennar er þó þurrt. Fast sunnan við tóftina er bakki og sunnan undir honum er deiglendi með lækjarsytrum.



Tóft 065, horft til norðurs á ljósmynd.


Tóftin er 12x9m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er öll hlaupin í þúfur og eru vegghleðslur orðnar nokkuð óljósar en hún virðist hafa 3 eða 4 hólfr. Stærst er hólfr sem er norðvestast í tóftinni, það er tæplega 6x3m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Hin hólfrin þrjú raða sér öll sunnanmegin við stóra hólfið frá vestri til austurs og eru öll um 2x1m að innanmáli. Op er nyrst á suðvesturvegg en svo er op á milli þess og tveggja af smærri hólfunum. Á einu af smáu hólfunum er einnig op til suðvesturs á útvegg. Vegghleðslur eru 1-2m á breidd og 30-60cm á hæð. Í þeim er ekki hægt að sjá neinar grjóthleðslur.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-044:066** tóft rétt

538545 628003

Stór réttartóft er á engjum utarlega á Bakkadal um 80m suðvestan við tóft 065, um rúman 1,2km suðvestan við bæjarhól 001 og um 215m norðan við tóftir 013. Hún er um 25m austan við Botnsá. Að sögn Haraldar Höskuldssonar, heimildarmanns, var þessi rétt og réttin á Kussungsstöðum SP-038:022



*Rúningsrétt 066, horft til vesturs.*

notaðar sem rúningsréttir af bændum sem ráku fé á fjall í Fjörður eftir að sveitin fór í eyði. Um miðjan júlí var restin af heimafénu rekið út í Fjörður og rekið í rétt á Kussungsstöðum SP-038:022 svo var farið í réttina á Bakkadal og það fé rúið. Björn Ingólfsson, heimildamaður, hefur eftir Sveini Jóhannessyni á Hóli (f. 1937) að þessi rétt hafi verið byggð eftir 1944 og að hún hafi eingöngu verið til að rétta fé til rúnings en að rétt 009 neðan við heimatún Þönglabakka hafi verið notuð til þess að draga í sundur fé Fjörðunga og Höfðhverfinga.

Tóftin er á flötum háum bakka í flötu og grösugu deiglendi. Fast sunnan og vestan við tóftina rennur kvísl úr Fjarðará / Botnsá.


Tóftin er einföld, 33x8m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Vegghleðslur eru mjög grösugar en frekar skarpar og sést ekkert hleðslugrjót í þeim. Mögulega er tóftin eingöngu torfhlaðin og má á nokkrum stöðum sjá í torfhleðsluna. Þær eru 1-2m á breidd og er ytrabyrðið um 80cm á hæð en innrabyrðið 50-80cm. Suðvestarlega í tóftinni er ferhyrndur stallur sem er um 1,2x2m að stærð og 50-60cm á hæð en við innanverðan norðurgaffinn er stallur sem lýtur út alveg eins og jata og er hleðsluhæð hans 30-40cm. Komið er rof í suðausturlanghliðina að innanverðu. Að öllum líkindum hefur þessi tóft verið notuð sem rúningsrétt. Haraldur man eftir réttinni á Bakkadal fjárheldri og komust 200-300 fjár fyrir í henni.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:067** tóft heystæði

538591 627864

Tóft sem er að öllum líkindum heystæði er inni á Bakkadal, 110-115m norðaustan við heystæði 013,



*Heystæði 067, horft til austurs á ljósmynd.*



1,3km suðvestan við bæjarhól 001\_1 og um 130m suð-suðaustan við rétt 066.

Tóftin er í mýrarjaðri, lítið eitt í brekku sem hallar til norðvesturs.

Tóftin er 8x8m að stærð og er hún öll orðin mjög þýfð og óljós. Hún er nokkuð sérstök því skýrasta hleðsla hennar er beinn veggur sem er rúmlega 1m að breidd og 50-60cm á hæð. Hann liggur frá suðvestri til norðausturs og sitthvoru megin við hann eru óljós hólf. Hólfið norðvestanmegin við hann er 6x3m að innanmáli og snýr suðvestur og norðaustur. Það afmarkast að vegghleðslu sem er um 50cm á hæð og er öll hlaupin í stórar þúfur. Norðvestan við þetta hólf er mjög stórþýft. Suðausturhólfið er um 2x2m að innanmáli. Vegghleðsla þess hólfis er mjög veigalítill eða um 30cm á hæð og breidd. Engar grjóthleðslur sjást í þessum vegghleðslum en út frá staðsetningu og veigalitum vegghleðslum má helst gera ráð fyrir því að um heystæði sé að ræða

**Hættumat:** engin hættu

**SP-044:068** tóft fjárhús

539498 628617

Tóft er í Bakkamó milli Háagerðis 025 og heimatúns. Hún er ennfremur tæpa 120m suðvestan við bæjarhól 001\_1, tæpa 30m sunnan við túngarð 019\_1 og tæpa 25m vestan við tóft 069.

Tóftin er í þýfðu og grösugu engi, við brekkurætur og hallar land til norðurs.



*Fjárhústóft 068, horft til suðurs á ljósmynd.*

Tóftin er tvískipt, 10x6m að stærð og snýr norður og suður. Hún skiptist í fjárhús og hlöðu. Vegghleðslur sem eru þónokkuð signar og rúnnaðar eru um 2m á breidd. Ytrabyrði er 50-60cm á hæð nema syðst þar sem það er ekki mikið meira en 10cm og því má gera ráð fyrir því að tóftin hafi verið niðurgrafin í brekkuna sem hún stendur í. Innrabyrði hlöðunnar er um 30cm hátt en fjárhúsanna um 60cm hátt. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni en hún er mjög grösug og er ekkert rof í henni. Op er á tóftinni á norðurgaffli en einnig er op á milli hólfa.

**Hættumat:** engin hættu


**SP-044:069** tóft óþekkt

539525 628609

Tóft er í Bakkamó, á milli Háagerðis 025 og heimatúns. Tæpa 110m suðvestan við bæjarhól 001\_1, tæpa 30m sunnan við tóft 019\_2 sem er sambyggð túngarði 019\_1 og tæpa 25m austan við tóft 068.

Tóftin er í þýfðu og grösugu engi, við brekku rætur og hallar land til norðurs.

Tóftin er einföld, 12x6m að stærð og snýr norður og suður. Vegghleðslurnar eru mjög veglegar, rúnnaðar og fornlegar. Þær eru um 2m á breidd og er ytrabyrði 40-60cm á hæð en innrabyrði 60-80cm á hæð. Hún hefur op til norðurs en svo virðist sem austurlanghlið sé mun lengri en vesturlanghlið. Ekkert hleðslugrjót sést í tóftinni sem er öll lyngi vaxin. Líklegt er að hún hafi þjónað sem einhvers konar útihús.



Tóft 069, horft til vesturs á ljósmynd.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:070\_1** náma mógrafir

539775 628572

Ummerki um mótekju og einföld, fornleg tóft sem ætla má að sé móstæði eru á mýrlendu svæði í vestanverðum Þönglabakkahálsi um 20 m norðan við veg 053, 15 m vestan við mógrafir og móstæði 071 og 230 m suðaustan við bæ 001. Minjarnar eru á svæði sem er 20x10 m að stærð og snýr NNA-SSV. Deiglent er á þessu svæði og þar vex mýrargróður. Lækur rennur litlu norðan við minjarnar og sveigir framhjá þeim til vesturs.



Mógrafir 070\_1, horft til suðurs.

Ummerki um mótekju sjást á svæði sem er 20x10 m að stærð og snýr NNA-SSV. Austast á svæðinu má greina 0,1 m djúpan niðurgroft en nyrst á svæðinu er ein lítil gróf sem er nokkuð ferköntuð en samansigin. Hún er 0,3 m djúp. Sunnan við hana er lítil lyngi vaxin þúst sem ætla má að tengist uppmokstri.


**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:070\_2** tóft skemma

539774 628564

Tóftin sem er miðsvæðis innan mógrafasvæðisins er einföld og er vaxin lyngi og grasi. Deiglent er í kringum tóftina og hún er í aflíðandi halla til VNV. Hún er 7x4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er talsvert gengin í þúfur og víða eru því skorningar í veggjum en op virðist vera í vesturhorni hennar. Veggir tóftarinnar virðast torfhláðir og eru rúmlega 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Út frá staðsetningu tóftarinnar má ætla að hún hafi veri móstæði en einnig kemur til greina að hey hafi verið geymt í henni.

**Hættumat:** engin hætta




Móstæði 070\_2, horft til SSV á ljósmynd.

**SP-044:071\_1** náma mógrafir

539802 628553

Mógrafir og tvær þústir eru á mýrlendu svæði í vestanverðum Þönglabakkahálsi fast norðan við veg 053, 15 m austan við mógrafir og móstæði 071 og 260 m suðaustan við bæ 001. Minjarnar eru á svæði sem er 34x30 m að stærð og snýr norður-suður.

Minjasvæðið er í aflíðandi halla til VNV á milli tveggja lækja og er mjög grösugt.



Afstaða mógrafa og þústa 071. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Suðurhluti mógrafa 071\_1, horft til vesturs.

Lýsingin hefst á mógröfum 071\_1 sem eru á norðanverðu svæðinu. Ummerki um mósukurð má sjá á svæði sem er 30x22 m að stærð og snýr austur-vestur. Gröfturinn er að mestu í kringum lága hæð sem þúst 071\_3 er á og meðfram jarðföllum þar sem uppsprettur renna fram í mýrlendinu. Grafirnar eru nokkuð samfelldar og alldjúpar. Þær eru að mestu grónar og þar sem þær eru dýpstar eru þær um 1 m á dýpt. Óvíða stendur vatn á mógrafasvæðinu.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-044:071\_2** þúst skemma

539796 628540

Syðst á minjasvæðinu er þúst 071\_2 þar sem virðist hafa verið móstæði. Þústin er á lágru hæð í mýrlendi. Í kringum hana er blautara en annarsstaðar á svæðinu og þar vex meiri mýrargróður. Þústin er egglega, 7x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekkert grjótt sést í henni og er hún smápýfð. Þústin er 0,3 m á hæð þar sem hún er hæst í norðvesturenda en lægri í suðausturenda.

**Hættumat:** engin hætta



*Þúst 071\_2, horft til norðausturs.*



*Þúst 071\_3, horft til VSV.*

**SB-044:071\_3** þúst skemma

539807 628565

Norðarlega á minjasvæðinu er þúst 071\_3 þar sem virðist hafa verið móstæði. Þústin er á jarðvegsbundu í jaðri mógrafasvæðis 071\_1. Hún er 5x3 m að stærð, snýr austur-vestur og er 0,1-0,2 m á hæð. Þústin er mjög ógreinileg og ekki útilokað að hún sé ekki annað en náttúrumyndun. Hún er smápýfð og á henni vex mýrargras og elfting.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:072\_1** garðlag vörslugarður

540249 628477

Fast austan við Startjörn á Þönglabakkahálsi eru óljós ummerki um fornt garðlag sem hefur að líkindum gegnt hlutverki vörslugarðs. Það er að mestu leyti horfið vegna rofs og nánast einu ummerkin um það er rofsárið og grjóti í því. Hringlaga tóft er hlaðin ofan á garðinn við norðvesturhorn Startjarnar og er hún skráð sem hluti af minjaheild sem garðurinn og tóftin mynda. Garðurinn er 650 m austan við bæ 001 og hann sést fyrst 13 m norðaustan við garðlag 046.

Vestan við Startjörn er garðurinn á mörkum mólendis og mýrlendis. Hann heldur svo áfram utan í suðvestanverðum Þorgeirshöfða þar sem tekur við flagmói.



*Vörslugarður 072\_1 vestan við Startjörn, horft til norðausturs.*




*Rofsár þar sem garðurinn hefur að líkindum verið, horft til norðurs.*

Ummerki um garðinn sjást fyrst örfáum metrum norðaustan við garðlag 046 og fast vestan við Startjörn. Þar eru sýnileg ummerki um torfhlaðinn garð á 5 m löngum kafla. Þar er hann um 2 m breiður og 0,5 m hár. Ógreinileg ummerki um hann eru svo áfram til norðausturs á 45 m löngum kafla en þá beygir hann nokkuð skarpt til norðvesturs. Þessi fyrstnefndi hluti garðsins er mögulega náttúrumyndun á mörkum tjarnarinnar og móans. Frá meintu horni á garðinum er hægt að fylgja mjög óljósum ummerkjum um garðinn á 400 m löngum kafla. Alls er hann því um 450 m langur. Rofsárið þar sem garðurinn var er allt að 10 m breitt.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:072\_2** tóft óþekkt

540260 628544



Tóft 072\_2 á óljósum garði 072\_1, horft til suðurs á ljósmynd.

Fremur hringlaga tóft er ofan á garði 072\_1 um 22 m norðvestan við horn á garðinum við Startjörn. Mýrlendi er austan við tóftina en flagmói vestan við hana. Tóftin er 10x9,5 m að stærð og snýr norður-suður. Op virðist vera á miðri vesturhlið. Tóftin virðist einföld en innanmál er orðið ógreinilegt. Veggir tóftarinnar eru allt að 3 m á breidd og 0,5-0,6 m á hæð. Tóftin er nokkuð fornleg og lyngi vaxin. Hlutverk hennar er ekki þekkt en helst kemur til greina að þarna hafi verið heystæði sem hlaðið var löngu eftir að garðurinn var kominn úr notkun. Einnig kemur til greina að þarna hafi verið fjárskýli.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:073** varða óþekkt

540129 629528



Varða 073, horft til suðvesturs.

Hrunin og gróin varða er á lágum melhól norðvestan undir Þorgeirshöfða. Hún er 415 m sunnan við vörðu 074, 420 m suðaustan við Brimnes 008 og 1,4 km norðaustan við bæ 001.

Varðan sjálf er gróin grasi og mosa og er lynggróður næst henni á annars gróðulausum mel. Melhryggir halda áfram til norðurs en flagmói er á þessu svæði að öðru leyti.

Varðan er hringhlaðin úr allstóru grjóti. Hún er rúmlega 1 m í þvermál og 0,3 m há þar sem hún er hæst. Í henni sjást 2 umför hleðslu. Grjót virðist hafa hrunið úr henni til norðvesturs. Hlutverk vörðunnar er óljóst. Ólíklegt er að varðan hafi

verið mið af sjó eða eyktarmark vegna þess að hana ber ekki við himin ef horft í átt að henni frá sjó eða frá Brimnesi og Þönglabakka. Helst kemur til greina að hún hafi verið á mörkum tveggja svæða og því eins konar landamerki ásamt vörðu 074. Þetta er þó alls óvíst. Landamerki Þönglabakka og Arnareyri eru uppi á Þorgeirshöfða, talsvert lengra til austurs.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:074** varða óþekkt

540116 629941

Gróið vörðubrot er á lágum, litlum melhól á fremur flatlendu svæði norðvestan við Þorgeirshöfða. Varðan er 415 norðan við vörðu 073, 270 m norðaustan við Brimnes 008 og 1,3 km NNA við bæ 001.

Mikið jarðvegsrof er hér allt í kring en enn eru grónar torfur og lægðir inn á milli rofsára. Vörðuhleðslan er gróin að hálfu leyti og er fuglaþúfa ofan á henni. Einnig er mosa- og lyngivaxið í kringum vörðuna og þar eru einnig stórir steinar.



*Varða 074, horft til norðausturs.*

Áætlað er að varðan sé um 1 m í þvermál en aðeins sést suðvesturhluti hennar fyrir gróðri. Þar er hún 0,3 m á hæð og sjást 2-3 umför hleðslu. Ekki er útilokað að meint varða sé hluti af stærra mannvirki sem hefur verið á gróna svæðinu í kringum hana. Það er 3x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hlutverk vörðunnar er óljóst. Ekki er útilokað að hún hafi verið mið af sjó eða eyktarmark frá Brimnesi. Hún kann einnig að hafa verið á mörkum tveggja svæða og því eins konar landamerki ásamt vörðu 073. Þetta er þó alls óvíst. Landamerki Þönglabakka og Arnareyri eru uppi á Þorgeirshöfða, talsvert lengra til austurs.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:075\_1** tóft óþekkt

540014 628534

Illgreinilegar og óræðar minjar eru ofarlega í vestanverðum Þönglabakkahálsi á milli uppbyggðs vegar 053 og vörslugarðs 046\_1 og tóftar 046\_2 sem er sambyggð honum. Minjarnar eru 440 m suðaustan við bæ 001. Á svæði sem er 20x30 m stórt og snýr nálæga austur vestur eru tvær meintar tóftir og uppspretta.


SP-044:075



*Afstaða óræðra minja 075 á milli vegar 053 og vörslugarðs 046\_1.*

Minjarnar eru í grasi vöxnum og smápýfðum móa inn á milli hallamýra.

Lýsingin hefst á tóft 075\_1 sem er suðaustast á svæðinu, 12 m austan við tóft 075\_2 og 8 m SSV við uppsprettu 075\_3. Meint tóft er 12x9,5 m að stærð og snýr norður-suður. Í henni má greina innanmál eins hólfis sem er 6,5x3 m að stærð. Tóftin er lyngi vaxin og sigin. Ytri brún á vesturhlið er greinilegust og er 0,5 m á hæð. Útlínur tóftarinnar eru ekki mjög reglulegar og er ekki útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Fjargötur liggja yfir norðurhluta tóftarinnar. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta mannvirki hefur gegnt.




Tóft 075\_1, horft til norðurs á ljósmynd.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:075\_2** tóft óþekkt

539990 628536



Tóft 075\_2, horft til ASA á ljósmynd.

Meint tóft 075\_2 er 12 m vestan við tóft 075\_1 og 25 m VSV við uppsprettu 075\_3. Hún er neðar í hallanum en hinar minjarnar á þessu svæði. Tóftin er skeifulaga og er að miklu leyti grafin inn í 3 m háa en aflíðandi brún í halla til vesturs. Tóftin er 7,5x5,5 að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er inn í hana í norðvesturenda og þar má óljóst sjá móta fyrir veggjahleðslum, sitthvoru megin við opið. Annarsstaðar sést ekki ytri brún veggja. Rof er í suðvesturhluta tóftarinnar vegna vatnsaga. Óljóst er hvaða hlutverki meint tóft hefur gegnt.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:075\_3** lind vatnsból

540021 628541

Vatnssuppspretta 075\_3 er í gryfju norðaustast á minjasvæðinu. Hún er undir lágum bakka á mörkum mólendis og mýrlendis. Gryfjan kann að vera manngerð. Hún er 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hún mjókkar í norðvesturenda og úr þeim enda rennur vatn í mjórri rennu til VNV. Gryfjan er full af vatni og mikið af slýi er í því. Mögulega gefur það til kynna að vatnið í uppsprettunni sé volgt en það var kalt viðkomu. Ekki er hægt að sjá hversu djúp gryfjan er en 0,2-0,5 m eru af bökkum hennar niður á vatnsborð.



**Hættumat:** engin hætta


*Lind 075\_3, horft til norðvesturs.*

**SP-044:076** tóft óþekkt

539660 629289

Þrískipt tóft sem hlaðin er úr torfi og grjóti er frammi á sjávarbakka í Bakkamýri mitt á milli Brimness 008 og bæjar 001. Tóft 077 er 35 m sunnan við hana og tóft 059 er 135 m norðan við hana.

Víðfeðmar, grösugar og votlendur engar eru austan við tóftina upp af sjávarbakkannum að rótum Þorgeirshöfða.



*Tóft 076, horft til SSA á ljósmynd.*

Tóftin er 11x8 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er komin alveg fram á sjávarbakkann og er mjög stutt í að fari að brotna af henni. Í austurenda er grunnt hólfið sem ekki er op inn í og ætla má að hafi verið heystæði. Hólfið er 3,5x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Í suðaustur-horni þess er ferköntuð gryfja með óljóst hlutverk. Hún er um 1x0,3 m að innanmáli og 0,4 m djúp. Utan og sunnan við þetta hólfið er langt og mjótt op til vesturs inn í vestasta hólfið í tóftinni. Það er 3x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er úr norðausturhorni þess inn í mjög lítið hólfið sem er í miðri tóftinni og er um 1,5x1,5 m að innanmáli. Mesta hæð veggja er 0,8 m. Ekki sést fjöldi umfara í hleðslum. Nokkuð skýr kantur er til norðurs út frá norðausturhorni tóftar. Líklega er það pæla frá byggingu hússins. Hlutverk tóftarinnar er ekki ljóst en ekki er útilokað að hér hafi verið lambhúskofi 038 og heytóft 037 sem Theódór Friðriksson nefnir í bók sinni Í verum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 144




**SB-044:077** tóft óþekkt

539659 629250

Tóft er í Bakkamýri, rúmunum 30 m sunnan við tóft 076 og um 500 m norðan við bæ 001. Tóftin er fremst á sjávarbakka, 10-15 m þverhnýpt er hér niður í grýtta fjöru fast til vesturs. Víðfemt mýrlendi er upp í vesturhlíðar Þorgeirshöfða til austurs. Einungis 1-2 m eru til vesturs fram á sjárvarbakkann og ekki langt uns þessi tóft skemmist. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en ekki er ólíklegt að það tengist mótekju.

Tóftin er í mýrlendi og lækjardrög falla víða hér til sjávar. Svæðið er deiglent, þýft og gróið.



*Tóft 077, horft til vesturs á ljósmynd.*


Tóftin er 7,5 x 4,5 m að stærð, snýr norður-suður og samanstendur af tóft og veggstúfum til norðurs og suðurs frá henni. Tóftin er 1,3 x 1,3 m að innanmáli og op er á austurhlíð. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og 2 m á beidd. Þeir eru algrónir. Veggstúfar ganga til norðurs og suður frá norðaustur- og suðausturhorni tóftarinnar. Nyrðri hleðslan er 1,5 x 1,5 m að stærð, algróin og 0,2-0,3 m á hæð. Sú syðri er 2x1,1 m að stærð, 0,3 m á hæð og snýr norður-suður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**SB-044:078** tóft fjárhús

539591 628597

Tóft er í Bakkamó, um 3 m sunnan við heystæði 064 og rúmunum 100 m sunnan við bæ 001. Tóftin er utan túns en lag hennar og staðsetning bendir til þess að um fjárhús sé að ræða. Tóftin er á vesturbakka bæjarlækjarins og er syðst af nokkrum tóftum sem raða sér fast sunnan við heimatúnið. Lækjarbakkinn



*Tóft 078, horft til austurs á ljósmynd.*

er um 1 m á hæð.

Svæðið sunnan við heimatúnið er mýrlent. Þó er mikið af tóftum þar, á þurrari svæðum. T.d. er lækjarbakkinn þurr en víða eru lækjardrög og blaut svæði vestan við hann.

Tóftin er 15x9 m að stærð, skiptist í tvö hólf og snýr norður-suður. Syðst er hólf 1. Það er um 4 m í þvermál og nánast hringlaga. Op er á því til vesturs. Hólf 2 er norðar. Það er 6x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á hólfinu til vesturs. Veggirnir í tóftinni eru óljósir, þýfðir og vaxnir mosa og grasi. Jafnframt eru þeir aflagaðir og signir vegna bleytu í jarðvegi en það á jafnframt við um alla tóftina. Þeir eru 0,2-0,3 m á hæð og 1-2,5 m á breidd.

**Hættumat:** engin hætta


**SB-044:079\_1** tóft heystæði

539678 629524

Tvær tóftir eru í Bakkamýri vestan við Þorgeirshöfða, tæpum 60 m vestan við mógrafir 021 og rúmum 780 m norðan við bæ 001. Þær eru á svæði sem er 17x10 m að stærð og snýr norður-suður.

Tóftirnar eru á þurru rima í blautri mýri. Lækur rennur til vesturs rétt norðan við minjarnar í mjóum og djúpum farvegi. Svæðið hallar til vesturs, niður af Þorgeirshöfða.

SB-044:079



Tóftir 079\_1-2.



Tóft 079\_1, horft til norðurs.

Tóftirnar eru á svæði sem er 17 x 10 m að stærð og snýr norður-suður. Tóft 1 er norðar. Hún er 7x5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er líklega tvískipt en veggirnir eru stórþýfðir og óljósir. Hólf 1 er norðar. Það er 2,8x1,2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekkert op sést þar inn á yfirborði. Veggirnir eru algrónir, 0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Hólf 2 er sunnar. Það afmarkast til suðurs og austurs af L-laga vegg og op er á vesturvegg. Hólfid er 2x0,8 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, 1 m á breidd og þýfðir. Veggirnir í hólfunum tengjast ekki beint en þau eru líklega samtíða. Mörg mó- og heystæði eru í Bakkamýri og má ætla að þessar tóft hafi einnig verið nýtt í þeim tilgangi.


**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:079\_2** tóft rétt

539675 629514

Tóft 2 er tæpum 2 m suðvestan við tóft 079\_1. Hún er 7,5 x 4,5 m að stærð, einföld og mun stærri en tóft 1. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Veggirnir eru algrónir og þýfðir. Ekki er hlaðinn veggur á norðurhlið, í átt að tóft 1. Tóftin er sigin og ógreinileg en líklega er þetta rétt.

**Hættumat:** engin hætta



*Meint réttartóft 079\_2, horft til SSV á ljósmynd.*

**SP-044:080** náma mógrafir

538660 628096



*Mógröf 080, horft til vesturs.*

Stök mógröf er utarlega í Bakkadal tæpa 1,1km suðvestan við bæjarhól 001 og rúma 50m austan við tóft 065.

Mógröfin er í flötu mýrlendi austan Botnsár/Fjarðarár.

Mógröfin virðist stök, full af vatni en lítið eitt gróin í botninn. Hún er um 4x7m að innanmáli og snýr norðvestur og suðaustur.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-044:081** náma mógrafir 539626

629559



*Mógrafasvæði 081, horft til ASA.*

Mógrafir eru 40 m norðvestan við tóftir 079 og tæpum 820 m norðan við bæ 001. Þær eru norðarlega í Bakkamýri á brún sjávarbakka. Hann er 10-20 m hár og þverhnýpi er fram af honum á þessu svæði.

Mógrafirnar eru í þýfðu mýrlendi.

Mógrafasvæðið er 36x32 m að stærð og snýr norður-suður. Svæðið er deiglent en flestar mógrafirnar engu að síður þurrar. Það mótar víða fyrir beinum flákum og bökkum og ljóst að mógrafirnar renna mikið saman. Það mótar hér og þar fyrir stöku gröf. Ekki er hægt að áætla heildarfjölda mógrafanna en þær skiptu eflaust tugum.

**Hættumat:** engin hætta

SP-044:082 vegur samgöngubót 539548

628750



Vegur 082 sést liggja frá bæ til suðvesturs að lendingu 017. Horft til suðvesturs á loftmynd.

Í túninu á Þönglabakka má greina upphlaðinn veg sem legið hefur frá bæ 001 og niður að lendingu 017. Vegurinn sést fyrst um 25m norðvestur af bæjarhólnum og liggur fram á sjávarbakka.

Vegurinn er í þýfðu túni, í aflíðandi halla til norðausturs.

Vegurinn er um 44 m á lengd og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er um 5m á breidd og 0,6-0,7 m á hæð þar sem hann er hæstur.


**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

SP-044:083 tóft útihús

539636 628972

Tóft er í Bakkamýri um 230 m norðan við bæ 001 og 20 m norðan við túngarð 033, lækur rennur þar á milli. Tóftin er fremst á 5-10 m háum sjávarbakka og byrjað er að brotna af henni. Sé tekið mið af staðsetningu tóftarinnar er þetta útihús.

Gróin, þýfð mýri í halla til vesturs. Víða eru lækjardrög sem renna til sjávar.



Útihústóft 083, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Tóftin er 5x5 m að stærð, einföld og U-laga. Tóftin er opin til vesturs, fram á bakkann og líklega er sú hlið horfin í sjó. Kindastígur liggur þvert yfir vesturhlutann. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð að innanverðu og 0,4 m að utanverðu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

SP-044:084 frásögn hesthús

Hallur Jóhannesson, heimildamaður sem ólst upp á Þönglabakka (f. 1935), man eftir hesthúsi neðan og norðan við Selborg 030 en það var ekki innan túns á Háagerði 025. Fjórir hestar voru á Þönglabakka undir það síðasta og var þetta eina hesthúsið á bænum. Þar sem þetta hesthús var voru miklar tættur og taldi Hallur líklegt að veggir hesthússins ættu að sjást. Á því svæði sem Hallur benti á fannst ekki

sannfærandi hesthústóft og reyndist því ekki unnt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju. Einu svæðin þar sem miklar tættur eru í grennd við Selborg eru tóftir 016 sunnan undir Selhólnum sem borgin er á og tóftir í túni Háagerðis 025 til norðurs.

**SB-044:085** frásögn lending

539388 628680

Svo er að skilja að lending hafi ekki eingöngu verið við Skolla 017, heldur að einnig hafi verið lent í krika við fjarðarbotninn að austanverðu þar sem uppsátur 023 var niður undan Útvegshúsum 022\_1 og meintri sjóbúð 022\_2. Hallur Jóhannesson, heimildamaður sem ólst upp á Þönglabakka (f. 1935) nefndi lendingu þar í sandinum.

Botnsá hefur breytt farvegi sínum mikið á síðastliðnum áratugum og færst til austurs. Nú rennur hún á milli Útvegshúsa og sjávarkambs með tilheyrandi landbroti. Á sjávarkambinum er stórt fjörugrjót.

Engin ummerki sjást um lendingu á sjávarkambinum, enda ekki manngerð.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:086** frásögn sjóbúð

539499 628769

Hallur Jóhannesson, heimildamaður sem ólst upp á Þönglabakka (f. 1935), man eftir sjóhúsum í fjörunni og var á honum að skilja að þau hefðu verið við lendingu 017 við Skolla um 90 m norðvestan við bæ 001. Ekki er vitað hvar þessi hús stóðu en ætla má að þau hafi verið vestan undir sjávarbakkanum. Engin ummerki sjást lengur um þau og hafa þau horfið vegna landbrots.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-044:087** sáðslétta tún


539572 628768

Heimatún Þönglabakka er grösugt og mjög þýft. Það er afmarkað af bæjarlæk til austurs og sjávarbakka til vesturs. Túngarður 019\_1 afmarkar túnið til suðurs og túngarður 033 afmarkar nyrsta hluta túnsins til norðurs. Til er kort af túninu frá 1918. Samkvæmt því var túnið 2,2 ha og 1/6 hluti þess var sléttur.

Túnið er í aflíðandi halla til vesturs, niður að sjó. Umhverfis það er þýfður og deiglendur mói.



*Tún 087 á Þönglabakka, horft til norðausturs.*



*Afmörkun heimatúns Dönglabakka. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Á innfeldri mynd má sjá túnakort fyrir Dönglabakka sem gert var árið 1918.*

Dönglabakkatún er 2,4 ha sé það mælt af loftmynd og þó hefur brotnað af því frá því að túnakortið var gert. Svo virðist sem að laustengt tún norðan við aðaltúnið hafi ekki verið talið með í mælingu á túnakorti frá 1918 þó að það sé teiknað á kortið (0,3 ha). Túnið er nánast allt mjög þýft en þó er minnst þýfi í því syðst. Það er 340 m langt og 115 m breitt þar sem það er breiðast, snýr norðaustur-suðvestur. Í fasteignamati frá 1916-1918 er túnið sagt vera 5,64 ha. Ekki er ljóst hvernig sú tala er fengin en má vera að túnið í Háagerði og aðrir túnskeklar hafi verið taldir með.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1918; Fasteignamat Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 65.

## SP-045 Botn / Fjarðarbotn

1686: 6 hdr. og 160 ál., Hólabiskupseign. BL, 289.

1696: 10 hdr., Hólabiskupseign. BL, 289.

1712: 6 hdr., Hólabiskupseign. JÁM XI, 52.

1847: 6 2/3 hdr., bændaegn. JJ, 316. Í neðanmálsgrein á sama stað segir: “1805 er jörð þessi talin 10 h. að dýrleika.”

“Botn. Fornt mat 6 h., nýtt 10,8. h. Samfelld byggð. Eign Hólastóls til 1805, síðan í einkaeigu til 1889, eftir það þjóðjörð (væntl. Möðruvallajörð [EY-068]). Sjálfsábúð 1850- um 1870.” BT, 37.


Jörðin er einnig nefnd Fjarðarbotn, e.g. DI II, 443.

Jarðarinnar er fyrst getið í máldaga Þönglabakkakirkju 1318. DI II, 443. Sjá einnig máldaga Þönglabakkakirkju 1461. DI VI, 264.

1391: “Skrá um Grundarreka, sem Bjarni Ásgrímsson seldi Benedikt Brynjólfssyni [...] J þorgeirs firði fra osi hoinum forna fyrir þonglabacka [SP-044] [...] oc til mots við fiardar botns reka.” DI III, 458

1403, 8. desember: “Sálugjafarbréf Haldórs prests Loptssonar [...]. kirkiu a þaunglabacka iord aa fiardarbotni med þeim kugildum sæm þar standa med.” DI III, 684-685.

1525: Jörðin sögð vera eign Hólastaðar. DI IX, 301.




Minjar í túni Botns og í næsta nágrenni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Jörðin fór í eyði 1944. Ö-Botn, 1.

Jarðarítök 1712: “Rekavon í betra lagi, og nýtur ábúandi leiguliða- gagna eftir lögum, en Höfðakirkja, Grýtubakkakirkja, Vallna- kirkja og Múnkaþverár klaustur eiga reka fyrir þessarar jarðar landi.” JÁM XI, 52.

Jarðarítök 1839: “Jörð þessi á ekkert beitiland fyrir hesta eða fé; þiggur hana því ókeypis fyrir hvorutveggja á Bakkadal.” SSP, 68.



*Horft til vesturs yfir tún Botns og hluta af úthaganum.*

1918: Túnastærð 1,7 ha, þar af 1/3 slétt.

1712: “Túninu spillir að neðanverðu sjóargangur með grjótsáburði, sem þó verður nokkurn veginn ræktað. Engið spillist af vatni, sem jetur úr rótina. Úthagarnir nægir, en spillast þó af skriðum og vatni, sem grefur þá í sundur.” JÁM XI, 52-53.

1839: “Sömu landkostir og hlunnindi eru hér sem á áminnstum jörðum, bæði til lands og sjávar. Fjárbeit góð í fjallinu á sumrum, sem að mestu er grasi vaxið upp undir eggjar. Rekalandinu hagar eins og á Þönglabakka. Jörð þessi á ekkert beitiland fyrir hesta eða fé; þiggur hana því ókeypis fyrir hvorutveggja á Bakkadal. Ekkert grasapláss. Ekkert mótak. Slægjuland lítið og votasamt í svokallaðri Botnsmýri fyrir neðan bæinn.” SSP, 67.

1916-1918:”Lýsing jarðarinnar: Túnið slétt framl [?] að hálfu leyti, heldur snögglent, en rækt sæmileg. Stærð um 1.91 ha. Töðufall 45 hestar. Engið slétt, fremur snögglend votengi, en samfelt og nærtækt. Engjavegur allgóður. Heyfengur 90 hestar af góðu heyi. Búfjárhagar víðlendir. Beitland fyrir sauðfé hægt. Kjarngott og skjólasamt, en snjóþungt fremur. Gripahaga vantar. Fjárgeymsla heldur erfið. Fjörubeit dágóð. Jörðinni fylgir upprekstrarland en ekki rekið í það af öðrum. Mótak ekki, en torfrista góð í enginu og möl og grjót nærtækt. Útræði gott og fremur aflavalt[? eða aflavælt?] Tekjur af uppsátri 15 krónur. Trjáreki til þæginda. Samgöngur örðugar. Langt til verzlunarstaðar og aðflutningar örðugar.



Jörðin í útkjálka sveit. Engjabætur með áveitu líklegar. Vatnsból gott. Jörðin talin framfleyta: 1 kú, 1 hrossi og 70 fjár. Hús: Baðstofa með fjósi undir, búr eldhús, skemma, framhús og sumarfjós. Hesthús fyrir 2 hross. Fjánhús fyrir 150 fjár. Hlöðurúm fyrir 150 hesta. Jarðabætur síðastl. 10 ár: Túnasléttur um 0.14 ha. Mat jarðarinnar: Jörðin sjálf Kr. 1250.00 Jarðabætur Kr. 50.00 Hús Kr. 800.00.” Fasteignamat Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 64.

**SP-045:001\_1** Botn bæjarhóll bústaður

538678 628696

“Bærinn stendur vestanvert við botn Þorgeirsfjarðar. Jörð þessi fór í eyði 1944,” segir í örnefnaskrá Botns. Á túnakorti frá 1918 er bærinn merktur rétt norðan við mitt tún, við austurjaðar þess. Bæjarhóll Botns er neðst í brekkurótum Botnsfjalls og einungis um 40m suðaustan við fjöruborð Þorgeirsfjarðar. Um baðstofuna á Botni segir Theódór Friðriksson í bók sinni Í verum: “Baðstofan var allstór, en ósundurhólfuð, og var þetta opinn elgur fyrir öllum. Tveir gluggar voru á þeirri hlið, er vissi að fjallinu, en einn á austurhliðinni, og sá þaðan yfir að Þönglabakka.“ Þá er bæjarhúsunum lýst þannig í Fasteignamati jarðarinnar frá 1916-1918: “Baðstofa með fjósi undir, búr eldhús, skemma, framhús [...]“

Bæjarhóllinn er nyrst og austast í heimatúninu sem er í miklum halla mót austurs. Hann er all nærri sjó og er mikið af rekavið sem kastast hefur á land í stórviðrum umhverfis bæjarhóllinn. Hann er ásamt nánasta umhverfi sínu vel gróinn grasi en skammt ofan við hann og utan túns þynnist gróðurhulan og þá sér víða í opin rofsár í háum bakka sem er ofan við bæinn.

Bæjarhóllinn er neðst í nokkuð brattri brekku og er hann er um 45x45m að stærð. Hlíðar hans brattar og þýfðar og er upphleðsla hans 5-6m. Á bæjarhólnum eru fimm aðrar fornleifar sem eru: yngsta bæjartóftin 001\_2, gryfja 001\_3, tóft 001\_4, þúst 001\_5 og þúst 001\_6 sem er að öllum líkindum öskuhaugur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Botn, 1; Túnakort 1918; Theódór Friðriksson, 225; Fasteignamat Suður- Þingeyjarsýslu - undirmat I 1916-1918, 64



Minjar á bæjarstæði Botns 001. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



*Mynd sem tekin er nokkru eftir að Botn fer í eyði 1944 og sýnir vel bæjarhól og torfhús. Myndin er í eigu Sigríðar Axelsdóttur en ljósmyndari er ekki þekktur.*

*Bæjarhóll 001\_1 er á miðri mynd (þar sem sauðfé er á beit), horft til vesturs.*

**SB-045:001\_2** tóft bústaður

538669 628695

Bæjartóftin er 20x20m að stærð og hefur framhlið bæjar snúið fram á hlað til suðausturs. Tóftin hefur sjö hólfr sem eru í þremur hólfröðum og fá þau bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tvö hólfr eru suðaustast eða fremst. Það sem er syðra (A) er 4x3m að innanmáli en það nyrðra (B) 5x2m að innanmáli og snúa þau bæði suðaustur og norðvestur. Suðausturgaflar þeirra eru opnir og hafa þar að öllum líkindum verið timburgaflar með dyrum. Hólfröðin sem er norðvestan við þau hefur þrjú hólfr og snúa þau þvert á þau



*Horft niður á bæjarstæði Botns 001. Mynd tekin úr vestri.*

fyrirnefndu eða norðaustur og suðvestur. Greinilegt er á þeim að þau hafa staðið lengst uppi og er enn töluvert loftrými undir hruninni þekjunn og má víða enn sjá í trégrindina. Syðsta hólfíð C er um 5x4 að innanmáli, miðhólfíð D er um 4x3m að innanmáli og nyrsta hólfíð E um 4x2m að innanmáli. Op er á milli allra þessara hólfna en einnig er op á syðsta hólfinu inn í syðra hólfíð í fremstu hólfaröð og annað í nyrðra hólfíð í öftustu eða norðvestustu hólfaröð. Tvö hólf eru í norðvestustu hólfaröðinni. Það nyrðra (F) er 8x4m að innanmáli og má ætla að það hafi verið eldhús. Undir hruninni þekjunn alveg fremst við op hólfins má sjá glitta í stromp og mikið járnabrák þar hjá sem gæti mögulega verið leifar eldavélarinnar. Í eldri tíð er þó líklegt að fjósbaðstofan hafi verið í þessu hólf, sbr. lýsingu á húsakosti í fasteignamati hér að framan. Syðra hólfíð G sem er meira eins og pallur er 6x3m að innanmáli. Umhverfis það eru litlar sem engar vegghleðslur. Líklegt er að þar hafi verið heygarður. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og er vegg hæð víða enn 180-200cm og er hægt að telja allt að 9 umför í grjóthleðslunum. Veggjaþykkt er 1-1,5m. Ýmislegt bendir til þess að húsin hafi verið í mismunandi hæð og má almennt gera ráð fyrir því að rýmin í austurhluta tóftarinnar hafi haft lægri gólfhlöt en þau í vestanverðri tóftinni. Teikning er til af bænum í bókinni Fagurt er í Fjörðum. Hún sýnir þrjár burstir sem snúa fram á hlað og tvær húsaradir að baki. Þetta passar við útlit tóftarinnar nema að því leyti að í tóftinni eru bara tvö hús fremst en ekki þrjú eins og sýnt er á teikningunni. Annað hvort er teikningin röng eða að eitt húsið hefur verið rífið eftir að teikningin var gerð.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Fagurt er í Fjörðum, 168

**SP-045:001\_3** gryfja óþekkt

538670 628707



Uppi á bæjarhólnum 001\_1 og rúma 2m norðan við bæjartóft 001\_2 er gryfja. Gryfjan er svo til ferhyrnd en með mjög rúnuð horn. Hún er 3x3m að innanmáli og 70-80cm djúp. Hún er öll gróin grasi og er hlutverk hennar óþekkt en gæti hugsanlega hafa verið súrheysgryfja.

**Hættumat:** engin hætta

*Gryfja 001\_3 í forgrunni og lítil hringlaga tóft aftan við hana, horft til norðurs.*

**SP-045:001\_4** tóft óþekkt

538671 628711

Uppi á bæjarhólnum 001\_1 og rúma 6m norðaustan við bæjartóft 001\_2 er lítil hringlaga tóft. Hún er einungis tæpan einn metra norðan við gryfju 001\_3 sem er á bæjarhólnum líka. Tóftin er 4m í þvermál og eru vegghleðslur 1,2 - 1,5m að breidd. Vegghleðslurnar eru mjög grónar og sést ekkert hleðslugrjót í þeim. Innrabyrði er um 30cm á hæð en ytrabyrði 30-70cm á hæð. Tóftin minnir töluvert á brunn en út frá staðsetningu er það frekar ósennilegt hlutverk.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:001\_5** þúst óþekkt

538674 628715

Fast austan og norðan við tóft 001\_4 og rúma 7m norðan við bæjartóft 001\_2 er áberandi þýft svæði eða þúst sem er 10x12m að stærð og snýr austur vestur. Sýnileg upphleðsla á þessu svæði er 30-50 cm.

Ekkert sýnilegt byggingarlag er á þústinni.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:001\_6** öskuhaugur

538686 628679



Suðaustast á bæjarhólnum er áberandi bunga eða þúst sem lítur út eins og gróin skriða. Þúst þessi nær eiginlega frá bæjartóftinni 001\_2 og niður á tún. Þústin er 25x17m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Út frá staðsetningu má ætla að um öskuhaug sé að ræða og er upphleðslan allavega um 2m.

**Hættumat:** engin hætta

*Öskuhaugur 001\_6 er austast í bæjarhóli, horft til suðvesturs.*


**SP-045:002** tóft fjárhús

538686 628743

Tóft af fjárhúsum er um 40m norðan við bæjartóft 001\_2, um 8m norðvestan við fjárhústóft 022 og alveg fremst við fjöruborðið. Útihús er sýnt á þessum stað á túnakorti frá 1918 og er í stórhættu vegna sjávarrofs.

Tóftin er fremst á grösugum sjávarbakka og er hún í brekkurótum sem snúa mót suðaustri.

Tóftin er 18x8m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún skiptist í fjárhús og hlöðu og er hlaðan



*Fjárhústóft 002, horft til vesturs á ljósmynd.*

að vestanverðu. Hún er að hluta niðurgráfin inn í brekkuna sem tóftin stendur í. Tóftin er hlaðin úr torfi og sjávargrjóti og eru veggir um 1,5m á breidd. Innrabyrði tóftarinnar er grjóthlaðið. Í hlöðunni er það 90-100cm á hæð og má telja 3-5 umför í því en í fjárhúsunum er innrabyrðið 100-120 cm á hæð og sjást 4-5 umför. Ytrabyrðið er grasgróðið og er það um 170cm á hæð að norðanverðu en 60-70cm að sunnanverðu. Grjóthleðsla er einnig að hluta greinileg í ytrabyrðinu að sunnanverðu. Í fjárhúsunum er garði sem er um 5m langur og um 80cm breiður. Hann er grjóthlaðinn, um 30cm á hæð og má telja

í honum um 3 umför. Op er á fjárhúsunum á suðausturgaffli. Op er einnig á tóftinni á norðurlanghlið. Liggur það op inn í litla kró sem virðist hafa verið á milli fjárhúsa og hlöðu. Hún er 2x1 m að innanmáli og er op á milli hennar og hlöðunnar.


**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SP-045:003** tóft útihús

538614 628745

Á túnakorti frá 1918 er útihús merkt um 70 m norðvestan við bæ 001 og um 50 m norðan við útihús 004. Tóft þessi sést enn ofar- og vestarlega í brekku, innan heimatúnsins. Tóftin er áberandi og sést víða að.



*Útihústóft 003, horft til suðvesturs á ljósmynd.*

Túnið er í brekku sem hallar til austurs. Það er grasivaxið, stórþýft og í því eru fjölmargar minjar. Tóftin er á brekkubrún, efst í túninu. Það er bratt niður til austurs frá henni. Hún er 15x6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í tvö hólf. Veggirnir eru algrónir, hlaðnir úr torfi og grjóti. Innanmál hennar er engu að síður orðið illgreinilegt, þakið er hrunið ofan í hana og veggirnir stórþýfðir. Þeir eru algrónir að innan. Veggirnir eru 0,5 m á hæð, hæstir á austurhlið þar sem tóftin skagar fram í brekkubrúnina. Hólf 1 er í norðausturhuta tóftarinnar. Það er 6,2x1,1 m að innanmáli og op er í norðausturs. Veggirnir eru 1-1,2 m á hæð að innan og það glittir í 1-2 umför af grjóti sunnan við dyrnar. Rof er ofan á þeim veggjum, ekki síst vegna ágangs sauðfjár. Hólf 2 er í suðvesturhluta tóftar. Það er 2,8x1 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Ekkert op sést þar inn á yfirborði en mikið mikið þakhrun er til norðurs, þar gæti hafa verið op. Hólfíð er fullt af þakhruni, veggirnir eru 0,2-0,5 m að utan og 0,4 m að innan. Þar sjást ekki grjóthleðslur í veggjum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918


**SP-045:004\_1** tóft fjárhús

538602 628675

Á túnakorti frá 1918 er útihús merkt um 70 m suðvestan við bæ 001 og 50 m norðan við útihús 005. Útihúsið er neðst í brekku, vestarlega í túninu. Þar má geina tvær tóftir eða tvö byggingarstig. Minjarnar eru á svæði sem er 25x9 m að stærð og snýr norður-suður. Á milli tóftanna er hól, mögulega eldra útihús, en tóft 004\_2 er sunnan við hólinn. Fyrir vestan tóftina er búið að slétta túnið á litlu svæði

Túnið er í halla til austurs. Það er stórþýft og handsléttað að litlum hluta.

Tóftin er 14,5x10 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Opið er á milli hólfanna. Hólf 1 er norðar og var fjárhús, grjóthlaðinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu. Hann er 0,4 m á hæð, 1,2 m á



Tóftir 004.



Fjánhústóft 004\_1, horft til ANA.

breidd og það má sjá 2 umför af grjóti í honum. Hólfið er 6,2x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru algrónir að innan en að utan sjást 2- 3 umför af grjóti. Hólf 2 er sunnar og er niðurgráfin hlaða. Það er 2,5x1,2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð að utan en 1-1,3 m að innan. Mikið þakhrun er inni í hólfinu sem gerir það óljóst. Þar er jafnframt mikið af timbri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SP-045:004\_2** tóft útihús

538595 628662



Tóft 004\_2, horft til suðurs.



Þúst 004\_3, horft til vesturs.

Tóft 004\_2 er sunnan við hól 004\_3, sem er að öllum líkindum uppsöfnuð mannvistarlög að stórum hluta. Hóllinn afmarkar norðurhlið tóftarinnar. Tóftin er 8x5,5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Op er á tóftinni í suðausturhorni. Veggirnir eru algrónir, 0,4 m á hæð og þýfðir. Hvergi glittir í grjót í þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:004\_3** þúst útihús

538605 628672


Tóft 004\_1 er á hól 004\_3 sem líklega geymir minjar um eldri byggingar. Sunnan við hólinn er tóft 004\_2 sem er byggð upp við hann. Hóllinn sést vel til austurs og suðurs frá tóft 004\_1, er um 14x11 m að stærð, 0,6 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-045:005** tóft hesthús

538586 628622

Á túnakorti frá 1918 er útihús merkt um 110 m SSV við bæ 001 og 50 m sunnan við útihús 004. Tóft þess sést vel í brekku mót austri, suðvestast í túninu. Þetta er að öllum líkindum tóft hesthússins sem nefnt er í Árbók Ferðafélags Íslands 1992: “Eitt hús var með járnþaki á Botni, hesthús gæðingsins Þyts, sem var í svo miklu uppáhaldi hjá Þórhalli að sagt var að hesturinn byggi við betri húsakost en eigandinn.“ Tóftin er á þýfðum hól en mörk hans eru ógreinileg. Heimatúnið er þýft, víða eru sléttir flákar og beinir



*Hesthústóft 005, horft til austurs á ljósmynd.*

bakkar þar sem unnið hefur verið að túnasléttun með handverkfærum.

Hóllinn sem tóftin er á er 1-1,5 m á hæð og algróinn. Tóftin er 16,2 x 10,4 m að stærð, skiptist í fjögur hól og snýr austur-vestur. Hún er í halla til austurs og aflöguð af þeim sökum enda sígur hún niður brekkuna. Hólf 1 er suðvestast og grafið inn í hólinn. Það er 2 x 0,8 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það er opið til suðvesturs. Veggirnir eru 0,2 m á hæð, 0,6 m á breidd og algrónir. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Það sést eingöngu að innan sem U-laga og 0,2-0,3 m hár kantur. Það var að öllum líkindum 2x1,5 m að innanmáli og líklega var op á austurvegg, þar er enginn kantur. Hólf 3 er vestar og er lægra í brekkunni. Það er 2,8 x 2,1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er grafið inn í brekkuna/hólinn til vesturs. Það er 0,4 m djúpt en hvorki má greina vegg né op á yfirborði. Hólf 4 er austast í tóftinni og þar var bárujárnþak, hið eina á Botni og nánast allri byggðinni. Það er 3x2,6 m að innanmáli, snýr norður-suður og ekki er hægt að greina op á yfirborði né ytri brún veggja.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918; ÁFÍ 1992, 137


**SB-045:006** tóft beitarhús

538407 629133

“Á Botni fékk eg engjablett skammt ofan við túnið og reytti þar saman hey handa skepnunum. Fjánhússkofa fékk eg og til umráða. Hlóð eg upp laglegri heykúru við hann og þakti hana með góðu torfi,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Fjánhúskofi sá sem Theódór hafði skepnur sínar í er að líkindum þar sem allstór fjárhústóft sést enn í sundi milli hóla þar sem einnig eru tóftir 027 og mógrafir 015. Torfdalur (sjá 010) er litlu suðvestan við þessar minjar og frá þeim eru um 500 m til suðausturs að bæ 001.

Tóftin er í dálitlum krók í sundinu sem gengur til austurs. Næst tóftinni er lynggróður en fjær er lyng og mólendisgróður.

Tóftin virðist að mestu torfhlaðin og skiptist í þrjú hól. Hún er 13x7 m að stærð, breiðust í norðausturenda



*Beitarhús 006, horft til NNA á ljósmynd.*

en mjórri í suðvesturenda. Þar er ekki hlaðinn veggur og hefur líklega verið timburþil með dyrum. Í suðvesturendanum er fjárhúshluti tóftarinnar sem er 9x1,5-2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er úr fjárhúsum í hólfi í norðausturenda, líklega hlöðu. Það hólfi er 3x1,5 m að innanmáli og snýr þvert á fjárhúsin. Heykuml (líklega það sem Theódór nefnir í bók sinni) er hlaðið utan í tóftina á norðvesturhlið. Óljóst innanmál þess sést og er það 3x1,4 m. Veggir tóftarinnar eru 1,5-2 m á breidd og allt að 1 m á hæð. Óljóst mótast fyrir hæðarbungu undir tóftinni og má vera að þar séu eldri minjar.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 223



*Fjaran neðan við túnið í Botni, horft til norðurs.*

**SP-045:007** heimild um lendingu 5 3 8 6 9 0 628766

“Mest útræði var frá Botni, því að þar var talin bezt lending,” segir í bókinni *Í verum eftir* Theódór Friðriksson.

“Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og mega ganga so mörg skip, sem ábúandi fær við komið, en eitt gengur hjer nú, sem ábúandi fleytir,” segir í *Jarðabók* Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Ekki er vitað hvar lent var í Botni en líklegt er að lendingin hafi verið niður og norður af fjárhúsum 002 í heimatúninu og 50 m norðan við bæ 001.

Fjaran norðan við túnið er stórgrýtt. Mjó flatlendisræma er enn óbrotin neðan við allháan

bakka sem túnið er á. Þegar sú ræma hverfur mun landbrotið ná inn á túnið.

Engin sýnileg mannvirki eru í fjörunni norðan við túnið eða ummerki um lendingu. Ekki er ljóst hvort að lent hafi verið í ruddri vör en miðað við aðstæður eins og þær eru nú (2019) virðist það ólíklegt. Svæðið er mjög opið og virðist ekki henta vel sem lendingarstaður. Mögulega var lendingin lengra út með ströndinni í vestanverðu firðinum en þar er fjaran ekki eins grýtt og þar er líka minna brimrót en meira af skerjum og boðum.

**Hættumat:** hættu, vegna landbrots

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 133; JÁM XI, 53



**SP-045:008** heimild um verbúð

538674 628772

“Verbúðir hafa hjer ei verið í manna minni, en nokkrar tóftarústir sjást hjer við sjóinn, sem menn ætla verið hafi verskálar í fyrndinni,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Ekki er vitað hvar þessar tóftir voru en ætla má að þær hafi verið í nánd við lendingu 007, í fjörunni norðan við heimatúnið.

Fjaran norðan við túnið er stórgrýtt. Mjó flatlendisræma er enn óbrotin neðan við allháan bakka sem túnið er á. Þegar sú ræma hverfur mun landbrotið ná inn á túnið.

Engin ummerki sjást um tóftir við sjóinn sem gætu hafa verið verbúðir. Líklegt verður að teljast að minjarnar séu horfnar vegna landbrots.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM XI, 53

**SP-045:009** heimild um brú

539046 628549

“Á rennur milli bæjanna [þ.e. Botns og Þönglabakka SP-044], og var á henni allbreiður ós skammt vestan við sjóbúðina á Þönglabakka [SP-044:022], en ofan við ósinn var áin mjórri, og var þar lagt tré yfir,” segir í Í verum eftir Theódór Friðriksson. Engin ummerki um þessa brú sjást lengur og því ekki alveg ljóst hvar hún var nákvæmlega. Gert er ráð fyrir að hún hafi verið um 100 m vestar en núverandi brú yfir ána, þar sem hún rennur til norðausturs, skömmu áður en hún beygir skarpt til austurs.

Bakkar árinna eru fremur þurrir og harðir þar sem áætluð staðsetning brúarinnar er. Flatlent deiglendi er hins vegar beggja vegna við hana. Árósin hefur breyst mikið á síðustu áratugum og færst mikið til austurs þar sem áin er farin að brjóta mikið af austurbakka sínum í landi Þönglabakka.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 125

**SP-045:010\_1** *Syðri-Torfdalur* náma mógrafir

538466 629037

“Torfrista og stúnga bjargleg,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. “Yst við Þorgeirsfjörð að vestan er Torfdalsnef og Torfdalur norðan við Botn alllangt út með firðinum að vestan [...]. Rétt utan við Botn innan við Selvíkur [sjá 020] eru skeifumyndaðar kverkar grónar. Það er Torfdalur,” segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: “[...] en nokkuð þar innan við [Selvíkur 020] eru tvær dalskorur litlar (Ytri- [sjá 015] og Syðri-) Torfdalir.” Torfdalur (Syðri-Torfdalur) er að líkindum dalverpi sem er afmarkað af hárrí hæð til norðvesturs og lágum hæðarhrygg til suðausturs. Hann er um 150 m norðan við mógrafir 031 og 100 m suðaustan við fjárhús 006 en 400 m NNV við bæ 001. Ekki



Minjar um móskurð 010 í Syðri-Torfdal. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Á ljósmynd til hægri er horft til norðausturs yfir svæðið.

sjást skýr ummerki um mótekju í dalnum sjálfum en þau sjást á nokkrum stöðum sunnan við hann (sjá 010\_1) auk skurðar 010\_2 sem virðist hafa verið grafinn til að veita vatni úr mógrafasvæðinu. Alls eru sýnilegar minjar á svæði sem er 115x30 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur.

Torfdalur er deiglendur og grösugur og ekki mjög þýfður nema austast og neðst. Austast í dalnum eru vatnsrásir og lækir sem renna úr honum út í sjó. Mýrlent og grasgefið er sunnan við Torfdal.

Ekki sjást lengur skýr ummerki um mógrafir eða torfristu í Syðri-Torfdal en sunnan við hann eru samansignar mógrafir 010\_1 á svæði sem er 90x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tvær nokkuð skýrar mógrafir eru suðvestarlega á svæðinu. Þær eru á svæði sem er 60x15 m stórt, samfelldar og grónar. Ekki stendur vatn í þeim og eru þær 0,2-0,4 m á dýpt. Norðaustast á mógrafasvæðinu er 8 m langur kantur sem liggur frá skurði 010\_2 til norðvesturs og hefur að líkindum myndast við mótekju. Kanturinn er 0,6 m hár suðaustast en lækkar til norðvesturs. Ofan við hann er nokkuð flatur stallur sem virðist náttúrulegur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM XI, 52; Ö-Botn, 2; Ö-Úr Fjörðum, 13



*Mógrafir 010\_1, horft til vesturs.*



*Skurður 010\_2, horft til NNA.*

**SB-045:010\_2** renna

538507 629063

Skurður 010\_2 er í norðausturenda mógrafasvæðisins. Hann er 40 m langur og liggur norðaustur-suðvestur. Skurðurinn er 0,5-1 m á breidd í botni og víkkar upp. Hann er gróinn að mestu og endar til norðausturs á rofsvæði. Skurðurinn er víða 0,6 m djúpur en allt að 1 m þar sem hann er dýpstur.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-045:011** *Merkjavarða* heimild um landamerki

538505 628095

“Svo ræður Fjarðará að austan og suðaustan við svonefnda Botnsmýri allt fram að Merkjavörðu, sem hlaðin er á vestari árbakkanum,” segir í örnefnaskrá.

“Úr áðurnefndum Fjarðarkrók, ræður milli Botns og Þönglabakka Fjarðaráin að austan og suðaustan við Botnsmýri allt fram að vörðu sem hlaðin er á vestari árbakkanum; sú varða skiptir landi milli Botns að norðan en Hóls [SB-046] að sunnan; hún stendur í beinni línu þvert að ánni frá Merkisteini, stórum steini rétt fyrir ofan mýrina,” segir í Landamerkjabréfi Botns No. 84, þinglýst



*Merkjavarða 011 fannst ekki á vettvangi en Merkisteinn er enn á sínum stað, horft til vesturs.*

1890. Ekki sáust ummerki um landamerkjavörðu á vesturbakka Fjarðarár en á því svæði sem ætlað er að varðan hafi verið kvíslast áin talsvert og ekki var hægt að komast um allt svæðið í leit að vörðunni. Staðsetning hennar var áætluð út frá Merkisteini. Hún hefur þá að líkindum verið 135 m SSV við tóft 028 og 620 m SSV við bæ 001, miðja vegu milli Hóls og Botns.

Flatlendar engjar eru beggja vegna við Fjarðarána á þessu svæði og kvíslast áin nokkuð um þær.

Líklegt er að varðan hafi verið torfhlaðin og sé orðinn útfloft og ógreinileg eða að áin hafi brotið af bakkanum þar sem varðan var.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Botn, 3; Landamerkjabréf Botns No. 84

**SP-045:012** *Botnsá* heimild um vatnsból

“Enginn bæjarlækur var á Botni aðeins smálind [017] og brunnur [045], sem mengaðist oft af sjávarroki. Þurfti oft að sækja vatn austur í Botnsá,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2000. “Vatnsból bregst í hörkum á vetur, og er þá mjög langur vatnsvegur [018] í Hólsárós,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Ós árinna hefur færst mikið til austurs á síðustu áratugum og er nú kominn undir brekkur sunnan við túnið á Þönglabakka. Ætla má að hann hafi verið 400 m austan við bæinn í Botni 001 en þar er nú grýttur sjávarkambur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ÁFÍ 2000, 171; JÁM XI, 53

**SP-045:013** hleðsla samgöngubót

538652 628667



Um 8m sunnan við heystæði 041 og til suðvesturs frá bæjarhól 001\_1 liggur upphlaðinn vegur. Frá honum liggur greinileg gata í túninu til suðurs og áfram að Hóli SP-046, sjá leið SP-621:010.

Vegurinn liggur um graslendi og móa og nokkrum hallanda mót suðaustri.

Hleðslan er um 1m á breidd, 20-30cm á hæð og rúmlega 25m löng.

**Hættumat:** engin hætta

*Upphlaðinn vegur 013, horft til suðvesturs.*


**SP-045:014** gerði kálgarður

538576 628601

Kálgarður er tæpum 10 m sunnan við hesthús 005 og tæpum 120 m sunnan við bæ 001. Tóftin er rétt utan heimatúnsins líkt og það var afmarkað 1918 og ekki merktur þar inn. Kálgarðurinn er í litlum hvammi, fast sunnan undir lágu barði.

Fyrir sunnan heimatúnið er gróið svæði. Þar má sjá ummerki um útfærslu túnsins og handsléttun. Ofar í brekkunni til vesturs er lyng og mosi.

Kálgarðurinn er 12x8 m að stærð, einfaldur og snýr austur-vestur. Veggirnir eru algrónir, 1 m á breidd og 0,2 m á hæð. Op er í suðvesturhorni. Að norðan afmarkar kantur kálgarðinn, þar er hann grafinn inn



*Kálgarður 014, horft til norðausturs á ljósmynd.*

í brekkuna.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-045:015** *Ytri-Torfdalur* náma mógrafir

538383 629180

“Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Miklar mógrafir eru í sundi milli hóla norðvestan við Torfdal 010. Þær eru 12 m norðvestan við fjárhústöft 006 og 520 m NNV við bæ 001. Að líkindum eru þessar grafir í Ytri-Torfdal sem nefndir eru í örnefnaskrá: “[...] en nokkuð þar innan við [Selvíkur 020] eru tvær dalskorur litlar (Ytri- [sjá 015] og Syðri-) Torfdalir.”



*Afmörkun mógrafa 015 í Ytri-Torfdal. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

*Mógrafir 015 í Ytri-Torfdal, horft til NNV.*

Ofan við mógrafir til vesturs eru háir hólar sem ganga út frá Botnsfjalli en mun lægri hóll er austan við þær. Sundið er blautt þar sem það er mjóst og þar vex mýrargróður en umhverfis sundið er lyngmói.

Stokkagrafir eru á svæði sem er 54x16 m að stærð og snýr norður-suður. Sjá má skýrar ferhyrndar grafir, mjög misstórar og sumsstaðar eru allstór samfelld svæði. Minnstu grafirnar eru um 1 m á kant. Vatn stendur í flestum gröfunum og því er erfitt að áætla dýpt þeirra. Þær virðast vera 0,5-1 m á dýpt en sumar kunna að vera enn dýpri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM XI, 52; Ö-Úr Fjörðum, 13

**SB-045:016** heimild um lögn

“Silúngsveiði að nokkru gagni í sjónum í dráttar og lagnetjum,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Ekki er ljóst hvar þessar netalagnir hafa verið en líklegt er að þær hafi verið við árósin. Hann hefur færst mikið til austurs og er nú kominn austur undir brekkur sunnan við túnið á Þönglabakka. Ekki reyndist unnt að staðsetja þessar minjar og óvíst er að þær hafi skilið mikil ummerki eftir sig.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** JÁM XI, 52

**SB-045:017** náttúrumin vatnsból

538625 628692

Enginn bæjarlækur var á Botni aðeins smáland og brunnur [045], sem mengaðist oft af sjávarroki. Þurfti oft að sækja vatn austur í Botnsá [012],” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2000. “Vatnsból bregst í hörkum á vetur, og er þá mjög langur vatnsvegur [018] í Hólsárós [012],” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Fyrir vestan bæjarhólinn, í brekkurótum við útihús 019 er lítil lind. Hún er 30 m vestan við bæ 001 og um 7 m vestan við útihús 019. Líklega er átt við þessa lind í lýsingum hér ofar, önnur er ekki við bæinn.



*Lækjarfarvegur sem liggur til norðausturs frá vatnsbóli 017, horft til norðausturs.*

Heimatúnið er í halla til austurs, niður brekku. Það er þýft en hlutar eru handsléttadír. Lindin sést vel, lækir úr henni renna annars vegar norður fyrir bæjarhólinn og hins vegar til suðausturs, sunnan við bæjarhólinn. Báðir enda þeir í Botnsmýri.

Lindin sprettur upp í hvammi, undan brekkunni. Hún er gruggug, mikið slý er í henni og virðist ekki gott drykkjarvatn. Lækurinn sem rennur frá lindinni klofnar í tvennt skammt austan hennar. Annar lækurinn rennur norðan við bæjarhólinn (96 m að lengd) en hinn sunnan hans (78 m að lengd). Farvegirnir eru um 0,3-0,5 m á breidd, 0,3 m á dýpt og hlykkjast niður í mýrina. Ekki er ólíklegt að farvegirnir séu niðurgrafnir að einhverju leyti. Hlaðin brú er yfir nyrðri lækinn (sjá 044) og upphlaðinn vegur er yfir lækinn sunnan við bæjarhólinn (sjá 013).

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** ÁFÍ 2000, 171; JÁM XI, 53

**SB-045:018** heimild um leið

“Vatnsból bregst í hörkum á vetur, og er þá mjög langur vatnsvegur í Hólsárós [012],” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Ekki er vitað nákvæmlega hvaða leið var farin þegar vatn var sótt í ána en líklegt er að farið hafi verið sunnan við sjávarkambinn, þar sem var sémilega þurrt og ekki of grýtt. Aðstæður í fjörunni hafa breyst mikið og líklegt er að sú leið sem farin sé komin undir fjörugrjót á sjávarkambinum.

Engin ummerki sjást um leið að ánni enda ekki fjölfarin í þeim tilgangi að ná í vatn. Ætla má að farin hafi verið sama eða svipuð leið og á milli bæjanna Botns og Þönglabakka.


**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** JÁM XI, 53

**SB-045:019** tóft útihús

538636 628695

Tóft er í túni um 15 m vestan við bæ 001 og tæpum 30 m norðaustan við útihús 004. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1918 og að öllum líkindum ekki í notkun þá. Tóftin er fast vestan við lind 017, í grónum hvammi milli bæjarhólsins og brekkunnar.



*Útihústóft 019, horft til norðausturs á ljósmynd.*

Heimatúnið er í halla til austurs. Það er bratt en bærinn er undir brekkubrún. Útihúsin er flest ofar í brekkunni, nema þetta sem er í hvammi. Túnið er grasvaxið og þýft.

Tóftin er útflött og líkist einna helst þúst. Hún er 12,5 x 9,5 m að stærð, snýr norður-suður og það má greina vestur- og austurvegg á yfirborði. Tóftin er hæst til norðurs og austurs, þar skagar hún fram í hvamminn og er 1-2 m á hæð. Hún er mun lægri til annarra átta. Greinilegt er að þarna eru mikil mannvistarlög undir sverði. Vesturveggurinn er 1,5-2,5 m á breidd, L-laga og 0,2-0,3 m á hæð. Óljóst hólfi eða op er í suðurenda. Austurveggurinn er 8 x 2,5 m að stærð, 0,2 m á hæð og algróinn. Ekki er hægt að greina op á yfirborði og tóftin er stórþýfð og ógreinileg.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-045:020\_1** Selvíkur þúst sel


538287 629875

“Selvíkur eru hér vestan fjarðarins að Blæju vestur [...]. Utan við Selvíkurnar er Selatangi,” segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá fyrir alla byggðina í Fjörðum segir: “Upp frá Selvíkinni eru hinar fornu selrústir frá Botni ... .” Selið er 1,2 km norðan við bæ 001, 60 m sunnan við beitarhúsatóft 030 og 40 m norðvestan við mógrafir 029. Minjar á selstæðinu og í nágrenni þess eru á svæði sem er 60x40 m að stærð og snýr ANA-VSV. Innan þess er stór hóll sem er að hluta náttúrulegur og á honum er beitarhúsatóft auk tveggja ógreinilegri minja. ANA við þessar minjar er sléttá tún og lítil heytóft. Lýsingin á minjunum hefst vestast á svæðinu á hólum þar sem ætla má að selið hafi verið áður en yngri mannvirki voru reist á staðnum.

Lækur rennur í djúpu gili norðan við selið og annar vatnsminni lækur rennur í grynri farvegi



*Rústahóll 020\_1, horft til vesturs.*



Minjar við Selvíkur 020. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

norðan við selið. Lækir þessir afmarka svæðið sem tilheyrir selinu. Norðan og sunnan við selið er fremur flatlent og víðlent undirlendi þar sem hólkollar standa upp úr mýrlendi. Hér eru því mikil beitar- og slægjulönd og hefur svæðið hentað vel fyrir selstöðu og útbeiti. Frá selinu sést yfir að Brimnesi og Þönglabakka.

Hóllinn 020\_1 sem selið var á er 32x25 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Á honum eru beitarhúsatóft 020\_2, hleðsla 020\_3 og þúst 020\_4. Hann er fremur flatur að ofan og vaxinn kjarnmiklu grænu grasi. Mörk hans eru illgreinanleg til suðvesturs en að öðru leyti er hann nokkuð skýrt afmarkaður. Fram af hólnum til ASA er aflíðandi halli og mikið stórþýfi. Neðst í því er afgerandi kantur á 20 m löngum kafla sem ætla má að hafi myndast við túnrækt þar suðaustan og austan við (sjá 020\_6). Hóllinn er hæstur og brattastur í norðurenda við djúpt lækjargilið. Víðast er hann 2-3 m á hæð en óvíst er hversu mikið af honum er náttúrulegt og hversu mikið er uppsafnaðar mannvistarleifar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Botn, 2; Ö-Úr Fjörðum, 12

**SP-045:020\_2** tóft beitarhús

538279 629877

Beitarhúsatóftin 020\_2 er hlaðin úr torfi og grjóti og skiptist í fjárhús, hlöðu og heytóft. Hún er 16,5x10,5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er inn í fjárhúshluta tóftarinnar nyrst á austurhlíð. Fjárhúsin eru 8x3,5 m að innanmáli og snúa eins og tóft. Grjóthlaðinn og gróinn garði er í fjárhúsunum. Hann er 6 m á lengd og 1 m á breidd. Garðinn er um 0,5 m hár þar sem hann er hæstur. Op er úr fjárhúsum inn í hlöðu í suðurenda tóftarinnar. Hlaðan er 3,5x4 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Innanmál hennar er orðið illgreinanlegt. Þriðja hólfið er vestan við fjárhús en þar hefur verið heytóft sem virðist að mestu torfhlaðin. Hún er 4,5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki sést op á henni. Mesta hæð veggja í beitarhúsatóftinni er í fjárhúshlutunum þar sem þeir eru um 1 m á hæð. Í innanverðum veggjum sjást mest 3 umför hleðslu. Veggir í fjárhúsunum standa nokkuð vel en þó hefur hrunið úr vesturvegg inn í tóftina. Óvíst er að grjót sé í veggjum annarsstaðar í tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta



*Beitarhús 020\_2, horft til norðurs.*



*Hleðsla 020\_3, horft til suðvesturs.*

**SB-045:020\_3** hleðsla óþekkt

538273 629876

Fast suðvestan við beitarhúsatóft 020\_2 er niðurgrafið mannvirki og hlaðinn veggur 020\_3 meðfram niðurgreftinum að norðvestanverðu. Ekki er útilokað að hann hafi myndast við niðurgroftinn. Niðurgrafna svæðið er afmarkað af lágum kanti til suðvesturs en önnur mörk sjást ekki. Kanturinn er 6 m langur og meintur veggur er 6,5 m langur og 1,5 m breiður. Veggurinn er 0,2-0,5 m hár, hæstur í suðvesturenda. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessar minjar hafa gegnt en til greina kemur að hér hafi verið heystæði.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-045:020\_4** þúst óþekkt

538281 629893



*Þúst 020\_4, horft til norðurs.*

Nyrst á hólnum, 3 m norðan við beitarhús 020\_2, er þúst 020\_4, mögulega útflattur veggur. Þessar minjar virðast eldri en beitarhús 020\_2 og hleðsla 020\_3 og ekki útilokað að hafi tilheyrt seli 020\_1. Þústin er 5 m löng og 1,3 m breið, snýr norður-suður. Hún er 0,1-0,2 m á hæð. Við suðurenda hennar er jarðlægt grjót sem sést í grassverðinum.

**Hættumat:** engin hætta


**SB-045:020\_5** tóft heystæði

538315 629906

Lítill, einföld og torfhláðin tóft 020\_5 er 36 m norðaustan við beitarhúsatóft 020\_2. Í kringum hana vex gras í bland við mólendisgróður. Tóftin er 4x22,2 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggir hennar eru 0,2 m á hæð og eru mjóir, signir og gengnir í þúfur. Ekki sést skýrt op á tóftinni sem hefur að öllum líkindum gegnt hlutverki heystæðis.

**Hættumat:** engin hætta





*Heystæði 020\_5, horft til NNV á ljósmynd.*

**SB-045:020\_6** sáðslétta tún

538316 629890



Gamalt sléttað tún 020\_6 virðist vera NNV við syðri lækinn sem afmarkar svæðið sem tilheyrir selinu. Það nær yfir svæði sem er 60x15 m að stærð (0,06 ha), breiðast næst selinu í VSV-enda en mjókkar í ANA-enda þar sem það er 7-8 m breitt. Túnið er smápýft og í því vex gras og víðir en lítið af mólendisgróðri.

**Hættumat:** engin hætta

*Fornt tún 020\_6, horft til norðausturs.*

**SB-045:021** garðlag túngarður

538630 628773

Leifar af túngarði sjást nyrst og vestast í túninu. Túngarðurinn er ekki sýndur á túnakorti frá 1918 né



*Túngarður 021 (hluti 1), horft til suðvesturs.*



*Túngarður 021 (hluti 2), horft til norðurs.*

virðist hann hafa afmarkað stórt svæði. Ekki fundust ummerki um túngarð á yfirborði á fleiri stöðum umhverfis túnið og það virðist ekki hafa verið afmarkað með túngarði sé tekið mið af þessum minjum. Túnið er í brekku sem hallar til austurs. Túngarðurinn er ofarlega í henni og liggur til suðurs frá brattri brekku niður að sjó. Ekki er ólíklegt að hluti hans sé fallinn þar niður.

Túngarðurinn er varðveittur í tveimur hlutum. Sá nyrðri er 15 langur og 1,8 m breiður og liggur norðaustur-suðvestur, ofarlega í brekku. Hann er algróinn, 0,5 m á hæð en líklega grjóthlaðinn engu að síður. Ekki er ljóst hvað veldur rofi á milli hlutanna, þar er kindastígur m.a. að seli 020. Hluti 2 er 20 m suðvestar. Hann er 13 m langur 1,6 m breiður, liggur NNA-SSV og er grjóthlaðinn. Hann er 0,4 m á hæð og það glittir í steina hér og þar í gegnum grasið.

**Hættumat:** engin hættu


**SB-045:022** tóft fjárhús

538713 628734


Tóft af fjárhúsum er um 30 m norðaustan við bæjartóft 001\_2, um 8m suðaustan við fjárhústóft 002 og alveg fremst við fjöruborðið. Útihús er sýnt á þessum stað á túnakorti frá 1918.

Tóftin er alveg niður við sjó, fremst á sjávarbakkanum og er greinilegt rof í honum.

Tóftin er 15x12m að stærð, snýr norðvestur og suðaustur og hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er mikið röskuð af landbroti og hefur að öllum líkindum verið stærri. Hún skiptist í fjárhús og kró. Króin sem er 5x3m að innanmáli er í austurhorninu á tóftinni en fjárhúsin sem eru 12x8m að innanmáli eru í að vestanverðu. Hleðslur eru töluvert farnar að síga og þá er einnig komið mikið rof í ytrabyrði norðurlanghliðar sem snýr að fjörunni og er þar virkt landbrot. Þá ber tóftin þess greinileg ummerki að sjórinn hefur borið mikið af reka og grjóti yfir hana í stórviðrum. Vegghleðslurnar eru um 2m á breidd og 120-180cm á hæð. Hægt er að telja 4-6 umför í þeim. Garði er í fjárhúsunum sem er um 5m langur, 50-60cm á hæð og um 50cm á breidd. Í honum má telja um 3 umför hleðslu. Fast norðvestan við tóftina er flatur pallur sem er 10x6m að stærð og kemur hann í beinu framhaldi af tóftinni og hlýtur hann að tengjast henni á einhvern hátt. Hann afmarkast af jarðlægri grjóthleðslu en þetta er frekar óljóst sökum mikils magns af grjóti á svæðinu. Einnig vottar fyrir grjóthleðnum palli austan megin við tóftina sem er 4x3m að stærð.



*Horft niður á tóftir 022 og 002 sem sýnir landbrot við þær. Mynd tekin úr suðri.*



*Fjárhústóft 022, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Sennilega hefur op verið á nyrst á suðvesturlanghlið en þegar tóftin var skráð var það fullt af rekavið.


**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SP-045:023** tóft heystæði

538684 628576

Hringlaga, torfhláðin tóft er á engjasvæði í Botnsmýri 110 m sunnan við bæ 001 og 60 m norðaustan við mógrafir 032. Ætla má að hún hafi gegnt hlutverki heystæðis.



*Heystæði 023, horft til norðurs á ljósmynd.*

Engjarnar eru flatar, votlendar og grasgefnar. Mýrarlænur renna um svæðið í kringum tóftina. Ein þeirra er litlu norðan við tóftina. Sjá má rekavið á dreif á þessu svæði sem er hátt í 200 m frá fjörunni.


Tóftin einföld og er um 9 m í þvermál. Syðst í tóftinni er veggurinn útflattur og sokkinn í mýri. Þar sést aðeins ytri brún veggjar. Annarsstaðar eru veggir allt að 1 m á breidd og hæstir um 0,5 m í norðurhluta tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:024** tóft fjárhús

538596 628571

Tóft er utan við suðurenda heimatúnsins. Hún er austan við hvamm, neðst í brekku. Hún er á mörkum ræktaðs og óræktaðs svæðis. Sé tekið mið af staðsetningu og lögun tóftarinnar er um fjárhús að ræða.



Útihústóft 024, horft til austurs á ljósmynd.

Brekkan er gróin og ummerki um túnaræktun sjást þar. Fyrir utan grasgróður er lyng og mosi áberandi en allt svæðið er stórfýft.


Tóftin er 12x8,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í tvö hólfi. Veggirnir eru 0,2-0,6 m á hæð, 2-2,5 m á breidd og algrónir. Til suðvesturs er hólfi 1. Það er 2,6x1,4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst op sést til suðausturs, út úr hólfinu. Veggirnir eru algrónir, mosi og lyng eru áberandi. Hólfi 2 er norðaustur. Það er grafið inn í lága brekku til norðurs. Op er á hólfinu í norðvesturhorni. Fyrir norðan tóftina eru stórir steinar, mögulega hluti af veggjunum.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:025** tóft rétt

538567 628583

Tóft er utan við suðurenda túnsins, utan túnsins. Hún er rúnum 20 m vestan við tóft 024 og um 140 m suðvestan við bæ 001. Sé tekið mið af lagi tóftarinnar er þetta rétt. Tóftin er vestan (ofan) við lágan hvamm í miðri brekku.



Tóft 025, horft til norðausturs á ljósmynd.

Fyrir sunnan heimatúnið er gróið svæði. Þar má sjá ummerki um ræktun og sléttunartilraunir. Ofar í brekkunni til vesturs eru lyng og mosi.

Tóftin er 7,5 x 5 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Líklega var hún ekki undir þaki, ekkert hrun er inni í henni. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, það glittir í eitt umfar inni í tóftinni á suðurhlið.


Veggirnir eru 2 m á breidd, 0,2-0,5 m að á hæð að utan en 0,5 m að innan. Op er til norðausturs.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:026** tóft heystæði

538555 628493

Nokkuð fornleg, allstór tóft er VSV við hólrana með tveimur hundapúfum, litlu suðvestan við heimatúnið. Tóftin er 35 m austan við gerði 033 og 260 m suðvestan við bæ 001.



*Fornleg tóft, líklega stórt heystæði 026, horft til suðausturs á ljósmynd.*


Tóftin er á þurrlendi neðst í hlíðum Botnsfjalls en mýrlent er allt í kringum hana. Til suðausturs er votengi og mýrlend svæði í fjallshlíðinni eru allt í kringum tóftina. Tóftin er vaxin grasi, berja- og beitilyngi.

Tóftin er torfhlaðin og skiptist í eitt stórt hólfið og eitt mjög lítið hólfið í suðvesturenda. Hún er 1,5x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Stóra hólfið er 9x4,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er á miðri suðausturhlíð inni í það. Litla hólfið er 1,6x1,2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést op á því. Veggir tóftarinnar eru 1,3-2 m á breidd en í litla hólfinu eru þeir aðeins 0,5 m á breidd. Mesta hæð veggja er 0,3 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt. Út frá staðsetningu hennar og lögun er líklega um stóra heytóft að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:027\_1** tóft beitarhús

538374 629101



*Tóftir 027\_1-2.*

*Beitarhúsatóft 027\_1, horft til suðausturs.*

Tvær tóftir frá ólíkum tímum eru í úthaga miðja vegu milli bæjar 001 og sels 020\_1. Tóftirnar eru ásamt tóft 006 á milli Ytri-Torfdals 015 og Syðri-Torfdals 010, um 500 m norðvestan við bæ 001.

Þurrt er í kringum tóftirnar en sunnið er allblautt norðan við þær þar sem mógrafir 015 eru. Lynggróður er á svæðinu í kring.

Tóftirnar eru á svæði sem er 16x10 m að stærð og snýr NNA-SSV. Yngri tóft 027\_2 er að hluta byggð ofan á eldri tóft 027\_1 sem hér er skráð. Eldri tóftin er lyngi gróin og orðin illgreinileg vegna rasks og gróðurs. Hún er 16x6,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Óljóst innanmál veggja sést í báðum endum tóftarinnar en ekki hólfaskipting. Lögun tóftarinnar og staðsetning gefur helst til kynna að þarna hafi verið beitarhús. Tóftin er hæst í SSV-enda þar sem hún er 0,5 m há.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:027\_2** tóft óþekkt

538377 629104




*Tóft 027\_2, horft til SSA.*

Yngri tóftin er byggð ofan á miðja eldri tóft 027\_1 og ASA við hana. Hún er 9,5x8,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin skiptist í tvo hluta; vesturhluta sem er ofan á eldri tóftinni og austurhluta sem er ASA við eldri tóftina. Lýsing hefst á síðarnefnda hlutanum. Þar er op á norðurhlið inn í mjóan gang sem er 2 m langur. Gangurinn liggur til suðurs inn í hólf sem er 3,5x2,3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Vesturhluti tóftarinnar er ofan á eldri tóftinni og stendur hærra. Þar er eins og hlaðinn pallur sem er 6,5x4 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Í norðurenda má óljóst greina innanmál veggjar. Í suðurenda er hólf sem virðist hlaðið ofan á pallinn og eru veggir þess torfhlaðnir og mjóir, aðeins 0,5 m á breidd. Þetta hólf er um 2,2x2 m

að innanmáli og snýr norður-suður. Rof er í veggjahleðslum í norðvesturhorni en op inn í það virðist vera í norðausturhorni. Annarsstaðar í tóftinni eru veggir 0,6 m á hæð og er hún vaxin mosa og grasi og lítilsháttar lynggróðri. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Mögulega kemur til greina að þarna hafi verið stekkur en það er óvíst.

**Hættumat:** engin hætta



*Tóft 028, horft til suðvesturs á ljósmynd.*

**SP-045:028** tóft óþekkt

538531 628229

Allstór og greinileg tóft er á flatlendum engjum 490 m SSV við bæ 001, ekki fjarri merkjum á móti Hóli SP-046, þar sem Botnsá liggur í afgerandi sveig til suðausturs og myndar allbreitt nes.

Engjarnar eru fremur þurrar á þessu svæði og nánast sléttar en sumsstaðar smáþýft. Frá tóftinni sést heim að Botni og Hóli.

Tóftin er líklega að mestu leyti torfhlaðin og er 12,5x7 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í tvö til þrjú hólf en erfitt er að greina það vegna þess að stærstur hluti norðvestur-langveggjar er alveg útflattur. Op er á tóftinni í norðausturenda. Innan við það eru óljós ummerki um lítið hólf. Mögulega var op úr því inn í miðhólfid sem er 3,5x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Úr því er op inn í lítið hólf í suðvesturenda sem er 1,5x1,5 m að innanmáli. Suðausturveggur tóftarinnar stendur best og er hæstur (0,5 m) en hann er þó nokkuð úr lagi genginn. Á honum er há hundapúfa. Hlutverk tóftarinnar er óljóst. Helst kemur til greina að þarna hafi verið beitarhús.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-045:029\_1** náma mógrafir

538319 629844

Mógrafir og mótóft eru norðan við Innri-Selvík, fast sunnan við sel 020 og 1,2 km norðan við bæ 001. Minjarnar eru nyrst í mýri á svæði sem er 36x20 m stórt og snýr austur-vestur.



*Minjasvæði 029. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Mógrafir 029\_1, horft til suðausturs.*

Mýrinni sem minjarnar eru í hallar lítillaga til austurs og rennur vatn úr henni út í sjó, fram af háum og snarbröttum sjávarbakka. Svæðið er mjög gróið og grasgefið.

Mógrafir 029\_1 eru vestast á svæðinu. Þær ná yfir svæði sem er 20x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Grafirnar eru alldjúpar og samfelldar, allt að 1 m á dýpt. Ummerki um mótekjuna sjást í jöðrum svæðisins en óstungið svæði er inni á því miðju. Grafirnar eru grónar að nokkru leyti en vatn stendur víða í þeim. Svo virðist sem að skurður hafi verið grafinn í austurhorni mógrafanna til þess að hleypa vatni úr þeim og út í sjó.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-045:029\_2** tóft skemma

538339 629855

Lítill torfhlaðin tóft 029\_2 er austast á svæðinu, um 15 m ANA við mógrafir 029\_1. Líklegast er að hún sé mótóft en ekki er útilokað að hún hafi gegnt hlutverki heystæðis. Tóftin er á þurru svæði í smáþýfðum lyngmóa, nærri sjávarbakka. Hún er einföld, 5x4 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Innri brún veggja er mjög lág og sést ekki í suðurenda. Ef það hefur verið op á tóftinni var það í suðurenda. Veggir



Móstæði 029\_2, horft til suðurs.

eru 0,2-0,5 m á hæð, hæstir á austurhlið.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:030** tóft beitarhús

538249 629958

Fornleg beitarhúsatóft er í úthaga vestur og upp af Ytri-Selvík, um 70 m norðan við sel 020 og 1,3 km NNV við bæ 001.

Tóftin er á hæð í þýfðum lyngmóa innan um mýrlendi. Gróðursælt og grösugt er hér í kring.



Beitarhús 030, horft til NNA á ljósmynd.

Tóftin skiptist í þrjú hólfi. Hún er 17x8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Nyrst í tóftinni er fjárhús með garða. Hólfið er 5,5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er inn í hólfið í austurhorni. Garðinn er 4x1 m að stærð og 0,4 m á hæð. Miðhólfið er 3x1,5 m að innanmáli og snýr þvert á fjárhús. Op hefur verið inn í þetta hólfi í VNV-enda en þar er veggstubbur (mögulega hrun) og skörð sitt hvoru megin við hann. Syðst í tóftinni er óljóst hólfi og er innanmál þess nánast ógreinanlegt. Líklega hefur verið hlaða þar. Hólfið er 3x3 m að innanmáli en náði að öllum líkindum lengra til suðausturs. Ekki sést op á þessu hólfi. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,4 m. Hún er að líkindum hlaðin úr torfi og grjóti þó að hvergi sjáist í grjóthleðslur vegna gróðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:031** náma mógrafir

538475 628919

Ummerki um mógrafir sjást á litlu svæði á milli Syðri-Torfdals 010 og heimatúns, í mólendi og hallamýrum í hliðum Botnsfjalls. Mógrafirnar eru 290 m norðvestan við bæ 001.





Afmörkun mógrafasvæðis 031. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Móggrafir 031, horft til norðurs.

Svæðið sem mógrafirnar eru á er fremur flatlent, í jaðri þýfðs móa. Mýrlent er neðan við þær til austurs. Mógrafirnar eru á svæði sem er 40x15 m að stærð og snýr norður-suður. Þær eru mjög samansignar og virðast samfelldar en í jöðrum má sjá grunnar gryfjur þar sem vatn stendur. Það á einkum við um nyrsta hluta grafanna. Mesta dýpt grafanna er um 0,3 m og eru þær að mestu grónar.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:032** náma mógrafir

538624 628535



Móggrafir 032, horft til austurs.

Lítið mógrafasvæði er í jaðri Botnsmyrar sunnan við heimatúnið. Grafirnar eru 50 m suðvestan við heytóft 023 og 150 m sunnan við bæ 001.

Uppafmýrinni eða engjunum eru brekkur í stöllum neðst í Botnsfjalli. Suðvestur af mógröfunum er lágur hólrani, þýfður með tveimur hundapúfum. Þar hefur verið góður þurrkvöllur.

Mógrafirnar eru fáar og djúpar á svæði sem er 20x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þetta eru ferkantaðar stökkagrafir sem eru nánast fullar af vatni. Ætla má að grafirnar séu um 1 m á dýpt.

**Hættumat:** engin hætta


**SP-045:033** gerði kálgarður

538507 628502

Lítið gerði, líklega kálgarður, er sunnan túns, í mólendisbrekkum upp af blautum engjum. Kálgarðurinn er 240 m suðvestan við bæ 001 og 35 m vestan við heystæði 026.

Á svæðinu vex gras og mólendisgróður. Gerðið er í halla mót SSA og er lækjargil fast VSV við það.

Gerðið er hlaðið utan í og undir allháum stalli í brekku. Gerðið er 10x6 m að stærð, litlu mjórri í ANA-enda en í VSV-enda. Hlaðnir veggir eru á skammhliðum gerðisins, NNV-hliðin er grafin inn í hallann og lítil sem engin afmörkun er á SSA-hlið, þar er aðeins mjög lágur kantur. Hlöðnu veggirnir eru úr torfi og grjóti og eru 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Kálgarðurinn er að mestu vaxinn lyngi og mólendisgróðri en grasvöxtur er í VSV-enda, líkt og umhverfis garðinn. Af gróðri að dæma er um allgamalt mannvirki að ræða.



*Kálgarður 033, horft til NNV á ljósmynd.*

**Hættumat:** engin hætta

**SB-045:034** þúst óþekkt

538650 628630



*Þúst 034, horft til suðvesturs.*

Í suðausturjaðri heimatúnsins ofan við Botnsmýri, er afgerandi hóll sem gengur fram í mýrina til suðausturs.

Búið er að slétta túnið á þessu svæði með handverkfærum. Túnið er í halla til suðausturs og er grasgefið.

Engin ummerki sjást um mannvirki á hólnum en hann er nokkuð flatur að ofan og afgerandi. Líklegt er talið að hóllinn hafi að hluta myndast við upphleðslu mannvistarleifa og kemur helst til greina að þarna hafi verið útihús frá Botni. Hóllinn er um 3 m á hæð og um 12 m í þvermál.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-045:035** hleðsla óþekkt

538861 628645



*Hleðsla 035, horft til austurs.*

Gróin hleðsla er í fjörunni, nærri merkjum milli Botns og Þönglabakka. Hleðslan er um 180 m austan við bæ 001 og rúmum 80 m austan við tóft 038. Garðlagið er á sjávarkampinum, nærri mýrlendi sem þar er innan við.

Til norðurs er stórgrýtt fjara. Deiglandi og mýri er til suðurs.

Hleðslan er 12 m löng austur-vestur og 0,5 m breið. Hún er mjög lág, aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Grjót úr fjörunni er fast norðan við hleðsluna og ekki er langt uns hún mun eyðast vegna ágangs sjávar. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki hleðslan hefur tilheyrt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



*Hleðsla 036, horft til suðurs.*



*Magnús, Tómas og Jón Þórhallssynir við kofasmíði í fjörunni á Botni. Mynd tekin um 1940, eigandi Ragnhildur Tómasdóttir.*

Hleðsla er í grýttri fjöru tæpum 80 m austan við bæ 001 og tæpum 50 m vestan við minjar 037. Ekki er vitað hvaða mannvirki hleðslan hefur tilheyrt en sé miðað við staðsetningu þess getur verið að um leifar af kofa sé að ræða sem bræðurnir Magnús, Tómas og Jón Þórhallssynir byggðu sér nærri fjörunni um 1940 og sést á ljósmynd í eigu Ragnhildar Tómasdóttur. Af myndinni að dæma var kofinn um 1,5 x 1,5 m að grunnfleti, hlaðinn úr torfi og grjóti, með timburpili á suðurhlíð og mögulega timburpaki en torfþekja var á því.

Hleðslan er á sjávarkambi, nærri mörkum hans og blautar mýrar.

Hleðslan er 5 x 1 m að stærð og liggur norður-suður. Hún er 0,3 m á hæð og grjóthlaðin en víða er gróið yfir grjótið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ljósmynd í eigu Ragnhildar Tómasdóttur

**SB-045:037** kantur óþekkt

538803 628676

Hlaðinn L-laga kantur er í fjörunni, rúmum 120 m austan við bæ 001 og rúmum 20 m austan við tóft 038.



*Kantur 037, horft til norðausturs.*

Minjarnar eru mikið raskaðar og ómögulegt að skera úr um hlutverk og umfang þeirra án frekari rannsóknar.


Kanturinn er á sjávarkambi, nærri mörkum hans og blautar mýrar.

Kanturinn er 2,5 x 2 m að stærð og að öllum líkindum er þetta norðvesturhorn byggingar eða horn á garðlagi. Innri brúnin er greinileg, kanturinn þar er 0,4-0,5 m á hæð. Að utan er kanturinn illgreinilegur. Ef þetta var veggur, var hann um 2 m breiður. Allt svæðið er stórgrýtt, þessar minjar eru það líka en gróið er yfir það að hluta.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

SB-045:038 tóft óþekkt

538778 628684



Óljós tóft 038, horft til VNV á ljósmynd.

Óljós tóft er í fjörunni um 90 m austan við bæ 001 og 15 m austan við garðlag 036. Tóftin er á grýttum sjávarkambi og ekki er hægt að skera úr um hlutverk hennar.

Tóftin er á malarkambi, nærri mörkum hans og blautar mýrar.


Tóftin er ógreinileg. Hún er 6,8 x 4,4 m að stærð, snýr austur-vestur og gróðurfar sýnir hana einna best. Veggirnir eru 0,2 m á hæð, 1-1,3 m á breidd og það má greina eitt umfar í henni. Innan í tóftinni er gras. Norður- og suðurveggir líkjast fremur kanti en vegg.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

SB-045:039 tóft heystæði

538506 628538

Sigin tóft er rúmum 60 m SSV við tóft 025 og um 200 m suðvestan við bæ 001. Tóftin er á gróinni tungu sem skagar til austurs á milli mýrlendari svæða. Tóftin er í miðri brekku. Að öllum líkindum er um heystæði að ræða.



Heystæði 039, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóftin er á flötu svæði, nánast má kalla það pall. Brekkan er þýfð, mosi og lyng eru áberandi.

Tóftin er 6,5 x 5,5 m að stærð, U-laga og opin til suðvesturs. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð, 1,5-2 m á breidd og lyngi- og mosavaxnir. Opið vísar út í deiglent svæði.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:040** hleðsla fiskreitur

538709 628719

Upphlaðinn pallur sem gæti hafa verið fiskreitur eða heystæði út frá staðsetningu og útliti er 4m austan við austurenda brúar 044 sem er áföst bæjarhólnum 001\_1, rúma 33m norðaustan við bæjartóft 001\_2 og um 7m sunnan við fjárhústóft 022.

Pallurinn er í grösugu flötu landi nærri sjó.



*Hleðsla 040, horft til vesturs.*

Pallurinn er ferhyrndur en með mjög rúnnuð horn. Hann er grösugur, um 9x5m að stærð og snýr vestur austur. Upphleðsla hans er 20-30cm á hæð. Yfirborð hans er frekar slétt en þó orðið nokkuð þýft vestast.


**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**SP-045:041** hleðsla heystæði

538651 628681

Upphlaðinn pallur sem gæti hafa verið heystæði er 6m suðvestan við bæjartóft 001\_2, um 8m norðan við veg 013 og um 9m suðaustan við þúst 019.

Pallurinn er í grösugri hvilft sunnan undir bæjarhólnum í hallanda mót suðaustri.



*Hleðsla 41, horft til norðvesturs á ljósmynd.*


Pallurinn er 6x5m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Upphleðsla hans er 30-40cm á hæð. Hann hefur grjóthlaðna suðausturhlíð en annars er hann allur á kafi í grasi. Út frá útliti mætti helst áætla að um heystæði sé að ræða en fleiri hlutverk gætu einnig komið til greina.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:042** tóft fjárhús

538592 628592

Tóft er á lágum grónum hól rúmum 110 m sunnan við bæ 001 og um 20 m sunnan við hesthús 005. Tóftin er rétt utan heimatúnsins og að öllum líkindum er um fjárhús að ræða sé tekið mið af staðsetningu hennar.



*Fjárhústóft 042, horft til norðvesturs.*

Tóftin er á hól sem sést vel, hann er sléttur á annars þýfðu svæði. Líklega er búið að handsléttu hann að hluta og mögulega tóftina um leið.

Hliðar hólsins eru aflíðandi. Hann er 10-15 m í þvermál og 1 m á hæð. Á honum miðjum er lítil tóft. Hún er 5x4,5 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru signir, grónir og eru 0,2-0,3 m á hæð. Op er á tóftinni í austurhorni en veggirnir sjást einna best að innan.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-045:043** hleðsla kvíar

538584 628578

Hleðsla er sunnan undir brekkubrún, rétt sunnan við heimatúnið. Hún er rúmum 130 m sunnan við bæ 001 og um 15 m austan við rétt 025. Hleðslan ásamt brekkunni mynduðu líklega kvíar sem voru grafnar inn í hallann til norðurs og vesturs.




*Kvíar 043, horft til vesturs.*

Brekkan er gróin og ummerki um túnræktun/sléttun sjást þar. Fyrir utan grasgróður er lyng og mosi áberandi en allt svæðið er stórþýft.

Hleðslan er 7x5 m að stærð, snýr austur-vestur og illa varðveitt. Einungis suðurveggurinn sést enn. Hann er 7,2 x 2,2 m að stærð, snýr austur-vestur og er algróinn. Stór steinn er þar “inni” til austurs. Veggurinn er 0,3 m á hæð og hvergi glittir annars í grjóti. Ekki er ljóst hvað réði afmörkun til annarra átta, það mótast fyrir kanti sem sýnir innanmál kvíanna vel til vesturs og norðurs. Hún virðist grafnar inn í brekkuna. Op er til ANA að öllum líkindum.

**Hættumat:** engin hætta



Upphlaðinn vegur 044 lá frá bænum á Botni og niður í fjöru. Horf til SSA á loftljósmynd.

Upphlaðinn vegur liggur frá brunni 045 í norðausturjaðri bæjarhóls 001\_1 til norðausturs í átt að fjárhúsum 022 sem eru við fjöruborðið. Vegurinn liggur yfir læk og hefur verið hlaðinn til þess að auðvelda umferð heim að bæ frá fjárhúsum og fjörunni.

Vegurinn er á flatlendu en nokkuð votlendu svæði í grösugu túni á milli fjöru og bæjarhóls.

Vegurinn er 17-18m langur, tæplega 5 m breiður og um 30cm hár. Norðan við hann miðjan sést í grjóthleðslu. Þar hefur lækurinn sem vegurinn lá yfir rofið skarð í hann.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots



Brunnur 045, horfi til norðvesturs.

“Enginn bæjarlækur var á Botni aðeins smálind [017] og brunnur, sem mengaðist oft af sjávarroki. Þurfti oft að sækja vatn austur í Botnsá [sjá 012],” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2000. Brunnurinn er fast norðaustan við bæjarhól 001\_2 og fast austan við veg 044. Í samtali Björns Ingólfssonar, heimildamanns, við Tómas Þórhallsson kom fram að þegar fjölskylda Tómasar flutti úr Keflavík í Botn árið 1906 hefði þessi brunnur verið gamall. Hann sagði að vatnið í honum hefði aldrei verið nógu gott sem neysluvatn, ekki bara vegna mengunar af sjávarroki, frekar vegna einhver annars.

Brunnurinn er í grösugu og nokkuð blautu landi nærri sjó.

Brunnurinn er hringhlaðinn úr grjóti og er hann um 3m í þvermál. Gróið er yfir hleðslur í honum sem standa upp úr jörðu og eru 1 m á breidd. Ytra byrði þeirra er 10-60cm hátt. Brunnopið er rúmur 1 m í þvermál en það er byrgt með rekavið. Það stendur spýta upp úr brunninum og með hjálp hennar var hægt að áætla að dýpt hans væri um 150cm. Vatn stendur í brunninum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ÁFÍ 2000, 171

**SB-045:046** heimild um verbúð

538721 628752

Í bók Björns Ingólfssonar, Bein úr sjó, kemur fram að á árunum 1907-1917 var umtalsverð útgerð Svínárnesmanna á Botni yfir sumarið. Þeir reru á tveimur mótorbátum, stutt var á miðin og góður afli. Á kambinum neðan við Botn var byggt stórt timburhús sem var í senn íbúðarhús og salthús. Þar var eldhús og matskáli og svefnpláss fyrir 15 manns. Sitt hvoru megin við þetta hús voru salthús og beitingaskúr. Þegar útgerðarfélaginu var slitið 1917 var húsið rífið og flutt að Svínárnesi þar sem það var reist sem íbúðarhús. Húsunum er lýst þannig í fasteignamati frá 1916-1918: “Íbúðarhús úr timbri. 8.78 x 3.76 m, með járnþaki. Skúr 7.78 x 4.38 Skúr 8.78 x 5.60 m með járnþaki. Lóð aðeins fyrir húsin.“ Lítil ummerki hafa verið eftir verbúð Svínárnesmanna eftir að það var rífið en öll merki um hana hafa horfið vegna landbrots. Samkvæmt lýsingu hefur hún verið á fjörukambinum norðaustan við bæ 001.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Björn Ingólfsson 2002. Bein úr sjó, 41; Fasteignamat Þingeyjarsýslu 1916- 1918 - undirmat I, 64

**SB-045:047** heimild um lendingu

538727 628758

Í bók Björns Ingólfssonar, Bein úr sjó, kemur fram að Svínárnesmenn byggðu lausar bryggjur við verbúð sína (sjá 046) meðan á útgerð þeirra stóð í Botni 1907-1917. Bryggjurnar voru teknar upp á haustin ef brimið var ekki þegar búið að brjóta þær. Öll ummerki um útgerð Svínárnesmanna í Botni eru horfin vegna landbrots og þar með talin ummerki um lausar bryggjur. Samkvæmt lýsingu hafa þær verið við fjörukambinn norðaustan við bæ 001, líklega á svipuðum stað og lending 007.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Björn Ingólfsson 2002. Bein úr sjó, 41

**SB-045:048** heimild um fjós

Í Fasteignamati frá 1916-1918 er getið um sumarfjós á Botni. Ekki er ljóst hvar það fjós var og ekki er hægt að fullyrða hvort að einhverjar af þeim tóftum sem skráðar voru utan á Botni hafi verið fjóstóft. Í Íslenzkum Þjóðháttum eftir Jónas Jónasson segir að kýr í fjósbaðstofum hafi verið láttnar ganga úti nótt og dag á sumrin eða hafðar í sumarfjósi. Þar segir einnig að oftast hafi eitthvert hesthús á bænum verið haft fyrir sumarfjós. Svo virðist sem að sumarfjós hafi ýmist verið innan túns eða utan en í bókinni Auðhumlu eftir Þórð Tómasson kemur fram að á bænum Skál í Vestur-Skaftafellssýslu hafi verið baðstofufjós og sumarfjósið var á bæjarhólnum, alveg við baðstofuna.

**Heimildir:** Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu - undirmat I 1916-1918, 64; ÍP, 462, 463; ÞT 2019, 92

**SB-045:049** sáðslétta tún

538616 628642

Túnið á Botni er neðst í brekkurótum Botnsfjalls, fast sunnan við sjávarkambinn og vestan við engjar í dalbotninum.


Túnið er allt í nokkrum halla til austurs, nokkuð mishæðótt. Það er grasgefið og ekki mjög þýft en engin skýr merki sjást um handsléttun eða beð.

Til er kort af Botnstúninu frá 1918. Þar er það sagt 1,7 ha og 1/3 hluti þess sléttur. Túnið mælist 1,9 ha af loftmynd sé tekið mið af upprétu túnakorti og túngarðsbrotum 021\_1-2 sem eru við norðurhorn þess. Það er 200 m langt og 118 m breitt, snýr NNA-SSV. Í fasteignamati frá 1916-1918 er túnið talið um 1,91 ha að stærð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Túnakort 1918; Fasteignamat Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 64.





*Afmörkun heimatúns Botns. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Á innfeldri mynd má sjá túnakort fyrir Botn sem gert var árið 1918.*



*Skámynd tekin til suðausturs af túninu á Botni og inn Hólsdal/Bakkadal.*

## SP-046 Hóll

1686 og 1696: 10 hdr., Hólabiskupseign. BL, 289. 1712: 10 hdr., Hólabiskupseign. JÁM XI, 53.

1847: 10 hdr., bændaeign. JJ, 316.


“Fornt mat 10 h., nýtt 12, 6 h. Samfelld byggð til 1929. Eign Hólastóls til 1805, síðan einkaeign. Leiguábúð alla tíð.” BT, 37.

Jarðarinnar er fyrst getið í máldaga Þönglabakkakirkju árið 1318. DI II, 443. Sjá einnig máldaga Þönglabakkakirkju 1461. DI V, 264 265.

1531, 14. júlí: “Jón biskup á Hólum selr Þorsteini bónda Finnbogason kauphlutann í jörðinni Ási í Öxarfirði og jarðirnar Tóvegg og Haga á Árskógarströnd fyrir kauphlutann í Grýtubakka í Höfðahverfi og jarðirnar Hlíðskóg og Hringsdal; segir hvor um sig til kirkjujarða, og Þorsteinn geldr Grýtubakkakirkju jörðina Grímsnes með sex kúgildum í reikningsskap; lýsa þeir og fleirum jarðarkaupum, er þeir hafi átt [...] sagdi greindur Þorsteinn bóndi að kirkian a Grýtubacka ætti þridiung i heimalandi að auk þess sem adur skrifad stendur og þar til væri gömul eign kirkiunnar a Grýtubkka jarderner Syrisveller. Eyri i eistri fiordum og Höll i vestrum fiordum. Og þar til lukti greindur Þorsteirn kirkunni a Grýtubacka jörðina Grimnes med 6. máluty kúgilldum [...]” DI IX, 593-594.

1533, 31. janúar: “Jón biskup á Hólum gefr “vorum kæra frænda” síra Sigurði Jónssyni presti á Grenjaðarstað jarðirnar Grýtubakka Hlíðskóga, Jarlstaði, Hringsdal, Steindyr, Miðhús, Grímsnes, Svínárnes hálf, allar í Höfðahverfi, hálf Nes í Höfðahverfi. Eyri í eystrum Fjörðum, Hól í vestrum Fjörðum, með þeim fjár, er jörðunum fylgja, og segir biskup til jarða og kúgilda Grýtubakkakirkju, og kvittar kirkjureikning.” DI IX, 651-652.

1552, 1. september: “Skýrsla og reikngr Eggerts hirðstjóra Hannessonar og Ólafs byskups Hjaltasonar um jarðeignir þær, er Jón byskup Arason hafi fargað frá Hólastól, og hverjar jarðir hann hafi fengið stólnum í stað þeirra.” DI XI, 45. Sjá einnig Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 236.



Minjar í túni Hóls og næsta nágrenni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Jörðin fór í eyði 1929. Fagurt er í Fjörðum, 102.

1918: Túnstærð 3,1 ha, þar af 1/4 slétt. Sáðreitir 225 m að stærð.

1712: “Enginu spillir vatnsagi, sem jetur úr rótina til stórs skaða. Úthagarnir eru nægir.” JÁM XI, 53.

1839: “Sömu landkostir hér sem á áminnstum jörðum. Fjallslægjur fram með Hraunfjalli austanverðu (Hólsdal). Jörðin á ekki tilkall til reka ekki skipsuppsátur við sjó en landrýmisjörð og landgóð.” SSB, 67 (neðanmálgrein\*\*).

1916-1918: “Lýsing jarðarinnar: Túnið að mestu þýft og snögglent. Stærð um 3.20 ha Töðufall 70 hestar. Engjar greiðfærar, snögglendir, þurrar og á dreif innan um bithagann, heldur langsóktar og engjavegur slæmur. Heyfengur 170 hesta. Léttingshey. Búfjárhagar. Beitland víðlent og kjarngott. Sumarheit góð fyrir allan fénað. Afar snjóþungt og engin vetrarheit. Fjárgeymsla mjög erfið. Mótak er til. Torfrista slæm, og annað byggingarefni. Jörðin liggur afar illa við samgöngum. Er í útkjálkasveit. Langt frá verzlunarstað og erfitt mjög til aðdráttu. Vegleysa að bænum. Jörðin liggur illa fyrir umbótum. Ágangur af afréttarfé. Vatnsból gott. Hættusamt af djújum og graflækjum. Jörðin getur framfleytt 2 kúm, 2 hrossum og 90 fjár. Hús: Baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr og skemma. Hesthús fyrir 2 hross. Fjárhús fyrir 120 fjár. Hlöðurúm 100 hestar. Mat jarðarinnar: Jörðin sjálf Kr. 1100.00 Hús Kr. 800.00.” Fasteignamat Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirnat I, 63.



*Túnið á Hóli, horft til norðurs.*

**SP-046:001\_1** *Hóll* bæjarhóll bústaður

537985 627845

Á túnakorti frá 1918 er bærinn sýndur vestarlega, efst í túninu. Túnið er stórt og er í brekku sem hallar til austurs. Bærinn er efst í brekkunni, bæjarhóllinn og tóft síðasta bæjarins eru enn varðveitt og öskuhaugur. Bærinn snéri stöfnum til suðausturs og á teikningu sem birtist í bókinni Fagurt er í Fjörðum eru þrjár burstir sýndar þar. Í fasteigamati frá 1916-1918 eru eftirfarandi hús talin upp sem ætla má að hafi tilheyrt bænum: “Baðstofa, búr, eldhús, bæjardyr og skemma [...]”



*Bæjarhóll Hóls og bæjartóft 001\_1-2. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

Túnið afmarkast af brekkubrún til vesturs og náði niður á deiglent láglendi til austurs. Túngarður 013 afmarkar túnið til norðurs og víða má sjá ummerki um útfærslu túnsins og handsléttun innan þess.

Bæjarhóll 001\_1 er 40 x 30 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er 3-5 m á hæð, hæstur að austan- og sunnanverðu. Úr norðri er bæjarlæknum 012\_1 veitt meðfram hólnum og inn í sjálfan hólinn (sjá 012\_2). Tóft 016 er að öllum líkindum

á bæjarhólnum en tengslin þar á milli eru rofin vegna vatnsveitunnar. Bæjarhóllinn er því að öllum líkindum mun stærri. Hóllinn er grasivaxinn og brattur. Fyrir suðaustan tóft 001\_2 er vik inn í bæjarhólinn sem er 3,7 x 1 m að stærð, 2 m djúpt og opið til SSA. Ekki er útilokað að þarna hafi verið niðurgrafið mannvirki en einnig kemur sterklega til greina að áburður úr öskuhaugi 001\_3 hafi verið tekinn þarna úr hólnum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918; Fagurt er í Fjörðum, teikningar aftast í bók; Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu - undirmat I 1916-1918, 63



*Bæjarhóllinn 001\_1, horft til suðvesturs.*

**SP-046:001\_2** tóft bústaður

537970 627849

Bæjartóft 001\_2 sést enn vel á bæjarhólnum 001\_1. Tóftin er 20x16 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Að öllum líkindum var allt timbur fjarlægð úr bænum þegar hann fór í eyði og síðasta fólkið flutti burt. Inni í tóftinni er mikið þak- og veggjahrun sem torveldaði allar uppmælingar og lýsingar á einstökum hlutum tóftarinnar. Í tóftinni má greina fimm hól og verður hverju þeirra gefinn bókstafur til aðgreiningar í lýsingu sem hefst suðaustast, frammi á bæjarhlaðinu. Þar eru tvö hól sem snúa norðvestur-suðaustur en önnur hól snúa þvert á þau. Í austurhorni er hól A sem er 6x2 m að innanmáli. Timburþil hefur verið á suðausturgaffli þess og er líklegt að þar hafi verið skemma. Ekki er útilokað að hól A hafi verið norðaustan við hól A en hvorki sjást norðausturveggur þess né suðausturveggur. Op er úr miðju hólfi A til suðvesturs inn í hól B. Það er 7x5,5 m að innanmáli. Op er einnig á hólfinu í austurhorni, af bæjarhlaði. Ytri brún veggja er 1,5-2,5 m á hæð og það glittir í 4 umför af grjóti neðst í þeim. Innan í hólfinu er sem fyrr segir mikið hrun og innri brún veggja óljós. Í opinu inn í hól B, af bæjarhlaðinu, er grjóthlaðinn dyrakampur enn uppistandandi. Í suðausturhorni má sjá 4-6 umför af hleðslugrjóti og grjóthellum. Úr norðurhorni á hólfi B er komið inn í stutt göng sem eru á milli miðhúsa bæjarins, hólfa C og D. Þil hafa verið á þeim endum þessara hólfa sem vísuðu inn í göngin. Hólfi C er á vinstri hönd og er 4x2 m að innanmáli. Hólfi D er á hægri hönd og er það 5x2,5 m að innanmáli. Allbreitt op er á norðausturgaffli þess og úr því eru eins konar göng til norðausturs að brunnhúsi 012\_2. Mikið hefur



*Horft beint niður á bæjarhól Hóls. Mynd tekin úr vestri.*

hrunið inn í hólfin í miðri bæjartóftinni en innri brún veggja í þeim er um 1,3 m á hæð og 4 umför af grjóti sjást þar. Við enda bæjarganganna, í norðvesturenda tóftarinnar er allstórt hól E sem er 5,5 x 4 m að innanmáli og er niðurgrafið að hluta. Innri brún veggja er 2-2,5 m á hæð en inni í hólfinu er mikið veggja- og þakhrun. Að utan eru veggirnir 0,5 m á hæð. Ekki er ólíklegt að hér hafi verið fjósbaðstofa en þess er ekki getið í heimildum. Í suðvesturhorni tóftarinnar er mikið rof í ytra byrði veggja vegna ágangs kinda og þar sést glitta í grjót og torf.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-046:001\_3** öskuhaugur

537988 627843




Framan og suðaustan við bæjartóft 001\_2 gengur bæjarhóll 001\_1 lengst fram og hækkar hann örlítið frammi á ystu brún áður en hallar fram af honum. Ætla má að þar hafi öskunni á bænum verið kastað, að þar hafi verið öskuhaugur en hann hefur samlagast hólnum. Áætluð stærð hans er 15x10 m.

**Hættumat:** engin hætta

*Á þessari mynd sést hvar grafið hefur verið út úr öskuhaugnum, horft til vesturs.*

Á túnakorti frá 1918 er útihús sýnt um 100 suðvestan við bæ 001 og 40 m sunnan við kálgarð 004. Á þeim stað er stór fjárhústóft. Í örnefnaskránni Úr Fjörðum segir: “Fyrir sunnan túnið á Hóli er gerði og er þar allmikið tún og höfðu síðustu Hólsbændur þar fjárhús sín. Gömul kona, sem ég þekkti, sagði mér að gerði þetta hefði verið kallað Brandsgerði eftir eftir einhverjum Brandi, sem þar hafði búið, en heyrði engar glöggar sagnir af honum eða hvenær hann hafi þar búið.“ Fjárhústóftin er vestan við gildrag sem liggur norðvestur-suðaustur niður heimatúnið. Gildragið er fremur bratt og djúpt og má ætla að það hafi á einhverju skeiði afmarkað heimatúnið til suðvesturs. Tóftin er í suðvesturjarði heimatúnsins, líklega nýrækt frá yngsta búsetuskeiði.

Tóftin er á flötu, þurru svæði. Afliðandi halli er til austurs frá tóftinni sem er ofarlega í túninu. Það má sjá ummerki um handsléttun við tóftina.



*Fjárhústóft 002\_1 þar sem heitir Brandsgerði 002\_2, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

Tóftin er 15x15 m að stærð og skiptist í þrjú hólf. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og standa enn vel. Mikið af hleðslugrjóti sést bæði í innra- og ytra byrði veggja. Torf er efst í veggjum en grjót neðst. Hólf 1, fjárhúsin, eru norðaustast í tóftinni. Það er 8,5x6,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það er opið til austurs og þar var þil. Inni í hólfinu eru tveir grjóthlaðnir garðar, þeir eru 0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Innri brún veggja er 0,5-1 m á hæð og þar má greina 4-5 umför af grjóti í veggjum. Hrun úr veggjum er inni í hólfinu og utan þess. Inni í hólfinu er stórþýft. Enn má greina op á norðvesturhlið yfir í hólf 2 sem var hlaða. Það hólf er niðurgrafið, 0,3 m dýpri en hin hólfin. Það er 9x2,5 m að stærð og nýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru fallnir inn en eru 2 m á hæð í suðurenda. Þar sjást 3-5 umför af grjóti en líklega voru þeir torfhlaðnir efst. Veggirnir sjást lítið að utanverðu. Hólf 3 er suðvestan við hólf 1. Það er 6x3,7 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í suðurhorni. Mögulega er þetta sambyggð rétt, veggirnir eru mun minni umfangs en annars staðar í tóftinni. Til norðvesturs eru veggirnir einungis 1 m á hæð og þar má sjá 3-4 umför af grjóti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Úr Fjörðum, 3

#### SP-046:002\_2 Brandsgerði heimild um býli

Í svokölluðu gerði eða Brandsgerði eru fjárhústóft 002\_1 og þúst 049. Ekki sér til annarra minja þar á yfirborði. Líklega var bæjartóftin á sama stað og fjárhústóftin, það eru ummerki um túnaræktun þar umhverfis og var það orðið hluti af heimatúninu þegar túnakort var gert fyrir jörðina 1918.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:003** tóft útihús

538012 627914

Utan við heimatúnið, líkt og það er teiknað árið 1918, er útihús um 70 m NNV við bæ 001 og rúmum 20 m norðaustan við útihús 014. Eftir að túnakortið var gert hafa þær breytingar átt sér stað að túnið var fært til norðvesturs, upp í brekkuna. Túngarður 013 er fast utan við tóftina, hún er því innan túns og í raun sambyggð túnagarðinum.

Tóftin er norðaustast í heimatúninu, á flötu svæði. Túninu hallar frá henni niður til austurs. Til norðurs er óræktað svæði.



*Útihús 003, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Tóftin er 7,5x4,5 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er í suðausturenda tóftarinnar. Það er 2,2x2,2 m að innamáli, op er inn í hólfid og á suðausturenda inn í hólf 2 þar inn af. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, algrónir og þýfðir. Hólf 2 er norðvestar. Það er 1,5x1,5 m að innamáli. Innri brún veggja sést einna best, þeir eru 0,2-0,4 m á hæð og algrónir.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:004** gerði kálgarður

537902 627860

Á túnakorti frá 1918 er kálgarður merktur utan túns, rúmum 80 m VSV við bæ 001 og 40 m norðan við fjárhús 002. Kálgarðurinn er í brekku sem hallar til vesturs að lækjargili og til suðurs niður í grunnan hvamm.

Brekkan er grasivaxin og víða nærri kálgarðinum má sjá ummerki um túnræktun og handsléttun. Austan



*Kálgarður 004, horft til suðausturs á ljósmynd.*

við kálgarðinn og tóft 020 er lyngivaxið svæði sem ekki er ræktað.

Kálgarðurinn er 15x15 m að stærð og einfaldur. Veggirnir eru 0,5-1 m að hæð og rof er í þeim til norðausturs. Þeir eru 1-1,5 m á breidd og algrónir grasi og lyngi. Op er í norðausturhorni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SP-046:005** *Dysjar* örnefni legstaður

537590 627384

“Suður af Bollum heita Dysjar. Það eru móar eins og dysjar, grónar hnútur,” segir í örnefnaskrá. Í örnefnalýsingu fyrir Keflavík og Fjörð segir: [...] síðar koma Dysjar, smá jarðvegsþúfur, þá Víðines (syðra nesið). Svo tekur við Hraun [008], sem eru stórir steinar og hraunborgir, þar var talin mikil huldufólksbyggð á árum.” Dysjar eru tæpum 600 m suðvestan við bæ 001, sunnan og utan við læk sem rennur sunnan við Búrfell. Lækurinn rennur áfram til austurs í gegnum mógrafasvæði 010\_1. Svæðið sem kallast Dysjar er 250x100 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er gróið og einkennist af lágum hólum sem skýra mögulega tilurð örnefnisins. Hólarnir eru grónir.



*Svæðið sem nefnist Dysjar 005, horft til suðurs.*

Engin ummerki um mannvist sjást á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hóll, 2; Ö-Keflavík-Fjörður, 2


**SP-046:006** tóft óþekkt

537719 627776

Lítill tóft er rúmum 30 m norðan við stekkjartóft 025 og rúmum 250 m suðvestan við bæ 001. Þessi tóft tilheyrir að öllum líkindum eldri kynslóð minja á svæðinu. Tóftin er ofarlega í brekku, á þurru svæði. Freistandi er að tengja hana við býli 027 sem er tæpum 100 m suðvestar, ástand og gerð minjanna er álíka, en það þarfnast frekari rannsókna við. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt.

Tóftin er á gróinni tungu, í halla til austurs, austan við Búrfell. Víða eru þúfur og óræktað svæði.

Tóftin er 4,5x4,5 m að stærð, einföld og grafin inn í hlíð til norðausturs. Austurveggurinn sést einna best, þar er áberandi lyng og grænka í jarðvegi. Aðrir veggir eru útflattir. Innra byrði veggja sést einna best,



*Tóft 006, horft til suðausturs.*



þar eru þeir 0,3 m á hæð annars eru þeir 0,1-0,2 m.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:007** tóft heystæði

537888 627879

Lítil tóft er rúmum 10 m norðan við kálgarð 004 og tæpum 80 m norðvestan við bæ 001, rétt utan heimatúnsins. Tóftin er utan í hrygg, í aflíðandi brekku til norðausturs. Sé tekið mið af lagi tóftarinnar er þetta heystæði.

Gróið, þýft svæði í halla til suðausturs. Hér og þar vex lyng en mest er um grasgróður og mosa.



*Heystæði 007, horft til vesturs á ljósmynd.*

Tóftin er 3,2x2,3 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Hún er algróin grasi og lyngi, sem bendir til þess að hún sé af eldri kynslóð minja. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Ekkert op sést á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:008** *Hraun* heimild um huldufólksbústað

537234 626439

“[...] síðar koma Dysjar [005], smá jarðvegspúfur, þá Viðines (syðra nesið). Svo tekur við Hraun, sem eru stórir steinar og hraunborgir, þar var talin mikil huldufólksbyggð á árum áður,” segir í örnefnaskrá Keflavíkur og Fjarðar. Svæðið sem nefnist Hraun er að líkindum 1,6 km suðvestan við bæ 001, neðan og austan við tóft 039 og Skriðumýri, innarlega í Hólsdal. Þar eru ógrónir hólur og stór björg en lyngi vaxið inn á milli þeirra.

Ekki er vitað hvort huldufólkstrúin tengist öllu svæðinu eða hluta þess og engar sagnir eru þekktar af huldufólki í Hraunum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Keflavík-Fjörður, 2

**SP-046:009** heimild um ristur

“Torfrista og stúnga bjargleg,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Ekki hafa varðveist ummerki um torfristu á Hóli en líklega var víða hægt að rista torf. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja ristuna.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM XI, 53

**SP-046:010\_1** náma mógrafir

537795 627449

“Móskurður hefur að fornu verið, brúkast ei,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Tvö mjög stór mógrafasvæði eru um 400 m sunnan við bæ 001, á milli heimatúns og Hólsár/Fjarðarár. Svæðin eru stakstæð en tengjast saman með stökum mógröfum hér og þar. Á milli þeirra rennur jafnframt lækur. Innan mógrafanna er mótóft 010\_2.



Mógrafir 010\_1 og móstæði 010\_2. Loftmynd:  
Loftmyndir ehf.



Mógrafir 010\_1, horft til vesturs.

Gróið, deiglent svæðið. Fífa er áberandi og annar votlendisgróður. Það er greinilegt að mikill mór hefur verið tekin á svæðinu, brúnir svæðisins eru 0,3-0,5 m lægri en næsta umhverfis. Víða eru keldur í mýrinni og blautir pyttir sem eru ekki mógrafir.

Mótekjusvæðið er um 2,3 ha að stærð og snýr norður-suður. Lækur sem rennur til austurs, sunnan við Búrfell og út í Botnsána, rennur í gegnum miðju þess. Mógrafirnar eru 0,3-0,5 m á dýpt, sumar eru þurrar meðan aðrar eru blautar. Áttahorf þeirra er einnig margsvíslegt. Flestar eru grónar og deiglendir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM XI, 53

**SP-046:010\_2** þúst skemma

537828 627392

Þústin er í norðvesturhorni mógrafasvæðis 010\_1, skammt sunnan við lækinn, og var líklega mó- eða



Móstæði 010\_2, horft til austurs.

heystæði. Hún er 9x4,5 m að stærð, 0,3 m á hæð og snýr austur-vestur. Ytri brúnir hennar eru óljósar og ekki sést móta fyrir innanmáli. Þústin er flöt og mikið sigin vegna deiglendis. Stór fuglapúfa er efst á þústinni.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:011** tóft heystæði

537800 628095

Fornleg tóft af heystæði er í brekku sem hallar til suðurs. Hún er tæpum 300 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 50 m sunnan við tóft 045. Heystæðið er skammt norðan við djúpt lækjargil, í blautri mýri. Lögun þess að staðsetning bendir einna helst til þess að um heystæði sé að ræða.

Lækir renna fast austan og vestan við tóftina. Hún myndar fyrirstöðu í mýrinni og veitir vatni niður til beggja átta.



*Heystæði 011, horft til suðvesturs á ljósmynd.*

Tóftin er 6,5 x 3,3 m að stærð, er einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru 0,5 m á hæð að utanverðu en 0,3 að innanverðu. Þeir eru algrónir lyngi, mosa og mýrargróðri. Ekkert op inn í tóftina er sjáanlegt á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**SP-046:012\_1** Hólslækur renna vatnsból

537998 627862

“Lækur er norðan við Búrfell, sem heitir Hólslækur. Þessi lækur er einnig nefndur Stórlækur. Úr honum er vatn í brunnhúsinu,” segir í örnefnaskrá. Þeim læk er veitt eftir handgröfnum skurði 012\_1 til ASA, milli bæjarhóls 001\_1 og brunnhúss 012\_2. Brunnhúsið er tæpum 5 m ANA við bæjartóft 001\_2 og rúmum 6 m suðaustan við útihús 016.

Heimatúnið er stórpýft. Það er algróið og flatt á þessu svæði. Lækjarfarvegurinn er djúpur þegar komið



*Kort sem sýnir rennu 012\_1 úr Hólslæk, að brunnhúsi 012\_2 og áfram að farvegi lækjarins. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

*Renna 012\_1, horft til norðvesturs.*

er inn í túnið á þessu svæði og brattir, grónar bakkar niður að honum.

Vatninu úr Hólslæk var veitt eftir niðurgrafinni rennu, fast vestan við útihús 016 og liggur að bæjartóft 001\_2. Rennan eða skurðurinn liggur í sveig frá norðvestri til suðausturs, hlykkjast fast norðan við bæjarhólinn og er grafinn þar niður. Þar er rennan um 1 m á breidd og 0,5 m á dýpt. Austan við brunnhús 012\_2 er hún enn dýpri, 1 m og allt að 2-3 m á breidd. Hún er algróin og þurr, hún hefur fyllst af jarðvegi á síðustu áratugum enda er fyrirstaðan í Hólslæk sem veitti vatninu í hana ekki lengur til staðar. Rennan sameinast aftur Hólslæk fast vestan við útihús 028. Ekki er ljóst hvort þetta mannvirki er fornt, en líklega er bæjarhóllinn rofinn af skurðinum á þessu svæði. Rennan er 60 m að lengd og því er um töluvert mannvirki að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hóll, 2

**SP-046:012\_2** tóft brunnur

537983 627861



*Leifar af brunnhúsi 012\_2, horft til austurs.*


Tóft brunnhússins, sem vatni var veitt í úr Hólslæk, er 3x3 m að stærð. Hún er fast norðan við rennu 012\_1, beint andspænis göngum sem liggja þvert í gegnum bæjartóft 001\_2. Líklega var innangengt í brunnhúsið úr bænum, teikning af bæjarhúsunum í bókinni Fagurt er í Fjörðum styður það. Tóftin er á norðurbrún rennunnar. Hún (eða það sem sést af henni) er U-laga og ekki sést veggur á vesturhlið, líklegt er að vatnsrennsli hafi rofið hana. Veggirnir eru 0,5 m á hæð og 2 m á breidd. Til suðausturs hefur hrunið úr tóftinni, þar eru eingöngu þúfur. Um 2 m vestan við tóftina er grjót í rennunni, þar má sjá þrjá steina sem tengjast mögulega brunninum sem ætla má að hafi verið innan brunnhússins en sést ekki á yfirborði.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Fagurt er í Fjörðum, teikningar aftast í bók

**SP-046:013\_1** garðlag túngarður

537983 627901



*Mynd tekin úr lofti til suðvesturs sem sýnir túngarð 013\_1 vel.*



*Túngarðurinn, horft til norðausturs.*

Túngarður er norðan Hólslækjar, 20-25m norðan við bæjarhólinn 001\_1 og liggur hann um norðurmörk túnsins á stuttum kafla og meðfram norðausturhorni þess. Hann er tæpum 1 metra norðan við tóft 014 og svo liggur hann fast norðan við tóft 003. Sambyggð honum er lítil tóft 013\_2.

Túngarðurinn er á mörkum móa og túns í landi sem hallar til suðausturs.

Túngarðurinn er tæplega 65m að lengd, 60-80cm á hæð og 90-100cm á breidd. Hann er allur grasi gróinn og er ekki hægt að sjá neinar grjóthleðslur í honum. Greinilegt op er á túngarðinum austan við tóft 013\_2 sem er sambyggð honum. Túngarðurinn er utan túns eins og það er sýnt á túnakorti frá 1918 og má af því, draga þá ályktun, að þegar kortið var gert hefur verið búið að breyta túnstæðinu. Væntanlega hefur túngarður afmarkað allt heimatúnið en hann að hluta sléttaður þegar túnstæðinu var breytt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Túnakort 1918

**SB-046:013\_2** tóft heystæði

537976 627896



*Tóft 013\_2 sem er sambyggð túngarði 013\_1, horft til norðausturs á ljósmynd.*

Tóft 013\_2 er áföst eða sambyggð utanverðum túngarði 013\_1. Hún er rúmlega 3x3m að stærð, upphlaðin eins og pallur og er ytrabyrði um 60cm á hæð. Að innanverðu er hægt að greina óljósar veggheðslur sem eru um 50cm á breidd og er innanmál því rúmlega 2m á hvorn veg. Það vottar fyrir rás út tóftinni í gegnum túngarðinn til suðausturs. Hvort hún er hluti af mannvirkinu eða tilkomin af náttúrulegum orsökum er ekki hægt að segja með vissu. Af útliti tóftarinnar að dæma er líklegt að hún hafi verið heystæði en ekki er hægt að útiloka önnur hlutverk.

**Hættumat:** engin hætta


**SB-046:014\_1** tóft útihús

537989 627896

Tvær tóftir eru tæpa 20m vestan við tóft 015, um 1m suðaustan og innan við túngarð 013 og 25-30m norð-norðaustan við bæjarhól 001\_1. Önnur tóftin 014\_1 er skýr og greinileg en suðvestan við hana er vottur af eldri tóft 014\_2 sem hefur að öllum líkindum verið sléttuð þegar sú yngri var byggð.

Tóftirnar eru í grösugu túni sem hallar til suðausturs.

Tóftirnar eru á svæði sem er 17x10m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Yngri tóftin er norðvestan við eldri tóftina og er að hluta byggð á norðausturlanghlið hennar. Yngri tóftin 014\_1 er einföld, 8x5m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún hefur op á miðri suðvesturlanghlið. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti en er á kafi í grasi og því verða umför í grjóthleðslum ekki talin. Veggheðslur eru rúnnaðar en standa nokkuð vel. Innrabyrði er 60-80cm á hæð en ytrabyrði 50-60cm á hæð. Þykkt veggja er 1-1,5m.



Tóftir 014\_1-2, horft til vesturs á ljósmynd.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:014\_2** tóft útihús

537984 627893




Eldri tóftin 014\_2 er suðvestan við yngri tóftina 014\_1 og er hún 17x6m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur eins og sú yngri. Eldri tóftin hefur sennilega haft 3 hólf sem hafa legið hvert innaf öðru. Greina má ógreinilegt op milli hólfanna sem eru norðvestast. Vegghleðslur eru 1-2m á breidd, mjög rúnnaðar og útflattar. Ytrabyrði er lítið meira en 10cm á hæð en innrabyrði er skýrara eða 60-80cm á hæð. Þær eru alveg grónar grasi og ekki sér í neinar grjóthleðslur. Hún hefur örugglega verið sléttuð með handverkfærum.

**Hættumat:** engin hætta

Eldri tóft 014\_2, horft til austurs.

**SP-046:015** tóft fjárhús

538023 627901



Fjárhústóft 015, horft til austurs á ljósmynd.

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús utan túns um 60m aust-norðaustan við bæ 001. Þar er tóft og er hún innan túngarðs 013\_1, rúma 50m aust-norðaustan við bæjarhól, 50-55m norðvestan við tóft 017, 6m sunnan við tóft 003 og tæpa 20m austan við tóftir 014\_1 og 014\_2.

Tóftin er innan túngarðs, í grösugu túni sem hallar til suðausturs.

Tóftin er 14x12m að stærð, hefur þrjú hól og snýr norðvestur og suðaustur. Hún ber þess greinileg merki um að hafa verið sléttuð að einhverju leyti með handverkfærum en veggir og hól eru þó frekar skýr. Út frá útliti tóftar má fastlega gera ráð fyrir því að um fjárhús og hlöðu sé að ræða. Hlaðan hefur þá verið yst að norðvestanverðu, suðaustan við hana eru tvöföld fjárhús sem liggja samsíða og snúa eins og tóftin. Op er á milli syðra fjárhússins og hlöðunnar og svo er op á báðum fjárhúsunum til suðausturs. Engar grjóthleðslur sjást í veggjum og hefur þeim örugglega verið rutt um og þær huldar þegar tóftin var sléttuð. Vegghleðslur eru 1-2m á breidd, innrabyrði er 30-80cm á hæð en ytrabyrði allt að 80cm á hæð. Tóftin er á kafi í grasi og nokkuð þýfð. Framan við fjárhúsin er aflöng þúst sem snýr norðaustur og suðvestur eins og lítið veggjarbrot. Leið 621:010 liggur á milli þessarar þústar og tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Túnakort 1918

**SP-046:016** tóft útihús

537973 627871

Tóft af útihúsi er í túni, 3-4m norðan við bæjarhól 001\_1, um 17m suðvestan við tóft 042\_2 og um 55m austan við tóft 020. Tóftin er sunnan Hólslækjar en norðan við rennu 012\_1 sem vatni var veitt eftir í brunnhús 012\_1.

Tóftin er á grösugum lækjarbakka. Suðvestan við hana er slétt tún en að norðanverðu, norðan Hólslækjar, er smá flatlendi sem er vel grösugt sem tilheyrir hefur eldra túnstæði en svo tekur við mólendi og landið hækkar enn frekar til norðurs.



*Útihústóft 016, horft til norðurs.*

Tóftin er einföld, um 10x8m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og eru vegghleðslur um 2m á breidd. Grjóthleðslur sjást í innrabyrði hennar sem er 120-180cm hátt og má telja um fjögur umföri í þeim. Ytrabyrðið er um 70cm á hæð. Innst í tóftinni við norðvesturgaffinn virðist hafa verið jata sem er um 1m á breidd og um 30cm á hæð. Umhverfis tóftina og undir henni má greina uppsöfnun sem er um 1m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta


**SP-046:017** tóft fjárhús

538090 627866

Greinleg og allstór fjárhústóft er austast í túni, í halla til suðausturs. Ílöng laut er meðfram henni að

suðvestanverðu. Tóftin er 100 m austan við bæ 001 og 135 m norðaustan við fjárhús 019. Húsin eru ekki sýnd á túnakorti frá 1918 og er líklegra að þau hafi þá þegar verið komin úr notkun en að þau hafi verið byggð eftir það.

Túnið er í brekku og eru ýmsar mishæðir í því; hólar og dældir. Víða er búið að slétta það með handverkfærum og sjást á köflum skýr skil á milli sléttaðra og ósléttaðra svæða. Túnið umhverfis tóftina er sléttað nema neðan við hana til suðausturs. Túnið er grasgefið.




*Fjárhústóft 017, horft til suðausturs.*

Tóftin virðist torfhláðin að mestu og er vel gróin og tekin að síga saman þó að hún sé enn vel greinileg. Tóftin er 11x8 m stór, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í þrjú hólf. Gengið er inn í fjárhúshluta tóftarinnar í suðausturenda. Það hólf er 4x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Í miðju hólfinu er beinn, lágur kantur þvert yfir það sem skiptir því í tvo hluta. Suðaustan við kantinn er hólfíð lítillaga dýpra en norðaustan við hann. Ekki er útilokað að búið hafi verið að moka út úr húsum að hálfu leyti og að kantur marki þau skil. Op er úr fjárhúsum inn í lítillaga niðurgrafna hlöðu sem snýr þvert á fjárhúsin og er 3x2 m að innanmáli. Út frá suðvesturenda hlöðunnar gengur veggur tóftarinnar 2 m út og er þar flati sem hefur ekki skýran tilgang. Óljóst þriðja hólf, líklega heystæði, er suðvestan við og samsíða fjárhúshlutunum. Þar sést óljóst móta fyrir innanmáli hólfinsins sem er 3x2 m. Veggir tóftarinnar eru víða 0,5 m á hæð en eru nánast ógreinanlegir umhverfis hlöðu í norðvesturenda.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:018** tóft útihús

538011 627798



*Útihústóft 018, horft til suðurs á ljósmynd.*



Einföld, torfhlaðin tóft er í túni um 60 m suðaustan við bæ 001 og 40 m norðaustan við fjárhús 019\_1. Túnið er í brekku mót suðri og eru ýmsar mishæðir í því; hólar og dældir. Víða er búið að slétta það með handverkfærum og sjást á köflum skýr skil á milli sléttaðra og ósléttaðra svæða. Túnið umhverfis tóftina er sléttað ef frá er skilið svæðið framan við tóftina til suðausturs. Túnið er grasgefið.

Tóftin er torfhlaðin og fremur ferhrynd. Hún er einföld og er 5x5 m að stærð. Op er á miðjum suðausturvegg inn í tóftina. Mesta hæð veggja er 0,6 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ætla má að hún hafi gegnt hlutverki útihúss. Það er ekki merkt inn á túnakort frá 1918 en ekki er ljóst hvort að það er vegna þess að húsið hafi þá verið komið úr notkun eða vegna þess að það hafi ekki verið búið að byggja það.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:019\_1** tóft fjárhús

538001 627760

Stór fjárhústóft á rústahól og þrjú önnur ógreinileg mannvirki eru suðvestarlega í túni í halla til suðausturs. Undir þessari minjaheild eru skráðar 4 fornleifar sem fá tölustafi til aðgreiningar. Þær eru á svæði sem er 30x17 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Minjarnar eru um 80 m sunnan við bæ 001 og 35 m suðvestan við tóft 018.

Túnið er í brekku mót suðri (suðausturs) og eru ýmsar mishæðir í því; hólar og dældir. Víða er búið að slétta það með handverkfærum og sjást á köflum skýr skil á milli sléttaðra og ósléttaðra svæða. Túnið umhverfis tóftina er sléttað ef frá er skilið svæðið framan við tóftina til suðausturs og ofan við hana til norðvesturs. Túnið er grasgefið.



*Fjárhústóft 019\_1 og fleiri minjar í kring, horft til suðurs á ljósmynd.*

Fjárhústóft 019\_1 er á afgerandi rústahól sem er 24x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur eins og tóftin. Ætla má að hann sé að hluta náttúrulegur en hann er ekki hærri en 0,5 m. Tóftin er 18x9 m að stærð og skiptist í fjögur hólf. Suðaustasti hluti tóftarinnar er útflattur en þar má greina óljóst op til norðvesturs inn í fjárhúshluta tóftarinnar. Það hólf er 6,5x3 m að stærð og snýr eins og tóft. Op er úr því til norðvesturs í hlöðu sem stendur hærra en fjárhúsin. Hún er 4x2 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Utan við hlöðuna til suðvesturs er heytóft sem er 3x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni á miðri suðvesturhlið. Að lokum er svo óljóst hólf eða stallur í norðvesturenda tóftarinnar. Innanmál er nánast ógreinanlegt en virðist um 1,5 m í þvermál. Tóftin er öll grasi gróin og sést hvergi í grjót í henni. Veggir eru hæstir um 1 m á mörkum fjárhúshluta og hlöðu en víðast eru þeir lægri.

**Hættumat:** engin hætta



*Fjánhús 019\_1, horft til suðurs.*



*Gerði 019\_2, horft til suðurs.*

**SP-046:019\_2** gerði óþekkt

537990 627767

Stórpýft og nokkuð fornlegt gerði 019\_2 er fast norðvestan við fjárhústóft 019\_1, mögulega stórt heystæði eða lítil rétt. Gerðið er um 10,5x9,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Það er hlaðið norðvestan í hólinn sem fjárhústóftin er á og er ekki greinanlegur veggur á helmingi suðausturhliðar gerðisins. Gerðið virðist torfhlaðið og eru veggir þess 1,5-2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Ekki er augljóst op á því. Afgerandi túnasléttun er ofan og norðan við meint gerði og ýkir það ytri brún þess. Það er því ekki útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:019\_3** þúst óþekkt

537988 627764

Fast suðvestan við gerði 019\_2 er mikil og þýfð þúst 019\_3 sem virðist geyma mannvistarleifar. Hún er 12x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er 0,5-0,6 m á hæð. Nokkuð greinileg rauf eða renna er eftir endilangri þústinni í norðausturhluta hennar. Mögulega sýnir hún hluta af innanmáli í mannvirki.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:019\_4** hleðsla óþekkt

537986 627770



*Hleðsla 019\_4, horft til ANA.*

Fast norðvestan við þúst 019\_3 virðist vera hlaðinn veggur en ekki er ljóst hverju hann tengist og ekki er útilokað að hann sé náttúrumyndun. Veggur þessi er 5 m á lengd og 2 m á breidd í suðvesturenda en mjókkar lítillega til norðausturs. Hann er 0,4 m á hæð.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:020** tóft útihús

537905 627873

Tóft er rúmum 50 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 8 m ANA við kálgarð 004. Tóftin er rétt utan við heimatúnið eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1918 en sé tekið mið af lagi og staðsetningu þess er um útihús að ræða.

Tóftin er á hárrí brekkubrún en brekkan er algróin, stórpýfð og brött. Heimatúnið er neðan við þessa brekku.



*Útihústóft 020, horft til ANA á ljósmynd.*


Tóftin er 12,5x11 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í þrjú hólf. Hólf 1 er syðst. Það er 3x2 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur og op er á því í suðurhorni. Veggirnir eru 1,1-1,5 m á hæð, þýfðir og algrónir. Það glittir í steina neðst en mikið veggjahrun er inni í tóftinni sem gerir þetta óskýrt. Hólf 2 er norðvestar. Það er 3,5x2,1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það var ekki undir þaki og líklega heystæði. Ekkert op sést þar inn en kindastígur liggur þvert yfir suðausturenda þess. Veggirnir eru 1 m á breidd, 0,3 m á hæð og algrónir. Hólf 3 er norðaustan við hólf 1 og var heystæði. Það er niðurgrafið og er 3x m að innanmáli. Hólfíð er 0,5-1 m á dýpt og óljóst op er til norðvesturs. Hólfíð afmarkast af grónum bökkum norðan og sunnan við niðurgröftinn en ekki er greinilegt veggjalag á þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:021** tóft fjárhús

537884 627884

Tóft er 4 m norðan við heystæði 007 og um 80 m norðvestan við bæ 001. Tóftin er skammt utan við



*Fjárhústóft 021, horft til norðurs á ljósmynd.*

heimatúnið og var að öllum líkindum útihús.

Gróið, þýft svæði í halla til suðausturs. Hér og þar vex er lyng.

Tóftin er grafin inn í brekku til norðurs. Hún er 11x8 m að stærð, snýr NNA-SSV og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er austar og mun greinilegra. Það er 5,6x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því í austurhorni en veggir og þak hafa hrunið þar fyrir. Einnig er mikið hrun inni í hólfinu sjálfu. Veggirnir eru algrónir, 0,3-1 m á hæð. Hvergi glittir í grjóti. Hólf 2 er suðvestar og mun ógreinilegra. Það er afmarkað til NNA og SSV af veggjabrotum sem fjara síðan út. Ekki er ljóst hvernig hólfíð var afmarkað til vesturs. Þar er kantur sem er 0,1 m á hæð. Veggirnir eru mun umfangsminni en í hólf 1, þeir eru 0,2-0,3 m á hæð og sá syðri sést lítið sem ekkert á yfirborði. Þetta er líklega fjárhús með heystæði.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:022** tóft kvíar

537852 627904

Greinileg, ílöng tóft er á milli tveggja lækjargilja norðvestan við heimatúnið. Hún er rúmum 120 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 30 m norðvestan við tóft 021. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu tóftarinnar er þetta kvíatóft.

Tóftin er á norðurbakka lækjargils ónefnds lækjar, það er djúpt og bratt fram af honum þar niður. Til norðurs er lyngivaxið, þýft svæði.



*Kvíar 022, horft til VNV á ljósmynd.*

Tóftin er 11x4,5 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er opin til suðausturs. Hún er grasivaxin og slétt að innan. Inni í henni er veggjahrun en ekki var þak á henni. Það má sjá 2 umför af grjóti neðst í innanverðum veggjum, ofan við þau eru torfhleðslur. Þeir eru 0,2-1 m á hæð, hæstir að innanverðu en tóftin er lítilllega grafin inn í brekku til norðausturs.

**Hættumat:** engin hætta


**SP-046:023** tóft fjárhús

537903 627841

Greinileg tóft er í túnjaðri, fast sunnan við kálgarð 004. Hún er rúmum 50 m vestan við bæ 001 og 3 m suðaustan við kálgarð 004. Tóftin er á flötu svæði, suðaustan við brekku og er ekki sýnd á túnakorti frá 1918. Þetta er fjárhús og líklega má greina tvö byggingarstig þess.

Grasivaxið, þýft tún.

Tóftin er 15x10 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í fjögur hólf. Í norðausturenda er hólf 4. Það gæti allt eins verið eldri tóft, veggirnir virðast stefna undir aðra hluta tóftarinnar. Hólfíð afmarkast af vegg sem er bogadreginn, 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Hólfíð er 5x3,2 m að innanmáli, snýr norður-




*Fjárhústóft 023, horft til suðausturs á ljósmynd.*

suður og langveggur í hólfi 1 afmarkaði það til vesturs. Þar er nú lág og erfitt að greina á yfirborði hvort þessi hólfi eru sambyggð eða ekki. Hólf 1 er í miðri tóftinni, suðvestan við hólfi 4. Það er 4,2x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru 0,3-1 m á hæð, það glittir í stöku steina hér og þar en mikið veggjahrun er inni í því. Op er inn í hólfið á suðausturgaffli og úr því er op á norðvesturgaffli inn í hólfi 2 sem er nyrst í tóftinni. Hólf 2 er nyrst í tóftinni og er 2,7x1,8 m að innanmáli. Veggirnir eru 0,3 m að hæð, 1 m á breidd og algrónir. Hluti af vesturvegg er nánast horfinn, mögulega vegna tilrauna til túnasléttunar. Hólf 3 er syðst og líklega heystæði utan á tóftinni. Það er 2,4x1 m að innanmáli, snýr NNV-SSA og op á því á suðvesturhlið. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-046:024\_1** tóft óþekkt

537849 627760



*Tóftir 024\_1-2.*

*Tóft 024\_1, horft til suðvesturs.*

Fremur ógreinilegar tóftir eru rétt vestan heimatúnsins, á svæði sem er 17x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær eru rúmum 30 m suðvestan við útihús 002 og um 140 m suðvestan við bæ 001. Ekki er ólíklegt að hér sé um eina tóft að ræða en þær eru nokkuð fornlegar. Á milli tóftanna liggur kindastígur en tengslin á milli þeirra eru rofin á yfirborði. Minjarnar eru á svæði sem er 17x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur, þar eru tvær einingar, tóft 024\_1 og tóft 024\_2. Ekki er útilokað að þetta séu fjárhús/útihús frá Brandsgerði 002\_2 en það þarfnast frekari rannsókna til staðfestingar.

Tóftirnar eru austan við gróna brekkubrún. Til vesturs er deiglendi en minjarnar eru á þurrum bakka. Hann er lyngi- og grasivaxinn. Svæðið neðan við minjarnar til austurs og suðurs er stórþýft.

Tóft 024\_1 er suðvestar og hlutverk hennar er óþekkt. Hún er 7,5x6,5 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á tóftinni í vesturhorni en mögulega er veggur þar einungis útflattur. Veggirnir eru 2 m á breidd, 0,2-0,3 m á hæð og signir. Veggirnir eru vaxnir lyngi og mosa.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:024\_2** tóft óþekkt

537854 627767



Tóft 024\_2 er fast norðaustan við tóft 024\_1. Hún er 9,5x7,5 m að stærð og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er í norðvesturhluta tóftar, er 3,3x1,2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf 2 er í suðvesturhluta tóftar, er 4x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Inn í hvorugt hólfid má greina op á yfirborði. Veggirnir eru útflattir og lyngi- og mosavaxnir. Þeir eru 2 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta


*Tóft 024\_2, horft til norðausturs.*

**SP-046:025** Stekkjargrundir tóft stekkur

537746 627738

“Upp af og suður af bæ heita Stekkjargrundir,” segir í örnefnaskrá. Stekkjartóft er um 250 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 30 m SSA við tóft 006. Tóftin er ekki forn og tilheyrir að öllum líkindum yngsta skeiði búsetu á jörðinni. Hún er sunnar á sömu tungu og tóft 006, brúnir hennar mjókka hér og koma saman nokkuð austar í deiglandi. Hún er í aflíðandi halla til austurs.

Svæðið er þurrt. Það er grasivaxið en lyng og mosi er einnig áberandi. Beggja vegna við tunguna renna lækir.



*Stekkur 025, horft til suðvesturs á ljósmynd.*

Tóftin er 14x8 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólf. Hólf 1 er norðvestar. Það er 9x4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því í norðvesturenda, 1-2 umför af grjóti eru neðst í veggjum að öðru leyti eru þeir torfhlaðnir. Þeir eru 1-2 m á breidd en mjókka eftir því sem ofar dregur. Þeir eru 0,5-1 m á hæð en mikið hrun er í norðvesturenda, þar sem opið er. Inni í hólfinu, í

suðausturhorni, er líka mikið rof eftir kindur. Þar glittir í torf. Hólf 2 er suðaustar og stendur hærra uppi. Það er 4,5x1,3 m að innanmáli og snýr suðvestur-norðaustur. Veggirnir eru 0,2 m á hæð að innan en 0,5 m að hæð að utan. Hólfið er fullt af jarðvegi og veggjahreni. Ekki er hægt að greina op á yfirborði þar inn.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Hóll, 2

**SP-046:026\_1** tóft skemma

537721 627521

Tvö mó- eða heystæði eru um 60 m norðvestan við mógrafir 010\_1 og rúmum 420 m SSV við bæ 001. Þau eru í hólum neðan við hlíðar Búrfells. Um 20 m vestan við minjarnar eru kindagötur sem eru hluti af leið 046. Minjarnar eru á svæði sem er 26x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Svæðið er gróið og þar eru fjölmargir litlir hólar sem eru lyngi- og grasivaxnir.




*Móstæði 026\_1, horft til norðurs á ljósmynd.*

Tóft 026\_1 er vestar af tóftunum tveimur. Hún er 4,3 x 3 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er uppi á hól sem er 1,5-2 m á hæð. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og grænni en nánasta umhverfi. Op er á tóftinni í suðurenda.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:026\_2** þúst skemma

537740 627507



*Þúst 026\_2, horft til norðausturs á ljósmynd.*


Þúst 026\_2 er 20 m suðaustan við tóft 026\_1. Hún er norðarlega á hól, í halla niður af honum. Þústin er algróin og þýfð, mun grænni en nánasta umhverfi. Erfitt er að greina veggj á yfirborði en greinilegt er að mannvist er hér undir sverði. Að norðan er brún þústarinnar 0,3 m á hæð og brött. Hún er 3,5x3,5 m að stærð. Lágir hólar eru vestan við þústina, á þeim gætu einnig verið fleiri sambærileg mannvirki undir sverði.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:027\_1** bæjarhóll býli

537641 627715

Austan undir Búrfelli og vestan við allmikinn, nafnlausan læk sem á upptök sín í Ytriskál, eru fimm mjög fornlegar tóftir og bæjarhóll á svæði sem er 43x23 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hlutverk þeirra er ekki þekkt en helst kemur til greina að um fornþýli sé að ræða sem ekki er getið um í heimildum. Minjarnar eru um 350 m suðvestan við bæ 001 og 90 m suðvestan við tóft 006. Tóftirnar eru allar lyngivaxnar og signar. Þær tilheyra elstu minjum á svæðinu.



*Afstaða minja nafnlauss býlis 027.*

Tóftirnar eru í aflíðandi halla til austurs, niður frá Búrfelli. Umhverfis tóftirnar er lyngivaxinn mói og flatlendi. Deiglendi er nokkuð austar. Svæðið hefur ekki verið ræktað upp en umhverfis tóftirnar er lítið af þúfum og smá grænka er enn í þeim. Flatlendið gæti verið vísbending um tún sem löngu er fallið úr ræktun.

Það mótar fyrir bæjarhól undir tóft 027\_2, hún nær yfir hann allan. Hóllinn er þýfður, 12x8 m á stærð og er 0,5 m á hæð. Hann snýr VNV-ASA. Hann er vaxin lyngi og mosa en töluverð grænka er enn í honum.

**Hættumat:** engin hætta


**SP-046:027\_2** tóft bústaður

537644 627711

Tóftin er nyrst á svæðinu og er að öllum líkindum bæjartóft. Tóftin er 11x8 m að stærð, snýr ASA-VNV og skiptist í þrjú hólf. Veggirnir eru 3-0,5 m á hæð og 2,5 m á breidd. Op er inn í tóftina austast á suðurhlið og komið inn í hólf 1 sem er austast í henni. Það er 2,5x2 m að innanmáli og snýr austur-



SP-046:027




Bæjartóft og bæjarhóll 027\_1-2, horft til norðausturs á ljósmynd.

vestur. Op er úr þessu hólfu til vesturs inn í hólf 2. Það hólf er 2,5x2,5 m að stærð en innanmál er óljóst. Ein steinn sést inni í hólfinu. Úr hólfu 2 er svo op til norðurs í hólf 3 sem er nyrst. Það er 1,6-1,2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er opið til suðurs og veggirnir eru 0,4 m að hæð. Mun meiri grænka er í þessari tóft en hinum minjunum sem bendir til þess að hún hafi verið nýtt lengur eftir að býlið fór í eyði.

**Hættumat:** engin hætta

SP-046:027\_3 tóft útihús

537669 627698



Útihústóft 027\_3, horft til suðausturs á ljósmynd.

Tóftin er norðaustust og er um 25 m suðaustan við tóft 027\_2. Þetta var útihús. Tóftin er einföld, 7x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er í suðausturhorni. Veggirnir eru þýfðir, 2 m á breidd og 0,5 m á hæð að utan en 0,2 m á hæð innan.


**Hættumat:** engin hætta

SP-046:027\_4 tóft útihús

537661 627697

Tóftin er 6 m vestan við útihúsatóft 027\_3. Hún er 7,6x6 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er stærri en hinar útihúsatóftirnar og op er á henni í austurhorni. Veggirnir eru 2-3 m á breidd, 0,4 m á hæð og algrónir lyngi og mosa. Innan í tóftinni er grasi vaxið og botn hennar er flatur.

**Hættumat:** engin hætta




Útihústóft 027\_4, horft til norðausturs á ljósmynd.

**SP-046:027\_5** tóft útihús

537645 627694

Tóft 027\_5 er 8 m vestan við tóft 027\_4 og var líka útihús að öllum líkindum. Hún er 8x4 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hólf. Veggir tóftarinnar eru 2,5-3 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hún er grafin til norðausturs inn í lága brekku. Gróin lág er vestan við hana, líklega er það lækjarfarvegur eða vatnsrás, ekki er ljóst hvort að þarna hafi runnið vatn að jafnaði. Hólf 1 er í vesturenda tóftar. Það er 3x2



Útihústóft 027\_5, horft til suðurs á ljósmynd.

m að innanmáli og op á því í vesturenda. Þar sést aðeins kantur en ekki veggur. Hólf 2 er í austurenda tóftar. Það er 2,5x1,5 m að innanmáli og ekki er hægt að greina op á því yfirborði.


**Hættumat:** engin hættu

**SP-046:027\_6** tóft útihús

537631 627704

Tóft 027\_6 er 10 m NNV við tóft 027\_5, ofar í brekkunni. Hún er 4,3x3,6 m að stærð, einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á henni í suðurhorni. Veggirnir eru 1-2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tóftin er á sama "stalli" í brekkunni og tóft 027\_2. Inni í henni vex gras en að öðru leyti er hún vaxin lyngi og mosa. Ætla má að tóftin hafi gegnt hlutverki útihúss.

**Hættumat:** engin hættu




Útihústóft 027\_6, horft til norðurs á ljósmynd.

**SP-046:028\_1** þúst óþekkt

538007 627859

Rústahóll er norðaustan við bæjarhóllinn og tengist honum með grönnu hafti. Hann er um 25m suð-suðvestan við tóft 015 og tæpa 55m vestan við tóft 017. Á hólnum er tóft 028\_2 en þar eru einnig greinilegar leifar minja sem eru orðnar mjög aflagaðar svo að á þeim sést ekkert skýrt byggingalag.

Rústahóllinn er í grösugu túni og hallar land til suðurs. Hann afmarkast af læk til norðurs og skurði 012\_1 sem bæjarlæknum var veitt í til vesturs.



Minjar 028; rústahóll og tóft.



Rústahóll 028\_1, horft til austurs.


Rústahóllinn 028\_1 er 27x20m stór og snýr norðvestur og suðaustur. Hóllinn er mjög grösugur og þýfður og ber þess merki að þar hafi leifar margra bygginga hlaðist upp í gegnum tíðina. Upphleðsla hans er 1-2m á hæð. Efst á hólnum er tóft 028\_2 en þar má einnig enn sjá ummerki eftir eldri mannvirki sem væntanlega eru vegghleðslur sem hafa verið um 100-120cm á breidd og af allt öðrum toga en yngsta tóftin á rústahólnum. Þessi eldri mannvirki hafa að öllum líkindum verið sléttuð með handverkfærum.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-046:028\_2** tóft heystæði

538008 627857

Tóft 028\_2 er á rústahóli 028\_1. Hún er einföld, 5x4m að stærð og snýr norð-norðaustur og suð-suðvestur. Hún er opin til suðurs. Vegghleðslur eru 50-60cm á breidd, ytrabyrði 40-50cm á hæð en innrabyrði 50-60cm á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í vegghleðslunum sem eru vel grónar grasi. Út frá gerð tóftar má helst gera ráð fyrir að um heystæði sé að ræða.



*Heystæði 028\_2, horft til norðurs á ljósmynd.*


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:029** tóft heystæði

537422 627104

Tóft er vestan við Hólsá / Fjarðará inni á Hólsdal um 290m austan við tóft 033\_6, um 45m sunnan við tóft 050 og rúma 900m suðvestan við bæjarhól 001.

Tóftin er í grösugu mólendi sem hallar til suðausturs og er votlent umhverfis hana. Fast framan og suðvestan við hana er lækjarsytra.



*Heystæði 029, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Tóftin er einföld, 10x5m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Ekkert hleðslugrjót sést í tóftinni sem er alveg opin til suðvesturs. Veggheðslur eru mjög rúnnaðar. Innrabyrði þeirra er 50-60cm hátt, ytrabyrðið 30-50cm hátt og breidd 120-150cm. Út frá staðsetningu og gerð má draga þá ályktun að um heystæði sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:030\_1** þúst útihús


538005 627722

Syðst í túni er rústahóll, um 112m sunnan við bæjarhól 001, tæpa 25m sunnan við tóft 019 og 150-160m aust-suðaustan við tóft 024. Syðst á hólnum er niðurgrafin tóft 030\_2.

Rústahóllinn er í jaðri grösugs túns og er landið nokkuð bratt sunnan við hólinn. Vestan og sunnan við hólinn rennur lækjarsytra.

Rústahóll 030\_1 er 6x5m að stærð, hvann grænn og er upphleðsla hans um 80-100cm. Hóllinn ber þess merki að þar hafa mannvirkjaleifar hlaðist upp í langan tíma.

**Hættumat:** engin hætta



*Rústahóll og tóft 030\_1-2, horft til suðausturs á ljósmynd.*

**SP-046:030\_2** tóft heystæði

538006 627720

Lítill niðurgrafin tóft er syðst utan í rústahól 030\_1 sem er um 2x2m að innanmáli. Op er á henni til suðurs. Innrabyrði hennar er 30-50cm á hæð. Út frá staðsetningu og útliti tóftar má helst gera ráð fyrir að hún hafi verið nýtt sem heystæði.

**Hættumat:** engin hætta


**SP-046:031** tóft óþekkt

537363 626832

Fornleg tóft er fremur innarlega á Hólsdal, um 40 m austan við tóft 032 og 1,2 km suðvestan við bæ 001. Tóftin er fast sunnan undir afgerandi hóli sem er stórgrýttur og gróðurlítill að ofan en lynggróinn í hlíðum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt en ætla má að hún sé frá sama tíma og tóft 032.

Flatlendar engjar eru sunnan við tóftina og renna margir lækir í gegnum þær til norðausturs í Hólsá/Fjarðará. Mikið graslendi er á svæðinu en tóftin er lyngi vaxin.

Tóftin er einföld, 8x5,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er aðeins farin að aflagast, einkum í SSA-horni. Ekki sést skýrt op á tóftinni en líklegt er að það hafi verið í suðurenda. Lína sker vegg í NNA-



*Fornleg tóft 031, horft til VNV á ljósmynd.*


enda en hún virðist ekki gefa til kynna að þar hafi verið op. Veggir tóftarinnar eru hæstir í NNA-enda og VNV-langhlið þar sem þeir eru 0,4-0,5 m háir. Hvergi sést í grjóti í veggjum tóftarinnar og virðist hún að mestu torfhlaðin.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:032** tóft óþekkt

537318 626823

Lítill, fornleg tóft er fremur innarlega á Hólsdal, um 40 m vestan við tóft 031 og 1,2 km suðvestan við bæ 001. Tóftin er fast sunnan undir afgerandi hól sem er stórgrýttur og gróðurlítill að ofan en lynggróinn í hliðum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt en ætla má að hún sé frá sama tíma og tóft 031. Flatlendar engjar eru sunnan við tóftina og renna margir lækir í gegnum þær til norðausturs í Fjarðará. Mikið graslendi er á svæðinu en tóftin er lyngi vaxin.




*Fornleg tóft 032, horft til NNV á ljósmynd.*

Tóftin er einföld og nokkuð ferköntuð þó að horn hennar séu rúnuð. Hún er 6x4,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Óljóst op er á miðri SSA-hlið. Innanmál tóftarinnar er ógreinilegt og hallar lítilega til SSA. Veggir tóftarinnar eru rúmur 1 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Hvergi sést í grjóti í veggjunum og virðist tóftin að mestu torfhlaðin.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:033\_1** náma mógrafir

536949 627013



*Yfirlitskort af minjum innan mógrafasvæðis 033\_1. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

*Skýr gröf á mógrafasvæði 033\_1, horft til norðvesturs.*

Stórt mógrafarsvæði er suðvestan Búrfells og norðan Skálarlækjar. Það er um 850m suðvestan við bæjarhól 001, 190-200m norðan við tóft 041 og um 250m norðvestan við tóft 040. Innan svæðisins eru fimm tóftir sem ætla má að hafi verið stæði fyrir mó og torf. Þrjár tóftir 033\_2, 033\_3 og 033\_4 eru í hnapp miðsvæðis innan svæðisins en 033\_5 er við suðurmörk svæðisins en 033\_6 við norðurmörk svæðisins.

Mógrafarsvæðið er nokkuð hátt í landinu undir klettabelti á milli Syðri-Hólsskál og Ytriskál og ofan og norðvestan við Skálarbrekkur. Landið er mjög deiglent og víða litlar lækjarsytrur. Einhvers konar jarðsigsbollar eru nokkuð einkennandi fyrir svæðið.

Mógrafarsvæðið 033\_1 er 380x190m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Á svæðinu er mikið af grunnum gryfjum sem eru teknar að gróa í botninn en líka mjög djúpum gryfjum sem eru fullar af vatni.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:033\_2** tóft skemma

536974 626976

Tóft 033\_2 sem ætla má að hafi verið móstæði út frá staðsetningu og útliti er við suðaustur jaðar mógrafarsvæðisins. Hún er tvískipt, 10x6m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Vegghleðslurnar eru 60-80cm á breidd og er innrabyrði 30-50cm á hæð en ytrabyrði 50-80cm á hæð. Vegghleðslurnar virðast vera úr torfi og eru grónar lyngi en engar grjóthleðslur sjást í þeim. Botninn er gróinn grasi. Tóftin er fremst á nokkuð bröttum bakka og suðaustan við hana er önnur tóft 033\_3. Landið liggur mót suðaustri.

**Hættumat:** engin hætta



*Móstæði 033\_2-3, horft til norðausturs á ljósmynd.*

**SP-046:033\_3** tóft skemma

536980 626973


Tóft 033\_3 sem ætla má að hafi verið móstæði út frá staðsetningu og útliti er við suðaustur jaðar mógrafarsvæðisins. Hún er upphlaðinn pallur sem er 7x4m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Ytrabyrði hans er 30-50cm á hæð. Tóftin er fremst á bakka og suðvestan við hana er önnur tóft 033\_2. Landið snýr mót suðaustri.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:033\_4** tóft skemma

536950 627002

Tóft 033\_4 er fremst á lækjarbakka, um 31m norðvestan við tóft 033\_2, um 107m norðan við 033\_5 og um 217m suðvestan við tóft 033\_6. Tóftin er einföld, um 3x3m á stærð og hefur op til suðausturs. Vegghleðslur eru um 1m á breidd og er ytrabyrði þeirra 40-70cm á hæð en innrabyrði 30-50cm á hæð.




*Móstæði 033\_4, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Tóftin virðist hlaðin úr torfi en engar grjóthleðslur sjást í henni. Út frá gerð og staðsetningu má ætla að um mótóft sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-046:033\_5** tóft skemma

536946 626888



*Móstæði 033\_5, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Tóft 033\_5 er við suðurjaðar mógrafarsvæðis 033\_1, um 85m suð-suðvestan við tóft 033\_2 og um 106m beint suður af tóft 033\_4. Tóftin er tvískipt, 9x4m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Vegghleðslur eru 60-80cm á breidd og er innrabyrði 50-60cm á hæð en ytrabyrði 40-60cm á hæð. Tóftin virðist torfhlaðin en ekkert hleðslugrjót sést í henni. Hún er vel grösug og orðin nokkuð þýfð en út frá gerð og staðsetningu má ætla að um mótóft sé að ræða.


**Hættumat:** engin hætta

**SB-046:033\_6** tóft skemma

537292 627013

Tóft 033\_6 er fremst á flötum bakka í undir brattri hlíð á jaðri blauts mýrlendis. Hún er enn fremur við norðurjaðar mógrafarsvæðis um 290m norðaustan við tóft 033\_2. Tóftin er þrískipt, 8x4m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Vegghleðslurnar sem eru orðnar nokkuð þýfðar og aflagaðar eru um 50cm á breidd og 40-60cm á hæð. Tóftin er öll gróin lyngi og grasi og út frá gerð og staðsetningu má ætla að um mótóft sé að ræða. Ekkert op sést á tóftinni.






*Móstæði 033\_6, horft til suðausturs á ljósmynd.*

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:034** brunnur brunnur

538019 627908

Grjóthrúga er fast norðvestan við fjárhús 015 og rúmum 60 m norðaustan við bæ 001. Þetta er að öllum líkindum brunnur sem búið er að fylla eða loka með grjóti, norðan við Hólslæk.



*Brunnur 034 sem hefur verið fylltur, horft til suðurs á ljósmynd.*

Stórpýft og grasivaxið heimatún.

Grjóthrúgan er 2 m í þvermál og ekki sjást greinileg umför í henni. Beinir og gróir bakkar, um 0,1 m á hæð eru meðfram grjótinu. Lag og staðsetning grjóthrúgunnar bendir til þess að um brunn fyrir útihúsin norðan við Hólslæk sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta


**SP-046:035** tóft óþekkt

537293 627013

Allstór, ílóng tóft er í flatlendu mýrarsundi neðan við lyngi grónar brekkur (mögulega Skálarbrekkur) inni á Hólsdal. Tóftin er 60 m norðan við mógrafir 048 og 1,1 km suðvestan við bæ 001.

Tóftin er á þurrum bletti en allt í kringum hana er deiglent. Lynggróður vex á tóftinni nema suðvestast þar sem er einnig er grasgróður.

Tóftin virðist torfhlaðin, er 10x4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Framan við tóftina til



*Fornleg tóft 035, horft til suðausturs á ljósmynd.*

suðausturs er allhár kantur á mörkum móa og mýrar þar sem torf í mannvirkið virðist hafa verið stungið upp. Einnig eru ummerki um efnistöku norðaustan, suðvestan og vestan við tóftina. Reyndar er mögulegt að illgreinanleg viðbót við tóftina (e.t.v. heystæði) hafi verið norðaustan við hana en þar má greina eins og mjóan vegg sem afmarkar svæði sem er rúmlega 2x1 m að innanmáli. Í tóftinni sjálfri sjást ekki ummerki um hólfskiptingu og ekki sést heldur op á henni. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,5 m á hæð. Þeir virðast mjórri og þýfðari í suðvesturenda en annarsstaðar. Það orsakast að líkindum af því að deiglendara er í þeim enda tóftarinnar. Hlutverk þessarar tóftar er ekki þekkt en helst kemur til greina að þetta sé stórt heystæði.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:036** tóft heystæði

537214 626782

Tvískipt, torfhláðin tóft er á hólbarði neðst í stöllóttri brekku þar sem skiptast á mýrar og lyngmóar. Lækur rennur fast norðaustan við tóftina og er farinn að naga af norðausturhlið hennar. Þar er einnig rof vegna kindabælis. Tóftin er 26 m suðvestan við tóftir 040 og 1,3 km suðvestan við bæ 001.

Mýrlent og grasgefið er í kringum tóftina. Sjálf er hún vaxin grasi og lyngi.



*Heystæði 036, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

Tóftin er 7x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er skýrt op á henni en helst er að sjá að það hafi verið í norðvesturenda. Mjór og lágur veggur skilur að hólfin í tóftinni. Það suðaustara er 3x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Það norðvestara er um 2x2 m að innanmáli. Veggir hennar eru víðast um 1 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en af útliti og

staðsetningu að dæma kemur heystæði helst til greina.


**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**SP-046:037** tóft óþekkt

537332 626748

Tóft er á Víðinesi, flatlendi niður við Hólsá/Fjarðará, innarlega í Hólsdal í jaðri þýfðs lyngmóa. Tóftin er 60 m norðaustan við tóft 038 og 1,3 km suðvestan við bæ 001.

Smáþýft og grösugt er í kringum tóftina. Hún sjálf er mikið til lyngi vaxin en virðist ekki mjög forn. Gott beitiland og slægjur eru hér í kring og upp í hlíðar til norðvesturs en grýtt holt er til suðvesturs þó að gróið sé inn á milli stórgrýtis.



*Tóft 037, horft til norðausturs á ljósmynd.*

Tóftin er tvískipt og líklega að mestu torfhláðin þó að einn steinn sjáist í henni. Hún er 7,5x3,5 m stór, snýr norðaustur-suðvestur. Op er inn í tóftina norðaustast á norðvestur-langvegg. Þar er komið inn í hólfið sem er 2,5x2,5 m að innanmáli. Ekki er greinilegur veggur á milli þess hólfis og hólfis innan við það í suðvesturenda tóftarinnar. Það hólfið er 2x2 m að innanmáli. Hlaðinn bálkur, mögulega garði, er í miðju hólfinu og snýr eins og tóftin. Ef bálkurinn er í reynd garði er líklega um beitarhús að ræða en þau standa þá óvenju lágt í landinu. Veggir tóftarinnar eru hvergi breiðari en 1 m og eru þeir helmingi mjórri á suðausturhlíð. Mesta hæð veggja er 0,4 m og sést þæla meðfram báðum langhlíðum. Suðvestan við tóftina er greinilegur niðurgröftur, mögulega þæla, en ekki er útilokað að þar hafi verið heykuml. Einnig er niðurgröftur við norðausturenda tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta


**SP-046:038** tóft óþekkt

537283 626711

Fornleg tóft er á Víðinesi í flatlendum, þýfðum lyngmóa á milli Víðneslækjar og Hólsár/Fjarðará, innarlega í Hólsdal. Tóftin er 300 m norðaustan við tóft 039 og 1,3 km suðvestan við bæ 001.

Smáþýft og lyngi vaxið er í kringum tóftina. Til vesturs og suðvesturs eru grýttir en grónir hólar.

Tóftin er er mjög fornleg og gengin í þúfur. Hún er 14x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin skiptist í tvö hólfi. Í norðausturenda er minna hólfið og er það 2,5x2 m að innanmáli. Op eru í norður- og austurhornum hólfisins en þau hafa að líkindum myndast vegna rofs. Ef það hefur verið op á þessu hólfi hefur það engu að síður að líkindum verið á norðausturhlíð þess. Í suðvesturhluta tóftarinnar er stórt hólfið eða gerði sem er 7x5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Það er breiðast í norðausturenda og mjókkar lítilliga til suðvesturs. Mjóar rennur liggja úr því sitthvoru megin við minna hólfið í norðausturenda en óvíst er að þar hafi verið op inn í hólfið. Veggir þess eru lægstir á suðausturhlíð og mögulega var op á því í suðurhorni. Veggir tóftarinnar eru 1-2 m á breidd og 0,2-0,3 m



*Fornleg og áhugaverð tóft 038, horft til austurs á ljósmynd.*

á hæð. Þeir eru gengnir í þúfur og hvergi sést í grjóthleðslur. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:039** tóft óþekkt

537059 626491

Tóft er í flatlendu viki sem gengur til suðausturs út frá blautri og grösugri mýri (líklega Skriðumýri) í Hólsdal vestan við Hraun (sjá 008). Tóftin er 270 m suðaustan við tóft 041 og 1,6 km suðvestan við bæ 001.

Vikið sem tóftin er í er á milli grýtttra hæða þar sem lynggróður er að miklu leyti horfinn vegna rofs. Í vikinu er grunn ílöng tjörn sem snýr norðvestur-suðaustur og vex gras í henni. Að öðru leyti er lynggróður í kringum tóftina.



*Tóft 039, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Tóftin er einföld og gróin, ekki sést grjót í veggjum hennar. Hún er 8,5x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er vel greinileg og útlínur hennar eru skýrar en hún virðist allforn. Veggir hennar eru 0,5 m á hæð utanmáls og ógreinilegt op er á henni í norðurhorni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að hún tengist nytjum á þessu svæði, mótekju eða heyskap.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:040\_1** tóft beitarhús

537239 626801

Tvær tóftir eru neðarlega í Skálarbrekkum og rennur Víðineslækur suðaustan við þær. Tóftirnar eru 26

SP-046:040




Tóftir 040.

Horft til suðurs yfir minjar 040.

m norðaustan við tóft 036 og 1,3 km suðvestan við bæ 001. Þær eru á svæði sem er 20x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Suðaustast á svæðinu er líklega beitarhúsatóft 040\_1 og ofan við hana til norðvesturs er tvískipt heytóft 040\_2.

Skálarbrekkur eru grösugar brekkur í nokkrum stöllum. Í þeim skiptast á mýrlend svæði og lyngmóar. Neðan við brekkurnar taka við flatlendar mýrar.



Beitarhúsatóft 040\_1, horft til suðausturs á ljósmynd.


Fjárhústóft 040\_1 er á hólbarði og er hún lyngi og grasi gróin. Tóftin er 12x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í tvo hluta. Í suðvesturhluta er greinilegt hól sem er 3,5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er á því í norðurhorni. Þessi hluti tóftarinnar er 0,6 m á hæð og eru veggirnir farnir að ganga í þúfur. Hvergi sést í grjóti. Norðausturhlutinn er lægri og er þar flati með illgreinanlegt innanmál. Líklega hefur verið heystæði í þessum hluta tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-046:040\_2** tóft heystæði

537237 626816

Tvískipt heystæði 040\_2 er í deiglendi 8 m norðvestan við beitarhúsatóft 040\_1. Tóftin er 9,5x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf hennar eru áþekkt að stærð, um 3x3 m að innanmáli, en norðaustara hólflið er sínu stærra. Mjór veggur skilur á milli hólfanna. Tóftin virðist torfhlaðin. Veggjahrun er inni í stærra hólfinu úr suðausturhlið og norðausturveggur er nánast útfluttur. Tóftin er grasi vaxin og í henni vaxa einnig víðirunnar. Víðast eru veggir hennar 0,6 m á breidd og 0,5 m á hæð.



*Tvískipt heystæði 040\_2, horft til norðvesturs á ljósmynd.*


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:041** tóft heystæði

536856 626670

Tvískipt tóft er í deiglendum lyngmóa í Skálarbrekkum um 60 m suðvestan við Skálarlæk og Skálargil, 235 m suðvestan við mótóft 033\_5, 270 m norðvestan við tóft 039 og 1,6 km suðvestan við bæ 001.

Norðaustan við tóftina er smáþýfður gras- og lyngmói en víðast er lyngmói í kringum tóftina. Hún er sjálf vaxin grasi og lyngi en meira er af lyngi í suðausturenda en annarsstaðar í henni.



*Heystæði 041, horft til suðurs á ljósmynd.*

Tóftin er um 9x4,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún virðist að mestu torfhláðin og ekkert grjót sést í veggjum sem eru 0,6 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Ekki er greinanlegt op á tóftinni en helst kemur til greina að það hafi verið í norðvesturenda. Op er á milli hólfa sem eru 2 m á breidd og 2,5-3,5 m á lengd. Suðaustara hólfíð er litlu lengra og dýpra en það norðvestara. Ekki er vitað hvaða tilgangi tóftin þjónaði en líklega er um heystæði að ræða enda miklar slægjur allt í kring. Tóftin virðist nokkuð gömul en hún er ekki mjög forn.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:042** garðlag áveita

538221 627868

Torfhláðinn garður er á flatlendi neðan og suðaustan við slétt tún sem þó er ekki hluti af heimatúninu. Garðurinn er 220 m austan við bæ 001. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hann gegndi en ætla má að hann



*Meintur áveitugarður 042, horft til ASA.*

hafi verið notaður við áveitu.

Garðurinn liggur um flatlent svæði frá túnjaðri að mjórri kvísl í Fjarðará og áfram suðaustan við hana á grónum deiglendum engjum.


Garðurinn er 35 m á lengd og liggur frá norðvestri til suðausturs. Hann er 0,5 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-046:043** tóft heystæði

537736 627936

Greinileg tóft er upp og vestur af túninu. Tóftin er rúmum 240 m VNV við bæ 001 og rúmum 70 m austan við stekkjartóft 044. Tóftin er lyngivaxin og nokkuð fornleg. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu tóftarinnar er þetta heystæði. Það er VNV við heimatúnið, í mýrarviki sem gengur til austurs frá fjallshlíð. Tóftin er sunnan undir hárrí brún og lækjargil er til austurs frá henni.



*Heystæði 043, horft til suðvesturs á ljósmynd.*

Tóftin er á grónum rima í hvammi. Víða er mýrlent umhverfis hana.

Tóftin er ferhyrnd, 10x6 m að stærð, snýr norður-suður og er einföld. Veggirnir eru algrónir, 2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Þeir eru hæstir að utan. Ekkert op sést á tóftinni á yfirborði.


**Hættumat:** engin hætta

**SB-046:044** tóft stekkur

537659 627942

Greinileg stekkkjartóft er upp og vestur af túninu, rúmum 310 m vestan við bæ 001 og 70 m vestan við heystæði 043. Stekkurinn er ofan við heimatúnið, í brekku sem hallar niður bratta fjallshlíð til suðausturs. Stekkurinn er á grónu, deiglendu svæði norðan við Búrfell. Þar er þýft og um það renna mýrarlækir.

Tóftin er 9x5,3 m að stærð, snýr norðvestur-suðaustur og skiptist í tvö hólfi. Til austurs er hólf 1 sem var réttin. Það er 4,5x1,5 m að innanmáli og niðurgrafið um 0,2 m. Veggirnir eru 0,2 m á hæð að utan en 0,6 m að innan. Op er inn í það á suðausturgaffli og eins er op úr því inn í hólf 2 í norðvesturenda. Hrunið hefur úr veggjum ofan í það. Veggirnir eru algrónir. Hólf 2 er innst og norðvestast í tóftinni. Þar var lambakróin. Það stendur 0,3 m ofar en hólf 1. Það er 2,2x1 m að innanmáli, snýr NNA-SSV norður-



*Stekkjartóft 044, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

suður. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og algrónir.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:045** tóft heystæði

537828 628134

Tóft af heystæði er rúmum 40 m norðan við heystæði 011 og um 300 m NNV við bæ 001, uppi í hlíðum Botnsfjalls. Hún er á mörkum þurrlandis og mýra. Til norðurs og norðausturs er lyngi- og mosavaxinn hryggur en moldarflög eru neðar í brekkunni.

Tóftin er í deiglendi. Hún er nokkuð fornleg og vaxin lyngi.



*Heystæði 045, horft til suðvesturs á ljósmynd.*

Tóftin er hringlaga, 5 m í þvermál og ekkert op sést á yfirborði. Að utan eru veggirnir 0,4 m á hæð en að innan eru þeir 0,2 m. Veggirnir eru signir og jarðvegur sígur að þeim undan halla til ANA.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:046** gata leið

537919 627800

Sneiðingur liggur í boga niður sunnanverðan bæjarhólinn og út heimatúnið. Frá mörkum heimatúns liggur framhald af leiðinni (sjá 621:009) inn í Hólsdal allt að tóft 038 í Víðinesi.

Suðurhlið bæjarhólsins er brött. Þar er hóllinn á blábrún bratrar brekku. Brekkan er algóin og grasivaxin. Tilraunir til handsléttunar í túninu eru áberandi hér.





*Gata 046 þar sem hún liggur utan í bæjarhóli 001, horft til norðurs.*

Leiðin liggur niður bæjarhólinn, í bogadregnum sneiðingi niður brattann. Hann er sléttur, 1 m á breidd en þegar kemur á láglandi líkist gatan kindagötum. Sneiðingurinn er eini manngerði hluti þessarar leiðar. Hann er 23 m að lengd en síðan er hægt að rekja leiðina í túninu á 50 m löngum kafla.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-046:047** renna áveita

537987 627742

Niðurgrafin renna er í vestanverðu heimatúninu eins og það er afmarkað á túnakorti fra 1918 og liggur suðaustur-norðvestur. Hún er 25 m vestan við bæ 001 og 7 m vestan við fjárhús 019. Túnið er grasivaxið



*Áveituskurður 047, horft til norðurs.*

og smápýft en víða sjást ummerki um tilraunir til handsléttunar. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi rennan var grafin, líklega til að veita vatni á túnið.

Vesturhluti túnsins er flatlendur en halli innan þess eykst eftir því sem lengra dregur til suðausturs. Það verður einnig þýfðara.

Rennan er um 130 m á lengd, 0,3-0,5 m á breidd og 0,1-0,4 m á dýpt. Hún liggur niður aflíðandi brekku frá norðri til suðurs og fjarar úr suðaustan við fjárhús 019, í jaðri túnsins. Nærri norðurenda rennunnar er handsléttuð svæði en þúfur eru sunnar og þar sveigir rennan örlítið til SSV. Ekkert vatn er sjáanlegt í rennuni.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-046:048** náma mógrafir

537305 626948




*Mógrafir 048, horft til suðausturs.*

Mógrafir eru austan undir Skálarbrekkum, um 1,1 km SSV við bæ 001 og 60 m sunnan við tóft 035, til austurs eru melhólar.

Mosa- og lyngivaxið svæði. Inn á milli er mýrlendi og mógrafirnar eru í einu slíku viki.

Mógrafasvæðið er lítið, aðeins 10x10 m að stærð. Þar má greina nokkrar stakar grafir, hver þeirra er um 2x2 m að stærð. Grafirnar eru 0,3 m djúpar og þurrar.

**Hættumat:** engin hætta




*Leifar af útihúsi 049, horft til norðausturs á ljósmynd.*

Gróin þúst er um 25 m suðaustan við útihús 002 og um 90 m suðvestan við bæ 001. Hún er á brún lækjargils sem er djúpt og afmarkaði heimatúnið til vesturs að öllum líkindum á einhverjum tímapunkti. Líklega eru minjarnar leifar af útihúsi og gæti tengst Brandsgerði 002\_2.

Smápýft, gróið tún. Það er greinilegt að hér hafa verið gerðar tilraunir til handsléttunar.

Þústin er 3,3x2,6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er mun grænni en nánasta umhverfi og brúnirnar til vesturs og austurs eru skýrt afmarkaðar. Þústin er 0,2-0,3 m á hæð en ekkert tóftarlag eða innanmál sést á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta



*Heystæði 050, horft til suðausturs á ljósmynd.*

Tóft er um 100m vestan við Hólsá og um 280m suðvestan við Dysjar 005. Hún er enn fremur um 50m norðan við heystæðistöft 029 og um 925m suðvestan við bæjarhól 001.

Landið umhverfis tóftina hallar til suðausturs. Hún er í deiglendi, á smáum flata undir nokkuð brattri brekku sem heldur áfram niður suðaustan megin við tóftina. Á svæðinu vex víðir.


Tóftin er einföld, um 5x4m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Vegghleðslur eru um 1m á breidd

og er ytrabyrði um 30cm á hæð og er suðurgafllinn skýrastur. Innrabyrðið er 30-50cm á hæð. Ekkert op er sýnilegt á tóftinni.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:051** tóft heystæði

537188 627342



*Heystæði 051, horft til norðausturs á ljósmynd.*

Suðvestan við Búrfell, um 400m vestan við Dysjar 005, rúma 200m norðan við tóft 033\_6 og um 950m suðvestan við bæ 001 er tóft. Út frá gerð og staðsetningu er sennilega um heystæði að ræða.


Tóftin er í töluverðri brekku, fremst á lækjarbakka og er ágætis votlendi umhverfis. Grösugt flatlendi er sunnan við tóftina.

Tóftin er einföld, 8x4m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Vegghleðslurnar eru almennt um 50cm á breidd en þó er suðvesturgafllinn alveg um 1m á breidd. Hleðsluhæð er 30-40cm. Tóftin er öll mikið lyngivaxin og þrátt fyrir að landið umhverfis hana sé frekar blautt er hún alveg þurr. Út frá staðsetningu og útliti má ætla að um heystæði sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-046:052** tóft heystæði

537287 627320



*Heystæði 052, horft til suðurs á ljósmynd.*

Suðvestan við Búrfell, um 300m vestan við Dysjar 005 er tóft. Hún er einnig rúma 235m norðaustan við tóft 033\_6, um 860m suðvestan við bæ 001 og um 10m norðan við tóft 053. Út frá gerð og staðsetningu er sennilega um heystæði að ræða.

Tóftin er á flötum grösugum bakka, sunnan lækjar sem rennur til austurs niður nokkuð bratta hlíð.


Tóftin er nokkuð óljós en virðist vera hlaðinn ferhyrindur pallur sem er 5x4m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hann er mjög ójafn en upphleðsla hans er 20-50cm.

**Hættumat:** engin hættu

**SB-046:053** tóft heystæði

537292 627307

Suðvestan við Búrfell, um 300m vestan við Dysjar 005 er tóft. Hún er einnig rúma 235m norðaustan við



*Heystæði 053, horft til norðausturs á ljósmynd.*

tóft 033\_6, um 860m suðvestan við bæ 001 og um 10m sunnan við tóft 052. Út frá gerð og staðsetningu er sennilega um heystæði að ræða.

Tóftin er á flötum grösugum bakka, sunnan lækjar sem rennur til austurs niður nokkuð bratta hlíð.

Tóftin er einföld, um 9x3m að stærð og snýr eins og hlíðin í suðvestur og norðaustur. Vegghleðslur sem eru á kafi í grasi eru 50-60cm á breidd og 30-40cm á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni.

**Hættumat:** engin hættu

**SB-046:054** sáðslétta tún

538064 627830

Túnið á Hóli er gríðarstórt og er í talsverðum halla til suðausturs. Afgerandi, þurr vatnsrás liggur þvert í gegnum túnið vestanvert og er líklegt að þar hafi áður verið mörk túnsins en það hafi síðar verið fært út til suðvesturs.

Túnið er þurrlegt og nokkuð grasgefið.

Hólstún er 3,1 ha að stærð og er það sama stærð og gefin er upp á túnakorti frá 1918. Samkvæmt því var 1/4 hluti túnsins sléttur. Í fasteignamati frá 1916-1918 er túnið sagt 3,2 ha. Víða sjást mjög skýr merki um að túnið hafi verið sléttað með handverkfærum, einkum suðaustan og austan við bæ 001. Túngarður 013\_1 afmarkar horn sem er utan túns eins og það er sýnt á túnakorti. Ekki er víst að það svæði hafi verið slegið því margar útihústóftir eru þar þétt saman.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Túnakort 1918; Fasteignamat Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 63



*Skámynd af túninu á Hóli tekin til suðvesturs. Víða má sjá ummerki um túnasléttun.*



*Kort sem sýnir afmörkun túnsins á Hóli og helstu minjar innan þess og í nágrenni við það. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Túnakort frá 1918 er á innfelledu myndinni.*

## SP-047 Keflavík

1712: 10 hdr., konungseign. “[...] í eyði síðan bóluna [...]. Enginn brúkar nú þessa jörð. Ekki þykir mönnum líklegt að þessi jörð muni aftur byggjast sakir heyskaparleysis og fjarlægðar byggðinni.” JÁM XI, 51-52.

1847: 10 hdr., Möðruvallaklausturseign. JJ, 316.

“Keflavík. Fornt mat 10 h., nýtt 11,7 h. Var í byggð 1703, í eyði frá 1708 fram um 1753, en í byggð upp úr því samfellt til 1907. Eign Möðruvallaklausturs [EY-086] og þjóðjörð að lokum.” BT, 37.

Jarðarítök 1394: Laufáskirkja á “x. vætta afreidzsla af tuitugum hual ef a er [hundrad] vætta og meira.” DI III, 566. Sjá einnig máldaga Laufáskirkju 1525. DI IX, 330.

Jarðarítök 1499: Svalbarðskirkja á “brikur þær fyrer utan land sem liggja fyrer hiedan Kieflawik med ollum reka hvals og vida. og fiordung þadan ad klett þeim sem stendur framan a Kjalkanese.” DI VII, 415.

Eyðibýli: Litla-Keflavík (SP-047:011). ÁFÍ 1992, 14. Á 19. öld stofnaði Jón Loftsson sjómannaskóla í Keflavík. Árbók Þingeyinga 1984, 41.


Jarðarinnar er fyrst getið í máldaga Þönglabakkakirkju árið 1318. DI II, 443. Sjá einnig máldaga Laufáskirkju árið 1394/1525. DI III, 566/DI IX, 330.

Bænhús (SP-047:002) var á jörðinni. DI V, 356.

1712: “Túninu grandar sjóargangur með landbroti og hellugrjót, sem vindur ber á það í stórviðrum úr fjöllum. Engið er að mestu eyðilagt fyrir skriðum og snjóflóðum og grjóthruni. Úthagarnir eru bæði litlir og mestan part í hrjóstur komnir af skriðum og grjóthruni.” JÁM XI, 52.

1839: “Þar eru að öllu leyti landkostir og hlunnindi sömu sem á Þönglabakka [SP-044] með sömu ókostum og hvaðeina.” SSP, 67.

1916-1918: “Lýsing jarðarinnar: Jörðin hefir verið í eyði um mörg ár. Túnið komið í þá órækt að naumast



Minjar í túni Keflavíkur og næsta nágrenni. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

verður lengur kallað tún; hefir verið mjög þýft. Engið komið í sömu órækt. Beitland er all víðlent. Kjarngott og viðfelldið fyrir allar skepnur. Vetrarþeir ótrygg sökum snjóþyngsla. Fjörubeit töluverð. Fjárgeymsla heldur erfið. Lítilsháttar trjáreki í sumum árum. Afar illar samgöngur; stundum ómögulegar mánuðum saman á vetrum bæði á sjó og landi, sakir brima og snjóþyngsla á illagengum fjöllum, er liggja allt umhverfis. Landið er notað sem afrétt. Mat. Land jarðarinnar kr. 300.00.” Fasteignamat Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I, 62.

**SP-047:001\_1** *Keflavík* bæjarhóll bústaður

533798 630936

“Bærinn stóð austan undir fjallgarði þeim er lýkur að Keflavík að vestan,” segir í örnefnaskrá. Erfitt aðgengi er að Keflavík og Keflavíkurdal. Þangað er einungis hægt að fara gangandi eftir illfærum þjóðleiðum eða á bát þegar ölduhæð er undir 1 m, landing við ströndina er ekki auðveld. Bratt og erfitt er að fara frá ströndinni að bænum, það þarf að klöngrast upp bratt árgil til þess, austan við heimatúnið. Bærinn er nyrst í heimatúninu, á bröttum sjárvarbakka til norðurs. Hluti bæjarhóls og -húsa eru nú þegar fallin niður í fjöruna. Bærinn fór í eyði við upphaf 20. aldar og ekki er til túnakort fyrir jörðina. Túnið er óslétt og öll hús fallin innan þess. Fjórar minjaeiningar tilheyrja bænum, þær eru: bæjarhóll 001\_1, bæjartóft 001\_2, kálgarður 001\_3 og útihús 001\_4. Þessi minjaheild er á svæði sem er 40 x 35 m að stærð og snýr austur-vestur.

Keflavíkurá rennur í þröngu, djúpu gili fast austan við heimatúnið, túngarður afmarkar það til suðurs og vesturs. Heimatúnið er óslétt, stórþýft og þar innan er mikið af tóftum. Gróður var mikill á svæðinu er skrásetjarar voru á ferðinni sem gæti hafa hamlað sýn og fleiri minjar gætu leynst í túninu en voru skráðar. Mikið landbrot er við sjávarsíðuna norðan við heimatúnið og minjar eru að brotna þar í sjó. Svæðið er nýtt sem afréttarland í dag og þar er engin ábúð. Minjarnar sem sjást einna best tilheyrja flestar yngsta tímabili búsetu á svæðinu.



*Bæjarhóll Keflavíkur 001\_1, horft til austurs.*




*Mikið landbrot er í Keflavík og er sjávarbakkinn kominn alveg að bæjarhólnum, horft til suðurs.*

Bæjarhóll 001\_1 er um 35 x 35 m að stærð, algróinn og hliðar hans nokkuð brattar. Hann er sléttur að ofan og 1,5 - 2,5 m á hæð. Hliðar hans eru þýfðar og grasvaxnar. Hann er skýrt afmarkaður til allra átta en norðurhlutinn er fallinn niður í sjó að hluta, ekki er vitað hversu mikið hefur brotnað af honum í gegnum tíðina. Um 10-15 m eru niður í grýtta fjöru frá bæjahólnum en ekki var hægt að skoða snið hans vegna bratta. Það er þó ljóst að bæjarhóllinn hefur ekki alltaf verið frammi á háum og bröttum sjávarbakkanum en líklega alltaf verið nærri sjónum engu að síður. Bæjarhóllinn nær lengst frá bæjartóft 001\_2 til vesturs en þar var bæjarhlaðið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Keflavík AG, 1



*Minjar á bæjarstæði Keflavíkur 001. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

**SP-047:001\_2** tóft bústaður

533809 630924

Bæjartóftin sést vel og hólfaskipting í henni er nokkuð skýr. Hún er 26x20 m að stærð og snýr norður-suður. Stafnar bæjarins snéru til vesturs fram á bæjarhlað og á teikningu sem birtist í bókinni Fagurt er í Fjörðum sést að þrjár burstir snéru til vesturs og tvö önnur hús voru þar að baki sem snéru norður-suður. Það er í grófum dráttum sama skipulag húsa og enn sést í bæjartóftinni en fleiri hólf eru þar að auki sem ekki eru sýnd á teikningunni. Það má greina níu hólf inni í bæjartóftinni. Torf er áberandi í efri hluta veggjanna en grjóthleðslur eru neðar. Þetta sést einnig á teikningunni af bænum. Vegna þessa byggingalags er mikið hrunið úr efri hluta veggja í tóftinni, bæði inn í hólfina og út úr tóftinni. Veggir tóftarinnar eru 0,5-2 m á hæð og víða glittir í grjót í þeim. Svo virðist sem að framhúsin hafi öll verðið með timburþil á göflum. Lýsingin hefst á þeim og fær hvert hólf bókstaf til aðgreiningar í lýsingu.

Hólf A er suðvestast í tóftinni. Það er 3,5 x 1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Það er opið til vesturs.



*Bæjartóft 001\_2, horft til norðurs.*



*Klömbruhleðsla í rofi syðst í bæjartóftinni, horft til norðvesturs.*



Eingöngu sést glitta í torf í rofi á veggjum innan í hólfinu. Hólf B er norðan við hólf A. Það er 5,5x2,2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er opið til vesturs og veggirnir eru algrónir. Það er hryggur fyrir opinu, líklega ummerki um þil. Í miðju hólfinu er annar hryggur, líklega þakhrun en gæti einnig hafa verið garði. Hólf C er norðan við hólf B. Það er 3,5x3,2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það er opið til vesturs. Veggirnir eru hæstir til norðurs, þar er rof og greinileg torfhleðsla. Lágur hryggur liggur í opinu, líklega ummerki um þil. Það glittir í 4 umför af grjóti í veggjunum en mikið hrun er jafnframt inni í hólfinu. Hólf D er norðan við hólf C og opið til vesturs. Það er 3x1 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru hæstir til austurs að innan, þar glittir í grjót en að utan eru veggirnir algrónir. Hólf E er norðaustan við hólf D. Það er 3,5x2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ógreinilegt op sést í suðurenda inn í hólf F. Einungis 1-2 m eru til norðurs að rofbrúninni frá þessu hólfi. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, það sjást 3-4 umför að innan af hleðslu en að utan eru þeir algrónir. Hólf F er norðan við hólf G og sunnan við hólf E. Það er 7,5x2,4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á því í suðausturhorni inn í göng sem liggja til austurs. Hólf G er sunnan við hólf F, aftan og austan við hólf A-B. Það er 7,6x2,2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Uppistandandi, torfhlaðin burst sést á suðurgaffli. Rof er á honum utanverðum og sést að hún er snidduhlaðin en kindur liggja mikið þarna og raska veggnum. Mikið veggja- og þakhrun er inni í hólfinu. Veggirnir eru 1-1,5 m á hæð og það glittir í stöku stein á milli hruns og timburleifa, líklega úr þekju. Líklega var op í norðurenda inn í bæjargöng. Hólf H er austan við hólf F og opið til suðurs inn í göng. Það virðist vera niðurgrafið, gólfíð er lægra en í hinum hólfunum en hafa ber í huga að mikið hrun er þarna inni. Það er 4,8x2,2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1,5-1,8 m á hæð og farnir að falla saman. Hvergi glittir í grjót í þeim. Hólf I er enn austar, í norðausturhorni tóftar. Op er á því í suðurenda og út úr tóftinni en einnig er op á því í suðvesturhorni, inn í göng. Hrun er í opinu. Hólfíð er 5,6 x 1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það glittir í 3-4 umför af grjóthleðslu í veggjum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Fagurt er í Fjörðum, teikningar aftast í bók

**SB-047:001\_3** hleðsla kálgarður

533790 630931

Hleðsla 001\_3 er vestast á bæjarhól 001\_1. Renna 007 er 2 m vestan við hleðsluna en þessi mannvirki tengjast ekki á yfirborði. Hleðslan er 18 m löng, 2 m breið, 0,25 m á hæð og snýr austur-vestur. Hún liggur til vesturs, niður norðurhluta bæjarhólsins, er algróin og líklega hluti af kálgarðsvegg. Ekki er ljóst hversu stór kálgarðurinn var eða hvort hann var sunnan eða norðan við hleðsluna.

**Hættumat:** engin hætta



*Leifar af kálgarði 001\_3, horft til VNV.*



*Óljós útihústöft 001\_4, horft til SSA.*

**SB-047:001\_4** tóft útihús

533798 630917

Óljós tóft 001\_4 er suðvestast á bæjarhól 001\_1. Tóftin er 19x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Einungis tveir veggir tóftarinnar sjást, þeir eru signir og gengnir í þúfur. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, nær útflattir og þýfðir. Tóftin tilheyrir vafalaust bæjahúsunum.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-047:002** heimild um bænhús

Í máldaga Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi frá um 1487 og finna má í Íslensku fornbréfasafni, kemur eftirfarandi fram um bænhús í Keflavík: “[...]J þaunglabacka þingum. Jtem j keflavik bænhus ok er ecki uppi,“ Ekki er vitað hvar bænhúsið var. Ef marka má tilvísunina hér að framan var bænhúsið fallið þegar á 15. öld og þess er ekki getið í heimildum eftir það, svo vitað sé. Án frekari vísbendinga er ekki hægt að staðsetja bænhúsið með neinni vissu. Kirkjur og bænhús voru langoftast mjög nærri bæjunum sem þau tilheyrðu og er líklegt að leifar bænhússins í Keflavík séu í bæjarhólnum. Hafi hlaðið alltaf verið vestan við bæjarhúsin eins og á síðasta búsetuskeiði jarðarinnar má leiða líkum að því að bænhúsið hafi verið vestast á bæjarhólnum. Nánar verður ekki komst í vangaveltum um staðsetningu bænhússins án fornleifarannsóknar. Í ljósi þess að mikið landbrot er í túninu sem komið er að bænum er jafnvel möguleiki að minjar um bænhúsið hafi þegar brotnað í sjó.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** DI V, 356

**SB-047:003\_1** garðlag túngarður

533681 630831

Túngarður afmakaði heimatún Keflavíkur en ekki er til túnakort af jörðinni sem fór í eyði í upphafi 20. aldar. Ekki er vitað hvort garður afmarkaði allar hliðar túnsins en hann er varðveittur til vesturs og suðurs. Að norðan afmarkast túnið af þverhniptum sjávarbakka og hömrum en bratt gil Keflavíkurar afmarkar túnið til austurs. Kvíar 003\_2 eru sambyggðar túngarðinum til suðurs, þar skammt vestar liggur renna 007 í gegnum túnið. Mögulega var þar op og komið að bænum. Túngarðurinn er rofinn víða og mögulega sjást tvær útfærslur (sjá 003) á kafla syðst í túninu. Þrjár minjaeiningar tilheyra bænum, þær eru: heillegur garður 003\_1, kvíatóft 003\_2 og brotakenndur garður 003\_3. Þessi minjaheild er á svæði sem er 217 x 42 m að stærð og snýr suðaustur-norðvestur.

Túnið er ósléttað, stórþýft og er á flatlendi nyrst í Keflavíkurdal frammi á sjávarbakka. Túnið er grasivaxið en mosi er út við jaðra þess og líklega ekki verið jarðrækt sé horft til gróðurfars. Túnið verður þýfðara eftir því sem lengra dregur frá bæ.




*Yngri túngarður 003\_1, horft til austurs á báðum myndum.*

Við lok búsetu á jörðinni var heimatúnið 200 x 150 m að stærð ( um 3 ha) og snéri norðaustur-suðvestur. Ekki er vitað hversu langt túnið náði til norðurs en ljóst er að mikið landbrot hefur verið á sjávarbakkanum og nyrsti hluti túnsins horfinn af þeim sökum. Túngarðurinn er varðveittur í bútum og hverjum hluta er gefin bókstafur til aðgreiningar í lýsingu þessari. Lýsingin hefst suðaustast í túninu, þar sést túngarður A liggja til suðurs, um 110 m suðvestan við útihús 021. Þessi hluti er 65 m langur, 0,3-0,5 m á hæð og 2,5 m á breidd. Hann liggur norður-suður og er algróinn. Hluti B er 14 m sunnar og liggur austur-vestur. Hann er 135 m langur, 0,3-0,5 m á hæð og algróinn. Hann er 2,5-3 m á breidd. Kvíar 003\_2 eru sambyggðar þessum hluta að norðanverðu. Þessar minjar eru austan við rennu 007. Hluti C er 135 m norðvestar, vestan við rennu 007. Hann er 66 m langur, 0,3-0,4 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Sem fyrr er hann algróinn, 2,5-3 m á breidd en sést orðið illa vegna gróðurs og þýfis. Hann hverfur við op suðvestan við tóft 017. Þessir þrjú hlutar eru líklega frá síðasta skeiði búsetu á jörðinni og mun betur varðveittir en vesturhliðin (sjá 003\_3). Þessi hlutar eru allir í grónu túni.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-047:003\_2** tóft kvíar

533776 630778



*Kvíar 003\_2, horft til austurs á ljósmynd.*

Kvíar 003\_2 eru sambyggðar innanverðum túngarði 003\_1, syðst í túninu. Þær voru því innan túnsins, austan við rennu 007. Kvíatóftin er einföld, 15x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er hlaðinn veggur í vesturenda tóftarinnar. Veggirnir eru hlaðnir úr tofi og grjóti og eru 0,5-1 m á hæð. Það sjást 3 umföer í austurvegg að innan og lítið sem ekkert hefur hrunið úr veggjum kvíanna.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-047:003\_3** garðlag túngarður

533726 630795

Eldri túngarður 003\_3 sést 3 m norðan við hluta 003\_1 C. Hann liggur norðvestur-suðaustur og fjarar út til beggja átta. Hann er varðveittur í tveimur hlutum, á milli þeirra er op eða á rof á móts við tóft 017. Hluti A afmarkar vesturhlið túnsins og er á óræktuðu svæði. Hann liggur til norðvesturs frá tóft 017 og endar skammt frá ströndinni til norðurs. Þessi hluti túngarðsins er mosa- og lyngivaxinn og þýfður. Hann er 120 m langur, 4 m á breidd, 0,3-0,4 m á hæð og liggur í lítt afgerandi hlykkum. Ekkert opið rof er í honum á yfirborði og hvergi sést glitta í grjót. Hluti B er austan við tóft 017. Hann 42 m langur, 2 m á breidd, 0,3-0,4 m á hæð og lyngi- og mosavaxinn. Hann er orðinn stórþýfður og ástand hans er svipað túngarði hluta A. Tóft 010 var líklega sambyggð honum að innanverðu en rof er við túngarðinn þannig að tengslin sjást ekki lengur og ekki hægt að staðfesta það.

**Hættumat:** engin hættu



*Eldri túngarður 003\_3, horft til norðvesturs á mynd til vinstri og horft til NNV á mynd til hægri.*

**SB-047:004** heimild um rétt

“Austur af Keflavík er hár drangur sem heitir Gatnöf. Þar er eins og fjárrétt í fjörunni en er hrunin,” segir í örnefnalýsingu. Gatnöf sést enn í fjörunni. Hins vegar er ekkert sem bendir til fjárréttar þar enda óljóst af þessari lýsingu hvort þar hafi í raun verið rétt eða hvort um náttúrumyndun er að ræða. Valgarður Egilsson, heimildamaður, taldi síðari möguleikann líklegri. Frekari heimildir þarf til að staðfesta hvort að fjárrétt hafi verið á þessu svæði. Þarna er nú stórgrytt fjara.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Ö-Keflavík AG, 2


**SB-047:005\_1** *Dysjar* mannvirki óþekkt

533947 630690

“Austan við ána [Keflavíkurá] rennur svolítill lækur, sem heitir Dysjalækur og Dysjar eru rétt framan við hólana austur og frá bænum,” segir í örnefnaskrá. Á því svæði sem ætla má að heiti Dysjar, af lýsingu hér að framan að dæma, eru þrjár nokkuð afgerandi hólar sem standa upp úr grösugu deiglendi. Hólarnir eru á svæði sem er 104x16 m að stærð og snýr norður-suður. Það er afmarkað af Keflavíkurá til vesturs, Dysjalæk til norðurs, melhólum neðst í Hnjálfjalli til austurs og lágri brún til suðurs. Neðan við brúnina kann að hafa runnið lækur áður fyrr. Nyrsti hóllinn er 180 m suðaustan við bæ 001 og syðsti hóllinn er 190 m norðvestan við Litlu-Keflavík 011. Hólarnir fá númer 1-3 í lýsingu sem hér fer á eftir. Svo virðist sem að þessir þrjár hólar séu náttúrulegir í grunninn en það eru greinileg mannaverk á syðsta hólnum 005\_1 og einnig nokkuð sannfærandi hleðsla á hólum 005\_2 en nyrsti hóllinn 005\_3 er blásinn ofan í mel. Ekki er ljóst hvort að heiti hólanna vísi til útlits þeirra sjálfra en þeir standa stakir og eru eins og haugar upp úr sléttlendi. Einnig getur verið að Dysja-örnefnið vísi til þess að á þessum hólum hafi verið sett upp hey en heydes eru vel þekkt. Þriðji möguleikinn er að þarna hafi verið heiðinn legstaður og minna




*Horft til norðvesturs yfir Dysjar 005 í átt að Keflavíkurbænum.*



*Dysjar 005 eru þrjár hólur með nokkuð jöfnu millibili á milli Dysjalækjar og Keflavíkurár. Á tveimur þeirra eru mannværk (005\_2-3). Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

ummerkin á syðsta hólnum nokkuð á kuml sem hefur verið opnað fyrir margt löngu. Um hlutverk þeirra minja, sem hér verður fjallað um, er erfitt að fullyrða nokkuð án frekari rannsóknar.

Svæðið sem heitir Dysjar er vestan við melhóla neðst í Hnjárfjalli og sunnan við Dysjalæk. Það er þýft og grösugt og nokkuð flatlent en er í mjög aflíðandi halla til vesturs, niður að Keflavíkurá. Deiglent er á þessu svæði og mýrardrag á milli hóla 005\_1 og 005\_2.



*Syðsti hóllinn í Dysjum 005\_1, horft til norðvesturs á ljósmynd.*

Lýsingin hefst syðst á svæðinu á hól 005\_1. Hann er grónastur af öllum hólunum þremur og fremur fatur að ofan. Hóllinn er hringlaga, 15x13 m stór, snýr norður-suður. Hann er víðast um 2 m á hæð. Í suðausturjaðri hólsins stendur stakur, stór steinn upp úr sverði sem er ekki jarðfastur. Lítil hundapúfa er á norðausturjaðri hólsins. Á miðjum hólnum er grunn lægð sem virðist hafa myndast við niðurgroft og er hún

1,5x0,4 m að innanmáli, snýr norður-suður. Eins og framfar hefur verið nefnt, minna þessi ummerki nokkuð á heiðna gróf sem hefur verið opnuð á síðari tímum. Ef til vill er það Dysja-örnefnið sem hvetur til þessara hugrenningartengsla og kemur einnig vel til greina að þarna hafi verið heystæði. Efst á hólnum, í kringum niðurgroftinn, eru óljós ummerki um rof sem hefur gróið aftur. Hóllinn er vaxinn grasi og lyngi. Þegar staðið er á bæjarhól Litlu-Keflavíkur 011 og horft er norður að bæjarhól Keflavíkur ber þennan hól í milli.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Keflavík AG, 2




*Horft til suðurs eftir lægð í hólnum miðjum.*

**SP-047:005\_2** hleðsla óþekkt

533937 630726

Hóll 005\_2 er 25 m NNV við hól 005\_1 og 34 m sunnan við hól 005\_3. Þess má geta að heystæði 034 er fast norðaustan við þennan hól. Hóllinn ber þess skýr merki að rof hefur verið í efri hluta hans sem hefur gróið aftur. Heildarstærð hólins er 15x14 m og er hann litlu lengri norður og suður en austur-vestur. Efri



*Hóll með hleðslu 005\_2, horft til vesturs á ljósmynd.*

hluti hólins sem virðist hafa gróið aftur eftir að rof komst að honum er 11 m í þvermál og er hóllinn 1,5 m á hæð. Neðsti hluti hólins er þýfður og grasi vaxinn en efri hlutinn er lyngi vaxinn og lítill jarðvegur virðist eftir á honum. Hóllinn er lítilllega kúptur að ofan og efst á honum eru leifar af grjóthlöðnum, ferhyrnum stokki sem er jarðlægur. Hann er 3,4x1,6 m að stærð og snýr austur-vestur. Grjótið virðist að mestu leyti laust en mögulega er einn jarðfastur steinn í norðvesturhorni. Fleira laust grjót er hér í kring. Ekki er ljóst hvaða mannvirki hér um ræðir, ekki er útilokað að um grafarumbúnað sé að ræða en einnig kemur til greina að um hversdagslegri minjar sé að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

SP-047:005\_3 náttúrumin óþekkt

533936 630775



Nyrsti hóllinn 005\_3 í Dysjum er gróðurlaus að ofan og engin mannaverk sýnileg á honum, horft til norðurs.

Hóll 005\_3 er nyrst á svæðinu og er efsti hluti hans blásinn niður í mel. Hann er um 16 m í þvermál og 1,5 m á hæð. Engin ummerki eru um mannvirki á hólnum en hafi þau verið á hólnum eru þau horfin vegna jarðvegsrofs.

**Hættumat:** engin hætta

SP-047:006 heimild um lendingu

533802 630958

“Skammt var þar og til fiskjar seinnipart sumars og eigi nema örfá áratog fram fyrir lendinguna. En lendingin er ill við opnu hafi, og verður að smjúga þar inn um örmjótt sund í skerjagarð,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson.

“Dálítillending er hér inn í landið með varasamri lendingu sökum útgrynnsla og blindboða,” segir í Sýslu- og sóknalýsingu Þingeyjarsýslna 1839.

“Heimræði er hjer og ein lending brimsöm, stórgrytt og hættuleg þegar að amar,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Ekki er vitað nákvæmlega hvar var lent í Keflavík en líklega var það við mynni Keflavíkurár sem nú er um 40 m norðaustan við bæ 001. Landbrot er við sjárvarsíðuna og sjárvarbakkinn er hár og hamrar í honum. Griðarlegt landbrot er í Keflavík og hafa aðstæður þar breyst mikið í gegnum tíðina. Er því engin von til þess að minjar eða ummerki um lendingu sjáist lengur í ármynninu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots


**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 127; SSP, 67; JÁM XI, 52

SP-047:007 renna vatnsból

533801 630886

Að sögn Valgarðs Egilssonar, heimildamanns, var vatni veitt að bænum í Keflavík 001 eftir rennu frá uppsprettu suðvestan við túnið. Enn sést nokkuð skýr renna í túninu sem vatninu var veitt eftir.

Vatnsrennan liggur frá mýrlendi utan við túnið en er að mestu leyti í stórþýfðu, fremur flatlendu túni sem



Umfang vatnsveitu 007. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Vatnsveituskurður 007, horft til suðvesturs.

er þó í mjög affiðandi halla til norðurs.

Rennunni var fylgt frá mýrlendinu utan við túnið til norðausturs á 155 m löngum kafla. Þar greinist hún og heldur annars vegar áfram til norðausturs á 27 m löngum kafla og er þá komin alveg að bæjarhólnum. Hins vegar liggur hún til NNV á 80 m löngum kafla, framhjá vesturjaðri bæjarhólsins og endar frammi á sjávarbakka. Rennan er víðast 0,5 m djúp og 0,3-0,6 m breið. Hún er gróin en sumsstaðar sést grjót í botni hennar. Á milli þessara tveggja greina rennunnar og fast sunnan við bæjarhólinn eru tvær litlar tóftir 038 og 039

**Hættumat:** engin hættu

**SB-047:008** Þinghóll örnefni þingstaður

533092 627742

“Upp við skarðið [Uxaskarð] er drangur eða fjallstindur, allhrikalegur, sem heitir Hraunkarl. Suður og niður af honum er hóll sem heitir Þinghóll,” segir í örnefnaskrá. Örnefnið Þinghóll bendir til þess að á honum eða við hann hafi verið þinghald. Að sögn Valgarðs Egilssonar hittast gangnamenn á þessum stað í fjárleitum en engar heimildir eru um að annars konar þing hafi farið fram á þessum stað enda er hann innarlega í Keflavíkurdal, á mjög afskekktum stað. Engar sýnilegar minjar eru í næsta nágrenni hólsins.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Keflavík AG, 2

**SB-047:009** varða samgöngubót

532472 626894



*Valgarður Egilsson að koma upp Uxaskarð frá Látrum. Í forgrunni er varða 009. Mynd: Hermann Gunnar Jónsson.*

“Á miðju skarðinu [Uxaskarði] er ævaforngriótvarða, farin að láta á sig sjá,” segir í örnefnaskrá. Varðan er sú eina sem verður á vegi þeirra sem ferðast milli Keflavíkur og Látra (sjá leið SB-621:004) og er ekki vitað hvort hún var hlaðin sem vegvísir eða landamerkjavarða því hún er nálægt merkjum á milli þessara jarða. Varðan er rúmum 4 km SSV við bæ 001 og 1 km SSV við Þinghól 008.

Uxaskarð er allhátt fjallaskarð og er varðan á grýttri urð. Frá henni sést ofan í Eyjafjörð en fara þarf litlu lengra til norðurs til að sjá ofan í Keflavík.

Varðan er sigin og nokkuð fornleg. Hún er um 1,3-1,5 m í þvermál og um 1 m á hæð. Hleðslur eru úr lagi gengnar og ekki gott að greina fjölda umfara í vörðunni.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Keflavík AG, 2

**SB-047:010** tóft rétt


533731 630800

Tóft er syðst í heimatúninu um 140 m suðvestan við bæ 001 og 1 m norðan við túngarð 003\_3. Tóftin var líklega sambyggð túngarðinum, þar er nú rof og frekari rannsóknir þarf til þess að staðfesta þessa kenningu. Þessi tóft tilheyrir eldri minjum í heimatúninu.

Tóftin er innan heimatúnins, á mörkum grasivaxins túns og óræktaðs, þýfðs mólendis.

Tóftin er 14x10 m að stærð, einföld og nánast egglega. Það er op á norðurhlið hennar, inn í túnið. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð, 2 m á breidd og lyngi- og mosavaxnir. Þeir eru útflattir og signir. Veggirnir





Réttartóft 010 við túngarð 003\_3, horft til SSV á ljósmynd.

eru bogadregnir og lagið bendir til þess að um litla rétt sé að ræða. Hvergi glittir í grjót.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-047:011\_1** Litla-Keflavík bæjarhóll býli

534053 630517

“Beint á mótum bæ í Keflavík við gamla veginn [SP-621:005] er Litla-Keflavík. Það eru rústir eftir býli sem er enn eldra en aðalbærinn sem nú er,” segir í örnefnaskrá.

“Þar [frá leið SP-621:005] er farið framhjá fornum rústum Litlu-Keflavíkur, með hlöðnum garði allt um kring,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. Litla-Keflavík er vestan undir brattri hlíð og austur af Keflavíkurá, um 450 m suðaustan við bæ 001. Frá Litlu-Keflavík sést út að bæjarhóli Keflavíkur 001. Túngarður afmarkar svæðið sem tilheyrir býlinu. Það er 115x90 m að stærð og snýr norðvestur-




Minjar í túni Litlu-Keflavíkur 011. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



*Bæjarstæði og tún Litlu-Keflavíkur 011, horft til suðvesturs.*

suðaustur. Innan þessa svæðis eru 11 minjaeiningar sem fá hlaupandi númer. Líklega tilheyra þær allar búsetuskeiði í Litlu-Keflavík ef frá eru skildar mógrafir 011\_8 og fjárhús 011\_2 sem eru á bæjarhólnum. Víðáttumiklar og grösugar engjar eru til suðurs frá túninu en melhólar til norðurs. Deiglent graslandi er á milli túns og ár til vesturs. Túnið er fremur flatlent en er í mjög aflíðandi halla til vesturs. Innan túnsins er mjög grösugt. Votlendi er norðan við bæjarhólinn en stórbýfðara og meiri lynggróður eftir því sem utar dregur í túni, nær túngarði, og vestast í túninu.



*Bæjarhóll 011\_1 og ung beitarhúsatóft 011\_2.*



*Bæjarhóll Litlu-Keflavíkur 011\_1, horft til ASA.*

Minjalýsingin hefst á bæjarhólnum 011\_1 sem er nokkuð miðsvæðis innan túnsins. Hann er á vesturenda ílängs hóls sem er að hálfu leyti innan túns en að hálfu leyti utan þess. Ekki eru augljós skil á milli bæjarhóls og náttúrulegs hóls en svo virðist sem að bæjarhóllinn nái yfir svæði sem er 27x15 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er breiðastur og hæstur í suðausturenda en mjókkar talsvert til norðvesturs þar sem hann er aðeins 7 m breiður. Ungleg fjárhústóft 011\_2 er í suðausturenda tóftarinnar en norðvestan við hana, lægra á hólnum, má sjá innanmál lítills hóls sem er 0,2-0,3 m djúpt og 2,7x1 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Norðvestan við það er annað ógreinilegra og þýfðara hól sem er 2,3x1,2 m að innanmáli og snýr eins og hitt. Óljóst má greina op á vesturhorni þess til norðvesturs.

Vestast á bæjarhólnum er nokkuð skörp brún þvert yfir hann. Hún virðist frekar hafa myndast við rof en að um hleðslu sé að ræða. Bæjarhóllinn er grasi gróinn efst en neðar á honum er lynggróður og lágt víðikjarr. Þar sem hann er hæstur er hann um 1,3 m en ekki er gott að greina á milli þess náttúrulega og þess manngerða og kann hann að vera lægri.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Keflavík AG, 2; ÁFÍ 1992, 141

**SB-047:011\_2** tóft beitarhús

534063 630509



*Beitarhúsatóft 011\_2, horft til ASA á mynd til vinsti og til NNA á mynd til hægri.*

Lítill og fremur ungleg beitarhúsatóft 011\_2 er í suðausturenda bæjarhólsins. Hún skiptist í þrjú hólf. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og er 10x9 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Svo virðist sem að tóftin sé byggð ofan í eldri hús á þessum stað. Ummerki um eldri minjar sjást norðvestan og suðvestan við tóftina. Op er inn í hólf A í austurhorni tóftarinnar og er það meintur fjárhúshluti tóftarinnar. Hólfid er 4,5x2,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Þrjú umför grjóthleðslu sjást í innanverðum veggjum sem eru 0,8 m á hæð. Hólfid grynkar eftir því sem lengra dregur til norðausturs, að hólf B en innanmál þess er illgreinanlegt. Þar er grasi gróinn stallur og óljóst sér móta fyrir innanmáli hólfis sem er 2,3x1,8 m að stærð og hefur að líkindum verið lítil hlaða eða heystæði. Ekki sést op inn í það. Hæð veggja tóftarinnar utanmáls er um 1 m og þar sjást 1-2 umför hleðslu. Hólf C er samsíða hólf A að norðvestanverðu. Veggir þess virðast að mestu torfhlaðnir og eru frekar lítilfjörlegir (0,2 m á hæð og 0,3 m á breidd). Hólfid er 2x2,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Breitt op er inn í það á suðvesturhlið.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-047:011\_3** garðlag túngarður

534093 630521

Torfhlaðinn túngarður afmarkar túnið og er hann víðast nokkuð vel greinanlegur nema þar sem hann hefur legið yfir hólinn sem bæjarhóllinn er á. Þar er hann horfinn vegna rofs á 30 m löngum kafla þar sem túnið nær lengst til austurs. Garðurinn afmarkar svæði sem er 115x90 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er víðast um 2 m á breidd og allt að 0,5 m á hæð utanmáls. Op er á miðri norðurhlið túngarðsins sem virðist með vilja gert. Fjárgötur liggja um þetta op í átt að mógröfum 011\_8. Garðurinn er víðast lyngi gróinn. Vesturhlið hans er í deiglendi og þar er hann signari og meira úr lagi genginn á vesturhlið en annarsstaðar. Mýrarlækur rennur í gegnum hann á nokkrum stöðum á suður- og suðvesturhlið.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs



*Hluti af túngarði 011\_3, horft til suðvesturs.*



*Óljós hleðsla 011\_4, horft til ASA.*

**SP-047:011\_4** hleðsla óþekkt

534059 630566

Óljóst mannvirki er sambyggt túngarði 011\_3 á innanverðri norðurhlið hans, um 40 m norðan við bæjarhól 011\_1. Nokkuð afgerandi veggur liggur til suðurs frá túngarði og sveigir lítillega til austurs í suðurenda. Þessi veggur er 4 m á lengd, 1,2 m á breidd og 0,6 m á hæð og er vaxinn bláberjalyngi. Annar meintur veggur liggur af miðjum þessum vegg til VNV og er samsíða túngarði. Hann er 5 m langur, 1 m á breidd og 0,1 m á hæð utanmáls en 0,3 m á hæð innanmáls og vaxinn krækiberjalyngi. Á milli þessara tveggja veggja annars vegar og túngarðs hins vegar myndast nokkuð afgerandi hól sem er 5x1,8 m að innanmáli, breiðast austast og mjókkar til vesturs þar sem er op. Helst kemur til greina að á þessum stað hafi verið kvíar en ekki er útilokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Mikið stórbýfi er á þessu svæði, eins og víða innan túnsins.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-047:011\_5** þúst óþekkt

534085 630490



*Þúst 011\_5, horft til NNA.*

Tvö ógreinileg, meint mannvirki eru suðvestan undir hólum sem gengur inn í túnið til vesturs og bæjarhóllinn er á, í kverk sem myndast milli hól og túngarðs. Austara mannvirkið 011\_5, sem hér er skráð, er flatur stallur neðst í aflíðandi halla til suðvesturs. Hann er 3x2,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Stallurinn er 0,3 m á hæð syðst en mörk hans sjást ekki til norðausturs. Óljóst má greina slitur af innanmáli í vesturhorni. Ekki er ljóst hvort eða um hvers konar mannvirki er hér að ræða en af gróðrinum að dæma er um fornar minjar að ræða.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-047:011\_6** þúst óþekkt

534078 630496

Þúst 011\_6 er annað tveggja ógreinilegra mannvirkja suðvestan undir hólum sem gengur inn í túnið til vesturs og bæjarhóllinn er á, í kverk sem myndast milli hól og túngarðs. Þústin er hringlaga, um 2 m í þvermál. Hún er öll lyngi vaxin og líkist stórra þúfu en er of óregluleg og stakstæð til þess að það sé

sannfærandi. Þústin er 0,2 m á hæð, í aflíðandi halla til suðvesturs. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki hér hefur verið.

**Hættumat:** engin hætta



*Þúst 011\_6, horft til SSV.*



*Stór þúst 011\_7, horft til norðvesturs.*

**SP-047:011\_7** þúst óþekkt

534039 630568

Stór og þýfð þúst virðist sambyggð innanverðum túngarði 011\_3 vestan við op á norðurhlið hans og 40 m norðvestan við bæjarhól 011\_1. Þústin er um 12x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún mjókkar til suðausturs. Fjargötur sem liggja um op á túngarði að mógröfum 011\_8 ýkja norðausturjaðar þústarinnar sem er 0,5 m hæð.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-047:011\_8** náma mógrafir

534050 630549



*Mógrafir 011\_8, horft til suðausturs.*

Grunnar og grónar mógrafir 011\_8 eru innan túns, í deiglendi 20 m norðan við bæjarhól 011\_1. Þær eru 15x15 m að stærð og víðast eru þær 0,2 m djúpar en 0,3 m þar sem þær eru dýpstar. Ætla má að þessar mógrafir séu talsvert yngri en býlisminjarnar.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-047:011\_9** tóft útihús

534011 630551

Stór og fornleg tóft 011\_9 er 40 m norðvestan við bæjarhól 011\_1, norðvestarlega í túni Litlu-Keflavíkur. Hún er á lágri hæð innan túns sem er mjög stórþýfð og lyngi vaxin. Tóftin er algróin og lyngi vaxin eins og umhverfið. Hún virðist tvískipt og er 15x9 m að stærð, snýr norður-suður. Ógreinilegt op er




Útihústóft 011\_9, horft til norðvesturs.

á austurhlið inn í nyrðra hólflið sem er um 2x2 m að innanmáli. Ógreinilegt op er úr því inn í hólf í suðurenda sem er um 3x3 m að innanmáli. Veggir tóftarinnar eru víðast 2,5-3 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð, hæstir í norðurenda.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-047:011\_10** tóft útihús

534034 630519



Óljós útihústóft 011\_10, horft til VSV á ljósmynd.


Ógreinileg tóft 011\_10 er fast suðvestan undir vesturenda náttúrulegs hól sem bæjarhóll 011\_1 er á. Tóftin er einföld og lyngi vaxin. Í kringum tóftina er grasgróður og sker hún sig því úr með tilliti til gróðurfars. Tóftin er 4x2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni í norðausturhorni. Tóftin er mjög gengin í þúfur og orðin ógreinileg. Stór þúfa er utan við norðvesturhorn sem gæti verið hluti af tóftinni. Veggir eru 1-1,3 m á breidd og 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-047:011\_11** sáðslétta tún

534035 630494

Túnið í Litlu-Keflavík er skýrt afmarkað af túngarði 011\_3 og er það 0,8 ha að stærð. Túnið er fremur flatlent en er í mjög aflíðandi halla til vesturs. Innan þess er mjög grösugt. Deiglent er norðan við bæjarhólinn en stórbýðara og meiri lynggróður eftir því sem utar dregur í túni, nær túngarði, og vestast í túninu. Engin skýr ummerki um túnasléttu sjást í túninu.



Hættumat: engin hætta


Afmörkun túnsins 011\_11 í Litlu-Keflavík.

SP-047:012 tóft útihús

533777 630948

Tóft er 15 m norðvestan við bæjarhóll 001\_1 og 80 m austan við tóft 025. Tóftin er á blábrún sjávarbakka sem er 15-20 m á hæð. Einungis vantar um 0,3 m í brúnina frá norðurvegg tóftarinnar. Renna 007 er fast vestan við tóftina en staðsetning og lögun hennar bendir til þess að um útihús sé að ræða. Tóftin er í stórhættu en ekki líður á löngu uns hún brotnar í sjó. Tóftin tilheyrir yngsta stigi minja á svæðinu sé horft til ástands og gróðurfars en þarna hafa verið byggingar mun lengur. Það mótar fyrir mannvistarlögum undir tóftinni, í rústahól sem þar er.

Heimatúnið er grasvaxið og stórbýft við tóftina. Hún er á hólbarði og greinileg mannvistarlög eru þar undir, það glittir í þau í rofi við sjóinn en skrásetjari gat ekki skoðað þau nákvæmlega vegna hættu sem af því hlýst.



Útihústóft 012 sem er frammi á sjávarbakka, horft til VNV á ljósmynd.

Tóftin er 6 x 4 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Op er á norðausturhorni, að sjávarbakkannum. Það bendir til þess að töluvert landbrot hafi átt sér stað hér stað og ólíklegt að tóftin hafi verið byggð upphaflega svo nærri sjávarbakkannum. Veggir tóftarinnar eru 0,5-1,5 m á hæð að utanverðu en að innan eru þeir 1 m. Þar glittir í 2-3 umför af grjóti á köflum. Einnig sést glitta í torfhleðslu í innrabyrði veggja sem ekki hefur gróið yfir enn. Grjótið er neðst í veggjum en torfið ofar. Timbur er inni í tóftinni, líklega

úr þaki. Rústahóllinn undir tóftinni er 1-1,5 m á hæð og algróinn. Ekki var hægt að mæla hann upp, tóftin þekur hann nánast allan.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**SB-047:013** heimild um ristur

533586 630579

“Torfrista og stúnga lök,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712. Hugsanlega má sjá ummerki eftir torfskurð innan mógrafarsvæðis 014 sem er um 250m suðvestan við bæjarhól 001\_1 og rúma 180m vestan við syðsta Dysja-hólinn 005\_1.

Mógrafarsvæðið er í þýfðu blautu deigu mólendi sem hallar til norðausturs.

Ummerkin eru óljós en víða um svæði 350x90m að stærð eru grunnar og grónar grafir sem geta verið eftir torfristu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM XI, 51

**SB-047:014** náma mógrafir

533616 630625

“Móskurður hefur að fornu verið, brúkaðist ei,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Mógrafarsvæði er um 250m suðvestan við bæjarhól 001\_1 og rúma 180m vestan við syðsta Dysja-hólinn 005\_1.



*Afmörkun mógrafa- og torfistuvæðis 013-014. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Á ljósmynd er horft til norðausturs.*

Mógrafarsvæðið er í þýfðu blautu deigu mólendi sem hallar til norðausturs.

Svæðið er 350x90m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Grafirnar á svæðinu eru mjög misjafnar. Sumar grunnar, stórar og grónar í botninn en aðrar djúpar, litlar og fullar af vatni. Hugsanlega er á svæðinu ummerki bæði eftir torfskurð og mótekju.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM XI, 51-52


**SB-047:015\_1** tóft beitarhús

533384 631036

“Um 10 metrum sunnan við ofanefndan minjastað [sjá 016] eru tóftir. Þær eru mjög lyngi vaxnar sem bendir til þess að þær séu a.m.k. nokkur hundruð ára gamlar [...]. Önnur mannvirki sáust ekki í næsta nágrenni,” segir í greinargerð um fund hvalbeina og mannvistarleifa í Keflavík eftir Sigurð Beinsteinsson. Tóftirnar sem nefndar eru hér að framan eru 20 m suðaustan við minjar 016 og 420 m VNV við bæ 001.



SP-047:015



Beitarhúsatóftir 015, horft til norðurs á ljósmynd. Á henni er tóft 015\_1 lengra til hægri.

Þær eru nyrst og vestast í Keflavíkurlandi, á milli fjalls og fjöru. Tvær tóftir eru greinilegar á svæði sem er 15x14 m á stærð og fá þær hvort sitt númerið undir þessari minjaheild. Vestari tóftin 015\_2 er sýnilega mun yngri en austari tóftin 015\_1 og virðist hún að hluta byggð ofan á eldri minjar. Helst kemur til greina að hér hafi verið beitarhús ef mið er tekið af staðsetningu og lögun tóftanna.

Tóftirnar eru í þýfðum lyngmóa og vex þar mikið af krækiberjalyngi. Í fjallshlíðinni ofan og sunnan við minjarnar eru grýttar brekkur sem eru grónar grasi og lyngi neðst og grasteygingar eru milli grjótskriða eftir því sem ofar dregur.

Tóft 015\_1 er sú austari og fornlegri af tóftunum tveimur. Hún er 15x7,5 m að stærð, snýr NNA-SSV. Tóftin skiptist í tvö hólf. Syðra hólfíð er 3x2 m að innanmáli og snýr þvert á legu tóftarinnar. Óljóst op er úr því inn í fremra og nyrðra hólfíð sem er 6x2 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Allbreitt op er á því í NNA-enda og óvíst að hafi verið hlaðinn veggur á þeim gafla tóftarinnar. Tóftin er gengin í þúfur og eru veggir hennar 2-3 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. VNV-langveggur breikkar talsvert í NNA-enda. Þar virðist hluti af tóftinni fara undir tóft 015\_2. Þar sem að tóftin er aðeins 14 m sunnan við sjávarbakkann þar sem landbrot er virkt telst hún í hættu af þeim sökum.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

**Heimildir:** Keflavík í Fjörðum: greinargerð, 5

SP-047:015\_2 tóft beitarhús

533377 631044



Beitarhúsatóft 015\_2, horft til suðurs.

Tóft 015\_2 er vestari tóftin af tveimur og er sýnilega talsvert yngri. Það má greina af gróðri og veggjahæð. Tóftin er 12x4,5 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir hennar eru 1-2,5 m á breidd og 0,5-0,6 á hæð. Tóftin er grasi og lyngi gróin og skiptist í þrjú hólf. Syðst í tóftinni er lítið hólf sem er rúmur 1 m í þvermál. Op er úr því til norðurs inn í miðhólfíð sem er 3,5x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er á því út úr tóftinni til VNV. Nyrst er hringlaga hólf sem er rúmir 2 m í þvermál. Op er á því á VNV-hlið en ekki er að sjá að op hafi verið úr miðhólfinu inn í nyrsta hólfíð.

**Hættumat:** hætta, vegna landbrots

Árið 2001 fór leiðangur á vegum Ásbjarnar Björnssonar, þáverandi forstöðumanns Hvalamiðstöðvar á Húsavík, í Keflavík að grafa upp hvalbein sem stakkt undan lágum hól á sjávarbakka. Uppgröfturinn leiddi í ljós að hvalbeinið var hluti af stoðgrind mannvirkis en ekki beinagrind hvals eins og talið var í fyrstu. Í ljós komu torfveggir, grjóthleðslur og kola- og öskuleifar. Einnig fundust nokkrir gripir, m.a. brot úr kambi og brýni. Í kjölfarið á þessum fundi voru mannvistarleifarnar rannsakaðar af þáverandi minjaverði Norðurlands eystra, Sigurði Bergsteinssyni, ásamt tveimur öðrum fornleifafræðingum árið 2002. Minjarnar voru frammi á mjóum tanga sem skagar út til norðvesturs á sjávarbakkanum, 18 m norðvestan við tóftir 015 og 440 m VNV við bæ 001.

Fram af sjávarbakkanum er hátt þverhnípi. Tanginn sem minjarnar voru á er að gróa aftur eftir uppgröftinn. Innar á sjávarbakkanum er grasi- og lyngi vaxið.



*Horft til norðvesturs yfir svæðið þar sem fornt mannvirki var grafið upp árið 2002.*

Í greinargerð sem skrifuð var um fund mannvistarleifanna og athuganir minjavarðar í kjölfarið kemur eftirfarandi fram: “Minjavörður ljósmyndaði mældi og teiknaði rústahólinn ásamt tóftum, sem voru skammt fyrir sunnan hann og gætu verið frá sama tíma [sjá 015]. Hóllinn er um 7 metra langur og 3 metra breiður. Sjá mátti að grafið hafði verið í miklum hluta austurhlemings hólsins. Þar hafði verið grafið niður á steinaröð, sem augljóslega er leifar hleðslu. Í grafsniðinu eftir endilöngum hólnum mátti greina torfleifar ásamt viðarkolamololum. Minjunum stafar mikil hætta af sjáfarbroti og líklegt er að einhver hluti minjanna hafi þegar eyðilagst af sjávargangi.“ Ekki var gerð eiginleg uppgraftarskýrsla um rannsóknina en í uppgraftardagbók Sigurðar

Bergsteinssonar kemur fram að gjóska frá Heklu 1300 lá yfir minjunum, húsi sem byggt var úr torfi og grjóti. Nokkuð fannst af hvalbeinum sem virðast hafa verið hluti af stoðgrind hússins, einnig fannst eldstæði. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki er að ræða en ljóst að menn hafa hafst við í því. Guðrún Alda Gísladóttir hefur greint kamsbrotið og telur það vera frá tímabilinu 1050/1100 til 1300 og virðist frekar vera frá fyrri hluta þessa tímabils.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Keflavík í Fjörðum: greinargerð,1-2, 5; Uppgraftardagbók SB frá Keflavík; Guðrún Alda Gísladóttir, munnleg heimild

Tóft er um 140 m suðvestan við bæ 001 og tæpum 30 m norðvestan við tóft 010, innan túngarðs 003\_3. Beint suðvestan við tóftina er op á túngarðinum og bæði eldri og yngri útfærslur túngarðsins. Þessi tóft tilheyrir yngri minjum í heimatúninu. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu tóftarinnar er hér um útihús og sambyggða rétt að ræða.

Tóftin er á mörkum grasivaxins túns og mólendis. Svæðið norðan við tóftina er grasivaxið en mólendi er við túngarðinn til suðurs.

Tóftin er 15,5 x 8,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og skiptist í fjögur hólf. Hólf 1 er vestast. Það er 3,5x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru algrónir, 0,5-0,8 m á hæð og 1,5 m á hæð. Hólfíð er opið til norðurs, inn í gerði 4. Rof er í norðvesturhorni og þar sést einungis torf en engar grjóthleðslur. Líklega er grjót neðst í veggjum líkt og virðist algengt í öðrum tóftunum frá þessu yngsta skeiði. Hólf 2 er austan við hólf 1. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur.




Útihústóft 017, horft til suðurs á ljósmynd.

Tvenn op eru á því, annars vegar í norðausturhorni og hins vegar á suðvesturhlíð. Veggirnir eru 0,3 m á hæð, þýfðir og algrónir. Hólf 3 er SSV við hólf 2. Það er 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggirnir eru algrónir, 0,4 m á hæð og 2 m á breidd. Hólf 4 er gerði sem er sambyggt tóftinni að norðaustanverðu. Það var líklega ekki undir þaki sem m.a. bendir til þess að þetta hafi verið rétt. Til suðurs afmarkast gerðið af tóftinni en þar má greina 2 umför af grjóti í veggnum. Líklega voru op, bæði til norðvesturs og suðausturs, við tóftina, inn í réttina. Veggirnir eru 0,3 m á hæð og algrónir. Að innan er gólf réttarinnar um 1 m lægri en gólf tóftarinnar.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-047:018** þúst útihús

533817 630895



Þúst 018.

Á loftmyndalagi Bing sést dökkur grænn blettur fast sunnan við bæjarhól 001\_1. Þar má ætla að séu einhverjar mannvistarleifar undir sverði, mögulega útlítt tóft. A.m.k. má ætla að þarna séu mannvistarleifar. Þústin er 6 m sunnan við bæjarhól 001\_1, fast sunnan við rennu 007\_2.

Þústin er slétt, ílöng og grasivaxin í þýfðu túni. Hún er smáþýfð, sléttari og mun grænni en nánasta umhverfi.

Þústin er 0,3-0,5 m á hæð, 10x3 m að stærð og hæst í miðjunni. Stórar þúfur eru í þústinni en ekki er hægt að greina útlínur mannvirkis á yfirborði.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Loftmynd: <https://www.bing.com/maps/aerial>


**SP-047:019** tóft útihús

533831 630906

Rúnum 6 m suðaustan við bæjarhól 001\_1 og fast norðvestan við neyðarskýli SVFÍ er tóft í heimatúninu. Þetta er útihús á lágum rústahól og lögun þess bendir til þess að um fjárhús sé að ræða. Hóllinn er hæstur til norðvesturs, í áttina næst bænum. Tóftin er sigin en greinilegt er að mikilar mannvistarleifar eru hér undir sverði. Ekki eru aðrar minjar austan við þessa tóft, þar er brattur bakki niður að Keflavíkurá.

Tóftin er 6 m norðan við vírgirðingu umhverfis neyðarskýlið í Keflavík. Hóllinn sem tóftin er á nær nánast að bæjarhólnum, smá sund er þar á milli. Heimatúnið er grösugt og þýft á þessu svæði. Tóftin tilheyrir líklega yngsta stigi byggðar í Keflavík en undir henni eru mun eldri minjar að öllum líkindum.

Hóllinn er 0,8-1 m á hæð til norðvesturs en mun lægri til suðurs Tóftin nær nánast yfir allan hólinn sem er grasivaxinn. Tóftin er 15,5 x 10 m að stærð, skiptist í 3 hólf og snýr VNV-ASA. Veggirnir eru



Útihústöft 019, horft til suðvesturs á ljósmynd.

algrónir og 0,2-0,6 m á hæð. Öll tóftin er grasivaxin og sigin. Hólf 1 er suðaustast. Það er 3x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf 3 er VNV við hólf 1. Það var líklega heystæði og ekki undir þaki. Það er 5x4,5 m að innanmáli, nánast V-laga og snýr norður-suður. Tvö op eru á heystæðinu, annað á suðurhlið og hitt á norðvesturhlið. Þar er veggurinn þó rofinn og opið gæti verið tilkomið af þeim sökum. Norðausturveggurinn er hæstur og algróinn en annars staðar eru veggir sjáanlegir sem þýður bakki. Hólf 2 er norðan við hólf 1. Hólfíð er 2,5 x 2,5 m að innanmáli og er opið til norðurs. Þar var mögulega þil. Veggirnir eru algrónir og umfang þeirra er mun minna en í hólfum 1 og 2.


**Hættumat:** engin hætta

**SB-047:020** tóft rétt

533852 630873

Stór tóft er tæpa 45m suðaustan við bæjarhól 001\_1, um 25m sunnan við tóft 019 og rúma 11m norðan við tóft 021. Þétt norðvestan við tóftina stendur neyðarskýli SVFÍ. Út frá stærð og gerð tóftarinnar má gera ráð fyrir að um rétt sé að ræða.

Tóftin er í túnjaðri um 15m vestan við Keflavíkurlá og hallar landið austan megin við tóftina niður að ánni. Það er stórpýft umhverfis tóftina. Norðurveggurinn á tóftinni hefur að öllum líkindum verið skemmdur þegar neyðarskýlið var reist sem nú stendur í Keflavík.



Réttartóft 020, horft til NNV á ljósmynd.

Tóftin er 22x13m að stærð og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur. Hún er þrískipt og liggja öll hólfin í röð hvert inn af öðru. Syðsta hólfið er 5x6m að innanmáli, miðhólfið er 9x8m að innanmáli og svo er nyrsta hólfið 6x4m að innanmáli. Það er engin hleðsla milli miðhólfsins og þess syðsta. Þau eru einungis

afmörkuð hér út frá mismunandi stærð. Tóftin er alveg opin til suðausturs og má gera ráð fyrir því að þar hafi verið stórt timburhlið. Hugsanlega hefur hliðin líka verið rifin en lítil ummerki sjást um það. Neyðarskýlið í Keflavík er þétt við norðurenda réttarinnar og má ætla að hluti af honum hafi verið rifinn eða skemmdur þegar húsinu var komið fyrir. Vegghleðslur eru 1-1,5m á breidd og 60-120cm á hæð. Þær eru ágætlega hlaðnar úr torfi og grjóti sem er frekar stórt. Víða má sjá votta fyrir rofi.


**Hættumat:** engin hætta

**SB-047:021** tóft kvíar

533864 630844

Tóft er rúma 70m suð-suðaustan við bæjarhól 001\_1, tæpa 15m vestan við Keflavíkurá og rúma 11m sunnan við tóft 020. Engin örnefni eða heimildir eru til um hlutverk tóftarinnar en líklega er hér um kvíatóft að ræða.

Tóftin er í túnjaðri um 15m vestan við Keflavíkurá og hallar landið austan megin við tóftina niður að ánni. Það er stórbýft umhverfis tóftina.



*Kvíar 021, horft til NNV á ljósmynd.*

Tóftin er einföld, um 10x5m að stærð og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur. Hún hefur op á suðausturgaffli. Tóftin er að hluta niðurgrafin og er innrabyrði veggja 30-80cm á hæð en ytrabyrði veggja 50-100cm á hæð. Ytrabyrðið er hæst við opið á suðurgaffli en innrabyrðið er hæst við norðurgafflinn. Innst og nyrst í tóftinni vottar fyrir ferhyrindum niðurgrefti sem er 2x2m að innanmáli. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og er hægt að telja 5-6 umför í þeim. Hleðslugrjótið er í meðallagi og fremur smátt. Norðvestan við tóftina vottar fyrir mikilli ójöfnu eða þúst sem gæti verið tilkomin vegna útmoksturs.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-047:022** tóft útihús


533799 630796

Tóft af útihúsi er í túni, rúma 112m suður af bæjarhól 001\_1, rúma 25m austur af tóft 023 og rúma 15m norðaustur af gerði 003\_2. Tóftin er smá og gæti mögulega hafa verið hrútakofi.

Tóftin er flötu, grösugu en stórbýfðu túni.

Tóftin er einföld, um 5x4m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún hefur op á suðausturgaffli. Tóftin er hlaðin úr torfi og er á kafi í grasi en hvorki finnst fyrir grjóthleðslum né sést í þær. Vegghleðslur eru orðnar nokkuð signar og ójafnar en þykkt þeirra er 1-1,2m og þá er innrabyrði 30-40cm á hæð en ytrabyrði 50-60cm á hæð.

**Hættumat:** engin hætta




*Tóft 022, horft til vesturs á ljósmynd.*

**SP-047:023** tóft fjárhús

533769 630793

Tóft er í heimatúni tæpum 110 m sunnan við bæjarhól 001\_1 og 3 m norðan við kvíar 003\_2. Tóftin er 20 m vestan við tóft 022. Þetta er fjárhús sé tekið mið af staðsetningu og lagi tóftarinnar. Hún tilheyrir yngstu tóftunum á svæðinu.

Tóftin er innan heimatúnsins, á óræktuðu svæði. Fast til norðurs er grasivaxið tún en umhverfis tóftina er stórbýft mólendi.



*Fjárhústóft 023, horft til vesturs á ljósmynd.*

Tóftin er 19x9,5 m að stærð og snýr norður-suður. Til norðurs er tvískipt tóft en til suðurs er tvískipt gerði, alls eru því fjögur hólf í tóftinni. Hólf 1 nyrst, í tóftinni. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru 1,5-2 m á breidd og þar sjást sjást 3-5 umför til suðurs. Eftir hólfinu endilöngu er grjóthlaðinn garði, hann skipti því mögulega í tvennt. Garðinn er 2x1,5 m að stærð, 0,3 m á hæð, grjóthlaðinn og snýr norður-suður. Það eru op í norðvesturhorni og norðausturhorni, inn í hólfid. Þriðja opið er í suðausturenda, yfir í hólf 2. Hólf 2 er 4x1,1 m að stærð og snýr norður-suður. Það er samfallið og mikið hrun er þar inni. Veggirnir eru 1,5-2 m og það glittir í grjót víða. Fyrir sunnan tóftina er tvískipt gerði. Hólf 3 er austar. Það er 3x1,5 m að innanmáli og veggirnir eru 0,2 m á hæð og algrónir. Op er á því í norðvesturhorni, yfir í hólf 4. Einnig var mögulega annað op til norðausturs, út úr tóftinni en það er óljóst. Hólf 4 vestar. Það er 2,3x2,3 m að innanmáli og op er á því í norðvesturhorni.


**Hættumat:** engin hætta

SB-047:024 tóft útihús

533728 630905

Tóft er í heimatúni rúmum 50 m VSV við bæjarhól 001\_1 og rúmum 40 m SSA við útihús 025. Staðsetning og lögun tóftarinnar hennar bendir til þess að um útihús sé að ræða. Tóftin tilheyrir yngsta skeiði búsetu í Keflavík. Minjarnar eru á hólbarði, tóftin er líklega ofan á eldri minjum en frekari rannsóknir þarf til þess að staðfesta það.

Tóftin er innan heimatúnsins, á grónu svæði. Túnið er stórbýft.



Útihústóft 024, horft til suðvesturs á ljósmynd.


Minjarnar eru 13x10 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Nyrst er hólfi 1. Það er 3x2,7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op er á hólfinu í suðvesturhorni og virðist yngsti hluti tóftarinnar. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og algrónir. Það glittir hvergi í grjóti í þeim. Hólfi 2 er sunnan við hólfi 1 og opið er á milli þeirra. Veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð og umfangsminni en í hólfi 1. Hvergi glittir í grjóti. Hólfi 3 er austan við hólfi 2 og er 4,5x2 m að innanmáli. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og op er á því í suðausturhorni. Hólfi 4 er sunnan við hólfi 3. Það er 9x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Op eru á því til suðvesturs og austurs. Veggirnir eru algrónir, 0,2 m á hæð. Þetta var líklega einhverskonar gerði eða kálgarður.

**Hættumat:** engin hættu

SB-047:025 tóft útihús

533689 630940

Tóft er í heimatúni tæpum 100 m vestan við bæjarhól 001\_1 og 5 m austan við tóft 026. Suðurhluti



Brotakennd tóft 025, horft til NNA á ljósmynd.

tóftarinnar er varðveittur, nyrðri hlutinn er horfinn vegna landbrots og ágangs sjávar. Fyrir norðan tóftina er 15-20 m hár hömrum girtur sjávarbakki niður í grýtta fjöru. Af öryggisástæðum var ekki hægt að skoða rofsnið frammi á sjávarbakkanum. Sé tekið mið af staðsetningu tóftarinnar er þetta útihús.

Þýft, gróíð heimatún. Brúnir tóftarinnar eru nú þegar að falla niður og sprunga er um 0,5 m frá núverandi brún, tóftin hangir í fram af brúninni að hluta.

Eins og fram hefur komið er norðvesturhluti tóftarinnar horfinn vegna landsbrots. Sá hluti sem enn sést er 14x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Það má enn sjá ummerki um tvö hólfi í tóftinni. Í vesturhlutanum er hólfi 1 sem er 4,5x3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er líklega varðveitt að mestu og einungis nyrðri langhliðin horfin. Op er á því í suðvesturhorni. Veggirnir eru 0,3-1 m að hæð og hvergi glittir í grjóti. Hólfi 2 er austar og mun verr varðveitt. Hólfið er 5x2 m að innanmáli, veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og algrónir. Þetta er suðurhluti hólfsins og op á því í suðausturhorni.


**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**SB-047:026** tóft fjárhús

533675 630937

Fjárhústóft er frammi á sjávarbakka, norðvestast í heimatúni, rúmum 110 m vestan við bæ 001 og tæpum 50 m suðaustan við tóft 052. Tóftin var líklega nærri túngarði 003\_3 sem er horfinn á þessu svæði. Hún tilheyrir yngsta skeiði búsetu á svæðinu.

Þýft, gróíð heimatún. Brún sjávarbakka er 1 m frá tóftinni, og jarðvegssprungu er um 0,5 m frá núverandi brún.



*Fjárhústóft 026, horft til austurs á ljósmynd.*

Tóftin er 15,5 x 11 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún skiptist í tvö hólfi, fjárhús og hlöðu. Hólfi 1 er austar og er fjárhúsið. Það er 6,5 x 3,5 m að innanmáli, snýr austur-vestur og veggirnir eru hrundir inn í hólfið að hluta. Veggirnir eru 1-1,5 m á hæð. Þeir eru algrónir að utan en að innan sjást 3 umför hleðslu neðst í veggjunum. Ofar eru torfhleðslur. Hér og þar glittir í þunna steina og hellur í grjóthleðslum. Grjóthlaðinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu. Hann er grjóthlaðinn, 0,5 m á hæð, 6 m á lengd og 1 m á breidd. Op er á fjárhúsunum á austurgaffli. Hólfi 2 er vestar og var hlaða. Það er 5,5 x 1,3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Á miðjum vesturvegg er stór steinn, við hann var op þar sem heyinu var hent inn í hlöðuna. Skarð er þar í veggnum. Hlaðan er ekki niðurgráfin nema að litlu leyti. Neðst í veggjum eru 3-4 umför af grjóti en ofar er torfhleðsla. Veggirnir eru 1-2 m á hæð, hæstir á austurhlið.


**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**SB-047:027** tóft óþekkt

533577 630994

Lítill, sigin tóft er frammi á sjávarbakka á litlum tanga sem gengur út til norðausturs á sjávarbakkanum





*Tóft 027, horft til norðausturs á ljósmynd.*

vestan við tún. Tóftin er 50 m norðvestan við tóft 035 og 230 m norðvestan við bæ 001.


Tanginn sem tóftin er á er flatlendur og grasi gróinn. Á honum vaxa einnig sóleyjar. Sitt hvoru megin við hann eru grunn vik inn í sjávarbakkann.

Tóftin er einföld og líklega að mestu torfhlaðin. Hún er 3,5x2,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á henni í suðausturenda. Norðausturlangveggur er litlu styttri en suðvesturlangveggur. Utanmál veggja er illgreinilegt og kann tóftin að hafa verið niðurgrafin að hluta. Veggir eru tæpur 1 m á breidd og 0,1-0,2 m á hæð. Tóftin er í stórhættu vegna landbrots.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**SP-047:028** náma mógrafir

533622 630354



*Afmörkun mógrafasvæðis 028. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

*Mógrafir 028, horft til austurs.*

“Móskurður hefur að fornu verið, brúkaðist ei,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Mógrafasvæði er í vestanverðum Keflavíkurdal rúma 600m suð-suðvestan við bæjarhól 001\_1 og um 200m vestan við heystæði 036.

Mógrafarsvæðið er í blautu mýrlendi.

Svæðið er 120x80m að stærð og snýr nálega vestur-austur. Mógrafirnar eru mjög misjafnar, sumar gunnar og grónar í botninn en aðrar djúpar og fullar af vatni. Í norðausturhorni svæðisins mátti til að mynda sjá mjög skýrar, ferkantaðar stökkagrafir sem voru fullar af vatni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM XI, 51-52

**SP-047:029** náma mógrafir

533817 630446



*Afmörkun mógrafasvæðis 029. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

*Vatn stendur í sumum mógröfunum, horft til suðurs.*

“Móskurður hefur að fornu verið, brúkaðist ei,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Lítið en greinilegt mógrafasvæði er á vesturbakka Keflavíkurár rúma 50m norð-norðvestan við heystæði 036 og um 440m sunnan við bæjarhól 001\_1.

Mógrafirnar eru í grösugu en blautu deiglendi sem er á milli blautrar mýrar til vesturs og Keflavíkurár til austurs.


Mógrafarsvæðið er 170x70m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Mógrafirnar eru mjög misjafnar, flestar eru gunnar og grónar í botninn en sumar djúpar og fullar af vatni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** JÁM XI, 51-52

**SP-047:030** náma mógrafir

533918 629763



*Afmörkun mógrafa 030. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*

“Móskurður hefur að fornu verið, brúkaðist ei,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Ógreinilegar og samansignar mógrafir eru innarlega í Keflavíkurdal um 1,1 km sunnan við bæjarhól 001 og um 50m austan við Keflavíkurá.

Mógrafarsvæðið er í blautu mýrlendi austan Keflavíkurár.

Mógrafarsvæðið er um 200x130m að stærð og snýr vestur austur. Í svæðinu miðju er mjög blaut mýri og eru þar nokkrar stökkagryfjur fullar af vatni en utar eru gryfjurnar grynri og grónari í botninn.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** JÁM XI, 51-52

**SP-047:031** tóft óþekkt

533919 630830

Á austurbakka Keflavíkurár, litlu austan við heimatúnið, er lítil tóft með óþekkt hlutverk. Tóftin er 95 m NNV við heystæði 034 og 140 m suðaustan við bæ 001.

Árbakkinn er allhár og brekka í stöllum frá honum og niður að ánni. Tóftin er í þýfðum lyngmóa og er jarðvegsrof í honum hér og hvar.



*Tóft 031, horft til vesturs á ljósmynd.*

Tóftin er einföld og torfhláðin. Hún er 3,8x3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er á henni í norðvesturhorni. Torfbálgur, mögulega veggjahrun, er skáhallt í tóftinni og liggur frá norðvesturhorni að suðausturhorni. Veggir eru 0,5-1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Sem fyrr segir er óljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt. Líklegt er að hún sé gamalt heystæði en þó eru ekki neinar slægjur í næsta nágrenni við hana.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-047:032\_1** tóft sel

533612 628830

Innarlega í austanverðum Keflavíkurdal er rústabyrping um 2km sunnan við bæjarhól 001 og 30-60m suðaustan við Keflavíkurá. Þar eru þrjár tóftir og mögulega eitt gerði eða aðhald. Minjarnar eru á svo




til flötum bakka fast norðarn við lítinn læk sem rennur til norðvesturs út í Keflavíkurá þar sem áberandi sveigur er á henni til suðausturs. Út frá staðsetningu og aðstæðum má gera ráð fyrir því að um sel sé að ræða.

Minjastaðurinn er í frekar þröngum dal á mjóum þurru flata við lítinn læk. Stutt er í votlendisengjar norður af minjunum.

Minjarnar eru á svæði sem er 60x40m að stærð og snýr norður og suður. Tóft 032\_1 er rétt norðvestan við lækjarbakkann á milli gerðis 032\_3 og hringlaga tóftar 032\_2. Tóftin er einföld, 8x4m að stærð og snýr

*Minjar um sel 032 sem líklega var nýtt frá Litlu-Keflavík 011 og er sömu megin Keflavíkurár og býlið. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*




*Meint seltóft 032\_1, horft til suðvesturs á ljósmynd.*

suðvestur og norðaustur. Vegghleðslurnar eru um 1m á breidd, mjög rúnnaðar og signar. Ytrabyrði þeirra er 30-70cm á hæð en innrabyrði er 10-20cm á hæð. Það vottar fyrir hleðslugrjóti í hornum og því má ætla að tóftin hafi verið torf og grjóthlaðin.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-047:032\_2** tóft óþekkt

533601 628838



*Tóft 032\_2, horft til suðvesturs á ljósmynd.*


Tóft 032\_2 er um 7m norðvestan við tóft 032\_1 rétt vestan við lækjarbakkann og rúma 25m suðvestan við tóft 032\_4. Tóftin er einföld og svo til hringlaga. Hún er 5x4m að stærð og snýr norður suður. Ytrabyrði er 30-60cm á hæð en innrabyrði um 10-20cm á hæð. Ekkert hleðslugrjót sést í vegghleðslum sem eru um 1m á breidd, mjög rúnnaðar og signar. Ekki var hægt að greina op á tóftinni sem er á kafi í grasi.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-047:032\_3** gerði rétt

533623 628819

Óljós hryggur sem getur hugsanlega hafa verið gerði er tæpa 10m suðaustan við tóft 032\_1. Sé um gerði að ræða eru veggir þess 70-80cm á hæð og um 1-2m á breidd og allir lyngivaxnir. Gerðið er 18x9 m að stærð og um 16x6m að innanmáli og snýr frá suðvestri til norðausturs. Gerðið er í mólendi sem hallar til norðvesturs.



Meint rétt 032\_3, horft til suðurs á ljósmynd.


**Hættumat:** engin hætta

SP-047:032\_4 tóft óþekkt

533601 628838

Mjög óljós tóft er nyrst á meintu selstæði, um 20m norður af tóft 032\_1. Hún var skráð af loftmynd á úrvinnslustigi en ekki á vettvangi. Hún virðist vera tvískipt, um 9x5m að stærð og snýr norður suður.

**Hættumat:** engin hætta



Tóft 032\_4.



SP-047:033\_1 tóft sel

533442 629103

Tvær nokkuð fornlegar tóftir eru innarlega í vestanverðum Keflavíkurdal um 1,8km sunnan við bæjarhól

001, um 300m norðvestan við meint sel 032 og um 30m vestan við mógrafarsvæði 037. Tóftirnar eru á svæði sem er 28x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekki er vitað hvaða hlutverki þessar tóftir gegndu en líklegt er að á þessum stað hafi verið sel frá Keflavík.


SP-047:033



Selminjar 033.

Selið er á mörkum grösugs sléttlendis og þýfðs móa þar sem dalurinn er tekinn að þrengjast. Flatlent útengi er norðan við minjarnar.

Lýsingin hefst á meintri seltóft 033\_1 sem er 12 m vestan við tóft 033\_2. Tóftin er einföld, 11x8m að stærð og snýr norður suður. Hún er fornleg og eru




*Seltóft 033\_1, horft til suðurs á ljósmynd.*

vegghleðslur vel grónar og rúnnaðar. Þær eru 2-3 m á breidd og 50-120cm á hæð og er ytrabyrðið almennt hærra en innrabyrðið. Hæst er ytrabyrðið á suðurgaffli en lægst er innrabyrði á austurlanghlið. Óljóst op er á tóftinni á norðurgaffli. Tóftin er á lágum hól sem gæti mögulega hafa myndast vegna uppsöfnunar leifa eldri mannvirkja á staðnum.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-047:033\_2** tóft kvíar

533464 629105



*Kvíatóft 033\_2, horft til suðvesturs á ljósmynd.*


Tóft 033\_2 er austast á minjasvæðinu. Hún er 11x6m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er tvískipt og er op á milli hólfa og á suðausturgaffli. Vegghleðslur eru 30-60cm á hæð og 1-1,5m á breidd. Vegghleðslur eru mjög signar, lítt áberandi og grónar lyngi. Þær eru hlaðnar úr torfi og grjóti og má enn sjá stórt hleðslugrjót í norðvesturgafflinum en ógreinilegastar eru vegghleðslurnar við suðausturopið. Botninn er gróinn grasi. Ekki er hægt að segja til um hlutverk tóftarinnar með fullri vissu en líklegt er að hún sé af kvíum eða stekk sem tilheyrði selinu.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-047:034** tóft heystæði

533948 630739

Torfhlaðin tóft sem ætla má að sé heystæði er í þýfðum og grasgefnum móa á svæði sem heitir Dysjar (sjá 005), fast norðaustan við hleðslu 005\_2 og 145 m suðaustan við bæ 001.



*Heystæði 034, horft til norðurs á ljósmynd.*

Deiglendi er fast neðan við heystæðið til vesturs. Lengra til austurs er mýrlent og grasgefið milli melhóla. Tóftin er 7x5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er flöt að ofan og virðist torfhláðin en þó er einn steinn greinanlegur í henni. Mesta hæð er 0,3-0,4 m. Ekki er hægt að greina innanmál eða op á tóftinni. Rás sem myndast hefur vegna vatnsaga liggur eftir endilangri austanverðri tóftinni.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-047:035** tóft óþekkt

533622 630966

Lítill tóft er frammi á sjávarbakka 50 m suðaustan við tóft 027 og 180 m norðvestan við bæ 001.

Tóftin er í nokkuð þýfðum, grasi vöxnum móa.



*Tóft 035 er frammi á sjávarbakka, horft til vesturs á ljósmynd.*


Tóftin er 5x5 m að stærð og virðist vera einföld en brotnað hefur af norðurenda hennar. Veggir tóftarinnar eru 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt. Hún er í stórhættu vegna landbrots.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots

**SP-047:036\_1** tóft heystæði

533896 630404

Sex tóftir eru á svæði sem er 50x20m að stærð og snýr norð-norðaustur og suð-suðvestur. Tóftaþyrping þessi er um 520m sunnan við bæjarhól 001, um 150m suðvestan við Litlu-Keflavík og rúma 50m austan



Yfirlitskort af minjum 036. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

við Keflavíkurá. Nyrsta tóftin sem hér verður byrjað á að lýsa er rúmum 20m suður frá ánni og rúma 5m norðan við tóft 036\_2. Tóftirnar eru fremst á grónum og grösugum bakka sem er ofan við Keflavíkurá og eru fast utan við slétt engi. Út frá gerð þeirra og staðsetningu má fastlega gera ráð fyrir því að þau séu tóftir heystæða.

Þurr og grösugt svæði vestan við grösugt deiglendi.

Nyrst er tóft 036\_1. Hún er svo til alveg ferhyndur pallur sem er um 7x5m að stærð og snýr norður suður. Hún hefur mjög óljósa dæld í miðjunni sem myndar lágan 1m breiðan kant umhverfis. Ekki

er hægt að greina neinar grjóthleðslur og er ytrabyrði 60-80 cm á hæð.

**Hættumat:** engin hætta




Heystæði 036\_1, horft til norðurs á ljósmynd.



SP-047:036\_2 tóft heystæði

533893 630392



Heystæði 036\_2, horft til norðvesturs á ljósmynd.






Tæpa 5m sunnan við heystæði 036\_1 er heystæði 036\_2. Tóftin er ferhyrndur pallur en í honum miðjum er grunn dæld. Hún er 5x3m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Ekki er hægt að greina grjóthleðslur í tóftinni en þó er hún hlaðin uppáð stóru en lágu bjargi sem myndar suðvesturhorn hennar. Ytra byrði er 30-50cm hátt.

**Hættumat:** engin hætta

SP-047:036\_3 tóft heystæði

533891 630383




*Heystæði 036\_3, horft til vesturs á ljósmynd.*

Rúma 5m sunnan við heystæði 036\_2 og rúma 8m suðvestan við heystæði 036\_4 er heystæði 036\_3. Tóftin er ferhyrndur pallur sem er allur á kafi í grasi. Tóftin er 4x3m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Ekki er hægt að greina neinar grjóthleðslur í henni og er ytra byrði er 30-40cm hátt.

**Hættumat:** engin hætta

SP-047:036\_4 tóft heystæði


533877 630390



*Heystæði 036\_4, horft til norðurs á ljósmynd.*

Rúma 8m vestan við heystæði 036\_2 og rúma 8m norðvestan við heystæði 036\_3 er heystæði 036\_4. Tóftin er einföld, um 6x6m og hefur op til suðurs. Veggheðslur eru 1-1,5m á breidd og er innra og ytra byrði 30-50 cm á hæð. Engar grjóthleðslur eru sýnilegar í veggheðslunum.

**Hættumat:** engin hætta



Heystæði 036\_5-6.



Heystæði 036\_5, horft til vesturs.

Tóft 036\_5 er rúma 17m suðvestur af tóft 036\_3 og tæpa 17m suður af tóft 036\_4. Eins og aðra tóftir á svæðinu er að öllum líkindum um heystæði að ræða sem er upphlaðinn pallur og er hann um 4x4m að stærð. Tóftin er öll hlaupin í þúfur og er auk þess á kafi í grasi. Ytrabyrði mjög óljóst en er 30-50cm á hæð.

**Hættumat:** engin hætta



Heystæði 036\_6, horft til suðurs.


Tóft 036\_6 er um 1m sunnan við tóft 036\_5 og tæpa 22m sunnan við tóft 036\_4. Eins og aðra tóftir á svæðinu er að öllum líkindum um heystæði að ræða sem er upphlaðinn pallur og er hann um 5x3m að stærð. Hann snýr svo til í norður suður og er hleðsluhæð hans 30-50cm. Tóftin er öll hlaupin í þúfur og er auk þess á kafi í grasi.

**Hættumat:** engin hætta

“Móskurður hefur að fornu verið, brúkaðist ei,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1712. Mógrafarsvæði er innarlega í Keflavíkurdal vestan Keflavíkurár. Það er tæpa 10m vestan við tóft 033\_2 og um 1,8 km sunnan við bæjarhól 001.

Mógrafarsvæðið er í grösugu blautu deiglendi í frekar þröngum dal. Suðaustan við svæðið rennur Keflavíkurá en vestan við mógrafarsvæðið er mólendi sem fer hækandi til vesturs.

Mógrafarsvæðið er 200x140m að stærð og snýr norður suður. Mógrafirnar eru mis djúpar og eru margar þeirra fullar af vatni og ógrónar í botninn en aðrar eru grunnar og farnar að gróa. Vatnsbakkarnir milli



Afmörkun mógrafasvæðis 037. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Hluti af mógröfum 037, horft til norðausturs.

mógrafanna eru víða farnir að síga og orðnir óljósir.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** JÁM XI, 51-52

**SB-047:038** tóft útihús

533798 630901

Tóft er innan heimatúns, rúmum 5 m sunnan við bæjarhól 001\_1 og tæpum 4 m vestan við tóft 039. Hún er á þýfðri tungu milli rennu 007\_1 og rennu 007\_2. Staðsetning og lag tóftarinnar bendir til þess að um útihús sé að ræða.

Tóftin er innan heimatúnsins, á grónu svæði. Túnið er ósléttað og þýft.



Útihústóft 038, horft til vesturs á ljósmynd.


Tóftin er sigin og óskýr vegna mikils þýfis. Hún er um 5 x 5 m að stærð, einföld og op er á henni í norðausturhorni. Veggirnir eru bogadregnir, 0,3 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Hvergi glittir í grjótt í þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**SB-047:039** tóft útihús

533804 630901

Sigin, óljós tóft er í heimatúni rúmum 4 m sunnan við bæjarhól 001\_1 og tæpum 4 m austan við tóft 038. Tóftin er á þýfðri tungu milli rennu 007\_1 og rennu 007\_2. Staðsetning og lag tóftarinnar bendir til þess að um útihús sé að ræða.



*Útihúsóft 039, horft til suðurs á ljósmynd.*

Tóftin er innan heimatúnsins, á grónu svæði. Túnið er ósléttað og þýft.

Tóftin er sigin og þýfð og lögun hennar óregluleg af þeim sökum. Hún er 6,5x5,5 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,3-0,5 m á hæð, algrónir og þýfðir. Inni í tóftinni til NNV er veggjahrun. Op er á tóftinni til norðausturs.


**Hættumat:** engin hætta

**SP-047:040** tóft óþekkt

534086 630441

Útflött tóft er á grónum hól 70 m suðaustan við bæjarhól Litlu-Keflavíkur 011\_1 og 190 m norðaustan við heystæði 036. Dýjalækur rennur meðfram hólnum að sunnanverðu.

Hóllinn sem tóftin er á er vel gróinn mosa, lyngi og grasi. Hann er ekki ýkja hár og fremur kúptur. Sunnan og vestan við hann eru miklar grasgefnar engjar en til norðurs og austurs er mói með gróðurlausum melum.



*Tóft 040, horft til suðurs á ljósmynd.*

Tóftin er 10x8 m stór og snýr VNV-ASA. Hún er einföld og ekki sést greinilegt op inn í hana. Kindagata liggur eftir tóftinni endilangri. Utanmál tóftarinnar er nánast ógreinanlegt en innanmálið er greinilegra og nokkuð ferkantað. Veggir eru því alveg útflattir og innri brún þeirra aðeins 0,1 m há. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt. Helst kemur til greina að á þessum stað hafi verið heystæði.

**Hættumat:** engin hætta




*Horft til SSV yfir hluta túnsins 041 í Keflavík.*

Túnið í Keflavík er á flatlendi fram á sjávarbakka sem afmarkar það til norðurs. Keflavíkurá rennur austan við það og túngarðar 003\_1 og 003\_3 afmarka það til suðurs og vesturs.

Heimatúnið er ósléttað og mjög stórþýft. Innan þess er mikill grasgróður en mólendi er innan garðs vestast í túninu. Virkt landbrot er í Keflavík og hefur mikið brotnað af túninu en ekki er vitað hversu mikið er farið af því.

Túnið í Keflavík er 2,8 ha að stærð en ekki er til kort af því frá upphafi 20. aldar. Það er 235 m langt og 165 m breitt, snýr VNV-ASA. Ekki er að sjá ummerki um túnasléttun í því.

**Hættumat:** stórhætta, vegna landbrots



*Afmörkun túnsins 041 í Keflavík og helstu minjar innan þess.*

## SP-621 Fornleifar á fl. en einni jörð

SP-621:001 gata leið

541014 627075

“Leiðin milli bæjanna um Brekkuhóla liggur um Háasund [...],” segir í örnefnaskrá Brekku. “Menn sem komu að Eyri [SP-042] frá Tindriðastöðum [SP-041] komu annað hvort framan Sundin, og var það skemmri leiðin, eða þeir fóru neðan við Vatnshólinn og var sú leið kölluð Sneiðingur [sjá leið 017],” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Arnareyrar. Leið sú sem hér er skráð lá á milli Arnareyrar, Brekku og Tindriðastaða þar sem hún tengdist öðrum leiðum um sveitina.

Stærstur hluti leiðarinnar liggur um Háasund, grasi gróið, þýft og deiglent sund austast í Brekkuhólum. Leiðin liggur af leið yfir Hálsana 002 frá Merkgili sunnan við Brekkusel SP-043:005 og inn á Háasund. Sjá má fjárgötur á leiðinni sem virðist fjölfarnar í vestanverðu sundinu. Þegar kemur norður að Stekkjarklökk SP-043:028 er hægt að fara hvoru megin sem er við hana. Þeir sem hafa ætlað að Brekku hafa líklega farið vestan við hana en þeir sem hafa ætlað áfram að Arnareyri farið austan við hana og utan og norðaustan í Snorragerði SP-043:004. Þaðan lá leiðin yfir Brekkulæk þar sem hann rennur út á Leiruna og áfram meðfram rótum Stakhóls að túninu á Arnareyri. Leiðin er tæpir 2 km á lengd.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Brekka, 3; Sundin Ö-Arnareyri Aths. og viðb., 2

SP-621:002 gata leið

540433 627705



*Leið 002 á Þönglabakkahálsi, horft til SSA.*

“Þorgeirshöfði [...] er tangi milli Þorgeirsfjarðar og Hvalvatnsfjarðar. Hann er hömrum girtur með sjó, og upp af honum liggur lágur ás til suðurs, og um hann er aðalleiðin milli fjarðanna,” segir í örnefnaskrá Þönglabakka [SP-044]. “Frá Hvalvatnsfirði yfir til Þorgeirsfjarðar er þægilegast að ganga um lagan háls milli Þorgeirshöfða og má þar fylgja glöggum götum. Á leiðinni er Startjörn,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. Á öðrum stað í sama riti segir: “Niður í Þorgeirsfjörð [af Þorgeirshöfða] liggur leiðin um glöggar hestaslóðir og fornan veg, merktan með stökum steinum.”

Leiðin á milli Tindriðastaða og Þönglabakka liggur yfir hálsinn þar sem mólendi er ríkjandi en inn á milli eru mýrlend svæði og einnig svæði

sem eru illa farin af jarðvegsrofi.

Leiðin er 3,2 km á lengd og á henni djúpar og fjölfarnar götur en þetta er aðalleiðin sem farin er af ferðafólki á milli fjarðanna. Þegar fer að halla niður af hálsinum til Þorgeirsfjarðar greinist leiðin og liggja götur annars vegar á upphlaðinn veg SP-044:053 og hins vegar liggja götur litlu suðvestar á um 600 m löngum kafla uns hún sameinast hinni leiðinni á upphlaðna veginum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Þönglabakki AG, 2; ÁFÍ 1992, 126, 128

SP-621:003 gata leið

539893 627542

“Hálsklauf [í Þönglabakkalandi] er skarð milli Hádegishóla og Lútarinnar. Um Hálsklauf var stytta leið að Tindriðastöðum [SP-041],” segir í örnefnaskrá Þönglabakka SP-044. Þessi leið var ekki skoðuð

á vettvangi en á úrvinnslustigi var hægt að greina allskýrar götur frá túninu á Tindriðastöðum, upp hlíðarnar til vesturs að Torfdal (sjá t.d. SP-043:006). Aftur sjást götur norðvestan við Torfdal og eftir Hálsklauf að túni Háagerðis SP-044:025 í landi Þönglabakka.

Leiðin liggur að mestu leyti um hálfgróið mólendi.

Þar sem leiðin var ekki skoðuð á vettvangi er ekki hægt að lýsa henni af neinni nákvæmni. Hægt er að rekja hana á loftmynd á tæplega 3 km löngum kafla en í heildina er leiðin um 3,3 km löng. Leiðinni virðist viðhaldið af sauðfé

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Þönglabakki AG, 3

**SP-621:004** *Uxaskarð* gata leið

533265 629499

“[...] neðan við Uxaskarð, sem fyrr getur, er upp við skarðið drangur, sem heitir Hraunkarl, og skammt frá honum liggur svo Uxaskarðið í vestur, en það er helzta leið til Látra [SP-048],” segir í uppkasti að örnefnaskrá Keflavíkur AG. Í annarri skrá AG yfir örnefni Keflavíkur segir: “Eins og fyrr segir stóð bærinn [SP-047:001] úti undir sjónum rétt vestan við árgilið. Ef farið var þaðan til Uxaskarðs lá leiðin fyrst upp undir brekkuna móts við ysta Gjögurtindinn, svo fram hlíðina, og þegar kemur í Fossabrekkur er gatan sem næst miðhlíðis. Svo liggur gatan upp brattan hól í nokkrum sneiðingum og beint í skál norðan undir Hraunkarli. Þar er lögðin sem heitir Uxaskarð. Á miðju skarðinu er ævaforin grjótvarða [sjá SP-047:009], farin að láta á sjá.” “Við förum ekki upp sjálfar Fossabrekkurnar, ekki fyrr en efst í þær. Göturnar þarna upp eru allar í krókum og seinfarnar,” segir í Árbók Þingeyinga 1984. Á Íslandskorti frá 1933 er leið sýnd sem liggur til norðurs frá Látrum, fyrir Fossdal, um Uxaskarð og meðfram Keflavíkurá að vestanverðu. Leið þessi, á milli Látra og Keflavíkur, er um 8,5 km á lengd. Hún var rakin á stuttum kafla í Keflavíkurdal. Þar liggur leiðin í vestanverðum dalnum, vel ofan við láglandið sem er nokkuð blautt. Leiðin liggur því um ágætlega þurrt svæði.

Leiðin liggur um þýft mólendi í nokkrum hallanda mót austri í vestanverðum Keflavíkurdal.



*Horft til norðurs út Keflavíkurdal af Uxaskarði 004.*

*Skilti á leiðinni frá Látrum. Horft til norðausturs að Uxaskarði 004.*

Þar sem leiðin var skoðuð sést stök gata sem er rúmlega 30cm á breidd, ógróin í botninn og 10-15cm djúp. Henni var fylgt eftir á um 850m löngum kafla. Sé leiðinni fylgt lengra til suðurs á loftmynd má sjá að hún greinist og liggja tveir samsíða slóðar inn Keflavíkurdal. Þessari leið fylgir sauðfé og göngufólk sem kemur í Keflavík frá Látraströnd eða úr Þorgeirsfirði á leið inn á Látraströnd og heldur henni við.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Keflavík AGb, 1-2; Ö-Keflavík AGa, 2; Árbók Þingeyinga 1984, 33; Uppdráttur Íslands, Kort 61


“Kirkjuvegur að Þönglabakka [-kirkju SP-044:002 frá Keflavík SP-047] stórlega erfiður yfir tvö fjöll að sækja,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar 1712. “[O]g síðasti vegur yfir fjallgarð þennan liggur frá Botni [SP-045] í Fjörðum yfir Botnsfjall til Keflavíkur [SP-047]. Vegur sá er ekki að öllu leyti hættulaus en bestur aðeins fyrir frækna og kunnuga á vetrum, á sumrum er hann farinn með hesta,” segir í Sýslu- og sóknalýsingu Þingeyjarsýslna 1839. Leiðin á milli Keflavíkur og Þönglabakka í Þorgeirsfirði er um 7 km löng. Hún er nokkuð farin enn af göngufólki og sauðfé. Greinilegust er hún á milli Botns og Keflavíkur og þar má sjá moldartroðning á leiðinni.

Leiðin á milli Botns og Keflavíkur liggur um hálent svæði sem er víða gróðurryrt. Á milli Botns og Þönglabakka er farið um grýtta fjöru eða rétt innan við hana þar sem er grösugt deiglendi.

Þeim hluta leiðarinnar sem liggur á milli Botns og Keflavíkur er nákvæmlega lýst í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1992: “Leiðin til Keflavíkurdals liggur upp frá Botni [SP-045] og eru þar glöggir slóðar eftir sauðfé og hross, svo engin ætti að villast. Gengið er upp lyngivaxnar brekkur Botnsfjalls undir fjallinu Háubóru [...]. Upp liggur leiðin, fyrst yfir Mígindiskamb (Mígildiskamb) en síðan á Blæjukamb, og er gönguleiðin þar í um 280 m hæð [...]. Slóðin liggur aftur bratt niður af Blæjukambi og í Blæju [...]. Yfir Blæju liggur gata sem sem fylgja má um mela, mosa og lyngivaxna hóla. Í nær miðjum dalnum er



*Messuklettur á leið 005, horft til suðvesturs ofan í Keflavíkurdal.*



*Tæp gata í Hnjáfalli á leið 005. Horft til vesturs.*

nokkuð hár hryggur og liggur slóði neðan hans [...]. Slóðinn liggur hins vegar á ská upp úr Blæjunni á nef nyrst í Hnjáfallinu, skammt ofan við sjávarhamrana [...]. Leiðin utan í Hnjáfallinu liggur í um 400 metra hæð og er þar gróðurlaust og berangurslegt. Slóðin er glögg og rétt að halda sig sem næst henni því utan hennar er víða hengiflug í sjó fram. Skora er þar inn í fjallið en hún er mun styttri, þrengri, og brattari en Blæjan. Slóðin liggur upp fyrir skoruna og er um einstigi að fara. Niðri fyrir sveima sjófuglar en þar er nokkurt líf björgum [...]. Áfram liggur slóðin ofan við mikinn bjargvegg og síðan niður hlíð Hnjáfalls til vesturs að Messukletti sem stendur á brún Keflavíkurdals í um 300 m hæð.“ Áframhald af leiðalýsingunni er að finna í Árbók Þingeyinga 1984: “Við förum á bak við Messuklettinn, niður þrönga skoru að Urðarskál, og á efri höfðann, og í norður á neðri höfðann, þaðan niður Sprengibrekku, sem er snarbrött og nær alveg niður í Keflavíkurdalinn, en gatan liggur krókótt niður brekkuna.“ Vitað er



að ein varða er á leiðinni á milli Sperrugjár og Mígindislækjar (á þeim hluta leiðarinnar sem er á milli Keflavíkur og Botns). Þegar vettvangsvinna fór fram sumarið 2018 gafst því miður ekki tími til þess að fara að henni og skrá hana. Aldur vörðunnar er ekki þekktur og kann að vera að hún hafi verið hlaðin eftir að byggð lagðist af í Fjörðum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** JÁM XI, 52; SSB, 75-76; ÁFÍ 1992, 139-140; Árbók Þingeyinga 1984, 32

**SP-621:006** *Reiðholt* gata leið

541974 624364

“Reiðholt var kallað niður af Hnausafjalli, á leiðinni innan fjörðinn,” segir í viðbótum og athugasemdum við örnefnaskrá Kaðalstaða. Leið lá fram Hvalvatnsfjörð frá vaði SP-623:009 á Illagili og alla leið að Kaðalstöðum. Leiðin er um 6,3 m löng en henni var aðeins fylgt á stuttum kafla á vettvangi þar sem hún liggur úr suðri inn í tún Kúsveinsstaða SP-040b. Hægt er að rekja götur á loftmyndum á stórum hluta leiðarinnar og er gert ráð fyrir að þær séu á gömlu leiðinni. Af þessari leið var farið yfir Austurá/Fjarðará á Gilsvaði SP-037:006 og Nautavaði SP-038:007 yfir á leið 013 sem lá eftir vestanverðum firðinum á milli Gils og Tindriðastaða.

Leiðin liggur um kjarrlendi og lyngmóa en inn á milli eru gróðurýr svæði og áreyrar.



*Götur á leið 006 nærri Kúsveinsstöðum SP-040b, horft til norðurs.*

Þar sem leiðin var skoðuð á vettvangi var hægt að fylgja henni á um 550 m löngum kafla. Hún liggur til norðurs frá malarvegi þegar komið er niður á láglandi norðan við Jórunnarstaðahóla. Gata á leiðinni er 0,5-1 m á breidd, 0,2 m á dýpt og líkist einna helst fjölförnum kindastíg. Hún hlykkjast til norðurs, eftir neðsta hjalla Hnausafjalls en þegar kemur að flatlendi við Kúsveinsstaði má greina 2-3 götur sem liggja annars vegar inn í túnið og fjara þar út og hins vegar halda þær áfram út að Kaðalstöðum. Leiðin fjarar út við grýttar, flatar áreyrar og líklega var farið yfir þær fremur en brekkur og deiglendi til austurs.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Kaðalstaðir Viðb. og aths., 1

**SP-621:007\_1** *Þröskuldsvegur* heimild um leið

540933 618397

“Annar vegur (ef veg skyldi kalla) liggur frá Gili í Fjörðum [SP-037] um svokallaðan Trölladal [SP-055:011], suðvestur yfir fjallgarðinn til Höfðahverfis. Fjall eða hálsmeitill kemur fyrir á vegi þessum, yfir hvörn þó má fara með hest hættulaust, hvörs vegna hann heitir stundum Þröskuldsvegur. Vegurinn liggur niður að Finnastöðum í Höfðasókn [SP-055],” segir í Sýslu- og sóknalýsingu Þingeyjarsýslna 1839.” Lestargötur á Leirdalsheiði hafa fyrr á öldum stefnt að Fossvaði [SP-037:003] uppá Trölladal, ekki norður Hávörður og niður í Grenivíkurtungur eins og nú er - fara þá nær Sveigsfjalli taka sveig um rætur þess inn á Trölldal; þaðan halda göturnar norður Gilsafrétt í fjallsrótum langt fyrir ofan bæ á Gili [SP-037], fylgja þeirri hæð áfram norður,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2000. Þröskuldsvegur á milli Gils og Finnastaða um Trölladal er um 15 km löng leið. Hún var ekki skoðuð á vettvangi þegar aðalskráning fór fram í Fjörðum 2018-2019 en hún var rakin á stuttum kafla í landi Gils af loftmynd. Einnig var skráð ein varða 007\_2 sem ætla má að hafi verið við leiðina.

**Heimildir:** SSB, 75; ÁFI 2000, 155



Varða 007\_2 á leið 007\_1, horft til suðvesturs.

**SP-621:007\_2** varða samgöngubót  
541484 619094

Stór varða er á melhól í mólendi innan um mýrar, suðaustan við Fossvaðslæk. Varðan er 270 m norðan við sel SP-037:028 og 1,3 km sunnan við bæinn á Gili SP-037:001.

Varðan er hlaðin á stórt jarðlægt grjót eða bjarg á melnum og sést vel frá henni til norðurs, að gangnamannaskála á Gili og að gamla bæjarstæðinu.

Varðan er um 1,5 m í þvermál, ef bjargið sem hún er hlaðin á er talin með, og um 1 m á hæð. Í henni er hrunin eða óvönduð hleðsla.

**Hættumat:** engin hættu

**SP-621:008** Refsárskarð heimild um leið

534980 617144

“Refsárskarð liggur af Þverárdal og Bakkadal. Vegurinn upp á fjallaskarð þetta, sem er brattur og örðugur hryggur eða meitinn, þó hefur hann verið farinn með hest. Grímsnes í Höfðahverfi [SP-049] er næsti bær undir skarðinu að vestan, Hóll í Þorgeirsfirði [SP-046] að austan, þegar farinn er út Bakkadalur, Þverá [SP-039] ef farinn er Þverárdalur. Gild 1/4 þingmannaleið er milli byggða,” segir í Sýslu- og sóknalýsingu Þingeyjarsýslna 1839. Leiðin var ekki skoðuð á vettvangi þegar aðalskráning fornminja var unnin í Fjörðum 2018-2019. Á milli Grímsness í Höfðahverfi og Hóls í Þorgeirsfirði eru um 15 km.

**Heimildir:** SSP, 75

**SP-621:009** Einbúaskarð gata leið

533400 621929

“Einbúaskarð liggur frá Hóli í Fjörðum [SP-046] til Látra á Látraströnd [SP-048] sunnan og vestanvert við Hraunfjallið. Þetta er afar bratt meitilsskarð með móbergi og nokkru lausagrjóti ofan á, sem hleypur undan fæti jafnóðum og stigið er á. Á vetrum er skarð þetta ekki gengið nema á góðum fjallajárnum af fræknustu mönnum,” segir í Sýslu- og sóknalýsingu Þingeyjarsýslna 1839. Leið liggur til suðvesturs af leið SP-046:046 í túni Hóls og má ætla að hún hafi meðal annars legið áfram um Einbúaskarð yfir á Látraströnd en einnig hefur hún verið farin innan jarðarinnar til heyja og annarra verka. Leiðinni var aðeins fylgt að Víðinesi, um rúmlega 3 km langan veg en leiðin frá Hóli og yfir að Látrum er um 15 km löng.

Þar sem leiðinni var fylgt í landi Hóls liggur hún að mestu um gróin svæði í úthögum. Eftir því sem innar dregur á Hólsdal verður hálendara og minna um gróður.

Á leiðinni sést einföld gata sem er viðhaldið af sauðfé á sumarreit í Fjörðum.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** SSP, 75

**SP-621:010** gata leið

538353 628281

“Frá Botni [SP-045] er stutt bæjarleið inn að Hóli [SP-046] [...],” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2000. Greinilegar götur eru á milli bæjanna sem taka við af upphlöðnum vegi SP-045:013 í túni Botns og liggja neðarlega í hlíðum Botnsfjalls til suðvesturs að bænum á Hóli SP-046:001. Leiðinni er haldið við af sauðfé sem er á svæðinu á sumarreit.

Leiðin liggur neðarlega í affliðandi hlíðum þar sem er bæði mólendi og hallamýrar. Svæðið er að mestu



*Gata á leið 010 á milli Botns SP-045 og Hóls SP-046, horft til SSV.*

gróið.

Frá hlöðnum vegi SP-045:013 í túni Botns er alldjúp gata sem er ekki meira en 0,3-0,5 á breidd og álíka djúp. Þegar komið er út úr túninu á Botni sést leiðin sem samfelldur moldartroðningur. Svo virðist sem að hægt hafi verið að velja um tvær mögulegar leiðir og eru um 30 m á milli þeirra. Neðri leiðin er samfelldari og er auðveldara að fylgja henni alla leið á milli bæjanna. Efri leiðin er ekki eins greinileg en sést á löngum köflum. Vegalengdin á milli bæjanna er um 1 km.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ÁFI 2000, 172

**SP-621:011** gata leið

540592 628297



*Götur á leið 011, horft til norðausturs að Arnareyri SP-042.*



*Götur á leið 011, horft til suðvesturs. Lengst til vinstri sést túnið á Brekku SP-043.*

Leið lá á milli Þönglabakka SP-044 í Þorgeirsfirði og Brekku SP-043 og Arnareyrar SP-042 yst í Hvalvatnsfirði. Hún liggur á leið 002 suðvestan við Startjörn.

Á leiðinni var að mestu leyti farið um lyngmóa í austanverðum hálsinum sunnan við Þorgeirshöfða.

Leiðin er um 1,2 km löng og sjást allglöggar götur á henni. Þeim er viðhaldið af sauðfé á sumarreit í Fjörðum. Viða sést aðeins ein ógróin gata en sumsstaðar eru þær fleiri saman.

**Hættumat:** engin hætta

**SP-621:012** Jórunnarstaðaskarð heimild um leið

543308 620821

“Þar uppaf er Jórunnarstaðaskarð, sem er um 800 m á hæð, en um skarðið er gönguleið til Ytri-Brettingsstaðadals niður í Flateyjardal,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. Hefur þessi leið verið fáfarin og líklega ein af þeim leiðum sem farnar voru ef ekki voru aðrar færar og nefndar eru í Sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslna 1839: “Hins vegar liggja vegir úr Fjörðum til Flateyjardals sem ekki geta alfaravegir kallast þó farnir séu í nauðfalli þegar ekki gefur sjóveg - bæði af Þönglabakkapresti til embættisgjörðar og þeim sem vitja hans að austan etc.” Í örnefnasjá Landmælinga Íslands er Jórunnarstaðaskarð merkt efst í fjallgarði austan við Þverá í austanverðum Hvalvatnsfirði, innan við

Jórunnarstaði SP-623:001. Leiðin var ekki könnuð á vettvangi þegar aðalskráning fornminja var unnin fyrir Fjörður 2018-2019.

**Heimildir:** ÁFÍ 1992, 115; SSP, 76

**SP-621:013** gata leið

540934 625977

“Við Tindriðastaði [SP-041] eru nokkurs konar gatnamót í sveitinni. Þaðan má halda hvort heldur sem er inn að Þverá [SP-039], yfir hálsinn að Þönglabakka [SP-044; sjá leið 002], út að Brekku [Brekka, SP-043; sjá leið 001 og 017] eða um engjar þvert yfir dalinn að Kaðalstöðum [SP-040; sjá leið 014],” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. Í örnefnalýsingu Tindriðastaða segir: “Kvíaból [SP-041:008] var sunnan við Bæjarlækinn rétt upp af götunni.” Er þar líklega vísað til leiðar frá Tindriðastöðum inn að Þverá og áfram til suðurs sem hér er skráð.

Leiðin liggur um þýft mólendi og deiglendar mýrar.

Talsverður fjöldi fjárgatna liggur á þeim slóðum sem gamla ferðaleiðin lá og ekki gott að sjá hvort að einhver ein þeirra hafi verið fjölfarnari en aðrar. Einnig er þessi leið farin af ferðafólki og ekki víst að það fylgi allsstaðar gömlu leiðinni nákvæmlega. Leiðinni var aðeins fylgt á stuttum kafla á vettvangi í landi Tindriðastaða. Þar sést gata liggja til suðurs frá bæjarhóli Tindriðastaða SP-041:001\_1. Þar var allbreiðri götu fylgt á um 100 m kafla til suðurs. Er hún um 0,5 m á breidd, 0,3 m djúp og nokkuð gróin. Með því að rýna í loftmyndir af svæðinu er hægt að sjá nokkurn veginn hvar leiðin hefur legið og var hún um 6 km löng.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** ÁFÍ 1992, 119; Ö-Tindriðastaðir, 2

**SP-621:014** heimild um leið

“Við Tindriðastaði [SP-041] eru nokkurs konar gatnamót í sveitinni. Þaðan má halda hvort heldur sem er inn að Þverá [SP-039; sjá leið 013], yfir hálsinn að Þönglabakka [SP-044; sjá leið 002], út að Brekkur [Brekka SP-043; sjá leið 001 og 017] eða um engjar þvert yfir dalinn að Kaðalstöðum [SP-040] [...],” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. Ekki er alveg ljóst hvar leiðin á milli Kaðalstaða og Tindriðastaða hefur legið og má ætla að hún hafi tekið breytingum í takt við umhverfisbreytingar á vatnasviði Austurár/Fjarðará. Ferðafólk í Fjörðum gengur yfir Kaðalstaðamýrar eftir flóðgarði SP-040:020E í umfangsmikilli áveitu en önnur leið hefur væntanlega verið farin áður en hún var gerð (snemma á 20. öld). Engin ummerki um leiðina sást á vettvangi eða á loftmyndum og var því ekki hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

**Heimildir:** ÁFÍ 1992, 119

**SP-621:015** heimild um leið

541034 625992

“Tindriðastaðir eru undir lágum ásum frammi á árbakka, og eru engjarnar fyrir handan ána. Er þar mýrlendi, en handan við það eru gamlir bakkar, harðir og sléttir, og var þar aðalvegurinn eftir dalnum á sumrum, þegar þeyst var á hestum,” segir í bókinni Í verum eftir Theódór Friðriksson. Leiðin er enn farin enda því sem næst eina þurrlendið að ráði framarlega í dalnum miðjum. Hún hefur tengt saman leið 006 í austanverðum Hvalvatnsfirði við leiðir 001, 002, 013 og 017 í vestanverðum firðinum.

Þar sem reiðgötur voru er nú bíslóði sem hægt er að aka á góðum degi en allur akstur er engu að síður bannaður á svæðinu. Gönguleið að göngubrú á Fjarðará liggur eftir árbakkanum.

Ekki sjást lengur reiðgötur á bökkum engjanna austan Fjarðará.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Theódór Friðriksson, 130

**SP-621:016** heimild um leið

535768 618032

“Fram úr Þverárdal er skarð, sem heitir Refsárskarð [sjá 008] og leið er úr Þverárdal og yfir í Afvikið [Í landi Þönglabakka SP-044],” segir í örnefnaskrá Þverár. Nákvæm lega þessarar leiðar er ekki þekkt en farið hefur verið yfir fjallgarðinn milli fjarða innanlega í Þverárdal. Leiðin var ekki skoðuð á vettvangi þegar aðalskráning fornminja var unnin í Fjörðum 2018-2019.

**Heimildir:** Ö-Þverá, 1

**SP-621:017** *Sneiðingur* gata leið

541249 627634



*Sneiðingur 017, horft til norðurs.*

“Frá Tindriðastöðum [SP-041] liggja óljósar götur út með Hvalvatnsfjarðará að eyðibýlinu Brekku [SP-043] um tveggja kílómetra leið yfir að Þönglabakka í Þorgeirfirði [SP-044 - sjá einnig leið 002 sem lá á milli Brekku/Arnareyrar og Þönglabakka],” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. “Menn sem komu að Eyri [SP-042] frá Tindriðastöðum [SP-041] komu annað hvort framan Sundin [sjá 001], og var það skemmi leiðin, eða þeir fóru neðan við Vatnshólinn og var sú leið kölluð Sneiðingur,” segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Arnareyrar. Allgreinilegar götur sem farnar eru af sauðfé sjást á þessari leið sem er tæpir 2 km á lengd milli Tindriðastaða og Brekku.

Leiðin liggur að mestu austan í lágum ásum fast vestan við Austurá/Fjarðará og engjar á bökkum hennar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** ÁFÍ 1992, 119; Ö-Arnareyri Aths. og viðb., 2

**SP-621:018** *Jökulbrekka* heimild um leið

545109 623939

“Fyrir botni Kaðaldals er jökulfönn og lág brekka upp í fjallaskarð, milli hans og Ytri-Brettingsstaðadal. Þar heitir Jökulbrekka og er gönguleið yfir í Flateyjardal [...],” segir í Árbók Ferðafélags 1992. Hefur þessi leið verið fáfarin og líklega ein af þeim leiðum sem farnar voru ef ekki voru aðrar færar og nefndar eru í Sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslna 1839: “Hins vegar liggja vegir úr Fjörðum til Flateyjardals sem ekki geta alfaravegir kallast þó farnir séu í nauðsfalli þegar ekki gefur sjóveg - bæði af Þönglabakkapresti til embættisgjörðar og þeim sem vitja hans að austan etc.” Frá Kaðalstöðum að Brettingsstöðum á Flateyjardal um Jökulbrekku eru rúmir 10 km. Leiðin var ekki skoðuð á vettvangi þegar fornleifaskráning var gerð í Fjörðum 2018-2019. Ekki sjást heldur götur á leiðinni á loftmyndum af svæðinu.

**Heimildir:** ÁFÍ 1992, 119; SSB, 76

**SP-621:019** *Sandskarð* heimild um leið

543610 626373

“Austan úr dalnum [Kaðalstaðadal] er skarð, sem heitir Sandskarð; þar er leið yfir á Flateyjardal [...]. Einnig hefur verið farið upp Jökulbrekkurnar og þar yfir [sjá leið 018],” segir í örnefnaskrá Kaðalstaða. “Önnur leið til Flateyjardals liggur norður úr Kaðadal um Sandskarð í Bjarnarfjalli. Þá er fyrst farið upp með ánni Köðlu og síðan um brattar skriður upp á fjalli [...]. Af Bjarnarfjalli er ágætt að ganga niður brattar skriður norðaustur af fjallinu, niður með Kýrlæk að björgunum við enda yst á Flateyjardal [...]. Þessi leið þótti betri en Jökulbrekkuleiðin en þó ekki auðgeng og ákaflega torfær hestum,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992.

“Landvegur úr Fjörðu til Flateyjardals liggur yfir svokallað Sandskarð. Það liggur upp frá Kaðalstöðum í Fjörðum [SP-040] úr svokölluðum Kaðaldal, upp og austur yfir háan og hengibrattan fjallsmeitill, sunnanvert við hæsta toppinn á Bjarnarfjalli. Brekkan að vestan mun vera um 400 faðmar frá sléttlendi. Harða móhelli er upp að ganga með litlu lausagrjóti ofan á, sem jafnóðum og maður tekur upp fótinn skriðnar undan og ofan á dal. Klettabelti er á aðra höndina en gjá á hina, en þegar komið er upp á meitilinn er aðra brekku en bæði styttri og ekki eins standbratt, ofan að ganga að austan. Svo er sniðbrött fjallganga, hér um klukkutíma ganga austur af fjallinu,” segir í Sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslna 1839. Í neðanmálsskýringu í sama riti er þessi leið sögð annexúvegur Þönglabakkaprests til Flateyjardals. Leið þessi var ekki skráð á vettvangi þegar fornleifaskráning fór fram í Fjörðum 2018-2019. Frá Kaðalstöðum og yfir að Brettingsstöðum á Flateyjardal eru um 12 km um Sandskarð.

**Heimildir:** Ö-Kaðalstaðir, 2; ÁFÍ 1992, 119; SSP, 75-76, 68

**SP-621:020** heimild um leið

543122 628089

“[...] út með firðinum að austan er gönguleið yfir í Flateyjardal en þar skiptast á gjár og forvaðar. Þægilegast er að fara um skriðurnar neðan Kýrlækjahryggs en stundum var brotist upp í fjörunni við Stakkshorn, Hafragjá eða Geldinganesgjá. Í láðauðu og lágsjávúðu, má og fara alla [l]eið fyrir landsenda sem er hamratangi norðan Bjarnarfjalls,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. Aðstæður á þessari leið voru ekki skoðaðar þegar fornleifaskráning fór fram í Fjörðum 2018-2019 en engra ummerkja um hana er að vænta.

**Heimildir:** ÁFÍ 1992, 124

**SP-621:021** heimild um leið

543249 627745

“Norðan í Bjarnarfjalli eru Skriður og voru þær einstaka sinnum farnar þegar fjörunnar voru ekki færar fyrir brimi. Þá er farið austur og upp brattar skriður uns komist er upp fyrir klettana austur á Landsenda. Þessi leið er vandfundin en flestum hættulaus að sumarlagi en á vetrum er hún hin versta ófæra,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 1992. Leið þessi var ekki skráð á vettvangi þegar fornleifaskráning fór fram í Fjörðum 2018-2019.

**Heimildir:** ÁFÍ 1992, 124

## V. Byggðasaga

Í Fjörðum hófst búseta fyrst og helst lengst á 10 jörðum; Keflavík, Botni, Hóli, Þönglabakka, Arnareyri, Brekku, Tindriðastöðum, Þverá, Kussungsstöðum og Kaðalstöðum. Þönglabakka er fyrst getið í heimildum á seinni hluta 13. aldar<sup>1</sup> en allra hinna jarðanna er getið í kirkjumáldögum frá 1318.<sup>2</sup> Í Landnámu er svæðisins stuttlega getið en þar er sagt að Þorgeir nokkur hafi numið Þorgeirsfjörð og Hvalvatnsfjörð.<sup>3</sup> Fjörðurnar voru ekki hluti af söguviði fornsagna en þó er Arnareyri nefnd í Finnboga sögu ramma<sup>4</sup> og er hún varðveitt í Möðruvallabók frá miðri 14. öld. Sjálfstæð heimild um aldur byggðar í Keflavík er brot úr beinkambi en það fannst í byggingu sem rannsökuð var árið 2002<sup>5</sup> og var aldursgreint til fyrri hluta tímabilsins 1150-1300.<sup>6</sup> Sóknarkirkja var á Þönglabakka og á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins er patína úr silfri sem talin er vera íslensk smíði frá 12. öld og kemur úr Þönglabakkakirkju.<sup>7</sup> Heimildir eru einnig um að bænhús hafi verið í Keflavík<sup>8</sup> og er almennt talið að kirkjur hafi verið reistar skömmu eftir kristnitöku. Þær má því í flestum tilfellum túlka sem vísbendingu um forna byggð. Út frá



Þönglabakki. Á miðri mynd er bæjarhóll og kirkjugarður í túninu, horft til VNV.

1 Íslenskt fornbréfasafn (hér eftir DI) II, bls. 91.

2 DI II, bls. 443.

3 Íslensk fornrit (hér eftir ÍF) I, bls. 272.

4 ÍF XIV, bls. 291.

5 Sarpur - menningarsögulegt gagnasafn: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1865423>

6 Guðrún Alda Gísladóttir, munnleg heimild 30. apríl 2019, byggt á gerðfræði hennar og Mjallar Snæsdóttur á jarðfundnum kömbum á Íslandi, sjá greinina 'Jarðfundnir kambar á Íslandi frá landnámi til 1800' í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2019*.

7 Sjá upplýsingar um gripinn í Sarpi – menningarsögulegu gagnasafni: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=340268>

8 DI V, bls. 356.

Þessum upplýsingum sem hér hefur verið gerð grein fyrir má ætla að upphaf byggðar í Keflavík og Þorgeirsfirði megi rekja aftur til 10. aldar og er afar líklegt að svipaða sögu sé að segja um byggð í Hvalvatnsfirði. Þá er sennilegt að þær jarðir sem næstar eru sjó hafi byggst allra fyrst en hinar í kjölfarið.

Auk þeirra lögbýla sem þegar hafa verið nefnd var á seinni öldum einnig lögbýli á Gili, innsta bænum í Hvalvatnsfirði. Jarðarinnar er fyrst getið í heimildum svo vitað sé í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín árið 1712.<sup>9</sup> Í Jarðabókinni er einnig getið um Jórunnarstaði SP-623:001, fornt eyðibýli innanlega í Hvalvatnsfirði, og Kúsveinsstaði SP-040b sem þá höfðu verið í eyði í 20 ár og eru á milli Kaðalstaða og Jórunnarstaða.<sup>10</sup> Kaðalstaðasel SP-040:009 var á sama stað og Kúsveinsstaðir og er líklegt að býlið byggist upp á selstæðinu en að eftir að byggð leggst af þar hafi aftur tíðkast að hafa í seli á staðnum.

Jörð	Dýrleiki í elstu þekktu heimild	Elsta heimild	Fer í eyði
SP-037 Gil	Óviss (JÁM XI)	1712, JÁM XI	1899
SP-038 Kussungsstaðir	6 hdr. 160 áln. (Jt 1686)*	1318, DI II	1904
SP-039 Þverá	10 hdr. (Jt 1686)	1318, DI II	1913
SP-040 Kaðalstaðir	10 hdr. (JÁM XI)	1318, DI II	1933
SP-041 Tindriðastaðir	10 hdr. (Jt 1686)	1318, DI II	1944
SP-042 Arnareyri	10 hdr. (JÁM XI)	1318, DI II	1934
SP-043 Brekka	10 hdr. (Jt 1686)	1318, DI II	1924
SP-044 Þönglabakki	12 hdr. (JÁM XI)	síðari hluti 13. aldar, DI II	1944
SP-045 Botn	6 hdr. (JÁM XI)	1318, DI II	1944
SP-046 Hóll	10 hdr. (JÁM XI)	1318, DI II	1929
SP-047 Keflavík	10 hdr. (JÁM XI)	1318, DI II	1907

Tafla 1. Dýrleiki lögbýla í Fjörðum í elstu þekktu heimild auk upplýsinga um það hvenær jarðanna er fyrst getið í heimildum og hvenær þær fara í eyði. \*Jarðatal 1686, sjá Björn Lárusson 1967, bls. 290.

Jarðir í Fjörðum voru almennt lágt metnar og var dýrleiki jarða á svæðinu talsvert undir landsmeðaltali (að Austurlandi undanskildu). Athyglisvert er að lítill munur var á dýrleika kirkjujarðarinnar Þönglabakka (12 hundruð) og annarra jarða á svæðinu í Jarðabók Árna og Páls frá 1712<sup>11</sup> en algengast er að mikill munur sé á dýrleika kirkjujarða og annarra jarða. Jarðirnar Keflavík, Hóll, Arnareyri og Kaðalstaðir voru metnar 10 hundruð og Botn 6 hundruð að dýrleika.<sup>12</sup> Dýrleiki jarðanna Brekku, Tindriðastaða, Þverár, Kussungsstaða og Gils var ekki gefinn upp í Jarðabókinni 1712 því þær voru hluti af heimalöndum kirkjujarðanna Laufáss og

9 Hér eftir JÁM XI, bls. 57-58.

10 JÁM XI, bls. 58.

11 JÁM XI, bls. 51-59.

12 Botn hefur að öllum líkindum verið mjög sambærileg jörð og Hóll, Keflavík, Kaðalstaðir og Arnareyri og hún er 10 hundruð að dýrleika í jarðabók 1696. (Björn Lárusson. 1967, bls. 289). Lækkað jarðamat bendir til þess að landgæðin hafi rýrnað af einhverjum ástæðum.



Höfða. Í jarðatali frá 1686 eru þessar jarðir metnar 10 hundruð en Kussungsstaðir 6 hundruð og 160 álnir. Jörðin Gil er ekki talin í því.<sup>13</sup> Athygli vekur að í Jarðabók Árna og Páls og jarðabókum frá lokum 17. aldar er Arnareyri bændaeign, ein jarða í Fjörðum, og helst jörðin í bændaeign allt þar til jörðin fór í eyði 1934. Allar aðrar jarðir voru lengst af eign kirkna og annarra trúarlegra stofnana.

Þegar Jarðabók Árna og Páls var rituð snemma á 18. öld voru aðeins tvær hjáleigur á Þönglabakka, Háagerði SP-044:025 og Brimnes SP-044:008, og á Kaðalstöðum var einnig „hjáleigunefnan“ Arnórsstaðir SP-040:008. Fleiri kot hafa verið í Fjörðum þó að ekkert þeirra hafi sennilega verið langlíf. Í landi Keflavíkur var býlið Litla-Keflavík SP-047:011 í austanverðum Keflavíkurdal. Þess er hvergi getið í öðrum heimildum en örnefnaskrá og því hvorki vitað hvenær það byggðist fyrst eða fór í eyði.

Ekkert þekkt býli er í landi Botns en það kann að hafa verið heilsársbúseta á selstæði jarðarinnar (sjá Selvíkur 045:020) á einhverjum tímamarki. Á Hóli eru nokkuð fornlegar býlistóftir SP-046:027 litlu suðvestan við heimatúnið og Brandsgerði SP-046:002\_2 var vestast í heimatúninu þar sem síðar voru byggð stór fjárhús SP-046:002\_1. Engar heimildir eru til um þessi býli sem geta varpað ljósi á það hvenær eða hversu lengi þau voru í byggð.



*Káragerði SP-044:011 í landi Þönglabakka, horft til NNA.*

Gerðisörnefni eru í sumum tilfellum vísbending um búsetu, sér í lagi ef þau eru

---

<sup>13</sup> Björn Lárusson.1967, bls. 290. Þess má geta að Kussungsstaðir eru metnir 10 hundruð að dýrleika í jarðbók frá 1805 (Johnsen, J. 1847, bls. 316 (nmgr.)).

kennd við fólk. Í Fjörðum eru fleiri gerði sem draga nöfn sín af fólki, t.d. á Þönglabakka en þar voru skráðar umtalsverðar mannvirkjaleifar frá ýmsum tímum í Káragerði SP-044:011. Á Þönglabakka var einnig búið í nokkur ár snemma á 20. öld í Útvegshúsum SP-044:022. Engar minjar eða heimildir eru til vitnis um að býli eða hjáleigur hafi nokkru sinni byggst úr landi Tindriðastaða eða Kussungsstaða en á Þverá eru fornar minjar í Siggugerði SP-039:020 sem gætu vitnað um lítið býli og svipaða sögu er að segja um nokkuð stóra tóft í Snorragerði SP-043:004 á Brekku. Í heimatúni Arnareyrar er svo Soffiukofi SP-042:004 þar sem Soffía karlmaður bjó en hún vann öll karlmannsverk og stundaði sjóróðra. Það eru því víða minjar um bústaði í Fjörðum utan þeirra lögbýla sem skilgreind voru þannig á miðri 19. öld. Í Jarðabók Árna og Páls er, eins og fyrr segir, getið um þrjár hjáleigur og tvö eyðibýli (Jórunnarstaði og Kúsveinsstaði) en að auki eru 8 býli eða bústaðir í Fjörðum. Utan lögbýlanna eru því þekktir 13 bústaðir utan bæjartófta á lögbýlunum 11.

Í bókinni Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslu eftir Björn Teitsson eru dregnar saman heimildir um það hvenær jarðir á svæðinu voru í byggð og eyði á tímabilinu 1703-1930. Heilt yfir virðast jarðir í Fjörðum hafa verið í nokkuð stöðugri ábúð frá aldamótunum 1700 og fram til aldamótanna 1900 ef frá er talin jörðin Gil. Hún var í eyði um aldamótin 1700 og ekki eru til heimildir um hana í byggð aftur fyrr en árið 1805.<sup>14</sup> Ekki er hægt að ganga út frá því að Gil hafi verið samfellt í eyði í meira en öld þó að ekki séu til heimildir um búsetu á jörðinni á þessu tímabili.

Það er enn margt á huldu um þróun byggðarinnar í Fjörðum en þó er ljóst er að byggð hefur snemma verið orðin býsna þétt á svæðinu og að þar er lítil hjáleigubbyggð, hún var einkum í landi kirkjujarðarinnar Þönglabakka. Á nokkrum stöðum eru þó vísbendingar um skammlíf kot sem virðast hafa verið í byggð fáein ár og með löngum hléum. Er fæð hjáleiga og annarra kotbýla í sveitinni líklega til vitnis um það hversu viðkvæm byggðin í Fjörðum var. Á síðari öldum virðist byggð á lögbýlum hafa verið nokkuð stöðug og ábúð aðeins fallið niður fá ár á sumum jörðum en aðrar voru í samfelldri byggð fram á 20. öld.

Á síðari hluta 19. aldar og upphafi þeirrar 20. fer að bera á talsverðum framfaravilja í Fjörðum og láta ýmsir stórhuga menn til sín taka. Jón Loftsson rak einn fyrsta sjómannaskóla á Íslandi í Keflavík um sex ára skeið frá 1862-1868.<sup>15</sup> Einnig var stunduð vélbátaútgærð um nokkurra ára skeið á Þönglabakka og Botni í Þorgeirsfirði snemma á 20. öld<sup>16</sup> og Björn Líndal lögmaður rak mikið sauðabú á Kaðalstöðum í Hvalvatnsfirði í byrjun 20. aldar en það leið undir lok þegar snjóflóð féll á stór fjárhús árið 1919.<sup>17</sup>

Þrátt fyrir stórhug og framsýni lagðist byggð á svæðinu jafnt og þétt af á fyrri hluta 20. aldar þar til enginn var eftir vorið 1944. Í Fjörðum hafa andstæðurnar tekist á. Meðal kosta

14 Björn Teitsson (BT). 1973, bls. 37-38.

15 Jóhann Ögmundsson (sjá Árbók Þingeyinga 1984), bls. 174.

16 Björn Ingólfsson. 2002, bls. 40-42.

17 Árbók Ferðafélags Íslands. 1992, bls 121.

sveitarinnar voru grösugar engjar, góð fjörubeit, mikill reki og stutt var á fiskimið. Á hinn bóginn var gífurlegt fannfergi í Fjörðum, hætt var við snjóflóðum og skriðuföllum og talsvert landbrot var þar af völdum sjávar og stærri vatnsfalla. Í Jarðabók Árna og Páls frá upphafi 18. aldar má þegar lesa um mikið landbrot sem ógnar túnnum, einkum í Keflavík og á Arnareyri og þar kemur einnig fram að túnið á Þverá hafi á fyrri tíð orðið fyrir skemmdum af völdum árinna Þverár.<sup>18</sup> Sú mynd sem Látra-Björg<sup>19</sup> dregur upp af byggðinni í Fjörðum í meðfylgjandi kvæði undirstrikar andstæðurnar sem einkenndu hana:

Fagurt er í Fjörðum  
þá frelsarinn gefur veðrið blítt,  
hey er grænt í görðum,  
grös og heilagfiskið nýtt.  
En þá veturinn að þeim tekur sveigja  
veit eg enga verri sveit  
um veraldar reit.  
Menn og dýr þá deyja.

Ýmsar samverkandi ástæður hafa verið fyrir því að byggðin lagðist endanlega í eyði í Fjörðum. Þetta var einangrað og harðbýlt svæði og mikið vetrarríki. Engin höfn var í sveitinni og í Fasteignamati fyrir Fjörður frá 1916-1918 er víða haft orð á því að þetta sé útkjálkasveit og þungt um aðdrætti því að samgöngur séu mjög erfiðar.<sup>20</sup> Miklar samfélagsbreytingar urðu á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar með aukinni þéttbýlismyndun og einangraðar jaðarbyggðir líkt og Fjörður fóru í eyði víða á landinu.

## VI. Skráning örnefna í Fjörðum


Í fornleifaskráningu leika örnefni stórt hlutverk þegar kemur að því að lesa landið og staðsetja minjar í því. Í eyðibyggð eins og í Fjörðum getur verið erfitt og tímafrekt að átta sig á staðsetningu örnefna, ekki síst þar sem miklar breytingar hafa orðið á landinu og flestir sem kunnu einhver skil á þeim eru horfnir á braut. Í fornleifaskráningunni í Fjörðum var ekki einungis einblínt á að staðsetja, mæla upp og lýsa fornminjum heldur var leitast við að öðlast skilning á menningarlandslaginu í heild og eru örnefnin óaðskiljanlegur hluti þess. Reynt var eftir fremsta megni að staðsetja sem flest örnefni með áherslu á þau sem voru mikilvægust fyrir fornleifaskráninguna en líka til þess að geta teiknað upp landamerkin sem lýst er í landamerkjabréfum frá lokum 19. aldar og voru nokkuð á reiki, einkum í Hvalvatnsfirði. Dæmi um þessa vinnu er sýnt á korti 1 á næstu síðu.

Örnefnin eru staðsett með mismikilli vissu. Þar sem vafi leikur á réttri staðsetningu hefur verið sett spurningarmerki aftan við nafnið. Landamerki eru teiknuð með hvítum lit eftir landslagi og heimildum, einkum landamerkjaskrá.

<sup>18</sup> JÁM XI, 51-57.

<sup>19</sup> Skáldkonan Björg Einarsdóttir (1716-1784) var kennd við Látra á Látraströnd þar sem hún bjó á fyrri hluta ævi sinnar.

<sup>20</sup> Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 – undirmat I, bls. 62-71.



Kort 1. Örnefni og landamerki í norðanverðum Hvalvatnsfirði. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

## VII. Minjaflokkar

Upphaflega var gert ráð fyrir að ljúka við að skrá allar Fjörðurnar á einu ári og út frá fyrirliggjandi heimildum var áætlað að á svæðinu væru 260-300 minjar en þá var búið að gera ráð fyrir talsverðri aukningu minja á vettvangi umfram þær upplýsingar sem fengust úr heimildum. Hins vegar reyndist minjafjöldinn miklu meiri en áætlað hafði verið eða 883 minjar í heildina og var verkefnið því unnið á tveimur árum. Sumarið 2018 voru 370 minjar skráðar í Keflavík og í Þorgeirsfirði og sumarið 2019 voru ríflega 500 minjar skráðar í Hvalvatnsfirði. Raunfjöldi minja á svæðinu var því þrisvar sinnum meiri en áætlunin gerði ráð fyrir. Að meðaltali voru skráðar um 80 minjar á hverri jörð og er það margfalt meiri meðaltalsfjöldi en algengast er á jörðum í byggð. Langflestar minjar voru á kirkjujörðinni Þönglabakka sem var landmesta jörðin en þar voru skráðar 150 fornleifar.

Eins og gefur að skilja voru minjarnar mjög fjölbreyttar og í eyðibygðinni í Fjörðum fundust ýmsar minjar sem sjást óvída þar sem byggð hefur haldist lengur og vélvæðing orðið í landbúnaði. Sem dæmi um þetta má nefna brunna og vatnsveitu, öskuhauga og kvíatóftir. Hér fyrir neðan verður fjallað um helstu minjaflokka í Fjörðum.

## Bæjarhólar, öskuhaugar og bæjartóftir

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið lengi á sama stað. Þeir hlaðast upp úr mannvistarleifum í tímans rás og samanstanda af byggingaleifum, torfi, grjóti, gólfögum og öskuhaugum. Í bæjarhólum og öskuhaugum eru fólgnar miklar upplýsingar um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna. Í þeim er einnig líklegast að finna merka gripi. Bæjarhólar eru því gríðarlega mikilvægir minjastaðir en þeir eru jafnframt sá flokkur minja sem hefur farið mjög illa vegna byggingaframkvæmda og rasks í kjölfar vélvæðingar landbúnaðarins frá síðari hluta 20. aldar. Í eyðibyggdinni í Fjörðum hefur minjum lítið verið raskað af mannavöldum og eru því bæjarhólar á svæðinu víðast mjög heillegir. Á bæjarhólum lögbýlanna má víða greina öskuhauga og á flestum þeirra eru heillegar bæjartóftir. Saman mynda þessar minjar eina heild og verður fjallað um þær hér fyrir neðan. Umfjöllunin hefst á lögbýlum þar sem byggðin hefur haldist lengst en einnig verður rætt um bæjarhóla og bæjartóftir annarra býla.

### *Lögbýli*

Bæjarhólar og -tóftir sjást á öllum lögbýlum í Fjörðum. Bæjarhólar flestra lögbýlanna eru nokkuð umfangsmiklir og háir. Bæjarhóllinn á Arnareyri SP-042:001\_1 sker sig úr, bæði hvað varðar stærð og hæð en hann er með minni bæjarhólum og stendur lítið upp úr umhverfi sínu. Gríðarlegt landbrot er í túni Arnareyrar og mjög sennilegt að bærinn hafi verið færður á seinni öldum af þeim sökum. Bæjarhólarnir eru flestir 30-45 m í þvermál og eru 2-6 m á hæð þar sem þeir eru hæstir. Bæjarhólar lögbýla í Þorgeirsfirði eru áberandi hærri en bæjarhólar í Keflavík og Hvalvatnsfirði. Er það ef til vill vísbending um samfelldari búsetu í gegnum aldirnar í Þorgeirsfirði en víðast annarsstaðar á þessum slóðum. Stærstur reyndist þó bæjarhóll Tindriðastaða SP-041:001\_1, en hann er 70x57 m stór og er næst hæstur allra bæjarhóla í Hvalvatnsfirði eða 4-5 m hár.

Bæjarhólunum hefur lítið verið raskað og eru þeir almennt mjög vel varðveittir og í lítilli hættu. Í Keflavík ógnar landbrot hins vegar bæjarhólnum og tóftinni á honum (SP-047:001\_1-2) og er hluti hólans líklega þegar horfinn vegna landbrots. Eina steinsteypa húsið í Fjörðum var á bæjarhól Kaðalstaða (SP-040:001\_1) og er ljóst að bygging þess hefur raskað bæjarhólnum nokkuð. Húsið var rífið en niðurgrafinn kjallari þess sést enn.


Á bæjarhólum sjö lögbýla má greina yfirborðsummerki um öskuhauga en ætla má að öskuhaugar séu í flestum bæjarhólum þó að þeir hafi ekki sést allsstaðar. Þúst SP-042:036 er rétt utan við bæjarhól Arnareyrar og er líklegt að þar sé öskuhaugur bæjarins. Á Hóli í Þorgeirsfirði og á Kussungsstöðum í Hvalvatnsfirði eru greinileg ummerki um að grafið hafi verið í öskuhauga í bæjarhólum (SP-046:001\_3/SP-038:001\_4). Hefur það verið gert til þess að ná í skarn (áburð) sem borið var á túnin. Ekki sáust skýr ummerki um öskuhauga annarsstaðar en á lögbýlunum.

Greinilegar bæjartóftir eru á öllum lögbýlunum ef frá eru taldar bæjartóftir Kaðalstaða


Keflavík




Botn



Hóll




Pönglabakki



Arnareyri




Brekka




*Uppmældar bæjartóftir í Keflavík, Þorgeirsfirði og hluta af Hvalvatnsfirði.*

Tindriðastaðir



Þverá



Kussungsstaðir



Kaðalstaðir



Gil



*Uppmældar bæjartóftir í hluta af Hvalvatnsfirði.*

SP-040:001\_2 og Þönglabakka SP-044:001\_2. Eins og áður hefur verið nefnt var eina steinsteypta húsið í Fjörðum á Kaðalstöðum. Þegar það var byggt hefur vesturhluti torfbæjarins verið rifinn en ennþá má greina austurhluta hans sem er 16x15 m stór. Í honum eru fjögur hólf. Á Þönglabakka sjást aðeins brotakenndar leifar af síðasta bænum SP-044:001\_2 á svæði sem er 15x13m stórt. Bærinn brann árið 1932 og var þá byggt timburhús með herbergi, stofu og eldhúsi auk stórrar forstofu. Þetta hús var svo notað sem skipbrotsmannaskýli eftir að bærinn fór í eyði 1944. Aftan við grunn þess er þrískipt tóft úr torfi og grjóti og norðan við hana er gryfja þar sem mögulega eru leifar af fjósi sem heimildir geta að hafi verið samtengt bæjarhúsunum.

Þar sem bæjartóftirnar sjást enn vel er allsstaðar um gangabæi að ræða og er fjöldi húsa eða hólfá á bilinu 5-12. Minnsta bæjartóftin er á Brekku SP-043:001\_2 (13,5x20 m) og stærsta tóftin er á Kussungsstöðum SP-039:001\_2 (28x22 m).



*Uppmæling á bæjartóft Keflavíkur til vinstri og teikning Gríms Sigurðssonar af bænum er til hægri. Nokkur líkindi eru á milli teikningar og tóftar, einkum á vesturhliðinni.*

Bæirnir sneru stöfnum framhúsa inn að miðjum firði eða dal (frá fjallshlíðum) en svo virðist sem að framhús á bænum í Keflavík hafi snúið mót vestri, en ekki mót austri að Keflavíkurá í miðjum dalnum, eins og hefði mátt búast við. Bæjartóftirnar eru víðast yfirgrónar en á stöku stað, einkum í Keflavík og á Hóli má sjá að neðst í veggjum eru hleðslur úr torfi og grjóti en í efri hluta veggja er eingöngu torf í hleðslum. Þannig eru veggjahleðslur sýndar á bæjarteikningum Gríms Sigurðssonar frá Jökulsá sem finna má aftast í bókinni Fagurt er í Fjörðum. Teikningar Gríms eru fallegar og gefa hugmynd um útlit bæjanna og stærð þeirra en þær eru í flestum tilvikum frábrugðnar þeim bæjartóftum sem skráðar voru. Grímur var fæddur 1896 og hefur því ekki séð alla bæina í Fjörðum á meðan þeir stóðu en hefur eflaust stuðst við lýsingar kunnugra við gerð teikninganna.



Vitað er um fjósbaðstofur á tveimur bæjum; Tindriðastöðum og Botni.<sup>21</sup> Er líklegt að fjósbaðstofur hafi verið á fleiri bæjum, t.d. á Hóli, Arnareyri og Kussungsstöðum en þar eru meintar baðstofur með mjög völduga vegg og lítilliga niðurgrafnar. Það er hinsvegar ekki

21 Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu - undirmat I 1916-1918, 64, 68.



augljóst af útliti bæjartófta á Botni og Tindriðastöðum að þar hafi verið fjósbaðstofa og því þarf að fara varlega í að álykta um hlutverk einstakra rýma út frá útlitinu.

Arnareyri



Á mynd til vinstri er uppmæling af bæjartóft Arnareyrar og teikning Gríms Sigurðssonar hægra megin við hana. Framhúsin eru sýnilega talsvert frábrugðin þeim sem sýnd eru á teikningunni og fleira er ólíkt á milli tóftar og teikningar.

### Önnur býli

Í Fjörðum eru þekkt nokkur býli, önnur en lögbýli, frá ýmsum tímum. Sum þeirra virðast hafa verið sjálfstæðar bújarðir, líkt og Jórunnarstaðir SP-623:001 sem fóru snemma í eyði en voru í byggð einn vetur snemma á 19. öld. Ætla má að land jarðarinnar hafi náð yfir það svæði sem síðar varð Jórunnarstaðaafreittur. Bærinn á Jórunnarstöðum er á náttúrulegri hæð í túninu en á henni hefur myndast lágur bæjarhóll sem er 0,5-1 m á hæð. Á hólnum er bæjartóft sem er 15x11,5 m stór og í henni má greina sex hólf.

Á Kúsveinsstöðum SP-040b virðist einnig hafa verið búseta nokkuð lengi en stopult og þar virðist hafa verið sjálfstætt býli um tíma en að öllum líkindum byggðist það út úr Kaðalstöðum, líklega á selstæði jarðarinnar (SP-040:009). Svo virðist sem að á þessum stað hafi ýmist verið haft í seli eða búið allan ársins hring, eftir aðstæðum hverju sinni. Á bæjarstæði Kúsveinsstaða er nokkuð afgerandi bæjarhóll SP-042b:001\_1 sem er 0,5-1,5 m hár. Á honum er stór bæjartóft/seltóft SP-042b:001\_2 (20x11 m) en í henni sjást nokkur byggingarstig sem erfitt er að greina á milli.

Arnórsstaðir SP-040:008 voru hjáleiga litlu norðan við túnið á Kaðalstöðum. Þar hefur eldri minjum á bæjarstæðinu verið raskað af yngri fjárhúsum SP-040:008\_2. Þarna er lágur rústahól SP-040:008\_1 en ekki er víst að um bæjarhól sé að ræða og út frá heimildum og umfangi minja virðist búseta hafa varað stutt og með löngum hléum. Aftan við þessi fjárhús er illgreinleg tóft sem ætla má að sé bæjartóft SP-040:008\_4 en vesturhluta hennar hefur verið raskað þegar fjárhúsin voru byggð. Tóftin er 22x10 m stór og í henni má greina 5-6 hólf.

Í landi Þönglabakka voru hjáleigurnar Brimnes SP-044:008 og Háagerði SP-044:025. Á Brimnesi var bærinn á náttúrulegri hæð en þar sést bæjarhóll SP-044:008\_1 sem er 1,5-2 m á hæð þar sem hann er hæstur. Nyrst á hólnum er bæjartóft SP-044:008\_4 sem skiptist í fjögur hólf og er 14x12 m stór. Búið var í Háagerði fram á 20. öld og er þar allstórt tún, afmarkað með túngarði SP-044:025\_5 að hluta. Á bæjarstæðinu er ógreinilegur bæjarhóll SP-044:025\_1 sem er 1-1,5 m á hæð. Á honum er bæjartóft SP-044:025\_2 sem er röskuð og þar virðist hafa verið lítil rétt á síðasta notkunarskeiði. Tóftin er 25x13 m stór og má greina átta hólf í henni. Heimildir eru um stutta búsetu í Útvegshúsum SP-044:022 en fjallað verður um þær minjar með öðrum minjum um sjósókn.



*Litla-Keflavík SP-047:011, horft til suðvesturs.*

Litla-Keflavík SP-047:011 er fornt býli í landi Keflavíkur. Bæjarhóll þess SP-047:011\_1 er á náttúrulegri hæð og ekki eru mjög skýr skil á milli hæðarinnar og uppsafnaðra mannvistarlaga. Bæjarhóllinn virðist hins vegar vera 27x15 m stór og 1,3 m hár. Á hólnum eru mjög ógreinileg ummerki um bæjarhús en eldri minjum hefur verið raskað að hluta þegar ung beitarhús SP-047:011\_2 voru byggð austast á honum.

Nafnlaust býli SP-046:027 er í landi Hóls, skammt frá túninu. Þar er tóft SP-046:027\_2 og undir henni er mjög lágur bæjarhóll eða uppsöfnun SP-046:027\_1 en ljóst er að ekki hefur verið búið lengi á þessum stað. Bæjartóftin er 11x8 m stór og skiptist í þrjú hólf.

Soffiukofi SP-042:004 er tóft í túni Arnareyrar sem er í stórhættu vegna landbrots. Heimildir herma að þar hafi Soffía karlmaður búið og virðist aðeins hafa verið búseta á þessum

stað í mjög stuttan tíma. Ekki er vitað hvort einhverjir hafi búið á þessum stað á undan eða eftir Soffíu. Bæjartóftin SP-042:004\_2 er allstór (21x17 m) en mjög útflött og sigin. Í henni má greina sex hólf. Undir tóftinni er lágur rústahóll SP-042:004\_1 og ofan á hluta hennar hefur verið byggð yngri tóft SP-042:004\_3.

Enn eru ónefnd fjögur gerði þar sem vísbendingar eru um býli: Brandsgerði SP-046:002, Snorragerði SP-043:004, Siggugerði SP-039:020 og Káragerði SP-044:011. Ólíkar minjar eru á þessum stöðum en nokkuð sannfærandi býlistóft er í Snorragerði í landi Brekku. Ekki sést mikil uppsöfnun á bæjarstæðinu en meint bæjartóft er 20x11 m stór og skiptist í fjögur hólf. Í Káragerði má sjá talsverðar minjar á tveimur rústahólum og er líklegt að stærri hóllinn SP-044:011\_1 sé bæjarhóll eða uppsafnaðar mannvistarleifar að hluta. Hóllinn er um 30 m í þvermál og á honum eru tvær beitarhúsatóftir SP-044:011\_2/5) frá ólíkum tímum auk fleiri siginna mannvirkja. Þessar minjar hafa að öllum líkindum raskað bæjartóft á staðnum. Á hinum rústahólum eru fleiri minjar en ekki er talið líklegt að þar sé bæjartóft.

Í Siggugerði eru tvær stórar og allfornlegar tóftir SP-039:020\_1/3 en þær eru illa farnar vegna yngri tófta SP-039:020\_2/4 sem hafa verið byggðar ofan í þær. Engar minjar um Brandsgerði sjást lengur vegna ungra fjárhúsa SP-046:002\_1 sem byggð voru á sama stað.

Þrjú af gerðunum eiga það sameiginlegt að vera á þýfðum hólum eða böllum en Brandsgerði er á fremur flatlendu svæði sem var áður rétt utan túns en var orðið hluti af túninu á síðasta búsetuskeiði á Hóli. Siggugerði var spölkorn frá túninu á Þverá en Káragerði og Snorragerði voru stutt frá túnnum á Þönglabakka og Brekku.

## **Kirkjur, kuml og legstaðir**

Ekki eru þekkt kuml úr heiðnum síð í Fjörðum svo vitað sé en líklegt er að þau sé að finna á svæðinu ef byggðin nær aftur til 10. aldar. Dysjaörnefni eru á fjórum stöðum í Fjörðum. Slík örnefni eru oft tengd legstöðum en í talsvert mörgum tilfellum eru heimildir um slíka staði þjóðsagnakenndar og eru til vitnis um eldri hugmyndir manna um heiðna legstaði og staðfræði þeirra. Hins vegar geta örnefni stundum vísað til hversdagslegri hluta s.s. heystæða. Á Hóli er örnefnið Dysjar SP-046:005 og er það sagt vera „grónar hnútur“ eða „smá jarðvegsþúfur“ í örnefnalýsingum. Engin ummerki fundust á því svæði sem gætu gefið til kynna að þar væru grafir úr heiðni. Þess má geta að austan við Dysjar eru tvö móstæði SP-046:026\_1-2 á lágum hólum. Í Keflavík er einnig örnefnið Dysjar og á það við um þrjú hringlaga hóla SP-037:005\_1-3 með reglulegu millibili á milli Keflavíkurbæjarins og Litlu-Keflavíkur. Ekki er ljóst hvort að heiti hólanna vísi til útlits þeirra en þeir standa stakir og eru eins og haugar upp úr sléttlendi. Einnig getur verið að Dysja-örnefnið vísi til þess að á þessum hólum hafi verið sett upp hey en orðið heydes er vel þekkt yfir heystæði (líklega einkum á Suðurlandi) og eru augljós líkindi með orðunum des/dys. Þriðji möguleikinn er að þarna hafi verið heiðinn legstaður og minna

ummerkin á syðsta hólnum (005\_1) nokkuð á kuml sem hefur verið opnað fyrir margt löngu. Á miðhólnum (005\_2) er einnig nokkuð sannfærandi grjóthleðsla með óljóst hlutverk sem snýr austur-vestur. Þriðji og nyrsti hóllinn (005\_3) er gjörblásinn og gróðurlaus. eru þessar minjar allrar athygli verðar og væri sérlega fróðlegt að kanna hvort að ummerki um grafarumbúnað séu í syðsta hólnum.



*Horft til norðvesturs yfir Dysjar SP-047:005. Lengst til vinstri er syðsti hóllinn þar sem fundust ummerki um mögulegt kuml.*

Á Arnareyri eru Ytra-Dys SP-042:015 og Innra-Dys SP-042:016\_1, tveir stórir og háir hólur, gróðurlausir efst. Voru sagnir um að fornir menn hafi verið dysjaðir á þessum stöðum. Er ekki ósennilegt að það sé seinni tíma skýring á nöfnum hólanna sem hafa ef til vill minnt á tröllvaxnar þúfur. Engin mannaverk eru sjáanleg á þeim, fyrir utan aflanga grjóthleðslu SP-042:016\_2 sem er á jarðföstu bjargi sunnarlega á hólnum Innra-Dys SP-042:016\_1. Fjórða þekkt dysjaörnefnið er í landi Gils langt inni á Gilsafrétti. Þar heita Dysjar SP-037:005 sem gæti bent til þess að þar séu legstaðir úr heiðni en líklegra er að um nafn á náttúrufyrirbæri sé að ræða. Ekki var farið inn að Dysjum þegar aðalskráning var unnin í Fjörðum.

Sóknarkirkja var á Þönglabakka og sést enn grunnur síðustu kirkjunnar SP-044:002\_1 þar. Sóknin var lögð niður árið 1907 og lögð til Laufáss. Annexía frá Þönglabakkakirkju var í Flatey og síðar á Brettingsstöðum á Flateyjardal. Kirkjan á Þönglabakka var rifin eftir að síðasta útförin í Fjörðum fór fram veturinn 1944 og síðasta fólkið flutti burt. Kirkjan var orðin

mjög gömul þegar hún var rifin en í Fasteignamati frá 1916-1918 er hún sögð 55 ára.<sup>22</sup> Hún hefur því verið rúmlega 80 ára gömul þegar hún lauk hlutverki sínu. Kirkju er fyrst getið á staðnum í heimildum í máldaga frá 1318<sup>23</sup> en á Þjóðminjasafni er varðveitt patína úr kirkjunni á Þönglabakka sem talin er frá 12. öld.<sup>24</sup> Umhverfis kirkjuna er kirkjugarður sem er afmarkaður af ferhyrndu gerði SP-044:002\_3 úr torfi og grjóti. Í hornum þess sést í eldra hringlaga gerði SP-044:002\_3. Yngra gerðið virðist því ekki mjög gamalt en unnið var að endurbótum á því árið 1999. Kirkjugarðurinn er um 22x22 m að stærð. Leiðin í garðinum eru ekki mjög greinileg og aðeins er einn legsteinn sýnilegur í honum.

Heimildir geta um bænhús SP-047:002 í Keflavík en það var fallið á 15. öld<sup>25</sup> og staðsetning þess er ekki kunn. Líklegt er að það hafi verið á eða nærri bæjarhólnum og því ekki útilokað að það sé horfið vegna landbrots sem er mjög virkt í Keflavík, ekki síst í túninu, og er farið að brotna af bæjarhólnum.

Sennilegt er að bænhús hafi einnig verið í Hvalvatnsfirði fyrr á öldum, ef til vill á Arnareyri eða Kaðalstöðum en engar heimildir eru til frásagnar um það og engar minjar sjást á yfirborði sem minna á kirkjugarð eða kirkju. Hér má þó nefna að nokkuð afgerandi tota gengur út úr norðanverðum bæjarhólnum á Kaðalstöðum sem er lægri en háhóllinn. Vel virðist



*Huldufólksbústaður var í Arnarhóli SP-043:029 á Brekku. Hægra megin við hólinn sést í túnið á Arnareyri.*

22 Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 – undirmat I, 327.

23 DI II. bls, 443-445.

24 Sarpur, menningarsögulegur gagnagrunnur: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=340268>

25 DI V. bls, 356.

hugsanlegt að bænhús hafi staðið þar. Hafi verið bænhús á Arnareyri er hætt við því að það sé horfið vegna landbrots.

Að lokum má nefna heimildir um Dauðsmannskofa SP-044:016 og Dauðsmannsskála SP-044:061 í landi Þönglabakka. Fyrirnefnda mannvirkið var að líkindum innst inni á Bakkadal en það síðarnefnda var nærri fjöru í Þorgeirsfirði. Ekki reyndist unnt að staðsetja þau og ekkert er vitað hvernig nöfnin á þeim komu til eða til hvers þau voru notuð.

## Þjóðtrú

Fornleifaskráning snýst að miklu leyti um að skrá mannvirki og sýnileg ummerki eftir fólk og athafnir þeirra á því svæði sem er til rannsóknar hverju sinni. Innsýn í hugarheim genginna kynslóða fæst með skráningu guðshúsa og legstaða en einnig geta þjóðsagnastaðir varpað ljósi á hann. Í Fjörðum eru fáir slíkir staðir sem helgast líklega að talsverðu leyti af því að langt er síðan byggðin fór í eyði en einnig hefur mögulega haft áhrif að jarðir fóru oft í eyði í lengri eða skemmri tíma á svæðinu og tíð ábúendaskipti hafa að líkindum verið á mörgum bæjanna. Huldufólksbústaðir eru í Láhóli SP-042:031 á Arnareyri, Arnarhóli SP-043:029 á Brekku, Selborg SP-044:030 og Bújörðum SP-044:060 á Þönglabakka og Hrauni SP-046:008 á Hóli. Engar sagnir tengjast hins vegar þessum bústöðum huldufólks.

Fyrir utan huldufólksbústaðina er einn tröllabústaður og nokkrir þjóðsagnastaðir í Fjörðum. Saga er til um það að tröll SP-040:014 hafi setið í Söðli í Bjarnafjalli og kallast á



*Nykurtjörn á Þorgeirshöfða. Önnur þekkt nöfn á tjörninni eru Höfðavatn og Höfðatjörn.*

við trölilið Sveig í Sveigsfjalli. Um Snorragili á Brekku hefur varðveist sú saga SP-043:011 að fólk sem kom til kirkju sást fara niður í gilið og aldrei koma upp úr því aftur. Í Nykurtjörn á Þorgeirshöfða SP-044:034 átti að búa nykur og var því einnig trúað að á milli tjarnarinnar og sjávar væru göng og að gæti flóðs og fjöru í tjörninni (sjá SP-042:029).

## Vatnsból

Hverju byggðu bóli er mikilvægt að hafa gott aðgengi að vatni og hefur þótt mikill ókostur að þurfa að bera vatn um langan veg heim í bæ og í fjós eða önnur skepnuhús. Víða getur verið mikill munur á því hversu auðvelt er að komast í vatn eftir árstíðum, þurrkar geta valdið vatnsskorti á sumrin og snjóþyngsli á veturna geta hindrað aðgengi að vatni. Eins getur slæmt veður hamlað för ef sækja þarf vatn út fyrir bæ eða um lengri veg. Eitt af því sem er eftirtektarvert í Fjörðum er hversu víða sjást ummerki um brunna og vatnsveitu heim að bæjum. Er líklegt að skýringin sé frekar góð varðveisla minjanna í Fjörðum en að það hafi verið algengara að veita vatni að bæjum þar en annarsstaðar. Þó þarf að hafa í huga að vetrarríki er mikið á þessu svæði og því til mikils að vinna að bæta aðgengi að vatni eins og hægt var.

Niðurgrafna brunna er að finna á Arnareyri og Botni en á fyrrnefnda staðnum eru líklega tveir brunnar. Brunnurinn á Botni SP-045:045 er grjóthlaðinn og stendur lítið upp úr jörðu en er á að giska 1,5 m djúpur. Brunnarnir á Arnareyri eru yfirgrónir og aðeins sést þúst þar sem brunnur SP-042:020 var. Nær bæ, um 8 m norðaustan við áðurnefndan brunn, er grjótpúst SP-042:048 og er hún að öllum líkindum brunnur sem hefur verið fylltur af grjóti eða sigið saman. Á Arnareyri eru heimildir um að vatni hafi verið veitt að bænum úr Brekkulæk og sjást ummerki um vatnsveituskurð SP-042:047\_1 á milli túnsins á Arnareyri og lækjarins. Athygli vekur að afar lítill vatnshalli er á þessari 300 m löngu leið og því óvíst hvernig hefur gengið að ná vatninu heim að bænum. Líklegt er að vatn í eldri brunninum hafi spillst með hærri vatnsstöðu samfara landbroti á Arnareyri og því hefur þurft að grafa nýjan brunn og leita nýrra leiða til þess að fá hreint og ómengað vatn heim að bænum.



*Brunnur SP-045:045 í Botni.*

Á Hóli var brunnur SP-046:034 nærri útihúsum í túninu og meint brunnhústóft SP-043:039 var í túni Brekku, nærri útihúsum. Sambærileg henni er tóft SP-044:029\_1 í túnjaðri á Þönglabakka en vatni virðist hafa verið veitt í gegnum hana eftir rennu 029\_2.



*Blá lína hefur verið teiknuð ofan í vatnsveituskurð SP-046:012\_1 á lofíljósmynd sem tekin er úr suðvestri, beint niður á bæjarstæði Hóls. Brunnhústófti SP-046:012\_2 er norðaustan við miðja bæjartóft og lágu göng úr bænum að henni.*

Ummerki um sambærilega vatnsveituskurði og á Arnareyri eru á Brekku (SP-043:035), Tindriðastöðum (SP-041:010), Þverá (SP-039:017\_1), Kussungsstöðum (SP-038:015), Gili (SP-037:010), Þönglabakka (SP-044:018), Hóli (SP-046:012\_1) og Keflavík (SP-047:007). Er vatnsveituskurðurinn á Brekku (SP-043:035) um 350 m langur en aðeins voru 20 m frá bæ og niður í Brekkulækinn þar sem það var styst. Hins vegar er mjög hátt og bratt frá bænum ofan í lækjargilið og viðbúið að það hafi fyllst af snjó á veturna. Á Brekku, Þverá og Tindriðastöðum sjást sumsstaðar hleðslur meðfram skurðum sem vatni var veitt eftir heim að bæjunum. Á Hóli, Brekku, Þverá og Kussungsstöðum sést hvernig vatni var veitt eftir skurðum heim að bæjum inn í brunnhús eða rangala og hefur líklega háttað þannig til víðar, þó að slík ummerki sjáist ekki lengur á öðrum bæjum.

Uppsprettulind SP-045:017 var í túninu á Botni og renna lækir frá henni í tvær áttir en ekki virðast hafa verið grafnar rennur frá henni til þess að veita vatni að bænum. Þegar vatn brást á Botni þurfti að sækja það um langan veg í Botnsá/Hólsá SP-045:012. Á Kaðalstöðum er ekki þekktur brunnur og ekki sjást heldur ummerki um að vatni hafi verið veitt að bænum en lækur rennur mjög nálægt honum.

## **Tún og túngarðar**

Tún eru grasgefin svæði í kringum bæjarhúsin sem áburður er borinn á og eru slegin síðsumars



eða á haustin. Útihús af ýmsu tagi voru innan túna og þau voru mjög oft afmörkuð með túngarði. Áburðurinn sem borinn var á tún var húsdýraáburður og voru útihús því oft höfð vítt og breitt um túnið til þess að auðvelda áburðardreifinguna. Einnig var notað efni úr öskuhaugum, eins og dæmin sýna í Fjörðum, og þar sem mikið féll til af fiskúrgangi við sjávarsíðuna var hann líka notaður sem áburður. Tún eru skráð sem fornleifar þegar um forn tún er að ræða sem ekki hafa verið plægð eða sléttuð með vélaraffli. Í Fjörðum eru öll tún skilgreind sem fornleifar, bæði tún lögbýla og annarra býla þar sem hægt var að greina þau. Alls voru skráð 18 tún sem eru af ýmsum stærðum. Í flestum tilvikum var auðvelt að skilgreina mörk túnanna út frá gróðri og/eða túngörðum en þó voru þessi mörk heldur óskýr á jörðunum innst í Hvalvatnsfirði sem fyrst fóru í eyði, einkum á Jórunnarstöðum og Gili. Tún lögbýlanna og Háagerðis eru flest gróskumikil og nokkuð þýfð, ef frá er talið túnið á Arnareyri sem er að mestu slétt. Sjá má skýr ummerki um handsléttun í túnnum Tindriðastaða, Háagerðis, Brekku og Kaðalstaða en langmest ummerki og greinilegust um túnasléttun eru í túni Hóls sem einnig er stærsta túnið í Fjörðum



*Horft til suðurs inn Hólsdal. Fremst á myndinni er túnið á Botni.*

(3,1 ha). Hvergi sjást beðasléttur í túnnum í Fjörðum. Svo virðist sem að tún lögbýla í Keflavík og í Þorgeirsfirði séu almennt stærri en túnin í Hvalvatnsfirði. Á fyrrnefnda svæðinu eru túnin 1,9-3,1 ha að stærð en í Hvalvatnsfirði eru þau 1,1-1,5 ha að stærð. Túnið á Kussungsstöðum hafði reyndar verið fært mikið út, að því er virðist undir lok búsetu í byrjun 20. aldar, og er í heildina um 2,8 ha að stærð. Í Brekkutúni er framræsluskurður SP-043:044 og neðan við túnið á Gili er framræsluskurður SP-037:007 sem tengist jarðabótum. Fráveitumannvirki (garður og

skurður SP-039:035) eru einnig meðfram hluta túnsins á Þverá og í yngsta hluta túnsins á Kussungsstöðum (garður og skurður SP-038:041). Handgrafinn skurður SP-046:047 liggur í gegnum túnið á Hóli og er að líkindum áveituskurður.

Tún annarra býla eru mjög lítil (um eða undir 1 ha að stærð) en þó er tún Háagerðis SP-044:025\_9 um 0,9 ha að stærð, tún Kúsveinsstaða SP-040b:012 virðist vera 1,3 ha, tún Jórunnarstaða SP-623:027 líklega um 1 ha og tún Litlu-Keflavíkur SP-047:011\_11 um 0,8 ha. Háagerðistúnið var í rækt fram á fyrri hluta 20. aldar en önnur tún voru komin í órækt fyrir talsvert löngu síðan. Er grasgróður í þeim víðast lágur og kraftlítill og lyng og annar mólendisgróður er farinn að vaxa í jöðrum þeirra. Tún Brimness SP-044:008\_11 og Arnórsstaða SP-040:008\_7 voru undir 0,5 ha að stærð og örlítið tún SP-045:020\_6 virðist hafa verið við sel SP-045:020\_1 í landi Botns. Mögulega getur það verið vísbending um að þar hafi verið föst búseta um tíma. Ekki er útilokað að túnið hafi verið helmingi stærra og þá náð lengra til suðurs en sá hluti þess sem er skýrastur er aðeins 0,06 ha.

Túngarðar voru gjarnan hlaðnir umhverfis töðuvelli til að auðveldara væri að verja þá fyrir beit búfenaðar á sumrin og umferð manna. Í Fjörðum afmarka garðar tún allra lögbýla að einhverju leyti, fyrir utan tún Gils en hvergi fundust þó óslitnir garðar umhverfis tún lögbýla. Óvíst er að garðar hafi verið hlaðnir allt í kringum túnin og hlutar garðanna kunna að vera horfnir af völdum túnasléttunar og landbrots þar sem tún eru við sjó og árfarvegi. Í túnnum Kaðalstaða, og Kussungstaða má greina breytingar á túngörðum eða endurhleðslu og í skráningunni er greint á milli túngarðshluta sem augljóslega eru frá ólíkum tímum. Túnið á Arnareyri sker sig úr hvað þetta varðar því það hefur verið fært út að minnsta kosti tvisvar sinnum og sjást því nokkrar útgáfur af túngörðum þar (sjá SP-042:007\_1, 6, 8 og SP-042:023-024). Túngarðarnir eru víðast hlaðnir úr torfi og sjást hvergi miklar grjóthleðslur í þeim er frá er skilinn yngsti túngarðurinn á Arnareyri SP-042:024 sem er grjóthlaðinn og fremur umfangslítill. Víða eru mannvirki sambyggð túngörðunum svo sem útihús, kvíar og gerði sem hafa í flestum tilvikum þjónað sem litlar réttir.

Aðeins sáust túngarðar á tveimur af þeim býlum sem ekki voru lögbýli. Allforn en heillegur túngarður afmarkar tún Litlu-Keflavíkur SP-047:011\_3. Túnið er hringlaga og er garðurinn nánast óslitinn nema þar sem hann liggur yfir jarðvegsrof á hrygg austast í túninu. Einnig er túngarður á Jórunnarstöðum SP-623:017\_1, forn og siginn. Hann sést slitrótt meðfram vesturjaðri túnsins og er mjög ógreinilegur.

## **Kálgarðar**

Ekki eru margir eða stórir kálgarðar í Fjörðum en alls voru skráðir 15 garðar á níu lögbýlum. Ekki fundust ummerki um kálgarða á Gili eða Þverá. Langflestir kálgarðar eru á bæjarhólum (4) og í túnnum eða rétt utan þeirra (7). Tveir kálgarðar voru spölkorn frá túni, annars vegar unglegur

kálgarður í Káragerði SP-044:011\_6 og hins vegar kálgarður SP-045:033 sem er rúmum 100 m frá túnmörkum á Botni. Einn kálgarður SP-044:025\_3 var í túni hjáleigunnar Háagerðis og fornlegur kálgarður SP-043:005\_3 var skráður í seli í landi Brekku. Sá kálgarður er með þeim veglegri á svæðinu, bæði hvað varðar stærð og þykkt veggja í gerði sem afmarkaði hann. Kálgarðarnir í Fjörðum eru innan torfhlaðinna gerða í flestum tilvikum en sumsstaðar sjást aðeins brotakenndar hleðslur eða garðar sem afmarka eina eða tvær hliðar þeirra.

## Útihús

Útihús eru mjög stór minjaflokkur og voru jafnan mörg útihús innan túna á byggðum bóllum. Útihús hafa víða orðið illa úti vegna túnasléttunar og eru örnefnalýsingar og túnakort frá upphafi 20. aldar oft einu heimildirnar um fjölda og staðsetningu útihúsa í túnnum. Ekki eru til túnakort fyrir allar jarðir í Fjörðum en þegar túnakort eru skoðuð fyrir þá bæi þar sem þeim er til að dreifa (Hóll, Botn, Þönglabakki, Arnareyri, Brekka, Tindriðastaðir og Kaðalstaðir) má sjá að útihús voru mun víðar í gömlu heimatúnunum en kortin sýna. Sjá nánar umfjöllun í kafla X.

Í Fjörðum voru alls skráð 168 útihús og sjást minjar um öll nema sex. Er það fádæma góð varðveisla. Um mörg af þessum útihúsum gildir að nákvæmt hlutverk þeirra er ekki þekkt en skráð voru 36 fjárhús og tvö lambhús, eitt fjós, ein hlaða og tvö hesthús. Fjós hafa án efa verið á öllum lögbýlunum. Þegar hefur verið nefnt í umfjöllun um bæjartóftir að baðstofufjós hafi verið á a.m.k. tveimur bæjum og fjós var sambyggt bænum á Þönglabakka. Líklegt er að fjós á öðrum bæjum hafi verið sambyggð bæjartóftum og jafnvel innangengt í þau úr bæjunum. Eina fjósið sem skráð er sérstaklega utan bæjarhóls er sumarfjós SP-045:048 sem var á Botni. Ekki er vitað hvar fjósið var en líklegt er að það hafi verið nærri bæ, að minnsta kosti innan túns. Kýr í fjósbaðstofum voru láttnar ganga úti nótt og dag á sumrin eða hafðar í sumarfjósi. Í flestum tilfellum má ætla að ekki hafi verið byggð sérstök hús til að nota sem sumarfjós heldur hafi önnur útihús sem stóðu auð á sumrin, t.d. hesthús, verið nýtt til þessa.<sup>26</sup>

Hlöður voru á nokkrum stöðum sambyggðar fjárhúsum og því ekki skráðar sérstaklega en eina stakstæða hlaðan í Fjörðum er súrheysgryfja á bæjarhóli Kaðalstaða SP-040:001\_4. Að sögn Halls Jóhannssonar sem ólst upp í Fjörðum var hesthús SP-044:084 fyrir fjóra hesta á Þönglabakka, talsverðan spöl frá heimatúninu. Ekki tókst að staðsetja það með fullri vissu en mögulega var það á sama stað og bæjartóft Háagerðis SP-044:025\_2. Heimild er um annað hesthús í túni Botns en það hýsti Fjarða-Þyt, hest Þórhalls Geirfinnssonar, bónda á Botni. Var það sagt eina húsið á bænum með járn á þakinu. Í túni Botns var skráð ein tóft SP-045:005 þar sem finna mátti leifar af bárujárninu og því líklegt að það hafi verið hesthús gæðingsins.

Fjárhús eru þau útihús sem hvað auðveldast er að greina af útlitinu, sérstaklega ef um garðahús er að ræða. Alls voru skráð 36 fjárhús í Fjörðum eins og fram hefur komið. eru þau býsna ólík innbyrðis en flest skiptast þau í fjárhús og hlöðu. Gríðarstór fjárhústóft SP-044:004

26 Jónas Jónasson. 1961, bls. 462, 463.

er frammi á sjávarbakka í túni Þönglabakka og er ógnað af landbroti. eru þau þrístæð garðahús með niðurgrafinni hlöðu bakatil. Tóftin er 22x14 m stór og eru veggir torf- og grjóthlaðnir. Timburþil var á göflum sem vissu til norðvesturs, að sjó. Mjög stór fjárhús SP-039:011 voru einnig í túni Kussungsstaða frá síðasta búsetuskeiði á jörðinni. Er þar um býsna flókið mannvirki að ræða með mörgum hólfum. Tóftin er 40x20 m stór og skiptist í tvo meginhluta sem eru



*Hluti túnsins á Kaðalstöðum. Ofan við bæjarhólinn sjást yngstu útihúsin vel í túninu, ekki síst fjárhús SP-040:002 sem eru lengst til vinstri.*

samtengdir með stóru heystæði. Af einfaldari fjárhúsum má nefna fjárhústóft SP-037:017 á Gili sem skiptist í fjárhús með garða og hlöðu. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og er 16x7 m stór.

Heimildir geta um tvö lambhús í Fjörðum. Annað þeirra (SP-044:038) var líklega utan heimatúns Þönglabakka en ekki tókst að staðsetja það með vissu. Á Lambhúshóli í túni Arnareyrar er allstór tóft SP-042:006 sem skiptist í fjárhús og hlöðu en ekki eru hlaðnar undirstöður garða í fjárhúsum. Ekki er víst að sú tóft sem er á hólnum sé af lambhúsi en í það minnsta hefur hún að öllum líkindum verið notuð til að hýsa sauðfé. Hún er að hluta ofan á eldri úthústóft SP-042:044 sem er útflött.

## Minjar um sjósókn og útgerð

Lítill sem engin ummerki eru lengur sýnileg í Fjörðum um minjar sem eru til vitnis um sjósókn til forna. Hafa þær að mestu horfið í sjó vegna landbrots. Heimildir geta um heimræði á öllum

jörðum sem áttu land að sjó og að auki voru verbúðir á Botni, bæði til forna (SP-045:008) og við upphaf 20. aldar (SP-045:046) og á Kaðalstöðum (SP-040:006). Á Kaðalstöðum er einnig heimild um herslugarða SP-040:007 niður við sjó. Heimildir eru um sjö lendingar í Fjörðum, þar af eina lausa bryggju á Botni frá upphafi 20. aldar. Engar minjar um lendingarnar sjást og virðast aðstæður til að lenda bátum við ströndina hafa breyst til hins verra samhliða landbroti og öðrum umhverfisbreytingum, eins og tilfærslu á ósum ána í Þorgeirsfirði og Hvalvatnsfirði.

Á Arnareyri eru heimildir um naust SP-042:026, hjall SP-042:027 og Kaðalstaðabúð SP-042:030 sem var sjóbúð en einnig notuð sem fjárhúskofi. Engin ummerki um þessar minjar fundust á vettvangi en ekki er útilokað að einhverjar af þeim minjum sem skráðar voru utan við elsta túngarð á Arnareyri séu leifar af Kaðalstaðabúð. Á Þönglabakka voru sjóbúðir skráðar á tveimur stöðum, annars vegar var sjóbúð SP-044:022\_2 ofan við lendingu SP-044:085 og uppsátur SP-044:023 en sú sjóbúð var einnig notuð sem herslubyrgi. Hins vegar var sjóbúð SP-044:086 við lendinguna Skolla SP-044:017. Sjóbúð SP-044:022\_2 er á sama stað og býlið Útvegshús SP-044:022\_1. Þar er allstór tóft sem skiptist í nokkur hól og líklegt að hluti tóftarinnar sé leifar af sjóbúð og öðrum mannvirkjum sem tengjast sjósókn og fiskverkun. Búíð var í Útvegshúsum á árabílinu 1912-1916. Áður fyrr var grýtt fjara neðan við þessar minjar en nú eru þær að brotna fram af bakkanum því Botnsá/Fjarðará hefur breytt farvegi sínum mikið



*Bátsflak í túninu á Arnareyri. Bjarnarfjall sést að hluta í fjaraska.*

á síðastliðnum áratugum og rennur nú meðfram bakkanum austast í fjarðarbotninum. Mikið landbrot er á bakkanum af völdum árinna og eru minjarnar í stórhættu.

Ætla má að sjósókn í Fjörðum hafi alla tíð verið mjög mikilvæg fyrir afkomu byggðarinnar en minjarnar endurspeglar ekki vægi sjávarútvegs fyrir svæðið enda virðast þær að mestu leyti horfnar og heimildir um þær eru af skornum skammti.

## Kvíar og stekkir

Kvíar og stekkir eru aðhöld sem voru mikilvæg fyrir mjaltir á ám og voru yfirleitt á hverjum bæ á Íslandi fram á 20. öld. Kvíatóftir eru fremur einsleit mannvirki, eru yfirleitt einfaldar, aflangar og fremur mjóar. Gerðfræði stekkjara er fjölbreyttari en oftast voru þeir tvískipt aðhöld og var minna hólfið yfirleitt lambakró sem var stundum með þaki. Þær sem kvíar voru undantekningalítið í túnjaðri, ýmis innan eða utan túns, hefur þeim mjög víða verið raskað þar sem tún hafa verið færð út og endurræktuð.



*Kvíatóft SP-037:022 á Gili, ein af fáum slíkum tóftum í Fjörðum sem er tvískipt.*

Í Fjörðum er ástand kvía með besta móti og voru skráðar kvíar á öllum lögbýlum á svæðinu en einnig á einni hjáleigu og í tveimur seljum. Alls voru skráðar 16 kvíar þar sem sáust tóftir eða hleðslur. Að auki var örnefnið Kvíar SP-042:009 skráð sem vísbending um kvíar í landi Arnareyrar, við Startjörn. Engar minjar um fundust á umræddu svæði og er það of langt frá öllum þekktum býlum á svæðinu til þess að líklegt sé að þær hafi ær verið mjólkaðar. Sennilega lýsir örnefnið náttúrulegu fyrirbæri sem svipar til mannvirkisins frekar en að þær hafi verið kvíar. Tvær af kvíunum voru í seljum (sjá SP-047:033\_2 og SP-043:005\_2). Þær eiga það sameiginlegt að vera tvískiptar en þó eru þær ólíkar að því leyti að í annarri tóftinni var

op á milli hólfa en í hinni var op inn í minna hólfið að utan. Ekki er loku fyrir það skotið að í fyrrnefndu tóftinni (SP-047:033\_2) hafi verið stekkur. Lítil kvíatóft SP-040:008\_4 er í túnjaðri Arnórsstaða í landi Kaðalstaða. Athygli vekur að annað nafn á rústunum á Arnórsstöðum var talið vera Kvíar. Mögulega voru kvíar frá Kaðalstöðum á þessu svæði í eina tíð en þó hefur verið óhagræði að því að þurfa að flytja mjólkina yfir ána Köðlu heim á bæ.

Tvær kvíatóftir SP-047:003\_2 og 021 voru skráðar í Keflavík og einnig voru tvær kvíar SP-039:003\_3-4 skráðar á Kussungsstöðum. Þær tóftir voru báðar sambyggðar utanverðum túngarði og aðeins stutt á milli þeirra. Sást hvar mokað hafði verið út úr þeim. Kvíatóftir sem tilheyrta hafa lögbýlum í Fjörðum eru á bilinu 8 til 15 m langar og 4 til 6 m breiðar. Margar þeirra eru í aflíðandi halla og eru þá lítillega grafnar inn í hallann. Ekki eru mjög afgerandi kvíatóftir á Tindriðastöðum (SP-041:014) eða á Botni (SP-045:043). Nokkuð breytilegt er hversu langt var frá bæ að kvíum en því ráða aðstæður á hverjum stað. Fjarlægðin var minnst 40 m en mest 165 m og algengast var að á milli kvía og bæjar væru 80-105 m (átta tilvik). Hafa ber í huga að þar sem umtalsverðar umhverfisbreytingar hafa átt sér stað vegna landbrots eins og á t.d. á Arnareyri, Keflavík og Þverá kann að hafa orðið tilfærsla á kvíum og/eða bæjum.



*Grjóthlaðinn stekkur SP-038:006 í Stekkjarnesi á Kussungsstöðum.*

Skráðir voru 13 stekkir í Fjörðum og ummerki voru sýnileg um alla þá stekki sem getið var í heimildum. Stekkir voru skráðir á öllum lögbýlum svæðisins fyrir utan Gil, Þverá, Botn og Keflavík þar sem ekki fundust óyggjandi stekkjartóftir. Á Gili kemur til greina að tóft SP-037:025 sé af stekki. Tvær stekkjartóftir eru á Kussungsstöðum. Sá stekkur sem er nær bæ (SP-038:006) er á Stekkjarnesi, grjóthlaðinn og skiptist í þrjú hólfi. Eldri stekkjartóft SP-038:004\_2 er lengra frá bæ, við Öldugilslæk. Hún skiptist í tvö til þrjú hólfi. Ekki fannst augljós stekkjartóft

á Þverá en til greina kemur að rétt SP-039:039 hafi verið notuð sem stekkur. Tvískipt stekkjartóft SP-041:030 í landi Tindriðastaða er nærri merkjum móti Þverá við Stekkjarlæk. Á Kaðalstöðum er mjög lítil stekkjartóft SP-040:025 og tvær tóftir SP-040b:010-011 voru túlkaðar sem stekkir og teljast tilheyra Kúsveinsstöðum SP-040b. Stutt er á milli þessara meintu stekkjartófta og er talsverður stærðarmunur á þeim. Mögulega hefur annar stekkurinn (sá stærri) verið notaður frá Kaðalstöðum en einnig kann að vera að mismunandi stærð stekkjanna gefi til kynna breytingu á stærð býlisins á Kúsveinsstöðum.

Falleg þrískipt stekkjartóft SP-043:028 er á Brekku. Tveir stekkir voru skráðir á Arnareyri. Önnur stekkjartóftin SP-042:055 er nokkuð fornleg og er hún rétt utan við forngarð SP-042:056. Yngri stekkurinn SP-042:041 er austan undir Þorgeirshöfða. Aðgengi að honum er mjög erfitt því tæp gata sem lá að honum er horfin að stórum hluta vegna landbrots. Jarðvegsskriður hafa einnig fallið úr höfðanum beggja vegna við stekkin. Báðar tóftirnar eru tvískiptar en frá þeirri eldri liggur aðrekstrargarður eða leiðigarður. Eldri stekkurinn er sérlega spennandi rannsóknarefni því að óvíða hafa fundist mjög fornir stekkir. Væri áhugavert að aldursgreina tóftina og kanna hvort hægt sé að skera úr um hlutverkið með meiri vissu.

Í Þorgeirfirði eru tveir stekkir á Þönglabakka. Einn stór, tvískiptur og unglegur stekkur er innan túns býlisins Brimness SP-044:008\_8. Einnig er tvískipt meint stekkjartóft SP-044:032 nær bænum. Örnefnið Stekkjarborg er annað nafn á Selhóli á Þönglabakka. Gefur það til kynna að stekkur hafi einhvern tímann verið á svæðinu, líklega á selstæði SP-044:016 en ekki sást greinileg stekkjartóft þar. Ekki var skráð stekkjartóft í landi Botns en til greina kemur að tóft SP-045:027\_2 sé af stekki, hún er byggð ofan á og utan í eldri tóft SP-045:027\_1, meint beitarhús. Á Hóli voru skráðar tvær stekkjartóftir. Annars vegar stekkur SP-046:025 á Stekkjargrundum sem er tvískipt og fremur ungleg, og hins vegar stekkur SP-046:044 sem er einnig tvískiptur. Ekki var komið auga á líklega stekkjartóft á Jórunnarstaðafrétti sem tilheyrt hefur Jórunnarstöðum.

Samtala	Sérheiti	Fjarlægð frá bæ í m
SP-038:004_2		870
SP-038:006	Stekkjarnes	610
SP-040:025		680
SP-040b:010		110
SP-040b:011		120
SP-041:030	Stekkjarlækur	500
SP-042:041	Stekkjargrund	680
SP-042:055		360
SP-043:028	Stekkjarklöpp	320
SP-044:008_8		1110
SP-044:032		620
SP-046:025	Stekkjargrundir	250
SP-046:044		320

Tafla 2. Fjarlægð stekkjanna frá bæjum.

Stekkjartóftir voru á bilinu 110 til 1110 m frá bæ en að jafnaði voru þær 500 m frá bæ, sjá töflu 2.



## Forngarðar

Forngarðar eru þekktir víða um land en stærstu forngarðakerfin sem fundist hafa eru í Þingeyjarsýslum og utanverðum Eyjafirði og hafa þau verið kortlögð að miklu leyti.<sup>27</sup> Áður en skráningin hófst voru ekki þekktir forngarðar á svæðinu og ekki var endilega búist við að þeir myndu finnast þar sem tiltölulega lítið láglendi er á svæðinu og há fjöll upp frá fjarðardölunum. Það kom því nokkuð á óvart að fornlegir garðar skyldu finnast í landi Þönglabakka og á nokkrum jörðum í Hvalvatnsfirði; Tindriðastöðum, Kussungsstöðum og Arnareyri. Garðarnir virðast torfhlaðnir en í raun er ekkert vitað með vissu um aldur þeirra umfram þær



*Kristborg Þórsdóttir skráir fornlegan garð SP-041:046 sem liggur upp með Bæjargili á Tindriðastöðum.*

vísbendingar sem fornlegt útlit þeirra gefur. Til að skera úr um hvort þeir séu frá sama skeiði og þeir forngarðar sem kortlagðir hafa verið og aldursgreindir annars staðar í Þingeyjarsýslum og í Eyjafirði þyrfti að grafa könnunarskurði í þá til þess að aldursgreina þá.

Tveir fornir vörslugarðar eru í landi Þönglabakka. Annars vegar er garður SP-044:046\_1 sem liggur til austurs upp á Þönglabakkaháls að Startjörn. Ein fornleg tóft SP-044:046\_2 er byggð upp við garðinn að sunnanverðu og önnur ungleg tóft 044:046\_3 er byggð utan í og að hluta ofan á garðinn, nærri tjörninni. Garðurinn er torfhlaðinn, líkt og aðrir fornlegir garðar á svæðinu, hann er mjög siginn og efst og austast er hann mjög illa farinn af rofi. Við vesturenda Startjarnar og litlu norðan við garðinn sem áður er nefndur er annar fornlegur garður SP-044:072\_1 og liggur hann meðfram tjörninni að vestanverðu og sveigir svo til norðvesturs. Skömmu eftir að garðurinn beygir virðist sigin og gróin tóft SP-044:072\_2 byggð ofan á hann. Garðurinn er nánast horfinn vegna jarðvegsrofs og sést hann í raun á mjög stuttum kafla við Startjörn. Þaðan er það einkum rofsár þar sem garðurinn virðist hafa verið sem hægt er að fylgja. Garðarnir á Þönglabakka virðast hafa afmarkað heimahaga austan við túnið.

<sup>27</sup> Árni Einarsson 2019.

Forn garður SP-042:054 er á merkjum Brekku og Arnareyrar og liggur frá Startjörn uppi á Þönglabakkahálsi, niður með Háslæk ofan í Brekkudal. Hefur hann verið túlkaður sem landamerkjagarður út frá staðsetningu en hann er sá eini sinnar tegundar í Fjörðum. Í landi Arnareyrar er annar garður SP-042:056 litlu austar en landamerkjagarðurinn. Hann liggur til norðurs frá Brekkulæk, upp hlíðar Eyrarhóls/Stakhóls. Hann hefur án efa verið vörslugarður og mögulega skilið á milli heimahaga og úthaga Arnareyrar. Rétt utan við garðinn er forn stekkur SP-042:055 sem áður var nefndur. Á Tindriðastöðum eru nokkuð umfangsmiklir garðar. Garður SP-041:044\_1 liggur til suðurs frá Bæjargili og langleiðina að merkjum á móti Þverá. Hann hefur gegnt hlutverki vörslugarðs. Frá Bæjargili til norðausturs, ofan við túnið á Tindriðastöðum, er mjög óljós garður SP-041:021 á stuttum kafla sem kann að vera framhald af garðinum sem er sunnan við gilið. Upp með norðanverðu Bæjargili, ofan og vestan við garð SP-041:044\_1, er svo þriðji garðurinn SP-041:046 og er hann einna greinilegastur þeirra þriggja. Gilmeigin við garðinn sjást gróin en mjög greinileg pæluför sem ýkir hæð suðurhlíðar. Þar sem garðurinn stendur best er hann 1,5 m breiður og 0,6 m hár. Ætla má að garðarnir á Tindriðastöðum hafi allir tengst og skilið á milli heimahaga og úthaga og úthaganum upp í minni svæði.

Á Kussungsstöðum er ein heillegasta myndin af forngörðum í Fjörðum. Þar afmarkar garður SP-038:031\_1 heimahaga og liggur hann úr suðvesturhorni heimatúnsins, í sveig til norðvesturs að Þverárgili. Heimahagarnir virðist því hafa verið á svæði sem er um 13 ha en hluti af því var tekið undir tún þegar það var fært út til vesturs. Tvær tóftir (031\_2-3) eru sambyggðar þessum garði. Einnig er stórt gerði sunnan við túnið sem er afmarkað af fornum garði SP-038:030\_1. Innan þess eru bæði fornlegar minjar og yngri minjar en þær eru ekki það umfangsmiklar að þær bendi til þess að þarna hafi verið hjáleiga. Óljóst mannvirki, mögulega allstór útflött tóft SP-038:030\_2, er sambyggð garðinum að innanverðu. Einnig má nefna að litlu vestan við túnið á Jórunnarstöðum eru mjög ógreinileg ummerki sem túlkuð voru sem líklegur fornlegur garður SP-623:006 en eru hugsanlega náttúrumyndun. Meintur garður sést á stuttum kafla á flatlendi niður við Fjarðará.

## Beitarhús

Í úthögum voru skráðar nokkrar tóftir af beitarhúsum. Þau virðast ekki hafa verið algeng, enda snjóþyngsli mikil á þessum slóðum og óvída vetrarheit. Þó voru skráð 20 beitarhús í Fjörðum en þau kunna að hafa verið fleiri þar sem nokkuð var um tóftir í úthögum sem ekki var hægt að ákvarða hvaða hlutverki gegndu og gætu sumar þeirra hafa verið beitarhús. Ekki voru skráð beitarhús á Gili, Tindriðastöðum eða Arnareyri. Flestar beitarhúsatóftirnar eru fremur litlar og hafa ekki rúmað margt fjár. Stærstu beitarhúsin hafa verið á Botni, Þönglabakka og Kaðalstöðum, jörðum sem áttu land næst sjó og voru að jafnaði snjóléttari en þær sem voru lengra inn til landsins. Á Kussungsstöðum eru tvær litlar beitarhúsatóftir (SP-038:048-049) skammt utan túns sem skiptast í lítil fjárhús og hlöðu eða heystæði. Á Þverá eru tvær beitarhúsatóftir á svipuðum

stað en frá ólíkum tímum. Eldri tóftin SP-039:031\_1 er tvískipt og aflöng. Hjá henni er önnur ógreinileg tóft SP-039:031\_2 sem er mögulega heystæði. Hin beitarhúsatóftin SP-039:019 er litlu sunnar. Hún skiptist í fjárhús og heystæði en framan við fjárhúsin er óljóst hólf sem líkist helst aðhaldi. Á Kaðalstöðum voru tvenn beitarhús á sjávarkambinum. Önnur húsinn SP-040:010 eru nánast horfin vegna landbrots og sést einungis mjög óljós þúst í malarkambinum. Önnur stór hús SP-040:011 voru litlu austar en mjög lítið er orðið eftir af þeim vegna ágangs sjávar. Þau hús voru frá tíð Björns Líndal sem rak sauðfjárbú á Kaðalstöðum snemma á 20. öld. Snjóflóð féll úr Bjarnarfjalli á húsinn árið 1919 og drapst mikið af fé sem í þeim var. Þetta var ekki í fyrsta skipti sem snjóflóð fór yfir beitarhús á þessum stað. Björn Líndal hætti búrekstri sínum í Fjörðum eftir þetta áfall. Í Brekkudal er lítil tóft sem til greina kemur að hafi verið beitarhús og hjá henni er önnur minni tóft og þúst (sjá SP-043:021). Ekki er reyndar loka fyrir það skotið að þarna hafi verið sel (sjá umfjöllun um seljabúskap).

Á Þönglabakka eru tvær stórar beitarhúsatóftir í Káragerði, önnur þeirra (SP-044:011\_2) er mjög sigin og röskuð í suðurenda af mun yngri beitarhúsatóft (SP-044:011\_5). Tóftirnar eru áþekkar, virðast báðar skiptast í hlöðu og fjárhús með garða. Út með ströndinni, á sjávarbakkanum vestan við Bakkamýri eru tvær beitarhúsatóftir SP-044:058-059 og sunnan við þær eru smáar tóftir SP-044:076-077 sem hafa líklega verið notaðar fyrir sauðfé en útlit þeirra er ekki nógu einkennandi til þess að hægt sé að segja um það með nægilegri vissu að um beitarhús sé að ræða.



*Norðurhluti beitarhúsatóftar SP-045:020\_2 á selstæði í landi Botns.*

Fjögur beitarhús voru skráð á Botni. Á selstæði jarðarinnar í Selvíkum er stór og ungleg beitarhúsatóft SP-045:020\_2. Hún skiptist í fjárhús með garða og hlöðu auk sambyggðs heystæðis. Litlu norðar er mjög fornleg beitarhúsatóft SP-045:030 með garða og hlöðu eða stóru heystæði. Nær bænum á Botni eru tvær beitarhúsatóftir. Önnur þeirra (SP-045:006) er fremur ung að sjá og talsverðar líkur til að það sé fjárhús sem Theódór Friðriksson rithöfundur nefnir í bók sinni *Í verum* að hann hafi haft til afnota þegar hann bjó á Botni. Tóftin skiptist í fjárhús og litla hlöðu auk lítills heystæðis. Ekki eru undirstöður garða í henni. Önnur mun fornlegri tóft er litlu suðvestar (SP-045:027\_1) en hún sést ekki vel fyrir yngri tóft (mögulega stekkur SP-045:027\_2) sem hefur verið byggð ofan í hana. Á Hóli er nokkuð sannfærandi beitarhúsatóft SP-046:040\_1, lítið fjárhús með hlöðu eða heystæði og skammt frá henni er tvískipt heystæði SP-046:040\_2. Einnig kemur til greina að tóft SP-046:037 sé af beitarhúsum. Að lokum eru tvær beitarhúsatóftir í Keflavík á sama stað en frá mismunandi tímum. Báðar eru tóftirnar skammt frá minjum SP-047:016 frammi á sjávarbakka sem voru rannsakaðar með uppgrefti árið 2002. Stærri og fornlegri tóftin SP-047:015\_1 er tvískipt og er op inn í hana á norðurgaffli. Utan í hana vestanverða hafa yngri beitarhús SP-047:015\_2 verið byggð og virðist sú tóft vera þrískipt. Ekki sjást garðar í þessum tóftum.

## Seljabúskapur

Í seljum var árstíðabundin búseta og eru sel því í raun ein tegund bústaða. Seljabúskapur hefur verið mjög algengur í Fjörðum fyrr á öldum og virðast jafnvel hafa verið sel á minnstu og afskekktustu jörðunum. Sannfærandi vísbendingar um sel eða líklega selminjar fundust á sjö af þeim 11 lögbýlum sem voru skráð í Fjörðum. Að auki eru heimildir um að sel hafi verið byggt upp á rústum eyðibýlisins Háagerðis SP-044:025 þegar sú hjáleiga Þönglabakka var í eyði. Ekki fundust afgerandi selminjar í landi Hóls en þar fundust tóftir á fleiri en einum stað sem taldar voru mögulegar selminjar (sjá t.d. tóft SP-046:038) þótt ekki væri hægt að fullyrða um það. Engar líklegar selminjar fundust í landi Arnareyrar en mögulega voru tvö selstæði í landi Brekku og kann annað þeirra að hafa tilheyrt Arnareyri. Annars vegar eru umfangsmiklar selminjar í Seltungum SP-043:005 og hins vegar er mögulegt sel SP-043:021 sunnan við Brekkudal (skráð sem beitarhús). Í landi Tindriðastaða voru ekki heldur afgerandi selminjar en þó er þar mjög fornleg, einföld tóft SP-041:029 í vel afmörkuðum hvammi. Hún er einföld, 12x7 m stór og svipar henni mjög til meintrar seltóftar í Keflavík SP-047:033\_1. Tóftin er auðvitað mjög einkennalítill og er það helst staðsetning hennar í landinu og fjarlægð frá bæ sem gæti stutt það að um seltóft sé að ræða. Hún er að auki innan svæðis sem er afmarkað af forngörðum (sjá umræðu þar) og er í úthögum jarðarinnar. Við skráningu fundust ekki heldur neinar selminjar í landi Þverár en á nýlegum loftmyndum af svæðinu frá Loftmyndum ehf. að dæma virðast vera minjar inni á Þverárdal (SP-039:038) sem koma til greina sem selminjar jarðarinnar. Því miður voru þessar loftmyndir ekki fyrir hendi þegar undirbúningur og vettvangsvinna fór fram

í Fjörðum og voru minjarnar því ekki skráðar á vettvangi.

Í Keflavík fundust líklegar selminjar á tveimur stöðum innst á Keflavíkurdal, beggja vegna Keflavíkurár. Það verður að teljast líklegt að Keflavík hafi átt selið sem var vestan árinna (SP-047:033) og Litla-Keflavík það sel sem var austan árinna (SP-047:032). Í landi Þönglabakka, stærstu jörðinni í Fjörðum, var sel við Selborg SP-044:016, aðeins 660 m frá bænum og steinsnar frá hjáleigunni Háagerði. Það má ætla að selið hafi áður fyrr verið fjær bæ og þá kemur helst til greina að það hafi verið þar sem síðar var hjáleigan Brimnes SP-044:008. Hún er 1,2 km frá Þönglabakka, í sömu fjarlægð frá bæ og selið í Botni SP-045:020, sem er hinum megin í firðinum.



*Fallegar selminjar SP-043:005 eru í Seltungum í landi Brekku. Frá þeim sést vel yfir suðurhluta byggðarinnar í Hvalvatnsfirði.*

Öruggt dæmi um að býli hafi byggst á selstæði er í landi Kaðalstaða en svo virðist sem að Kúsveinsstaðir SP-040b sem nefndir eru í heimildum á 16. öld og í Jarðabók Árna og Páls frá 1712 hafi verið byggðir í Kaðalstaðaseli SP-040:009 en ekki er útilokað að hafi upphaflega hafi verið býli á þessum stað og seinna sel og líklegt að þarna hafi ýmist verið árstíðabundin búseta eða heilsársbúseta eftir aðstæðum og árferði.

Í Seltungum í landi Brekku eru umtalsverðar selminjar SP-043:005; stór seltóft, tvískipt kvíatóft, mógrafir, kálgarður og minni tóftir. Aðrar minjar en sjálf seltóftin og kvíarnar eru nokkuð fornlegar.

Það kom nokkuð á óvart að það skyldu finnast minjar um sel á Gili (SP-037:011) og á Jórunnarstöðum (SP-623:004) sem eru innstu bæir í Hvalvatnsfirði. Í selinu á Gili eru tvær seltóftir, hvor upp af annarri. Ekki er augljóst af útliti þeirra og gróðri hvor þeirra er eldri en veggir í neðri tóftinni standa litlu betur en í þeirri efri. Á selstæði Jórunnarstaða er seltóft og lítil fjárborg eða gjafahringur og ofan í þá tóft hefur verið hlaðið heystæði á seinni öldum og fleiri samtíða heystæði eru á selstæðinu. Jórunnarstaðir hafa verið í eyði um aldir fyrir utan eitt ár snemma á 19. öld og er selið því að öllum líkindum nokkuð fornt. Það er þekkt í öðrum landshlutum að fjárborgir séu við sel og eru m.a. dæmi um það í Landsveit í Rangárfingi ytra<sup>28</sup> og í Hrunamannahreppi á Suðurlandi.<sup>29</sup>

Mislangt var á milli bæja og selja og var fjarlægðin á bilinu 0,7 til 1,9 km ef öll möguleg sel eru tekin með í reikninginn. Lengst var í sel í Keflavík en styst í sel við Selborg á Þönglabakka. Meðalfjarlægð milli bæjar og sels er 1,3 km í Fjörðum. Algengast er að fjarlægðin hafi verið á bilinu 1,1-1,2 km, sjá töflu 3. Selminjar í Fjörðum eru nokkuð sundurleitir hópur og ekki hægt að segja að mikil líkindi séu með seljatóftum heilt á litið. Í flestum tilvikum eru tvær minjar á selstæðunum en mest eru þær átta talsins. Það er í selinu á Brekku þar sem meðal annars eru mógrafir og fornlegur kálgarður. Gæti kálgarðurinn og umfang minja í selinu bent til þess að þar hafi verið heilsársbúseta á einhverjum tíma.

Samtala	Sérheiti	Fjarlægð frá bæ í km
SP-044:016_1	Selhóll	0,7
SP-041:029		0,8
SP-623:004_1		1,1
SP-043:005_1	Seltungur	1,2
SP-045:020_1	Selvíkur	1,2
SP-039:038		1,2
SP-043:021_1		1,2
SP-038:053_1	Selmýrar	1,5
SP-037:011_1		1,6
SP-037:011_2		1,6
SP-040:009	Kaðalsstaðasel	1,7
SP-047:033_1		1,7
SP-047:032_1		1,9

Tafla 3. Fjarlægðir á milli selja og bæja í Fjörðum.

## Réttir

Nokkur fjöldi rétta var skráður í Fjörðum og voru þær einkum tvenns konar. Annars vegar fremur litlar réttir eða aðhöld sem hafa verið notuð til heimabruks við rúning og annað umstang með búfénað (16 talsins). Hins vegar eru stórar réttir sem hlaðnar voru á eyðijörðum og eftir að byggðin í Fjörðum lagðist af og farið var að nota allt svæðið sem afrétt (6 talsins). Réttirnar voru einkum notaðar sem rúningsréttir en sumar þeirra hafa einnig verið notaðar til þess að draga fé í sundur á haustin. Stærstu og yngstu réttirnar eru á Kussungsstöðum (SP-038:022 og 042) og á Bakkadal (SP-044:066) í landi Þönglabakka. Eldri og minni réttir eru á Jórunnarstöðum (SP-623:002\_1-2) og í landi Kaðalstaða (SP-040:012) við Kúsveinsstaði SP-040b:001.

28 Selatættur RA-434:068 í landi Skarðs, sjá Kristborg Þórsdóttir. 2020, bls. 97-100.

29 Seljadalur ÁR-342:013 og nafnlaust sel ÁR-342:031, bæði í landi Skipholts (skýrsla um skráninguna er væntanleg).

## Landnýting utan túna (mógrafir, torfrista, kolagrafir, útslægjur, áveita)

Þar sem land hefur ekki verið ræst fram og þurrkað í Fjörðum, og túnrækt var eingöngu í gömlu heimatúnunum og nágrenni þeirra, eru mjög víða óraskaðar minjar um landnýtingu utan túna, ekki síst mógrafir og mótóftir (skráðar sem skemmur). Alls voru skráðar 69 mógrafir og 48 móstæði og sjást allsstaðar ummerki um þær minjar. Eru mógrafasvæðin mjög misstór en víða eru alldjúpar stakar grafir enn greinilegar og stendur vatn í þeim þegar mikið hefur rignt. Mjög stórt mógrafasvæði er t.d. á Hóli (SP-046:010) og í Brekkudal eru stór mógrafasvæði og mikill fjöldi móstæða (sjá SP-043:008). Langbesti mórinn á svæðinu þótti við Brimneshorn í landi Þönglabakka og þar eru dýpstu mógrafirnar sem skráðar voru (sjá SP-044:026). Móstæði eru litlar torfhlaðnar tóftir eða stallar við mógrafasvæðin, eða innan þeirra. Veggir þeirra eru lágir og mjóir og yfirleitt eru ekki op á þeim. Í langflestum tilvikum eru þetta einföld mannvirki.



*Heystæði SP-040:038 í Kaðalstaðamýrum við áveitugarð SP-040:020E.*

Torf var einnig rist víða í Fjörðum. Aðalheimildin um ristu á svæðinu er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín en í henni er tekið fram hvort rista hafi verið á hverri jörð og hversu mikil og góð hún var. Torfrista var skráð á öllum lögbýlum utan Arnareyrar. Í Torfdal í landi Botns eru sýnilegar mógrafir SP-045:010\_1 en þar er líklegt að einnig hafi verið torfrista. Einu ummerkin um ristu sem hægt var að greina eru í Torfdal SP-043:006 í landi Brekku, norðan við merkin á mótí Tindriðastöðum. Meint ristusvæði er 40x40 m stórt og var bæði hægt að greina það af gróðurfari og þykku rótarlagi í mýrinni en einnig sáust þúfnaraðir sem bentu til þess að torf hafi verið rist á milli þeirra og að nýjar þúfur á torfristusvæðinu hafi ekki náð að

myndast.

Heyja var aflað víðar en á túnnum og voru engjar og aðrar slægjur í úthögum nauðsynlegar hverju býli. Hey sem fékkst utan túns var sett upp í heystæði og geymt þar þangað til á þurfti að halda og var hey oft flutt heim á sleðum á veturna. Heystæði fundust mjög víða í Fjörðum en erfitt getur verið að greina á milli heystæða og móstæða og voru mógrafir og útengjar oft á sömu slóðum. Hvorki meira né minna en 108 heystæði voru skráð í Fjörðum og þar af voru aðeins fjögur dæmi um heystæði sem getið var í heimildum en ekki fundust ummerki um á vettvangi. Annarsstaðar voru tóftir og í örfáum tilvikum þústir eða hleðslur. Heystæðin eru á þurrum bökkum á flæðiengjum og útengjum. Þetta voru torfhlaðin mannvirki sem oft voru einföld en víða voru þó tvískipt heystæði.

Í landi Kaðalstaða var mjög umfangsmikil áveita SP-040:020 sem gerð var á engjum jarðarinnar snemma á 20. öld eftir að Björn Línadal keypti jörðina. Er það langstærsta áveitan sem skráð var í Fjörðum og náði hún yfir svæði sem er 1000x500 m að stærð. Henni tilheyra flóðgarðar, áveituskurðir og stífla. Að auki var umfangslítill áveitugarður SP-046:042 skráður utan túns á Hóli.

Engar kolagrafir fundust í Fjörðum en heimild um kolagrafir SP-037:013 var skráð á einum stað, í landi Gils, þar sem vísbendingar um kolagerð á jörðinni má finna í Jarðabók Árna og Páls.

## Landamerki

Þar sem náttúrlegri afmörkun jarða er ekki til að skipta voru gjarnan hlaðnar vörður eða garðar á merkjum. Lítil sem engin slík mannvirki virðast hafa verið á landamerkjum í Fjörðum og víðast er miðað við einkenni í landslagi, eins og gil, fjallseggjar, læki, steina og svo framvegis. Þó er fornlegur garður SP-042:054 sem áður hefur verið getið á merkjum milli Brekku og Arnareyrar, þar er reyndar líka lækur. Einnig eru heimildir um vörður á nokkrum stöðum, einkum á eylandinu í Hvalvatnsfirði. Af þeim tókst að staðsetja eina torfhlaðna vörðu SP-041:032 á merkjum milli Tindriðastaða og Þverár. Varða SP-



*Torfhlaðin landamerkjavarða SP-041:032 á merkjum Tindriðastaða og Þverár.*

047:009 er við leið um Uxaskarð á milli Keflavíkur og Látra á Látraströnd og er hún líklega á



merkjum en einnig vegvísir eða samgöngubót á leið SP-621:004.

Eins og nefnt var í kafla VI um skráningu örnefna í Fjörðum var lögð talsverð vinna í að teikna upp landamerki á svæðinu og var byggt á landamerkjabréfum frá lokum 19. aldar, örnefnum, landslagi og fornminjum. Erfiðast var að átta sig á merkjum á eylandinu í Hvalvatnsfirði þar sem landslagið er einsleitt og breytingar hafa orðið á kvíslum og farvegi Fjarðarár. Vafamál varðandi landamerki í Fjörðum eru ekki eingöngu bundin við nútímann því þess er getið í Fasteignamati frá 1916-1918 að ágreiningur hafi orðið út af landamerkjum Þönglabakka sem þóttu óglögg.<sup>30</sup> Ekki er ljóst hvort um ræðir merkin á móti Botni eða Arnareyri og Brekku. Er ekki ósennilegt að varða SP-042:032 á Þorgeirshöfða sé til vitnis um þennan ágreining og breytingu á merkjum. Varðan er rúmum 100 m suðaustan við Nykurtjörn/Höfðavatn en merkin milli Þönglabakka og Arnareyrar voru yfir tjörnina/vatnið og í læk sem rennur úr því samkvæmt landamerkjalyðingum jarðanna. Landamerki RALA (Rannsóknarstofnun Landbúnaðarins) liggja greinilega í þessa vörðu.

## Samgönguminjar

Samgöngur voru erfiðar á milli Fjarða og annarra byggðalaga en innan svæðis voru samgöngur á landi nokkuð greiðar. Þar er Keflavík þó undanskilin því afar erfið kirkjuleið SP-621:005 var frá Keflavík til Þönglabakka og heimildir um banaslys á þeirri leið þegar hún var farin á vetrum. Innan hvernar bújarðar voru styttri leiðir, t.d. leiðir innan túna sem svo tengdust lengri leiðum



*Stefán Ólafsson gengur Sneiðinginn SP-621:017, leið milli Tindriðastaða, Brekku og Arnareyrar.*

<sup>30</sup> Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 – undirmat I, 65.

milli bæja. Á svæðinu voru skráðar 12 leiðir innan bújarða. Aðrar leiðir lágu yfir fleiri en eina jörð SP-621 og var alls skráð 21 slík leið, af þeim eru 11 leiðir innan sveitar og 10 leiðir sem lágu út fyrir byggðina og er þar allsstaðar um fjallvegi að fara. Eðli málsins samkvæmt vannst ekki tími til að ganga allar leiðir sem lágu úr Fjörðum yfir í aðrar byggðir og voru því færast þeirra skráðar á vettvangi.

Ekki er mikið um sýnilegar samgöngubætur í Fjörðum en þó var skráð varða SP-621:007\_2 á leið frá Gili um Trölladal og áður er nefnd landamerkjavarða SP-047:009 sem er við leið SP-621:004 um Uxaskarð á milli Keflavíkur og Látra á Látraströnd. Heimild er um að ferja SP-042:060 hafi verið við ós Fjarðarár í Hvalvatnsfirði. Stöðugar breytingar eru á sjávarkambinum og árósnum og því líklegt að ferjan hafi verið annarsstaðar en ósinn er í dag. Engar minjar sjást um ferjustaðinn en þær hafa vísast ekki verið umfangsmiklar.

Aðrar skráðar samgöngubætur eru upphlaðinn vegur SP-044:053 í landi Þönglabakka á leið SP-621:002 sem lá yfir Þönglabakkaháls milli fjarðanna. Er það torfhlaðinn kerruvegur,



*Umfangsmesta mannvirkið tengt samgöngum í Fjörðum er líklega upphlaðinn kerruvegur SP-044:053 sem liggur frá Þönglabakka upp á Þönglabakkaháls.*

allmikið mannvirki en ekki gamalt. Stuttir upphlaðnir vegir (SP-044:082/SP-045:044) eru frá bæjum á Þönglabakka og Botni og niður á sjávarbakka. Þá er enn ótalin samgöngubót í túni Botns en frá bænum liggur lág hleðsla SP-045:013 á leið út úr túninu sem er um 25 m löng og 1 m breið. Leiðin heldur svo áfram til suðurs í átt að Hóli (sjá leið SP-621:010).

Fjórar brýr voru skráðar á svæðinu, yfir mismikil vatnsföll. Mikil samgöngubót þótti þegar brú SP-037:008 var byggð yfir Þverdalsá eða Vestari-Illagilsá innan við Gil árið 1894. Brúna tók af í vatnavöxtum um miðja 20. öld og sjást engin ummerki um hana lengur. Ný

göngubrú var byggð yfir ána litlu neðar og var hún síðast endurnýjuð árið 1980. Á Botnsá í Þorgilsfirði er göngubrú en áður var önnur brú SP-045:009 á ánni. Heimildir geta þess að tré hafi verið lagt á ána áður en hún breiðir úr sér nærri ósnum. Nákvæm staðsetning eldri brúarinnar er ekki þekkt en hún hefur að líkindum verið nokkuð innar en göngubrúin er í dag. Ætla má að staðsetning brúar yfir ána hafi tekið breytingum eftir aðstæðum og farvegi árinna hverju sinni. Einnig er brúarhleðsla SP-043:036 yfir rennu SP-043:035 í túni Brekku á milli bæjar og útihúsa. Er hún hlaðin úr stórum steinum og rennur vatn undir hana. Síðasta brúin sem hér verður fjallað um og heimildir eru um í Fjörðum er hellubrú SP-042:008 yfir bæjarlækinn á Arnareyri sem veitt var í rennu SP-042:047\_1 úr Brekkulæk að túninu. Lítil sem engin ummerki sjást þar sem talið er að brúin hafi verið en þó sést grjóti í vatnsveituskurðinum.

## Samantekt

Minjasvæðið í Fjörðum er vel til þess fallið að gefa okkur heillega mynd af búskaparháttum, samfélaginu og lífsbaráttunni þar en á flestum öðrum svæðum eru minjarnar mun brotakenndari og jafnvel horfnar að miklu leyti. Í heimatúnum lögbýlanna, þar sem flestar minjar er að finna, má lesa ýmislegt um áherslur í búfjárrækt og jarðabótum en einnig mikilvægi góðs aðgengis að hreinu neysluvatni.

Túnin í Fjörðum eru langflest kargapýfð og er túnið á Arnareyri nánast eina undantekningin. Túngarðar afmörkuðu þau flest að hluta til en ekki er að sjá að þeir hafi endilega verið hlaðnir umhverfis allt túnið. Líkast til hafa hundar og smalar mikið verið notaðir til að halda búfénaði innan þeirra eða utan, eftir atvikum. Innan túnanna eru á nokkrum stöðum greinileg ummerki um sléttun með handverkfærum en hvergi eru þau umfangsmeiri en á Hóli þar sem stærsta túnið í Fjörðum er. Önnur ummerki um jarðabætur í túnnum eru lítil en þó má sjá áveitu/fráveituskurði í túni Brekku og Þverár og neðan við túnið á Gili. Hvergi eru greinileg ummerki um að tún hafi verið færð út nema á Kussungsstöðum og á Arnareyri, eins og áður hefur verið fjallað um. Í eldri hluta túnsins á Kussungsstöðum var búið að slétta yfir mörg eldri útihús en slík ummerki sjást í fleiri túnnum. Aðrar jarðabætur er ekki að sjá í Fjörðum og aðeins er ein eiginleg áveita á svæðinu en hún er engin smásmíði. Á Kaðalstöðum eru mikil áveitumannvirki á engjunum sem voru gerð í tengslum við sauðfjárbú Björns Línalds á jörðinni í upphafi 20. aldar.

Þau mannvirki sem eru greinilegust innan túna eru bæjartóftir og yngstu útihúsin sem eru hlaðin úr torfi og grjóti. eru þau útihús langflest fjárhús en það kemur ekki á óvart að stærst og flest útihús hafi verið fyrir sauðfé. Erfitt er að segja til um nákvæm hlutverk minni tófta í túnnum en fá hesthús virðast hafa verið í Fjörðum og virðist hestaeign ekki hafa verið mikil. Átti síðasti bóndinn á Botni til að mynda líklega aðeins einn hest, Fjarða-Þyt, sem hann hélt mikið upp á.<sup>31</sup> Í Fasteignamati Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 er þó getið um hesthús fyrir tvö

31 Árbók Ferðafélags Íslands (ÁFÍ) 1992, bls. 137.

hross á Botni.<sup>32</sup> Fáar kýr hafa líka verið í Fjörðum, a.m.k. á síðari tímum, en fjós voru líklega í flestum, ef ekki öllum tilvikum samtengd bæjunum og jafnvel hluti af þeim. Á kirkjujörðinni Þönglabakka var fjós með básum fyrir fjóra nautgripi.<sup>33</sup> Líklega hafa verið færri en fjórar kýr á öðrum bæjum. Á Gili, innsta bæ í Hvalvatnsfirði, var ein kýr, 2 hross og 30 kvíaaer síðustu árin sem búið var þar.<sup>34</sup> Hefur það líklega verið með allra minnsta bústofni í Fjörðum á þeim tíma (undir lok 19. aldar). Kvíarnar á Gili eru enn vel greinilegar og sömuleiðis eru auðþekkjanlegar kvíatóftir á flestum bæjum og á nokkrum jörðum voru fleiri en ein kvíatóft.

Í hjarta túnanna eru vel varðveittir bæjarhólar með bæjartóftum og öskuhaugum. Bæjartóftirnar eru ólíkar innbyrðis og misflóknar og -stórar. Allsstaðar voru gangabæir og eru tóftir þeirra vel varðveittar ef frá eru skildar bæjartóftir Þönglabakka og Kaðalstaða. Um hlutverk einstakra herbergja í bæjunum er oft ekki gott að segja en þó eru baðstofurnar á mörgum bæjum



*Loftljósmynd tekin beint ofan á bæjarhól Botns SP-045:001 úr suðvestri. Efst á myndinni má sjá brunn SP-045:045 og upphlaðinn veg SP-045:044.*

að öllum líkindum innsta húsið, við enda ganganna. Að auki hafa allsstaðar verið búr og eldhús að lágmarki en víðast hafa einnig verið skemmur og fleiri smærri rými.

Eitt af því sem kom hvað mest á óvart í Fjörðum var hversu víða hefur tíðkast að veita vatni heim að bæjum úr nærliggjandi lækjum. Hefur það sýnilega verið gert á öllum bæjum ef

32 Undirmat I, bls. 64

33 Theódór Friðriksson 1977, bls. 117.

34 Theódór Friðriksson 1977, bls. 209.

frá eru taldir Kaðalstaðir og Botn. Vatnið var leitt eftir skurðum, oft um langan veg, inn í rangala í bæjarhúsum (Kussungsstaðir) eða brunnhús (Þverá, Hóll, Brekka). Einnig voru vatnsbrunnar á sumum bæjum (Botni og Arnareyri) en aðeins fundust fá dæmi um brunna. Þessar miklu vatnsveituf framkvæmdir vekja óneitanlega upp spurningar um það hvort að þær séu bundnar við þessa sveit eða þennan landshluta eða hvort að þær hafi tíðkast í sama mæli um allt land. Líklegt verður að teljast að það hafi verið algengara í snjóþyngri sveitum landsins að leiða vatnið inn í bæina eða alveg heim að þeim, þá einkum norðanlands og á Vestfjörðum. Þetta þyrfti þó að skoða betur í fleiri héruðum til þess að geta sagt nokkuð um það með vissu. Óvíða munu minjar um vatnsveitu þó hafa varðveist nema þar sem byggð hefur lagst snemma af og það er jú aðallega á annesjum og dölum inn til landsins þar sem hefur verið veðrasamt og snjóþungt. Það er því ekki víst að samanburðarefni fáiast af snjóléttari og búsælli svæðum vegna rasks við jarðrækt og byggingaframkvæmdir.

Í sveitum þar sem byggðin hefur haldist óslitin fram á þennan dag er sjaldgæft er að sjá nokkur ummerki um margar af þeim minjum, sem hér hefur verið fjallað um og finna má í



*Mynd af bænum Drangsvík á Ströndum árið 1927 eftir Hans Kuhn (Þjms. HK-10) sem birtist í bókinni Af fjörðu eftir Hjörleif Stefánsson (bls. 34). Lengst til hægri má sjá yfirbyggð göng að bæjarlæknum sem liggja frá fjósinu.*



*Vatni veitt inn í rangala á bænum Þverá í Laxárdal, Suður-Þingeyjarsýslu. Hlutavelta tímans, bls. 100. Mynd eftir Harald Helgason, Þjms. HH-2001-15-27.*

Fjörðum. Þar fæst því miklu brotakenndari mynd af búskaparháttum og byggingarhefð fortíðar en á svæðum þar sem lítið rask hefur orðið af mannavöldum.


Þó að heimatúnin séu mjög heillandi svæði og allir þeir fjársjóðir sem í þeim leynast, er ekki síður áhugavert að skoða allar þær fjölmörgu minjar sem eru utan túnanna. Hvergi hefur verið fyllt upp í mógrafir, engir framræsluskurðir eru í mýrum og enn eru heystæði og móstæði á engjum og í úthögum sem sýna á ápreifanlegan hátt hversu víða fólk aflaði fanga til þess að draga fram lífið. Beitarhús eða önnur mannvirki hafa ekki verið byggð á stekkjarsæðunum eins og víða tíðkaðist í sveitum þannig að stekkir eru einnig vel varðveittir í Fjörðum og er

þar gott safn af þeim mannvirkjum frá fleiri en einum tíma. Almennt má segja að fyrir utan minjar um sjósókn hafi fengist einstaklega heildstæð sýn á það úrval minja sem fyrirfannst í strandbyggðum Íslands fyrir miðja síðustu öld. Gögnin sem aflað hefur verið mun verða hægt að nýta í fjölmargar rannsóknir.

## VIII. Varðveisla minja

Byggðin í Fjörðum fór endanlega í eyði árið 1944 þegar síðustu fjölskyldurnar fluttust burt en þessi óumflýjanlega þróun hófst um aldamótin 1900 þegar fyrstu bæirnir fóru í eyði á afskekktustu og harðbýlustu jörðunum, á Gili og í Keflavík. Vegna þess hversu snemma byggðin fór í eyði og hversu afskekkt hún er, hefur lítið sem ekkert nútímarask orðið þar. Þar varð ekki vélvæðing í landbúnaði og það er aðeins einn vegarslóði inn á svæðið sem liggur út eftir austanverðum Hvalvatnsfirði. Að öðru leyti er svæðið óraskað og er eitt af fáum slíkum svæðum á landinu. Ekkert stöðvar hins vegar náttúruna og eyðileggingar afl hennar og það er talsvert landbrot af völdum sjávar í Fjörðum og á vatnasviði ána sem renna um svæðið.

Ástand minja í Fjörðum var allsstaðar metið þar sem hægt var að staðsetja þær og skiptist það í sex mismunandi flokka:




Skifurit 1. Ástand minja í Fjörðum.

- a) *Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.*

- b) *Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur.*
- c) *Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróið yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.*
- d) *Hleðslur standa. Þök hrugin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150+ cm.*
- e) *Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.*
- f) *Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.*

Ástand minja í Fjörðum er með eindæmum gott og voru aðeins 7% þekktra minja sem engin ummerki sáust um. Í flestum tilvikum þar sem hægt var að segja til um ástæður þess að fornleifar væru horfnar var það vegna landbrots. Þó að lítið rask hafi orðið á svæðinu af mannavöldum er næsta víst að á öllum tímum hafa mannvirki brotnað í sjó og ár og mögulega lent undir skriðum sem engar heimildir eru um.

Einnig var gert hættumat fyrir allar þær minjar sem skráðar voru á vettvangi í Fjörðum og hægt var að staðsetja. Hlutfallslega fáar minjar töldust í einhverri hættu, eða 14% þeirra. Af þeim eru 6% minjar í hættu en 8% minja í stórhættu. Er það mjög óvanalegt að ekki séu



Skífurit 2. Hættumat fyrir minjar í Fjörðum. Aðeins lítill hluti minjanna telst vera í hættu.

fleiri minjar skilgreindar í hættu í heilu byggðarlagi. Þar sem minjar eru í stórhættu er ástæðan í öllum tilvikum vegna landbrots en þar sem minjar eru í hættu eru ástæðurnar fleiri (vegagerð, skriðuföll, rof, rask og landbrot). Eins og fram hefur komið liggur vegarslóði eftir austanverðum Hvalvatnsfirði og er örfáum minjum sem eru mjög nálægt honum hættu búin af vegabótum sem skýrir hættumat vegna vegagerðar á nánast veglausu landsvæði.

Tún Arnareyrar í Hvalvatnsfirði er sláandi dæmi um landbrot í Fjörðum. Til er kort af túninu frá 1918 sem hægt er að bera saman við ástandið rúmri öld síðar. Túnið á Arnareyri er



*Kort sem sýnir breytingar á túninu á Arnareyri. Elsti túnhlutinn er númer 1 en fyrsta útfærsla er númer 2 og sú síðasta er númer 3. Loftmynd: Loftmyndir ehf.*



*Hluti túnsins á Arnareyri. Búið er að rétta upp túnakort frá 1918 og leggja yfir loftmynd með uppmældum minjum í túninu. Sjá má að tvö útihús eru með öllu horfin vegna landbrots og það þriðja er illa farið.*

afmarkað að hluta af túngarði en sjá má að túnið hefur verið fært út í tvígang og má ætla að það hafi verið gert til að bregðast við minnkandi túni af völdum landbrots (sjá mynd hér á undan). Elsti hluti túnsins sem enn sést er um 0,6 ha en með útfærslum er það um 1,4 ha. Engin leið er að vita hversu stórt túnið hefur verið á Arnareyri í öndverðu eða hversu mikið af því eða minjum



innan þess hefur þegar farið forgörðum. Í Jarðabókinni frá 1712 er þess getið að þá sé stór hluti túnsins þegar eyðilagður af sandfoki og landbroti.

Sé túnakortið rétt upp og lagt yfir loftmynd með uppmældum minjum sést glögglega að tvö útihús eru þegar horfin með öllu (SP-042:057-058) og eitt er mjög illa farið af landbroti. Á rúmlega 100 árum eru því farnir 15-20 m af túninu. Í rofsári í fjörunni sjást miklar mannvistarleifar og þar sem útihús SP-042:003 er að hálfu horfið má sjá mikið magn af fiskibeinum ofarlega í rofsniðinu en talsvert miklu neðar er þykkt kolalag. Þarna eru því minjar að brotna í sjó sem segja sögu jarðarinnar langt aftur í aldir. Þróun túnsins á Arnareyri og útfærsla þess sýnir hvernig fólk sem þarna bjó brást við þessum breytingum og aðlagði sig.

## IX. Kynning og áframhaldandi rannsóknir

Í Fjörðum er einstakt, víðfeðmt og samfelldt menningarlandslag sem mikilvægt er að vernda, kynna og rannsaka frekar. Þrátt fyrir að vera afskekkt svæði liggur vegarslóði inn á það þannig að aðgengi er ágætt og fjöldi fólks leggur leið sína þangað ár hvert. Kjörið er að koma upplýsingum um valda minjastaði og sögu svæðisins á framfæri við ferðafólk og hvetja það til þess að kynna sér svæði sem liggja utan fjölförnu gönguleiðanna. Hægt er að nota fjölbreyttar aðferðir til þess að miðla upplýsingum en best er að halda skiltagerð og annarri mannvirkjagerð í lágmarki. Upplagt er að útbúa rafræna leiðsögn um svæðið eða vefsíða þar sem hægt er að sjá dreifingu minja og lesa um þær. Við hönnun rafræns kynningarefnis þarf að taka tillit til þess að nánast ekkert net- eða símasamband er á svæðinu.

Engar friðlýstar fornminjar eru í Fjörðum en allar fornminjar eru friðaðar. Ótal staði væri hægt að nefna sem henta vel til kynningar og hér fyrir neðan eru aðeins örfá dæmi tekin:

1. Jórunnarstaðir SP-623:001 á Jórunnarstaðafrétti fara snemma í eyði og byggjast ekki aftur fyrir utan einn vetur á 19. öld. Fjöldi minja er í túni þessa forna býlis og næsta nágrennis þess en einnig eru yngri minjar, líkt og réttir SP-623:002 og mógrafir SP-623:003/008 á svæðinu sem eru til vitnis um síðari tíma nýtingu. Gott aðgengi er að minjunum sem eru fáum kunnar.
2. Í túninu á Kúsveinsstöðum 040b er fjöldi aðgengilegra minja um býlið og/eða Kaðalstaðasel SP-040:009 auk yngri réttartóftar SP-040:012. Minjarnar eru áhugavert dæmi um stað þar sem hefur ýmist verið árstíðabundin eða heilsársbúseta.
3. Á Tindriðastöðum eru nokkuð umfangsmiklir forngarðar SP-041:044/046/021 sem sjá má ef farið er upp með Bæjargili. Skammt frá gildrögunum, norðan við Hryggi er svo fornleg tóft SP-041:029 í falletum hvammi sem kann að vera seltóft. Minjarnar gefa okkur innsýn inn í skiptingu lands og nýtingu þess til forna.

4. Í túninu á Kussungsstöðum SP-038 er mikill fjöldi minja í fallegu umhverfi. Innan túnsins er m.a. mjög greinileg bæjartóft SP-038:001\_2 þar sem sést hvar vatni var veitt inn í bæinn (sjá SP-038:015). Einnig sjást traðir SP-038:036 að bænum, tvær kvíatóftir SP-038:003\_3-4 sambyggðar túngarði SP-038:003\_2 og fornlegir garðar SP-038:030/031. Rétt utan túns eru mikil mógrafasvæði SP-038:023 og stórar réttartóftir SP-038:022/042 sem byggðar voru eftir að jörðin fór í eyði.
5. Í Seltungum í landi Brekku eru umfangsmiklar selminjar SP-043:005; stór seltóft og tvískipt kvíatóft, en einnig fjöldi annarra fornlegra minja sem gefa til kynna að þarna gæti hafi verið heilsársbúseta um tíma (m.a. kálgarður og fleiri tóftir). Um einstaklega fallegar minjar er að ræða og frá þeim er frábært útsýni inn eylandið í Hvalvatnsfirði og yfir stóran hluta byggðarinnar.
6. Kirkja og kirkjugarður SP-044:002 voru á Þönglabakka og sést hlaðið ferkantað gerði umhverfis kirkjugarðinn og leifar af eldra hringlaga gerði undir honum. Einnig sést grunnur síðustu kirkjunnar innan garðsins. Frá hliði á kirkjugarðinum liggur djúp gata SP-044:006 í túninu til suðvesturs. Kirkjan á Þönglabakka var menningar- og trúarmiðstöð sveitarinnar og er áhrifamikið að koma í kirkjugarðinn þar sem Fjörðungar hafa verið lagðir til hinstu hvílu í áhrundruð.
7. Býlið Brimnes SP-044:008 er nyrst í austanverðum Þorgeirsfirði og má þar sjá minjar frá ýmsum tímum í litlu túni, m.a. unga stekkjartóft frá Þönglabakka og lyngi vaxnar tóftir sem tilheyra líklega elsta búsetuskeiði í Brimnesi. Heldur kaldranalegt er um að litast á staðnum og talsverð gróðureyðing en að sama skapi er fróðlegt að skoða aðstæður á þessari gömlu hjáleigu Þönglabakka.
8. Einn myndarlegasti bæjarhóllinn SP-045:001\_1 í Fjörðum er á Botni og þar er greinileg bæjartóft SP-045:001\_2. Fallega hlaðinn brunnur SP-045:045 er norðan við bæinn og fjölda annarra heillegra minja má sjá í túninu. Er brunnurinn á Botni einn af þremur brunnum sem voru skráðir en hann er sá heillegasti af þeim og sá eini sem hægt er að sjá ofan í.
9. Hóll er innsti bær í Þorgeirsfirði og fáir af þeim sem gera sér ferð í fjörðinn fara inn að honum. Það er þó sannarlega þess virði því þar er fallett bæjarstæði í stóru túni og sjást mjög greinileg ummerki um tünasléttun í því. Einnig má sjá brunnhús SP-046:012\_2 við bæinn á Hóli og skurð SP-046:012\_1 sem vatni var veitt eftir að því. Fjöldi minja er enn í túninu og utan þess, þar má meðal annars sjá fornlegar býlistóftir SP-046:027.
10. Í Keflavík er einnig margt að sjá í heimatúninu en hér er sérstök athygli vakin á býlinu Litlu-Keflavík SP-047:011 sem er falleg og vel varðveitt minjaheild. Á milli Keflavíkur og Litlu-Keflavíkur eru svo mjög áhugaverðir hólar sem heita Dysjar SP-047:005. Mannaverk eru á tveimur þeirra og í syðsta hólnum líkjast ummerkin því að þar hafi verið

kuml sem síðar hafi verið opnað. Myndi kumlfundur í Fjörðum bæta miklu við þekkingu okkar á frumbýlingum sveitarinnar og eru Dysjarnar í Keflavík besta vísbendingin sem hefur fundist um möguleg kuml á svæðinu.

Rannsóknarefnin í Fjörðum eru ótalmörg og verða því aðeins nokkur þau brýnustu nefnd hér. Þar sem minjar eru að brotna í sjó þarf að bregðast við með björgunaruppgrefti. Á það einkum við um bæjarhól Keflavíkur og minjar í túni Arnareyrar. Að lágmarki þarf að hreinsa rofsnið og skrá þau mannvistarlög sem þar sjást en æskilegast væri að ráðist yrði í uppgröft á þessum stöðum áður en það verður um seinan.

Á flestum bæjarhólum í Fjörðum eru heillegir öskuhaugar sem eru fjársjóðskista í þeim skilningi að í þeim eru fólgnar gríðarlega miklar og mikilvægar upplýsingar um efnismenningu og viðurværi Fjörðunga til forna og breytingar sem orðið hafa í gegnum aldirnar. Þeir eru því ríkulegt og verðugt rannsóknarefni.


Nokkuð er um forna garða í Fjörðum og er mikilvægt að aldursgreina þá til þess að hægt sé að komast að því hvenær þeir voru hlaðnir fyrst, hvort þeim var viðhaldið og hvenær þeir féllu úr notkun. Niðurstöður þeirrar rannsóknar verður svo hægt að bera saman við aðrar rannsóknir á forngröðum í nærliggjandi sveitum.

Ekki fundust óyggjandi ummerki um selminjar í landi Tindriðastaða og ekki eru heldur örnefni eða heimildir um slíkar minjar á jörðinni. Í vel afmörkuðum hvammi ofan við forngarða er mjög fornleg, stök rúst sem kemur til greina að geti verið seltóft. Fróðlegt væri að rannsaka hana til þess að komast að aldri og hlutverki. Kann slík rannsókn að varpa ljósi á upphaf og þróun seljabúskapar í Fjörðum.

Áður hefur verið nefnt að möguleg kuml séu í hólum sem heita Dysjar og eru í landi Keflavíkur. Nauðsynlegt er að grafa í þessa hóla til þess að hægt sé að skera úr um hvers konar minjar er að ræða og hvort að þarna séu legstaðir úr heiðnum sið.

## **X. Forspárgildi skráningarinnar í Fjörðum fyrir landið allt**

Sá mikli þekkingargrunnur sem orðinn er til með skráningunni í Fjörðum er öflugt verkfæri til þess álykta um fjölda, eðli og dreifingu minja annarsstaðar á landinu, sér í lagi þar sem mikið rask hefur orðið og breytingar í landnotkun. Meðal þess sem skráningin í Fjörðum getur varpað ljósi á eru minjar í tünnum lögbýla. Í Fjörðum var kjörið tækifæri til þess að bera saman þær upplýsingar um mannvirki sem fram koma á túnakortum við minjar sem sjást í tünnum eyðibýlanna. Niðurstöðurnar voru mjög áhugaverðar en í öllum tilvikum voru miklu fleiri minjar sýnilegar á yfirborði en túnakortin sýndu.



*Túnið á Hóli í Þorgeirsfirði. Búið er að rétta upp túnakort frá 1918 og leggja yfir loftmynd með uppmældum minjum í túninu. Á túnakortinu er aðeins sýndur bæinn og tvö útihús sem eru norðaustan við bæinn og suðvestan við hann. Nyrst í túninu eru leifar af túngarði og nokkur útihús sem ekki eru sýnd á túnakortinu og margar fleiri minjar eru innan túnsins sem ekki eru heldur sýndar á því.*

Túnakort eru grunnheimild í fornleifaskráningu þar sem leitast er við að staðsetja og skrá allar minjar sem sjást eða heimildir eru um. Viðast þar sem byggð hefur haldist út 20. öldina hefur heimatúnum verið umturnað með túnasléttun, skurðgrefti og byggingum. Þar sem þannig háttar til eru túnakortin oft einu heimildirnar um fjölda og staðsetningu minja í túnnum. Túnakort sem gerð voru um mestallt land á árabílinu 1916-1925<sup>35</sup> sýna helstu mannvirki í heimatúnum sem í notkun voru á þeim tíma. Mjög er það misjafnt eftir kortagerðarmönnum hversu ítarleg þessi kort voru en að lágmarki voru sýnd mörk túns og bæjarhús og í langflestum tilvikum eru einnig sýnd útihús. Í mörgum tilfellum voru enn fleiri mannvirki merkt inn á kortin s.s. kálgarðar, traðir, brunnar og jafnvel eldri mannvirki sem orðin voru óljós og sigin.<sup>36</sup>

Túnakort í Fjörðum voru gerð árið 1918 og eru aðeins til af túnnum þeirra jarða sem þá voru í byggð (Hóll, Botn, Þönglabakki, Arnareyri, Brekka, Tindriðastaðir og Kaðalstaðir). Kortin sýna bæi og útihús, einstaka kálgarða og leiðir. Mörk túna eru sýnd en ekki túngarðar, þó að þeir hafi víða verið nokkuð stæðilegir á jörðunum sem túnakort voru gerð fyrir. Á túnakortum jarða í Fjörðum eru sýnd 2-7 mannvirki en á vettvangi voru skráðar 13-43 minjar í túnnum. Viðast var fjöldinn 22-27 minjar á sömu svæðum og túnakortin náðu yfir. Niðurstöður könnunar á mun milli skráðra minja í heimatúnum í Fjörðum og mannvirkja sem eru á túnakortum sýna

35 Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2017, bls. 95.

36 Dæmi um það síðastnefnda eru kort Páls Jónssonar í Fljótshlíð. Sá galli er reyndar á þeim að mælingarnar eru ekki mjög nákvæmar, en þau eru fallega lituð og sýna mikil smáatriði.

að í túnnum sé algengast að eiga von á 3-5 sinnum fleiri minjum en sýndar eru á túnakortum frá upphafi 20. aldar en þessi fjöldi geti verið mun meiri, allt að 11,5 sinnum meiri. Þá er eingöngu verið að tala um þær minjar sem sjást enn á yfirborði. Óhætt er að gera ráð fyrir talsvert hærri tölum um minjafjölda í túnnum því ætla má að margar minjar séu ekki lengur greinanlegar á yfirborði.

Stærð túna á lögbýlum í Fjörðum er á bilinu 1-3,1 ha en minjar í túnnum eru á bilinu 7-43 og er ekki beint samband á milli túnstærðar og minjafjölda eins og sjá má í töflu 4. Í Fjörðum eru að meðaltali 14 fornleifar á hvern hektara í túnnum. Í stærstu túnunum sem eru í Keflavík, á Þönglabakka, Hóli og Kussungsstöðum er meðaltalsfjöldi minja á hvern hektara af túnnum undir meðaltalinu fyrir allt svæðið. Arnareyri sker sig úr en þar eru 36 minjar að meðaltali á hvern hektara af túni. Nokkur landþröng er á Arnareyri og lítið flatlendi sem á líklega stóran þátt í að skýra þennan mikla fjölda minja í túninu.

Jörð	Dýrleiki í elstu þekktu heimild	Stærð túns ha	Fjöldi minja innan túns	Meðalfjöldi minja á ha
SP-037 Gil	óviss (JÁM XI)	1	7	7
SP-038 Kussungsstaðir	6 hdr. 160 áln. (Jt 1686)	2,8	33	12
SP-039 Þverá	10 hdr. (Jt 1686)	1,1	26	24
SP-040 Kaðalstaðir	10 hdr. (JÁM XI)	1,4	33	26
SP-041 Tindriðastaðir	10 hdr. (Jt 1686)	1,5	13	9
SP-042 Arnareyri	10 hdr. (JÁM XI)	1,2	43	36
SP-043 Brekka	10 hdr. (Jt 1686)	1,5	26	17
SP-044 Þönglabakki	12 hdr. (JÁM XI)	2,4	29	12
SP-045 Botn	6 hdr. (JÁM XI)	1,9	25	13
SP-046 Hóll	10 hdr. (JÁM XI)	3,1	27	9
SP-047 Keflavík	10 hdr. (JÁM XI)	2,8	25	9
SP-623:001 Jórunnarstaðir	ekki metinn	1	15	15

Tafla 4. Yfirlit yfir dýrleika jarða, stærð túna og meðaltalsfjölda minja á hvern túnhektara.

Líkt og víðast annarsstaðar á landinu gildir sú meginregla um dreifingu minjastaða í Fjörðum að flestar fornleifar eru í heimatúnum, við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Tún lögbýla í Fjörðum eru flest vel afmörkuð og því auðvelt að átta sig á því hvaða minjar eru innan túns og hverjar eru utan þeirra. Svæði utan við túnin mætti skilgreina sem heimahaga og þar hafa verið fleiri útihús, kvíar og mannvirki sem tengjast sjósókn svo dæmi séu tekin. Aðstæður á hverjum stað munu hafa ráðið því hversu stórt svæði heimahagarnir voru og hvernig það var að lögun. Gerð var tilraun til þess að telja minjar innan túna og í heimahögum á lögbýlum í Fjörðum og þá miðað við að heimahagar væru það svæði sem tæki við fast utan túns. Erfitt er að skilgreina hvar heimahögum jarðar sleppir og úthagar taka við en í þessari tilraun var ákveðið að byrja á því að skilgreina heimahaga sem 150 m svæði frá ystu

mörkum túnanna. Svæðið sem er þar fyrir utan telst þá vera úthagar. Í umfjöllun um forngarða hér að framan var nefnt á nokkrum stöðum að garðarnir hafi líklega skilið á milli heimahaga og úthaga. Virðast heimahagarnir á þeim jörðum hafa náð yfir talsvert stærra svæði en hér er gert ráð fyrir en tilgangurinn er að reyna að áætla þetta svæði almennt og til viðmiðunar. Það er svo auðvitað rannsóknarefni út af fyrir sig að skoða raunstærðir þessa svæða og hvort að þessi mörk eða hugmyndir manna um þau hafi breyst í gegnum tíðina. Líklega eru heimahagar fremur þröngt skilgreint svæði, einkum á stærri jörðum eins og Þönglabakka og má ætla að stærðarhlutföll úthaga og heimahaga séu í samræmi við stærð jarðanna. Heimahagar eru því að líkindum minni á landlitlum jörðum en á landmiklum jörðum.

Í töflu 5 má sjá að á sex jörðum er helmingur eða meira af minjum utan túns og heimahaga. Á öðrum jörðum er hlutfallið nær því að vera um þriðjungur allra minja. Innan túna eru víðast

Jörð	Innan túns	Tún og heimahagar	Hlutfall af heild	Úthagar	Hlutfall af heild	Heildarfjöldi skráðra minja
SP-623:001 Jórunnarstaði	15	30	79%	8	21%	38
SP-038 Kussungsstaðir	33	56	72%	22	28%	78
SP-042 Arnareyri	43	54	70%	23	30%	77
SP-040 Kaðalstaðir	33	41	67%	20	33%	61
SP-045 Botn	25	41	64%	23	36%	64
SP-039 Þverá	26	33	63%	19	37%	52
SP-037 Gil	7	16	50%	16	50%	32
SP-046 Hóll	27	39	49%	40	51%	79
SP-047 Keflavík	25	33	49%	35	51%	68
SP-041 Tindriðastaðir	13	30	43%	39	57%	69
SP-044 Þönglabakki	29	60	40%	90	60%	150
SP-043 Brekka	26	29	36%	51	64%	80

Tafla 5. Hlutfall minja í tünnum og heimahögum (150 m frá túnmörkum) borið saman við hlutfall minja í úthögum.


25-43 minjar en óvenjufáar minjar eru í túni Tindriðastaða. Aðeins eru 7 minjar í túni Gils sem virðist hafa verið mjög lítið og í túni Jórunnarstaða eru 15 minjar en mörk túnsins eru víðast óljós og er mögulegt að það hafi verið minna með færri minjum. Á meðal minja sem eru innan þess eru tvær réttir frá seinni tímum. Hvergi er meira en helmingur minja í úthögum.

Séu heimahagar skilgreindir sem stærra svæði og miðað við 250 m út frá mörkum túna, verða talsverðar breytingar á hlutfallstölum innan hvernar jarðar. Miðað við þessa skilgreiningu er það aðeins á fjórum jörðum þar sem um helmingur eða meira af minjum eru utan túns og heimahaga, sjá töflu 6. Á fimm jörðum er hlutfallið 30-40% og á þremur jörðum er hlutfallið um 20%. Engin breyting verður á hlutföllum á Tindriðastöðum eða Jórunnarstöðum og eins eru litlar breytingar á Arnareyri og Botni. Að jafnaði eru 60% minja innan túna eða heimahaga ef miðað er við 250 m fjarlægð frá túni og 54% minja eru innan túna og í heimahögum ef miðað er við 150 m fjarlægð frá túni. Það verður því ekki mikill munur á hlutfallstölum fyrir svæðið

Jörð	Innan túns	Tún og heimahagar	Hlutfall af heild	Úthagar	Hlutfall af heild	Heildarfjöldi skráðra minja
SP-040 Kaðalstaðir	33	49	80%	12	20%	61
SP-038 Kussungsstaðir	33	62	79%	16	21%	78
SP-623:001 Jórunnarstaðir	15	30	79%	8	21%	38
SP-042 Arnareyri	43	55	71%	22	29%	77
SP-039 Þverá	26	36	69%	16	31%	52
SP-045 Botn	25	42	66%	22	34%	64
SP-046 Hóll	27	49	62%	30	38%	79
SP-037 Gil	7	19	59%	13	41%	32
SP-047 Keflavík	25	36	53%	32	47%	68
SP-044 Þönglabakki	29	73	49%	77	51%	150
SP-041 Tindriðastaðir	13	30	43%	39	57%	69
SP-043 Brekka	26	32	40%	48	60%	80

Tafla 6. Hlutfall minja í túnum og heimahögum (250 m frá túnmörkum) borið saman við hlutfall minja í úthögum.

allt milli túns og heimahaga annars vegar og úthaga hins vegar þó að skilgreining heimahaga sé víkkuð út um 100 m. Ef aðeins er skoðað hvert hlutfall minja innan túna er af skráðum minjum er það 36% af heildinni.



Stöplarit 1. Ekki eru mikill munur á hlutfallstölum minja í túni og heimahögum annars vegar og minja í úthögum hins vegar eftir því hvort heimahagar eru skilgreindir á 150 m breiðu svæði út frá túnmörkum eða á 250 m breiðu svæði.

Til samanburðar var þetta hlutfall skoðað á eyðijörðum í Hvanneyrarhreppi í Eyjafirði (Hvanndalir og Vík) og Árneshreppi á Ströndum (Kjós og Skjaldabjarnarvík). Jarðirnar eru afskekktar og hafa sloppið við nútímarask að miklu leyti. Þær fóru í eyði á svipuðu tímabili og

byggðin í Fjörðum. Á þremur af fjórum jörðum voru hlutföllin þannig að tæplega helmingur allra minja var í túni eða heimalandi en rúmur helmingur í úthögum. Undantekningin frá þessari reglu er jörðin Vík í Héðinsfirði. Þar eru 70% allra minja í túni eða heimalandi en 30% minja í úthögum, sjá töflu 7. Það sem skekkir líklega myndina þar er að gömul eyðijörð (Brúnakot) var lögð undir jörðina á seinni tímum og má því segja að úthagar Víkur nái einnig yfir það landsvæði. Sumar þeirra 28 minja sem skráðar voru á eyðibýlinu Brúnakoti hafa því að öllum líkindum tilheyrt Vík.

Jörð	Innan túns	Tún og heimahagar	Hlutfall af heild	Úthagar	Hlutfall af heild	Heildarfjöldi skráðra minja
EY-021 Hvanndalir*	8	14	47%	16	53%	30
EY-020 Vík**		30	70%	13	30%	43
ST-005 Kjós	11	25	48%	27	52%	52
ST-027 Skjaldarbjarnarvík		24	48%	26	52%	50

Tafla 7. Samanburðarefni úr Hvanneyrarheppi í Eyjafirði og Árneshreppi á Ströndum. Hlutfall minja í túnum og heimahögum borið saman við hlutfall minja í úthögum. \*Bærinn var líklega fluttur en innan heimahaga eru þá bæði túnstæðin, það eldra og það yngra. \*\*Eyðijörðin Brúnastaðir EY-020b (28 minjar) eru á því svæði sem telst til úthaga og einhverjar minjar sem skráðar eru undir þeirri jörð hafa líklega tilheyrt Vík.

Fornleifaskráningin í Fjörðum er sýnidæmi um það hversu mikið af minjum hefur verið í landinu fyrir vélvæðingu í landbúnaði. Þó þarf að hafa í huga að byggðin í Fjörðum var alla tíð jaðarbyggð þar sem snjóþyngsli og einangrun áttu meðal annars þátt í því að svæðið var ekki upplagt búsetusvæði. Jarðirnar voru litlar og þær voru allar undir meðallagi að dýrleika að kirkjujörðinni Þönglabakka meðtalinni. Hún var metin á 12 hundruð en aðrar jarðir voru 10 hundruð eða minna að dýrleika. Það má því búast við því að í blómlegri byggðum hafi minjafjöldinn verið mun meiri. En hvernig er hægt að nota þessar upplýsingar um minjafjölda í Fjörðum til að áætla minjafjölda í landinu öllu? Hvernig er hægt að yfirfæra fjölda minja á 10 hundraða jörð í Fjörðum á jarðir sem voru landmeiri og herra metnar? Einhver gæti t.d. velt því fyrir sér hvort hægt væri að gera ráð fyrir því að ef 70 minjar eru á 10 hundraða jörð í Fjörðum að þá sé hægt að eiga von á 140 fornleifum á jörð sem er 20 hundruð að dýrleika? Því miður er dæmið ekki svo einfalt enda margar breytur sem þarf að taka með í reikninginn. Auk dýrleika jarðar skiptir stærð þeirra máli, sem og landgæði, staðsetning, lengd búsetu, samfélagslegt vægi og þannig mætti áfram telja. En þrátt fyrir þetta má vissulega nota niðurstöður skráningarinnar í Fjörðum til að gefa okkur einhverja hugmynd um líklegan lágmarksfjöldu minja á bújörðum. Ólíklegt má t.d. telja að á bújörð sem hefur verið í byggð um aldir séu færri en á milli 60 og 80 fornleifar. Það ræðst svo af stærð jarðarinnar, gæðum landsins og öðrum aðstæðum hvort líklegt sé að fjöldi minja sé meiri.

Í Jarðatali Johnsens frá 1847 er 5621 lögbýli. Ef við gerum ráð fyrir 60 fornleifum að jafnaði á hverju þeirra verður útkoman 337.000 fornleifar í landinu en sé gert ráð fyrir 80 fornleifum á hverju lögbýli að jafnaði verður fjöldinn 450.000 fornleifar. Þá er bara verið að



telja þær fornleifar sem hefð hefur skapast um að skrá sem hluta af aðalskráningu og eru til dæmis minningamörk þar undanskilin. Eru þessar tölur talsvert langt frá eldri áætlunum um minjafjölda í landinu þar sem miðað er við 250.000 minjar í landinu öllu.<sup>37</sup>

Fornleifastofnun vann nýlega fornleifaskráningu í Staðarhólsdal í Dölum þar sem sambærileg skráningaraðferð var notuð og í Fjörðum.<sup>38</sup> Byggðin þar er auðvitað talsvert frábrugðin því sem var í Fjörðum. Í þeirri sveit hefur verið blómlegt landbúnaðarsvæði í gengum tíðina og hún lá vel við samgöngum. Í Staðarhólsdal voru skráðar 44 fornleifar að jafnaði á hverju lögbýli sem voru 11 talsins. Af þeim voru fjórar hjáleigur sem fengu stöðu lögbýlis á seinni öldum. Séu þær ekki taldar með í þessu reikningsdæmi er meðalfjöldi minja á jörð um 70 talsins. Í Staðarhólsdal er mikið af minjum sem ekki sjást lengur eða eru horfnar vegna jarðræktar og annars rasks sem fylgir nútíma landbúnaði. Þar hafa því verið miklu fleiri minjar fyrir miðja 20. öld. Meðaldýrleiki jarða í Staðarhólsdal er 30 hundruð, þar eru því að meðaltali ríflega 2 fornleifar á hvert jarðarhundrað en í Fjörðum eru að meðaltali 8,5 fornleifar á hvert jarðarhundrað.

Vissulega þyrfti að taka mið af fleiri svæðum til samanburðar en það er líklega óhætt að halda því fram að á landsvísu megi gera ráð fyrir að lágmarki 60-80 fornleifum að jafnaði innan hvers lögbýlis. Er það líklega varlega áætlað. Utan eyðibygðna, þar sem byggð hefur haldist fram á þennan dag og stór hluti minja er horfinn, mætti svo til bráðabirgða miða við að innan lögbýla sem eru 20 hundruð að dýrleika gætum við átt von á að skrá í kringum 40-50 fornleifar að meðaltali út frá upplýsingum sem fengust úr skráningu í Staðarhólsdal. Það væru þá staðir sem heimildir eru um og/eða sjást enn á yfirborði. Eitt er því er áætlaður fjöldi minja í landinu og hitt er áætlaður fjöldi skráðra minja í landinu út frá því sem heimildir geta um og enn sést til.

## XI. Samantekt og lokaorð

Í eyðibygðinni í Fjörðum voru skráðar 883 fornminjar sumurin 2018-2019 og er ástand minjanna einstaklega gott þó að landbrot við ár og sjávarströnd ógni minjum sumsstaðar. Þar sem minjar eru í hættu vegna landbrots var roflínan mæld upp þannig að hægt sé að fylgjast með þróun rofsins og áhrifa á minjarnar. Af þeim minjum sem þekktar eru í Fjörðum sáust leifar af 93% þeirra og eru það fádæma góðar heimtur. Hlutfallslega eru fáar minjar í hættu eða 14% og af þeim eru 8% í stórhættu vegna landbrots.

Í Fjörðum eru mjög fjölbreyttar fornleifar og þar hafa varðveist minjar sem ekki sjást í svo miklum mæli víða annarsstaðar, ummerki um vatnsveitu að bæjum, brunnhús, kvíatóftir, öskuhaugar og óröskuð tún. Varðveisla bæjarhóla og bæjartófta var að sama skapi mjög góð og fékkst gott yfirlit um stærð íveruhúsa á síðasta búsetuskeiði í Fjörðum. Þar sjást hins vegar fáar

<sup>37</sup> Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur um skráningu og vernd menningarminja á ströndum landsins: <https://www.althingi.is/altext/146/s/0879.html>

<sup>38</sup> Skráningin er hluti af verkefninu *Staðarhóll í Dölum: Höfuðból í minjum, sögu og sagnaritun* sem styrkt er af sjóðnum *Ritmenning íslenskra miðalda* (RÍM) og er skýrsla (FS861-20173) væntanleg árið 2022.

minjar um sjósókn og endurspeglast því mikilvægi fiskveiða ekki í minjunum. Seljabúskapur var útbreiddur í Fjörðum og fundust minjar um sel á flestum jörðum, jafnvel á Gili og Jórunnarstöðum sem eru innstu bæir í Hvalvatnsfirði. Fjörðurnar byggjast að líkindum snemma en þar var harðbýlt og lítið um hjáleigubýggð.

Niðurstöður fornleifaskráningarinnar í Fjörðum er hægt að nota til að áætla fjölda fornleifa í landinu og kortleggja dreifingu minja innan hvernar bújarðar. Í Fjörðum er að meðaltali um 60% allra minja í heimatúnum og heimahögum sem skilgreindir eru sem 250 m breitt svæði umhverfis túnið. Langflestar minjar er því að finna á hlutfallslega litlu landsvæði innan hvernar jarðar.

Ljóst er að í Fjörðum er að finna stórfenglegt og samfelld menningarlandslag sem mikilvægt er að varðveita og miðla þekkingu um. Fjörður er hins vegar ekki eina heillega eyðibýggðin á Íslandi. Við eigum enn nokkur þannig svæði en það þarf að gera gangskör í því að vinna sambærilega skráningu þar líkt og gert hefur verið í Fjörðum. Þannig öflum við þekkingar á sögu og minjum og stuðlum að verndun, varðveislu og rannsóknum á menningararfinum. Eins og sýnt hefur verið fram á í skýrslunni geta þau gögn sem safnað er við skráningu sem þessa einnig verið nýtt til að öðlast betri skilning á umfangi og eðli þeirra mannvirkja sem hafa verið í sveitum landsins fyrr á tímum en eru horfin og til gera betri áætlanir um fjölda og eðli minja í landinu. Eftir því sem lengri tími líður frá því að byggðir fara í eyði og fornleifaskráning er unnin verður erfiðara að finna fólk sem þekkir til á svæðinu, örnefni týnast niður og ekki verður lengur hægt að fá ítarupplýsingar um fjölmargt sem hvergi er til í rituðum heimildum. Það má segja að nú séu síðustu forvöð að bjarga upplýsingum um fornleifar og horfna búskaparhætti sem varðveist hafa í munnlegri geymd frá öndverðri 20. öld. Fornleifaskráning í eyðibýggðum eins og í Fjörðum er enn brýnni en annarsstaðar sökum þess að þar hefur þegar orðið rof í þekkingu milli kynslóða um svæðið. Þar hefur enginn búið í mannsaldur og örnefni svæðanna ekki lengur í daglegri notkun.

Meðal þeirra svæða sem brýnt er að skrá eru eyðibýggðir sitthvoru megin við Fjörður – á Látraströnd til vesturs og á Flateyjardal og í Náttfaravíkum til austurs. Á Austurlandi mætti nefna Víkurnar og Loðmundarfjörð í Múlaþingi og þá eru enn ónefndar eyðibýggðir á friðlýstum svæðum og í þjóðgördum, til dæmis á Hornströndum og Snæfellsnesi. Í rökstuðningi fyrir friðlýsingu og stofnun þjóðgarða er oftast en ekki meðal annars vísað til merkilegra sögulegra minja á svæðunum og verndun þeirra.<sup>39</sup> Á mörgum friðlýstum svæðum á hins vegar eftir að vinna fornleifaskráningu og það er auðvitað mjög bagalegt að ekki séu fyrir hendi grunnrannsóknir á menningarminjum þar sem þær eru taldar ein af forsendum friðlýsingar og eru víða í mjög mikilli hættu, einkum vegna sjávarrofs. Er það ósk höfunda að skráningin í Fjörðum verði hvatning fyrir frekari fornleifaskráningu í eyðibýggðum Íslands.

---

39 Upplýsingar um friðlýst svæði eru á vef Umhverfisstofnunar [www.ust.is](http://www.ust.is). Sem dæmi um friðlýst svæði þar sem menningarminja er sérstaklega getið má nefna Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og Breiðafjörð.

## XII. Heimildaskrá

- ÁFÍ 1992:** *Norðan byggða milli Eyjafjarðar og Skjálfanda: Árbók Ferðafélags Íslands.* Björn Hróarsson. Reykjavík: Ferðafélag Íslands, 1992.
- ÁFÍ 2000:** *Í Strandbyggðum norðan lands og vestan: Árbók Ferðafélags Íslands.* Bjarni Guðmundsson, Haukur Jóhannesson og Valgarður Egilsson. Reykjavík: Ferðafélag Íslands, 2000.
- Ágúst Sigurðsson. *Forn frægðarsetur – í ljósi liðinnar sögu IV.* Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur, 1982.
- Árbók Þingeyinga 1984:** Jóhann Ögmundsson. ‘Tyllt sér á tóftarbrot.’ *Árbók Þingeyinga 1984:* 31–44.
- Árni Einarsson. *Tíminn sefur. Fornaldargarðarnir miklu á Íslandi.* Reykjavík: Forlagið, 2019.
- BG: Jón Þorkelsson og Páll Eggert Ólason.** *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar.* Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1919–1942.
- Björn Ingólfsson. *Bein úr sjó. Um fisk og fólk í Grytubakkahreppi.* Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2002.
- BL:** Björn Lárusson. *The Old Icelandic Land Registers.* W.F. Salisbury þýddi. Lundur: Lund University, 1967.
- BT:** Björn Teitsson. *Eignarhald og ábúð á jörðum í Suður-Þingeyjarsýslum. Studia Historica.* 2. bindi. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1973.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn.* I–XV. bindi. Kaupmannahöfn/ Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1857–1972.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. ‘Svipmynd af menningarlandslagi. Íslensk túnakort frá fyrri hluta 20. aldar.’ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2016:* 95–152.
- Fagurt er í Fjörðum:** Jóhannes Bjarnason. *Fagurt er í Fjörðum: Þættir Flateyinga og Fjörðunga.* Akureyri: Skjaldborg, 1982.
- Gríma III:** *Gríma hin nýja: Safn þjóðlegra fræða íslenskra.* III. bindi. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga, 1979.
- Göngur og réttir IV:** *Göngur og réttir IV.* Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. 2. prentun. Akureyri: Bókaútgáfan Skjaldborg, 1986.
- Hjörleifur Stefánsson. *Af jörðu. Íslensk torfhús.* Reykjavík: Crymogeia, 2013.
- Hlutavelta tímans. Menningararfur á Þjóðminjasafni.* Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstjórar). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2004.
- ÍF:** *Íslensk fornrit.* I–XVII. bindi. Reykjavík, Hið íslenska fornritafélag 1935–2002.

**ÍP:** Jónas Jónasson. *Íslenskir Þjóðhættir*. Einar Ól. Sveinsson bjó til prentunar. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1961.

*Jarðabréf frá 16. og 17. öld: Útdrættir*. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1993.

**JÁM XI:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns: Þingeyjarsýsla*. XI bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1943.

**JJ:** Johnsen, J. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn: [Án útgefanda], 1847.

Jón Bjarnason. *Hvað segja bændur nú?* Reykjavík: Örn og Örlygur, 1979.

Kristborg Þórsdóttir (ritstjóri). *Aðalskráning fornleifa í Rangárfingi ytra. Áfangaskýrsla IV*. FS634-06194. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2020.

**PP III:** Sveinn Níelsson. *Presta tal og prófasta á Íslandi*. III. bindi. 2. útgáfa. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1950.

**SSP:** *Þingeyjarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1844*. Reykjavík: Gott mál, 1994.

Sigurður Bergsteinsson. *Keflavík í Fjörðum: Greinargerð um fund hvalbeina og mannvistarleifa í Keflavík í Fjörðum*. Akureyri: Fornleifavernd ríkisins, 2002.

Theódór Friðriksson. *Í verum: Saga Theódórs Friðrikssonar*. I. bindi. [Útgáfustað vantar]: Helgafell, 1977.

**ÞT 2019:** Þórður Tómasson. *Auðhumla. Um kýr og nautahald fyrr alda*. Selfossi: Sæmundur, 2019.

## Óútgefnar heimildir

Atli Viðarsson. „Gaman að alast upp í Fjörðum.“ Morgunblaðið, 5. janúar 2017. Sótt á vef mbl.is: <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1624319/>

*Fasteignamat Suður-Þingeyjarsýslu 1916-1918 - undirmat I*. Reykjavík: Þjóðskjalasafn.

**Landamerkjabréf:** *Þingeyjarsýsla: Landamerkjabók B, 1888–1890*. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Ljósmynd af bræðrum á Botni við smíðar í eigu Ragnhildar Tómasdóttur.

Ljósmynd af bænum á Botni í eigu Sigríðar Axelsdóttur.

Ljósmynd af bænum á Tindriðastöðum sem var í eigu Björgvins Sigmundssonar.

Ljósmynd af bæ og kirkju á Þönglabakka sem var í eigu Guðlaugs Jóhannessonar.

Loftmyndir Bing sóttar af: <https://www.bing.com/maps/aerial>

Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn. Upplýsingar um jarðfundinn kamb í Keflavík í Fjörðum: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=1865423>

Sarpur – menningarsögulegt gagnasafn. Upplýsingar um patínu úr Þönglabakkakirkju: <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=340268>

Svar mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Lilju Rafneyju Magnúsdóttur um skráningu og vernd menningarminja á ströndum landsins. Sótt 20.12. 2021 af: <https://www.althingi.is/altext/146/s/0879.html>

**Túnakort 1918:** Túnakort Grýtubakkahrepps, 1918. Reykjavík: Þjóðskjalasafn Íslands.

Umhverfisstofnun – upplýsingar um friðlýst svæði. Sótt 15. 12. 2021 af: [www.ust.is](http://www.ust.is)

Unnið með gamla laginu. Sótt 20.03. 2019 af: [https://gardur.is/kg\\_si\\_vefur/bautast6/thonglabakki.html](https://gardur.is/kg_si_vefur/bautast6/thonglabakki.html)

Uppdráttur Íslands 1:100 000. *Kort 61. Sigluffjörður*. Kaupmannahöfn og Reykjavík, Geodætisk Institut, 1933.

**Uppgraftardagbók SB frá Keflavík:** Sigurður Bergsteinsson. Uppgraftardagbók Keflavík í Fjörðum. 16.-20. september 2002.

**Ö-Arnareyri:** Örnefnaskrá Arnareyrar. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.

**Ö-Arnareyri, aths. og viðb a:** Örnefnaskrá Arnareyrar. Athugasemdir og viðbætur. Guðmundur B. Kristmundsson skráði eftir Bjarna M. Stefánssyni. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.

**Ö-Arnareyri, aths. og viðb b:** Örnefnaskrá Arnareyrar. Athugasemdir og viðbætur. Guðmundur B. Kristmundsson skráði eftir Jónatan Stefánssyni. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1975.

**Ö-Botn:** Örnefnaskrá Botns. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.

**Ö-Brekka:** Örnefnaskrá Brekku. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.

**Ö-Gil:** Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.

**Ö-Gil HL:** Örnefnaskrá Gils. Helgi Laxdal. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1938.

**Ö-Hóll:** Örnefnaskrá Hóls með viðbótum. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.

- Ö-Hóll Aths.:** Örnefnaskrá Hóls: Athugasemdir. Aðalheiður Erla Jónsdóttir. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1988.
- Ö-Kaðalstaðir:** Örnefnaskrá Kaðalstaða. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.
- Ö-Kaðalstaðir viðb. og aths.:** Örnefnaskrá Kaðalstaða. Viðbætur og athugasemdir. Helgi Hallgrímsson skráði eftir Stefáni Halldórssyni. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1986.
- Ö-Keflavík AGa:** Örnefnaskrá Keflavíkur. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.
- Ö-Keflavík AGb:** Uppkast - Örnefnaskrá Keflavíkur. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.
- Ö-Keflavík-Fjörður:** Örnefnaskrá fyrir Keflavík og Fjörður. Höskuldur Guðlaugsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1982.
- Ö-Kussungsstaðir:** Örnefnaskrá Kussungsstaða. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.
- Ö-Tindriðastaðir:** Örnefnaskrá Tindriðastaða. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.
- Ö-Úr Fjörðum:** Örnefnaskrá og fróðleikur um Fjörður. Jónatan Stefánsson. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1975.
- Ö-Þönglabakki AG:** Örnefnaskrá Þönglabakka. Ari Gíslason skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, á.á.
- Ö-Þönglabakki HL:** Örnefnaskrá Þönglabakka. Helgi Laxdal skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1938.
- Ö-Þönglabakki Aths. og viðb.:** Örnefnaskrá Þönglabakka: Athugasemdir og viðbætur. Guðmundir B. Kristmundsson skráði. Reykjavík: Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 1975.

## Viðauki I: Tegund og hlutverk allra minja í Fjörðum

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-037:001_1	Gil	bæjarhóll	bústaður
SP-037:001_2		tóft	bústaður
SP-037:001_3		öskuhaugur	
SP-037:002	Sauðabæli	heimild	vað
SP-037:003	Fossvað	heimild	vað
SP-037:004	Skeiðarvað	heimild	vað
SP-037:005	Dysjar	örnefni	legstaður
SP-037:006	Gilsvað	heimild	vað
SP-037:007		renna	
SP-037:008		heimild	brú
SP-037:009		náma	mógrafir
SP-037:010		renna	vatnsból
SP-037:011_1		tóft	sel
SP-037:011_2		tóft	sel
SP-037:012		heimild	rista
SP-037:013		heimild	kolagröf
SP-037:014		tóft	heystæði
SP-037:015		tóft	óþekkt
SP-037:016		tóft	heystæði
SP-037:017		tóft	fjánhús
SP-037:018		tóft	útihús
SP-037:019		tóft	fjánhús
SP-037:020		tóft	útihús
SP-037:021		tóft	útihús
SP-037:022		tóft	kvíar
SP-037:023		tóft	útihús
SP-037:024		tóft	heystæði
SP-037:025		tóft	óþekkt
SP-037:026		tóft	útihús
SP-037:027_1		náma	mógrafir
SP-037:027_2		náma	mógrafir
SP-037:028		sáðslétta	tún
SP-038:001_1	Kussungs- staðir	bæjarhóll	bústaður
SP-038:001_2		tóft	bústaður
SP-038:001_3		gerði	kálgarður
SP-038:001_4		öskuhaugur	
SP-038:002		garðlag	óþekkt
SP-038:003_1		garðlag	túngarður
SP-038:003_2		garðlag	túngarður
SP-038:003_3	Kvíar	tóft	kvíar
SP-038:003_4	Kvíar	tóft	kvíar
SP-038:003_5		tóft	óþekkt
SP-038:003_6		tóft	útihús
SP-038:003_7		þúst	óþekkt
SP-038:003_8		gerði	rétt
SP-038:004_1		tóft	rétt

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-038:004_2		tóft	stekkur
SP-038:005		hleðsla	óþekkt
SP-038:006	Stekkjarnes	tóft	stekkur
SP-038:007	Nautavað	örnefni	vað
SP-038:008		heimild	rista
SP-038:009		náma	mógrafir
SP-038:010		tóft	útihús
SP-038:011_1		tóft	útihús
SP-038:011_2		tóft	fjánhús
SP-038:012		tóft	óþekkt
SP-038:013		tóft	heystæði
SP-038:014		tóft	útihús
SP-038:015		renna	vatnsból
SP-038:016		tóft	útihús
SP-038:017		tóft	útihús
SP-038:018		tóft	fjánhús
SP-038:019		heimild	landamerki
SP-038:020		heimild	landamerki
SP-038:021_1		tóft	óþekkt
SP-038:021_2		garðlag	óþekkt
SP-038:022		tóft	rétt
SP-038:023		náma	mógrafir
SP-038:024_1		náma	mógrafir
SP-038:024_2		tóft	skemma
SP-038:025_1		náma	mógrafir
SP-038:025_2		tóft	skemma
SP-038:025_3		þúst	skemma
SP-038:026_1		náma	mógrafir
SP-038:026_2		tóft	skemma
SP-038:026_3		tóft	skemma
SP-038:027		tóft	fjánhús
SP-038:028		tóft	heystæði
SP-038:029		tóft	rétt
SP-038:030_1		garðlag	vörslu- garður
SP-038:030_2		þúst	óþekkt
SP-038:031_1		garðlag	vörslu- garður
SP-038:031_2		tóft	óþekkt
SP-038:031_3		tóft	óþekkt
SP-038:032		tóft	óþekkt
SP-038:033		tóft	heystæði
SP-038:034		tóft	útihús
SP-038:035		tóft	útihús
SP-038:036		garðlag	traðir
SP-038:037		renna	óþekkt
SP-038:038		gata	leið

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-038:039		tóft	óþekkt
SP-038:040		náma	mógrafir
SP-038:041		garðlag	áveita
SP-038:042		tóft	rétt
SP-038:043		tóft	fjánhús
SP-038:044		tóft	óþekkt
SP-038:045		náma	mógrafir
SP-038:046		tóft	heystæði
SP-038:047		tóft	heystæði
SP-038:048		tóft	beitarhús
SP-038:049		tóft	beitarhús
SP-038:050		varða	óþekkt
SP-038:051		tóft	útihús
SP-038:052_1		tóft	útihús
SP-038:052_2		tóft	útihús
SP-038:053_1	Selmýrar	örnefni	sel
SP-038:053_2	Selmýrar	náma	mógrafir
SP-038:054	Nausta-hvammur	örnefni	naust
SP-038:055		sáðslétta	tún
SP-039:001_1	Þverá	bæjarhóll	bústaður
SP-039:001_2		tóft	bústaður
SP-039:001_3		öskuhaugur	
SP-039:001_4		öskuhaugur	
SP-039:002		heimild	landamerki
SP-039:003		náma	mógrafir
SP-039:004_1		garðlag	túngarður
SP-039:004_2		tóft	rétt
SP-039:005		heimild	rista
SP-039:006		tóft	útihús
SP-039:007_1		náma	mógrafir
SP-039:007_2		tóft	skemma
SP-039:008		tóft	fjánhús
SP-039:009		tóft	útihús
SP-039:010		tóft	fjánhús
SP-039:011		tóft	útihús
SP-039:012		tóft	útihús
SP-039:013		tóft	óþekkt
SP-039:014		tóft	skemma
SP-039:015		náma	mógrafir
SP-039:016		tóft	óþekkt
SP-039:017_1		renna	vatnsból
SP-039:017_2		tóft	brunnur
SP-039:018		náma	mógrafir
SP-039:019		tóft	beitarhús
SP-039:020_1	Siggugerði	tóft	óþekkt
SP-039:020_2		tóft	heystæði
SP-039:020_3		tóft	óþekkt

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-039:020_4		tóft	heystæði
SP-039:021		frásögn	vað
SP-039:022		tóft	útihús
SP-039:023		tóft	útihús
SP-039:024		tóft	fjánhús
SP-039:025		tóft	útihús
SP-039:026		tóft	kvíar
SP-039:027_1		tóft	heystæði
SP-039:027_2		tóft	heystæði
SP-039:028		tóft	heystæði
SP-039:029		tóft	heystæði
SP-039:030		varða	óþekkt
SP-039:031_1		tóft	beitarhús
SP-039:031_2		tóft	heystæði
SP-039:032		tóft	heystæði
SP-039:033		þúst	heystæði
SP-039:034		tóft	rétt
SP-039:035		garðlag	áveita
SP-039:036		náma	mógrafir
SP-039:037_1		tóft	rétt
SP-039:037_2		tóft	rétt
SP-039:037_3		tóft	heystæði
SP-039:038		heimild	óþekkt
SP-039:039		sáðslétta	tún
SP-040:001_1	Kaðalstaðir	bæjarhóll	bústaður
SP-040:001_2		tóft	bústaður
SP-040:001_3		tóft	útihús
SP-040:001_4		tóft	hlaða
SP-040:001_5		gerði	kálgarður
SP-040:001_6		tóft	bústaður
SP-040:002		tóft	fjánhús
SP-040:003		tóft	útihús
SP-040:004		tóft	útihús
SP-040:005_1		heimild	traðir
SP-040:005_2		gata	leið
SP-040:006	Búðatorfa	heimild	verbúð
SP-040:007		heimild	herslu-garður
SP-040:008_1	Arnórsstaðir/ Kvíar	þúst	óþekkt
SP-040:008_2		tóft	fjánhús
SP-040:008_3		tóft	bústaður
SP-040:008_4		tóft	kvíar
SP-040:008_5		tóft	útihús
SP-040:008_6		þúst	óþekkt
SP-040:008_7		sáðslétta	tún
SP-040:009	Kaðalsstaða-sel	heimild	sel
SP-040:010		þúst	beitarhús



Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-040:011		tóft	beitarhús
SP-040:012		tóft	rétt
SP-040:013		heimild	lending
SP-040:014	Söðull	þjóðsaga	tröl- labústaður
SP-040:015	Klif	heimild	leið
SP-040:016		heimild	rista
SP-040:017		þúst	óþekkt
SP-040:018_1		garðlag	túngarður
SP-040:018_2		tóft	útihús
SP-040:018_3		tóft	rétt
SP-040:018_4		tóft	útihús
SP-040:018_5		garðlag	túngarður
SP-040:018_6		tóft	útihús
SP-040:019		tóft	óþekkt
SP-040:020		garðlag	áveita
SP-040:021		þúst	óþekkt
SP-040:022_1		tóft	heystæði
SP-040:022_2		tóft	heystæði
SP-040:022_3		tóft	heystæði
SP-040:023		tóft	fjánhús
SP-040:024		náma	mógrafir
SP-040:025		tóft	stekkur
SP-040:026_1		þúst	óþekkt
SP-040:026_2		þúst	óþekkt
SP-040:026_3		þúst	óþekkt
SP-040:027		tóft	útihús
SP-040:028		tóft	útihús
SP-040:029		tóft	kvíar
SP-040:030		tóft	útihús
SP-040:031		hleðsla	óþekkt
SP-040:032		tóft	útihús
SP-040:033		tóft	útihús
SP-040:034		tóft	útihús
SP-040:035		gata	leið
SP-040:036		tóft	útihús
SP-040:037		gerði	kálgarður
SP-040:038		tóft	heystæði
SP-040:039		tóft	heystæði
SP-040:040		sáðslétta	tún
SP-040b:001_1	Kúsveins- staðir	bæjarhóll	bústaður
SP-040b:001_2		tóft	bústaður
SP-040b:002		tóft	útihús
SP-040b:003		tóft	útihús
SP-040b:004		tóft	útihús
SP-040b:005		tóft	útihús
SP-040b:006		tóft	útihús

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-040b:007		tóft	heystæði
SP-040b:008		tóft	útihús
SP-040b:009		tóft	heystæði
SP-040b:010		tóft	stekkur
SP-040b:011		tóft	stekkur
SP-040b:012		sáðslétta	tún
SP-041:001_1	Tin- driðastaðir	bæjarhóll	bústaður
SP-041:001_2		tóft	bústaður
SP-041:001_3		öskuhaugur	
SP-041:002		tóft	útihús
SP-041:003		tóft	útihús
SP-041:004	Tindavað	heimild	vað
SP-041:005	Torfhólar/ Torfdalur	örnefni	rista
SP-041:006_1	Grænur	náma	mógrafir
SP-041:006_2		tóft	skemma
SP-041:006_3		tóft	skemma
SP-041:006_4		tóft	skemma
SP-041:006_5		tóft	skemma
SP-041:006_6		þúst	óþekkt
SP-041:007		heimild	leið
SP-041:008		tóft	óþekkt
SP-041:009		tóft	rétt
SP-041:010		renna	vatsnból
SP-041:011		tóft	útihús
SP-041:012		garðlag	túngarður
SP-041:013		tóft	útihús
SP-041:014	Kvíaból	tóft	kvíar
SP-041:015		tóft	fjánhús
SP-041:016		tóft	óþekkt
SP-041:017		garðlag	óþekkt
SP-041:018		tóft	heystæði
SP-041:019		tóft	óþekkt
SP-041:020		tóft	heystæði
SP-041:021		garðlag	vörslu- garður
SP-041:022		tóft	útihús
SP-041:023		tóft	heystæði
SP-041:024		náma	mógrafir
SP-041:025_1		náma	mógrafir
SP-041:025_2		náma	mógrafir
SP-041:026_1		tóft	skemma
SP-041:026_2		tóft	skemma
SP-041:026_3		náma	mógrafir
SP-041:027		náma	mógrafir
SP-041:028_1		náma	mógrafir
SP-041:028_2		tóft	skemma
SP-041:029		tóft	óþekkt

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-041:030	Stekkjjar-lækur	tóft	stekkur
SP-041:031_1		þúst	útihús
SP-041:031_2		tóft	fjánhús
SP-041:032		varða	landamerki
SP-041:033		gerði	kálgarður
SP-041:034		tóft	heystæði
SP-041:035		tóft	heystæði
SP-041:036		tóft	heystæði
SP-041:037		garðlag	óþekkt
SP-041:038		tóft	heystæði
SP-041:039		tóft	heystæði
SP-041:040		tóft	heystæði
SP-041:041_1		tóft	heystæði
SP-041:041_2		tóft	heystæði
SP-041:041_3		tóft	heystæði
SP-041:041_4		tóft	heystæði
SP-041:041_5		tóft	heystæði
SP-041:041_6		tóft	heystæði
SP-041:041_7		tóft	heystæði
SP-041:042_1		tóft	óþekkt
SP-041:042_2		tóft	óþekkt
SP-041:043_1		tóft	heystæði
SP-041:043_2		tóft	heystæði
SP-041:044_1		garðlag	vörslu-garður
SP-041:044_2		tóft	heystæði
SP-041:045_1		tóft	heystæði
SP-041:045_2		tóft	heystæði
SP-041:046		garðlag	vörslu-garður
SP-041:047		sáðslétta	tún
SP-042:001_1	Arnareyri/Eyri	bæjarhóll	bústaður
SP-042:001_2		tóft	bústaður
SP-042:002		tóft	útihús
SP-042:003_1		þúst	útihús
SP-042:003_2		hleðsla	útihús
SP-042:003_3		tóft	útihús
SP-042:004_1	Soffiukofi	þúst	
SP-042:004_2		tóft	bústaður
SP-042:004_3		tóft	útihús
SP-042:005_1		tóft	fjánhús
SP-042:005_2		þúst	óþekkt
SP-042:006	Lambhúshóll	tóft	lambhús
SP-042:007_1		garðlag	túngarður
SP-042:007_2		tóft	útihús
SP-042:007_3		tóft	útihús
SP-042:007_4		tóft	heystæði

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-042:007_5		tóft	útihús
SP-042:007_6		garðlag	túngarður
SP-042:007_7		gerði	óþekkt
SP-042:007_8		garðlag	túngarður
SP-042:007_9		tóft	útihús
SP-042:008		hleðsla	brú
SP-042:009	Kvíar	örnefni	kvíar
SP-042:010		gryfja	óþekkt
SP-042:011		heimild	heystæði
SP-042:012		heimild	landamerki
SP-042:013		heimild	mylla
SP-042:014	Uppspretta	lind	vatnsból
SP-042:015	Ytra-Dys	þjóðsaga	legstaður
SP-042:016_1	Innra-Dys	þjóðsaga	legstaður
SP-042:016_2		hleðsla	óþekkt
SP-042:017		náma	mógrafir
SP-042:018	Sáðgarður	garðlag	kálgarður
SP-042:019	Heystöður	heimild	heystæði
SP-042:020	Brunnhús	brunnur	brunnur
SP-042:021		þúst	óþekkt
SP-042:022		þúst	óþekkt
SP-042:023		garðlag	túngarður
SP-042:024		garðlag	túngarður
SP-042:025		þúst	óþekkt
SP-042:026	Hvolf	heimild	naust
SP-042:027	Grinda-hjallur	heimild	hjallur
SP-042:028	Eyrlending/Vör	heimild	lending
SP-042:029		þjóðsaga	
SP-042:030	Kaðalstaða-búð	heimild	sjóbúð
SP-042:031	Láhóll	heimild	huldufólks-bústaður
SP-042:032		varða	óþekkt
SP-042:033		heimild	lögn
SP-042:034		tóft	fjánhús
SP-042:035		tóft	fjánhús
SP-042:036		þúst	óþekkt
SP-042:037		gerði	kálgarður
SP-042:038		gata	leið
SP-042:039		tóft	kvíar
SP-042:040		tóft	útihús
SP-042:041	Stekkjjar-grund	tóft	stekkur
SP-042:042		náma	mógrafir
SP-042:043		náma	mógrafir
SP-042:044		tóft	útihús
SP-042:045		tóft	útihús
SP-042:046		tóft	útihús

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-042:047_1	Bæjarlækur	renna	vatnsból
SP-042:047_2		þúst	óþekkt
SP-042:048		þúst	brunnur
SP-042:049		garðlag	kálgarður
SP-042:050		tóft	útihús
SP-042:051		þúst	óþekkt
SP-042:052		tóft	útihús
SP-042:053	Klif	gata	leið
SP-042:054		garðlag	landamerki
SP-042:055		tóft	stekkur
SP-042:056		garðlag	vörslu- garður
SP-042:057		heimild	útihús
SP-042:058		heimild	útihús
SP-042:059		tóft	heystæði
SP-042:060		heimild	ferja
SP-042:061		sáðslétta	tún
SP-043:001_1	Brekka	bæjarhóll	bústaður
SP-043:001_2		tóft	bústaður
SP-043:001_3		gerði	kálgarður
SP-043:001_4		tóft	útihús
SP-043:002		tóft	útihús
SP-043:003	Hólmavað	heimild	vað
SP-043:004	Snorragerði	tóft	býli
SP-043:005_1	Seltungur	tóft	sel
SP-043:005_2		tóft	kvíar
SP-043:005_3		gerði	kálgarður
SP-043:005_4		garðlag	vörslu- garður
SP-043:005_5		tóft	óþekkt
SP-043:005_6		náma	mógrafir
SP-043:005_7		tóft	óþekkt
SP-043:005_8		tóft	óþekkt
SP-043:006	Torfdalur	náma	rista
SP-043:007	Heystöðu- klettur	örnefni	heystæði
SP-043:008_1		náma	mógrafir
SP-043:008_2		tóft	skemma
SP-043:008_3		tóft	skemma
SP-043:008_4		tóft	skemma
SP-043:008_5		tóft	heystæði
SP-043:008_6		tóft	heystæði
SP-043:008_7		tóft	heystæði
SP-043:008_8		tóft	skemma
SP-043:008_9		tóft	skemma
SP-043:008_10		tóft	skemma
SP-043:008_11		tóft	skemma
SP-043:008_12		náma	mógrafir
SP-043:008_13		tóft	skemma

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-043:008_14		hleðsla	skemma
SP-043:008_15		tóft	skemma
SP-043:008_16		tóft	skemma
SP-043:016		tóft	heystæði
SP-043:017		tóft	útihús
SP-043:018		tóft	útihús
SP-043:019		tóft	útihús
SP-043:020_1		garðlag	túngarður
SP-043:020_2	Kvíahóll	tóft	kvíar
SP-043:020_3		gerði	rétt
SP-043:020_4		tóft	útihús
SP-043:021_1		tóft	beitarhús
SP-043:021_2		tóft	óþekkt
SP-043:021_3		þúst	óþekkt
SP-043:022		náma	mógrafir
SP-043:023_1		náma	mógrafir
SP-043:023_2		tóft	skemma
SP-043:024		tóft	heystæði
SP-043:025_1		tóft	heystæði
SP-043:025_2		tóft	heystæði
SP-043:026		varða	óþekkt
SP-043:027		hleðsla	brunnur
SP-043:028	Stekkj- klöpp	tóft	stekkur
SP-043:029	Arnarhóll	heimild	huldufólks- bústaður
SP-043:030_1		tóft	beitarhús
SP-043:030_2		tóft	heystæði
SP-043:031_1		náma	mógrafir
SP-043:031_2		náma	mógrafir
SP-043:032		náma	mógrafir
SP-043:033_1		tóft	heystæði
SP-043:033_2		tóft	heystæði
SP-043:034	Grafasund	náma	mógrafir
SP-043:035		renna	áveita
SP-043:036		hleðsla	brú
SP-043:037		tóft	útihús
SP-043:038		náma	mógrafir
SP-043:039		tóft	brunnur
SP-043:040		tóft	fjánhús
SP-043:041		náma	mógrafir
SP-043:042		tóft	útihús
SP-043:043		gata	leið
SP-043:044		renna	
SP-043:045		sáðslétta	tún
SP-044:001_1	Þönglabakki	bæjarhóll	bústaður
SP-044:001_2		tóft	bústaður
SP-044:001_3		þúst	óþekkt

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-044:001_4		þúst	óþekkt
SP-044:001_5		öskuhaugur	
SP-044:002_1		hleðsla	kirkja
SP-044:002_2		gerði	legstaður
SP-044:002_3		gerði	legstaður
SP-044:003		tóft	útihús
SP-044:004		tóft	fjánhús
SP-044:005		tóft	fjánhús
SP-044:006		gata	leið
SP-044:007_1		vegur	leið
SP-044:007_2		þúst	óþekkt
SP-044:008_1	Brimnes	bæjarhóll	býli
SP-044:008_10		þúst	óþekkt
SP-044:008_11		sáðslétta	tún
SP-044:008_2		mannvirki	óþekkt
SP-044:008_3		tóft	heystæði
SP-044:008_4		tóft	bústaður
SP-044:008_5		hleðsla	óþekkt
SP-044:008_6		mannvirki	óþekkt
SP-044:008_7		tóft	útihús
SP-044:008_8		tóft	stekkur
SP-044:008_9		tóft	útihús
SP-044:009		tóft	rétt
SP-044:010		tóft	óþekkt
SP-044:011_1	Káragerði	bæjarhóll	býli
SP-044:011_2		tóft	beitarhús
SP-044:011_3		tóft	óþekkt
SP-044:011_4		tóft	óþekkt
SP-044:011_5		tóft	beitarhús
SP-044:011_6		gerði	kálgarður
SP-044:011_7		þúst	óþekkt
SP-044:011_8		tóft	óþekkt
SP-044:011_9		tóft	óþekkt
SP-044:012		tóft	heystæði
SP-044:013_1	Bújarðir	tóft	óþekkt
SP-044:013_2		tóft	óþekkt
SP-044:014	Dauðs-mannskofi	heimild	óþekkt
SP-044:015		þúst	útihús
SP-044:016_1	Selhóll/Stek-kjarborg	tóft	sel
SP-044:016_2		tóft	óþekkt
SP-044:016_3		tóft	óþekkt
SP-044:016_4		þúst	óþekkt
SP-044:016_5		þúst	óþekkt
SP-044:017	Skolli	heimild	lending
SP-044:018		renna	vatnsból
SP-044:019_1		garðlag	túngarður

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-044:019_2		tóft	útihús
SP-044:020		tóft	útihús
SP-044:021	Bakkamýri	náma	mógrafir
SP-044:022_1	Útvegshús	tóft	bústaður
SP-044:022_2		heimild	sjóbúð
SP-044:022_3		tóft	óþekkt
SP-044:022_4		þúst	óþekkt
SP-044:023		heimild	uppsátur
SP-044:024_1		tóft	útihús
SP-044:024_2		tóft	útihús
SP-044:025_1	Háagerði/ Háaleiti	bæjarhóll	býli
SP-044:025_2		tóft	bústaður
SP-044:025_3		hleðsla	kálgarður
SP-044:025_4		tóft	útihús
SP-044:025_5		garðlag	túngarður
SP-044:025_6		tóft	útihús
SP-044:025_7		tóft	rétt
SP-044:025_8		garðlag	vörslu-garður
SP-044:025_9		sáðslétta	tún
SP-044:026	Brimneshorn	náma	mógrafir
SP-044:027		náma	mógrafir
SP-044:028_1		tóft	skemma
SP-044:028_2		tóft	skemma
SP-044:028_3		þúst	skemma
SP-044:028_4		tóft	skemma
SP-044:028_5		tóft	skemma
SP-044:028_6		þúst	skemma
SP-044:028_7		þúst	skemma
SP-044:029_1		tóft	óþekkt
SP-044:029_2		renna	
SP-044:030	Selborg	heimild	huldufólks-bústaður
SP-044:031		tóft	kvíar
SP-044:032		tóft	stekkur
SP-044:033		garðlag	túngarður
SP-044:034	Nykurtjörn	þjóðsaga	draugur
SP-044:035		heimild	landamerki
SP-044:036		heimild	landamerki
SP-044:037		heimild	heystæði
SP-044:038		heimild	lambhús
SP-044:039		heimild	rista
SP-044:040_1		tóft	óþekkt
SP-044:040_2		þúst	óþekkt
SP-044:040_3		þúst	óþekkt
SP-044:041		tóft	heystæði
SP-044:042		tóft	heystæði
SP-044:043		gerði	óþekkt

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SB-044:044		þúst	óþekkt
SB-044:045		tóft	útihús
SB-044:046_1		garðlag	vörslu- garður
SB-044:046_2		tóft	óþekkt
SB-044:046_3		tóft	heystæði
SB-044:047		náma	mógrafir
SB-044:048_1		náma	mógrafir
SB-044:048_2		tóft	skemma
SB-044:049		tóft	fjánhús
SB-044:050		tóft	útihús
SB-044:051_1		náma	mógrafir
SB-044:051_2		náma	mógrafir
SB-044:052		tóft	óþekkt
SB-044:053		vegur	samgöngu- bót
SB-044:054		tóft	óþekkt
SB-044:055		hleðsla	óþekkt
SB-044:056		náma	mógrafir
SB-044:057		tóft	skemma
SB-044:058		tóft	beitarhús
SB-044:059		tóft	beitarhús
SB-044:060	Bújarðir	heimild	huldufólks- bústaður
SB-044:061	Dauðs- mannsskáli	heimild	óþekkt
SB-044:062		tóft	heystæði
SB-044:063		tóft	heystæði
SB-044:064		tóft	heystæði
SB-044:065		tóft	óþekkt
SB-044:066		tóft	rétt
SB-044:067		tóft	heystæði
SB-044:068		tóft	fjánhús
SB-044:069		tóft	óþekkt
SB-044:070_1		náma	mógrafir
SB-044:070_2		tóft	skemma
SB-044:071_1		náma	mógrafir
SB-044:071_2		þúst	skemma
SB-044:071_3		þúst	skemma
SB-044:072_1		garðlag	vörslu- garður
SB-044:072_2		tóft	óþekkt
SB-044:073		varða	óþekkt
SB-044:074		varða	óþekkt
SB-044:075_1		tóft	óþekkt
SB-044:075_2		tóft	óþekkt
SB-044:075_3		lind	vatnsból
SB-044:076		tóft	óþekkt
SB-044:077		tóft	óþekkt
SB-044:078		tóft	fjánhús

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SB-044:079_1		tóft	heystæði
SB-044:079_2		tóft	rétt
SB-044:080		náma	mógrafir
SB-044:081		náma	mógrafir
SB-044:082		vegur	samgöngu- bót
SB-044:083		tóft	útihús
SB-044:084		frásögn	hesthús
SB-044:085		frásögn	lending
SB-044:086		frásögn	sjóbúð
SB-044:087		sáðslétta	tún
SB-045:001_1	Botn	bæjarhóll	bústaður
SB-045:001_2		tóft	bústaður
SB-045:001_3		gryfja	óþekkt
SB-045:001_4		tóft	óþekkt
SB-045:001_5		þúst	óþekkt
SB-045:001_6		öskuhaugur	
SB-045:002		tóft	fjánhús
SB-045:003		tóft	útihús
SB-045:004_1		tóft	fjánhús
SB-045:004_2		tóft	útihús
SB-045:004_3		þúst	útihús
SB-045:005		tóft	hesthús
SB-045:006		tóft	beitarhús
SB-045:007		heimild	lending
SB-045:008		heimild	verbúð
SB-045:009		heimild	brú
SB-045:010_1	Syðri-Torf- dalur/Torf- dalur	náma	mógrafir
SB-045:010_2		renna	
SB-045:011	Merkjavarða	heimild	landamerki
SB-045:012	Botnsá/Hólsá	heimild	vatnsból
SB-045:013		hleðsla	samgöngu- bót
SB-045:014		gerði	kálgarður
SB-045:015	Ytri-Torfdal- ur/Torfdalur	náma	mógrafir
SB-045:016		heimild	lögn
SB-045:017		náttúrumin	vatnsból
SB-045:018		heimild	leið
SB-045:019		tóft	útihús
SB-045:020_1	Selvíkur	þúst	sel
SB-045:020_2		tóft	beitarhús
SB-045:020_3		hleðsla	óþekkt
SB-045:020_4		þúst	óþekkt
SB-045:020_5		tóft	heystæði
SB-045:020_6		sáðslétta	tún
SB-045:021		garðlag	túngarður
SB-045:022		tóft	fjánhús

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-045:023		tóft	heystæði
SP-045:024		tóft	fjánhús
SP-045:025		tóft	rétt
SP-045:026		tóft	heystæði
SP-045:027_1		tóft	beitarhús
SP-045:027_2		tóft	óþekkt
SP-045:028		tóft	óþekkt
SP-045:029_1		náma	mógrafir
SP-045:029_2		tóft	skemma
SP-045:030		tóft	beitarhús
SP-045:031		náma	mógrafir
SP-045:032		náma	mógrafir
SP-045:033		gerði	kálgarður
SP-045:034		þúst	óþekkt
SP-045:035		hleðsla	óþekkt
SP-045:036		hleðsla	óþekkt
SP-045:037		kantur	óþekkt
SP-045:038		tóft	óþekkt
SP-045:039		tóft	heystæði
SP-045:040		hleðsla	fiskreitir
SP-045:041		hleðsla	heystæði
SP-045:042		tóft	fjánhús
SP-045:043		hleðsla	kvíar
SP-045:044		vegur	samgöngu- bót
SP-045:045		brunnur	brunnur
SP-045:046		heimild	verbúð
SP-045:047		heimild	lending
SP-045:048		heimild	fjós
SP-045:049		sáðslétta	tún
SP-046:001_1	Hóll	bæjarhóll	bústaður
SP-046:001_2		tóft	bústaður
SP-046:001_3		öskuhaugur	
SP-046:002_1		tóft	fjánhús
SP-046:002_2	Brandsgerði	heimild	býli
SP-046:003		tóft	útihús
SP-046:004		gerði	kálgarður
SP-046:005	Dysjar	örnefni	legstaður
SP-046:006		tóft	óþekkt
SP-046:007		tóft	heystæði
SP-046:008	Hraun	heimild	huldufólks- bústaður
SP-046:009		heimild	rista
SP-046:010_1		náma	mógrafir
SP-046:010_2		þúst	skemma
SP-046:011		tóft	heystæði
SP-046:012_1	Hólslækur/ Stórlækur	renna	vatnsból
SP-046:012_2		tóft	brunnur

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-046:013_1		garðlag	túngarður
SP-046:013_2		tóft	heystæði
SP-046:014_1		tóft	útihús
SP-046:014_2		tóft	útihús
SP-046:015		tóft	fjánhús
SP-046:016		tóft	útihús
SP-046:017		tóft	fjánhús
SP-046:018		tóft	útihús
SP-046:019_1		tóft	fjánhús
SP-046:019_2		gerði	óþekkt
SP-046:019_3		þúst	óþekkt
SP-046:019_4		hleðsla	óþekkt
SP-046:020		tóft	útihús
SP-046:021		tóft	fjánhús
SP-046:022		tóft	kvíar
SP-046:023		tóft	fjánhús
SP-046:024_1		tóft	óþekkt
SP-046:024_2		tóft	óþekkt
SP-046:025	Stekkjargrundir	tóft	stekkur
SP-046:026_1		tóft	skemma
SP-046:026_2		þúst	skemma
SP-046:027_1		bæjarhóll	býli
SP-046:027_2		tóft	bústaður
SP-046:027_3		tóft	útihús
SP-046:027_4		tóft	útihús
SP-046:027_5		tóft	útihús
SP-046:027_6		tóft	útihús
SP-046:028_1		þúst	óþekkt
SP-046:028_2		tóft	heystæði
SP-046:029		tóft	heystæði
SP-046:030_1		þúst	útihús
SP-046:030_2		tóft	heystæði
SP-046:031		tóft	óþekkt
SP-046:032		tóft	óþekkt
SP-046:033_1		náma	mógrafir
SP-046:033_2		tóft	skemma
SP-046:033_3		tóft	skemma
SP-046:033_4		tóft	skemma
SP-046:033_5		tóft	skemma
SP-046:033_6		tóft	skemma
SP-046:034		brunnur	brunnur
SP-046:035		tóft	óþekkt
SP-046:036		tóft	heystæði
SP-046:037		tóft	óþekkt
SP-046:038		tóft	óþekkt
SP-046:039		tóft	óþekkt
SP-046:040_1		tóft	beitarhús

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-046:040_2		tóft	heystæði
SP-046:041		tóft	heystæði
SP-046:042		garðlag	áveita
SP-046:043		tóft	heystæði
SP-046:044		tóft	stekkur
SP-046:045		tóft	heystæði
SP-046:046		gata	leið
SP-046:047		renna	áveita
SP-046:048		náma	mógrafir
SP-046:049		þúst	útihús
SP-046:050		tóft	heystæði
SP-046:051		tóft	heystæði
SP-046:052		tóft	heystæði
SP-046:053		tóft	heystæði
SP-046:054		sáðslétta	tún
SP-047:001_1	Keflavík	bæjarhóll	bústaður
SP-047:001_2		tóft	bústaður
SP-047:001_3		hleðsla	kálgarður
SP-047:001_4		tóft	útihús
SP-047:002		heimild	bænhús
SP-047:003_1		garðlag	túngarður
SP-047:003_2		tóft	kvíar
SP-047:003_3		garðlag	túngarður
SP-047:004		heimild	rétt
SP-047:005_1	Dysjar	mannvirki	óþekkt
SP-047:005_2		hleðsla	óþekkt
SP-047:005_3		náttúrumin	óþekkt
SP-047:006		heimild	lending
SP-047:007		renna	vatnsból
SP-047:008	Þinghóll	örnefni	þingstaður
SP-047:009		varða	samgöngu- bót
SP-047:010		tóft	rétt
SP-047:011_1	Litla-Kefla- vík	bæjarhóll	býli
SP-047:011_2		tóft	beitarhús
SP-047:011_3		garðlag	túngarður
SP-047:011_4		hleðsla	óþekkt
SP-047:011_5		þúst	óþekkt
SP-047:011_6		þúst	óþekkt
SP-047:011_7		þúst	óþekkt
SP-047:011_8		náma	mógrafir
SP-047:011_9		tóft	útihús
SP-047:011_10		tóft	útihús
SP-047:011_11		sáðslétta	tún
SP-047:014		náma	mógrafir
SP-047:015_1		tóft	beitarhús
SP-047:015_2		tóft	beitarhús

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-047:016		heimild	óþekkt
SP-047:017		tóft	útihús
SP-047:018		þúst	útihús
SP-047:019		tóft	útihús
SP-047:020		tóft	rétt
SP-047:021		tóft	kvíar
SP-047:022		tóft	útihús
SP-047:023		tóft	fjánhús
SP-047:024		tóft	útihús
SP-047:025		tóft	útihús
SP-047:026		tóft	fjánhús
SP-047:027		tóft	óþekkt
SP-047:028		náma	mógrafir
SP-047:029		náma	mógrafir
SP-047:030		náma	mógrafir
SP-047:031		tóft	óþekkt
SP-047:032_1		tóft	sel
SP-047:032_2		tóft	óþekkt
SP-047:032_3		gerði	rétt
SP-047:032_4		tóft	óþekkt
SP-047:033_1		tóft	sel
SP-047:033_2		tóft	kvíar
SP-047:034		tóft	heystæði
SP-047:035		tóft	óþekkt
SP-047:036_1		tóft	heystæði
SP-047:036_2		tóft	heystæði
SP-047:036_3		tóft	heystæði
SP-047:036_4		tóft	heystæði
SP-047:036_5		tóft	heystæði
SP-047:036_6		tóft	heystæði
SP-047:037		náma	mógrafir
SP-047:038		tóft	útihús
SP-047:039		tóft	útihús
SP-047:040		tóft	óþekkt
SP-047:041		sáðslétta	tún
SP-621:001		gata	leið
SP-621:002		gata	leið
SP-621:003		gata	leið
SP-621:004	Uxaskarð	gata	leið
SP-621:005		gata	leið
SP-621:006	Reiðholt	gata	leið
SP-621:007_1	Þröskulds- vegur	heimild	leið
SP-621:007_2		varða	samgöngu- bót
SP-621:008	Refsárskarð	heimild	leið
SP-621:009	Einbúaskarð	gata	leið
SP-621:010		gata	leið

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-621:011		gata	leið
SP-621:012	Jórunnar- staðaskarð	heimild	leið
SP-621:013		gata	leið
SP-621:014		heimild	leið
SP-621:015		heimild	leið
SP-621:016		heimild	leið
SP-621:017	Sneiðingur	gata	leið
SP-621:018	Jökulbrekka	heimild	leið
SP-621:019	Sandskarð/ Bjar- narfellsleið	heimild	leið
SP-621:020		heimild	leið
SP-621:021		heimild	leið
SP-621:022	Lambárskarð	heimild	leið
SP-621:023		heimild	leið
SP-623:001_1	Jórunnar- staðir	bæjarhóll	bústaður
SP-623:001_2		tóft	bústaður
SP-623:001_3		tóft	útihús
SP-623:002_1		tóft	rétt
SP-623:002_2		tóft	rétt
SP-623:003_1		náma	mógrafir
SP-623:003_2		tóft	skemma
SP-623:004_1		tóft	sel
SP-623:004_2		tóft	fjárskýli
SP-623:004_3		tóft	heystæði
SP-623:004_4		tóft	heystæði
SP-623:004_5		tóft	heystæði
SP-623:005		tóft	heystæði
SP-623:006		garðlag	óþekkt
SP-623:007		náma	mógrafir
SP-623:008_1		náma	mógrafir
SP-623:008_2		tóft	skemma
SP-623:009	Illagilsvað	heimild	vað
SP-623:010		tóft	útihús
SP-623:011		tóft	útihús
SP-623:012		tóft	útihús
SP-623:013		tóft	óþekkt
SP-623:014		tóft	útihús
SP-623:015		tóft	útihús
SP-623:016		tóft	útihús
SP-623:017_1		garðlag	túngarður
SP-623:017_2		tóft	útihús
SP-623:017_3		gerði	rétt
SP-623:018		hleðsla	óþekkt
SP-623:019		tóft	óþekkt
SP-623:020		tóft	heystæði
SP-623:021		tóft	óþekkt

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk
SP-623:022		tóft	heystæði
SP-623:023		náma	mógrafir
SP-623:024		tóft	heystæði
SP-623:025		náma	mógrafir
SP-623:026		tóft	rétt
SP-623:027		sáðslétta	tún



## Viðauki II: Hnitaskrá ISN93

Samtala	Austur	Norður
SP-037:001_1	541679	620420
SP-037:001_2	541673	620413
SP-037:001_3	541682	620413
SP-037:002	541793	619861
SP-037:003	541720	619356
SP-037:004	540072	617419
SP-037:006	541782	620654
SP-037:007	541703	620429
SP-037:008	541787	619877
SP-037:009	541681	620280
SP-037:010	541643	620445
SP-037:011_1	541488	618821
SP-037:011_2	541475	618825
SP-037:014	541731	620714
SP-037:015	541659	619051
SP-037:016	541732	620723
SP-037:017	541715	620306
SP-037:018	541692	620323
SP-037:019	541761	620464
SP-037:020	541762	620402
SP-037:021	541625	620356
SP-037:022	541578	620372
SP-037:023	541652	620450
SP-037:024	541706	620633
SP-037:025	541711	620802
SP-037:026	541704	620284
SP-037:027_1	541771	619759
SP-037:027_2	541784	619814
SP-037:028	541659	620371
SP-038:001_1	541603	624389
SP-038:001_2	541594	624386
SP-038:001_3	541593	624370
SP-038:001_4	541610	624395
SP-038:002	541628	624265
SP-038:003_1	541666	624299
SP-038:003_2	541610	624291
SP-038:003_3	541576	624296
SP-038:003_4	541548	624292
SP-038:003_5	541538	624293
SP-038:003_6	541540	624297

Samtala	Austur	Norður
SP-038:003_7	541534	624298
SP-038:003_8	541533	624309
SP-038:004_1	541839	623556
SP-038:004_2	541879	623556
SP-038:005	541530	624398
SP-038:006	541969	623907
SP-038:007	541916	623244
SP-038:009	541786	624080
SP-038:010	541553	624367
SP-038:011_1	541460	624357
SP-038:011_2	541458	624375
SP-038:012	541380	624387
SP-038:013	541462	624315
SP-038:014	541533	624382
SP-038:015	541580	624387
SP-038:016	541636	624334
SP-038:017	541606	624377
SP-038:018	541588	624350
SP-038:021_1	541382	624293
SP-038:021_2	541387	624302
SP-038:022	541366	624532
SP-038:023	541438	624579
SP-038:024_1	541745	624171
SP-038:024_2	541743	624149
SP-038:025_1	541436	624216
SP-038:025_2	541420	624232
SP-038:025_3	541426	624235
SP-038:026_1	541501	624193
SP-038:026_2	541480	624192
SP-038:026_3	541480	624199
SP-038:027	541567	624500
SP-038:028	541484	624634
SP-038:029	541499	624409
SP-038:030_1	541478	624236
SP-038:030_2	541574	624249
SP-038:031_1	541487	624282
SP-038:031_2	541475	624283
SP-038:031_3	541228	624450
SP-038:032	541432	624277
SP-038:033	541487	624285

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-038:034	541585	624324
SP-038:035	541555	624344
SP-038:036	541588	624413
SP-038:037	541594	624414
SP-038:038	541619	624294
SP-038:040	541357	624091
SP-038:041	541452	624314
SP-038:042	541340	624519
SP-038:043	541527	624490
SP-038:044	541519	624281
SP-038:045	541526	624227
SP-038:046	541442	624338
SP-038:047	541441	624358
SP-038:048	541493	624235
SP-038:049	541497	624221
SP-038:050	541566	623613
SP-038:051	541557	624266
SP-038:052_1	541542	624407
SP-038:052_2	541531	624404
SP-038:053_1	540975	623062
SP-038:053_2	540978	623225
SP-038:054	541930	623516
SP-038:055	541616	624346
SP-038:0SP-039:	541226	624485
SP-039:001_1	541293	624882
SP-039:001_2	541287	624879
SP-039:001_3	541295	624894
SP-039:001_4	541299	624876
SP-039:003	541148	624879
SP-039:004_1	541287	624715
SP-039:004_1	541253	624751
SP-039:004_1	541238	624823
SP-039:004_1	541243	624721
SP-039:004_2	541250	624750
SP-039:006	541253	624935
SP-039:007_1	541040	625120
SP-039:007_2	541058	625132
SP-039:008	541241	624858
SP-039:009	541303	624864
SP-039:010	541251	624808
SP-039:011	541266	624731
SP-039:012	541250	624717
SP-039:013	541205	624808

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-039:014	541210	624975
SP-039:015	541161	624773
SP-039:016	540995	625307
SP-039:017_1	541249	624835
SP-039:017_2	541292	624865
SP-039:018	540964	625048
SP-039:019	540981	625021
SP-039:020_1	541020	625293
SP-039:020_2	541024	625292
SP-039:020_3	541027	625273
SP-039:020_4	541024	625279
SP-039:021	541311	625429
SP-039:022	541267	624760
SP-039:023	541258	624762
SP-039:024	541249	624737
SP-039:025	541239	624734
SP-039:026	541225	624708
SP-039:027_1	541030	625248
SP-039:027_2	541046	625245
SP-039:028	541246	624845
SP-039:029	541185	624842
SP-039:030	541231	624612
SP-039:031_1	540980	625068
SP-039:031_2	540976	625051
SP-039:032	541193	624828
SP-039:033	541239	624840
SP-039:034	540978	625538
SP-039:035	541241	624937
SP-039:036	541134	625097
SP-039:037_1	540988	625560
SP-039:037_2	540980	625558
SP-039:037_3	540999	625558
SP-039:038	540337	624084
SP-039:039	541261	624890
SP-040:001_1	541838	626155
SP-040:001_2	541853	626159
SP-040:001_3	541864	626164
SP-040:001_4	541837	626162
SP-040:001_5	541850	626142
SP-040:001_6	541843	626161
SP-040:002	541886	626170
SP-040:003	541882	626161
SP-040:004	541869	626115

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-040:005_1	541837	626072
SP-040:005_2	541851	626105
SP-040:006	542162	627560
SP-040:007	542156	627571
SP-040:008_1	541904	626279
SP-040:008_2	541904	626278
SP-040:008_3	541911	626272
SP-040:008_4	541942	626264
SP-040:008_5	541902	626320
SP-040:008_6	541930	626262
SP-040:008_7	541885	626295
SP-040:009	541875	624448
SP-040:010	542041	627582
SP-040:011	542137	627566
SP-040:012	541897	624426
SP-040:013	542165	627581
SP-040:014	542060	626542
SP-040:015	541936	626573
SP-040:017	542103	627575
SP-040:018_1	541830	626059
SP-040:018_2	541928	626133
SP-040:018_3	541794	626069
SP-040:018_4	541852	626061
SP-040:018_5	541798	626077
SP-040:018_6	541807	626066
SP-040:019	541885	626412
SP-040:019	541499	626199
SP-040:020A	541649	625604
SP-040:020B	541689	625772
SP-040:020C	541670	625813
SP-040:020D	541634	625919
SP-040:020E	541609	626050
SP-040:020F	541679	626080
SP-040:020G	541736	626099
SP-040:020H	541445	626189
SP-040:020I	541490	626223
SP-040:020J	541390	626647
SP-040:021	541786	626113
SP-040:022_1	541665	626361
SP-040:022_2	541649	626374
SP-040:022_3	541663	626369
SP-040:023	541914	626411
SP-040:024	541935	624546

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-040:025	541736	625478
SP-040:026_1	541846	626090
SP-040:026_2	541845	626099
SP-040:026_3	541838	626119
SP-040:027	541805	626111
SP-040:028	541814	626114
SP-040:029	541858	626038
SP-040:030	541890	626139
SP-040:031	541909	626177
SP-040:032	541908	626156
SP-040:033	541906	626110
SP-040:034	541903	626139
SP-040:035	541799	626065
SP-040:036	541917	626170
SP-040:037	541801	626168
SP-040:038	541563	626037
SP-040:039	541878	626404
SP-040:040	541801	626134
SP-040b:001_1	541888	624445
SP-040b:001_2	541881	624449
SP-040b:002	541853	624439
SP-040b:003	541888	624401
SP-040b:004	541909	624381
SP-040b:005	541908	624402
SP-040b:006	541955	624424
SP-040b:007	541872	624467
SP-040b:008	541851	624467
SP-040b:009	541870	624590
SP-040b:010	541835	624558
SP-040b:011	541830	624567
SP-040b:012	541938	624407
SP-041:001_1	540920	626058
SP-041:001_2	540916	626061
SP-041:001_3	540931	626057
SP-041:002	540890	626094
SP-041:003	540861	626094
SP-041:004	541012	626013
SP-041:005	540288	626559
SP-041:006_1	540274	626680
SP-041:006_2	540287	626678
SP-041:006_3	540267	626690
SP-041:006_4	540253	626708
SP-041:006_5	540263	626718

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-041:006_6	540276	626676
SP-041:008	540923	625980
SP-041:009	540877	626060
SP-041:010	540837	626059
SP-041:011	540870	626179
SP-041:012	540849	626104
SP-041:013	540843	626074
SP-041:014	540890	626022
SP-041:015	540897	626244
SP-041:016	540942	625984
SP-041:017	540952	626207
SP-041:018	541031	626213
SP-041:019	540847	626084
SP-041:020	541050	625996
SP-041:021	540771	626143
SP-041:022	540849	626055
SP-041:023	541404	625484
SP-041:024	540649	625802
SP-041:025_1	540181	626561
SP-041:025_2	540207	626563
SP-041:026_1	540380	626699
SP-041:026_2	540390	626684
SP-041:026_3	540390	626672
SP-041:027	540490	625719
SP-041:028_1	540650	625717
SP-041:028_2	540659	625707
SP-041:029	540162	625797
SP-041:030	540961	625561
SP-041:031_1	540881	626152
SP-041:031_2	540883	626151
SP-041:032	541078	625631
SP-041:033	540950	626256
SP-041:034	540989	626245
SP-041:035	541017	626229
SP-041:036	541025	626229
SP-041:037	540846	626310
SP-041:038	541478	625745
SP-041:039	541438	625849
SP-041:040	541278	626108
SP-041:041_1	540956	625732
SP-041:041_2	540954	625742
SP-041:041_3	540962	625740
SP-041:041_4	540961	625752

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-041:041_5	540977	625764
SP-041:041_6	540984	625776
SP-041:041_7	540943	625735
SP-041:042_1	540239	626667
SP-041:042_2	540247	626676
SP-041:043_1	541007	625630
SP-041:043_2	540987	625630
SP-041:044_1	540635	625800
SP-041:044_2	540634	625806
SP-041:045_1	540388	626646
SP-041:045_2	540383	626645
SP-041:046	540482	625980
SP-041:047	540917	626177
SP-042:001_1	541381	628191
SP-042:001_2	541385	628195
SP-042:002	541426	628149
SP-042:003_1	541419	628168
SP-042:003_2	541418	628157
SP-042:003_3	541423	628166
SP-042:004_1	541403	628217
SP-042:004_2	541411	628215
SP-042:004_3	541409	628219
SP-042:005_1	541355	628260
SP-042:005_2	541344	628242
SP-042:006	541345	628195
SP-042:007_1	541345	628240
SP-042:007_2	541326	628222
SP-042:007_3	541327	628228
SP-042:007_4	541335	628234
SP-042:007_5	541333	628235
SP-042:007_6	541383	628257
SP-042:007_7	541371	628248
SP-042:007_8	541387	628325
SP-042:007_9	541390	628334
SP-042:008	541185	628160
SP-042:010	541358	628201
SP-042:012	541694	627782
SP-042:013	540964	628151
SP-042:014	541387	628512
SP-042:015	540996	628465
SP-042:016_1	540620	628510
SP-042:016_2	540620	628505
SP-042:017	540808	628496

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-042:018	541417	628139
SP-042:020	541381	628140
SP-042:021	541368	628180
SP-042:022	541412	628197
SP-042:023	541397	628412
SP-042:024	541338	628283
SP-042:025	541390	628348
SP-042:028	541413	628348
SP-042:029	541041	629173
SP-042:030	541426	628135
SP-042:031	541327	628325
SP-042:032	541107	628995
SP-042:034	541379	628390
SP-042:035	541394	628440
SP-042:036	541396	628185
SP-042:037	541397	628177
SP-042:038	541400	628187
SP-042:039	541302	628245
SP-042:040	541361	628196
SP-042:041	541516	628878
SP-042:042	541623	629063
SP-042:043	541591	629020
SP-042:044	541348	628216
SP-042:045	541330	628212
SP-042:046	541379	628276
SP-042:047_1	541243	628203
SP-042:047_2	541234	628194
SP-042:048	541386	628151
SP-042:049	541404	628190
SP-042:050	541382	628248
SP-042:051	541374	628241
SP-042:052	541363	628310
SP-042:053	541467	628758
SP-042:054	540730	628178
SP-042:055	541031	628266
SP-042:056	541067	628293
SP-042:057	541427	628186
SP-042:058	541418	628242
SP-042:059	541464	626895
SP-042:060	541527	627956
SP-042:061	541367	628228
SP-043:001_1	541036	628130
SP-043:001_2	541033	628140

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-043:001_3	541021	628139
SP-043:001_4	541034	628122
SP-043:002	540991	628119
SP-043:003	541348	627563
SP-043:004	541119	628039
SP-043:005_1	540796	626925
SP-043:005_2	540813	626928
SP-043:005_3	540801	626959
SP-043:005_4	540805	626943
SP-043:005_5	540812	626940
SP-043:005_6	540821	626941
SP-043:005_7	540783	626956
SP-043:005_8	540763	626933
SP-043:006	540333	626807
SP-043:008_1	540711	628089
SP-043:008_2	540690	628028
SP-043:008_3	540663	627973
SP-043:008_4	540651	627979
SP-043:008_5	540652	627966
SP-043:008_6	540569	627913
SP-043:008_7	540544	627881
SP-043:008_8	540540	627867
SP-043:008_9	540541	627858
SP-043:008_10	540530	627858
SP-043:008_11	540532	627851
SP-043:008_12	540582	627859
SP-043:008_13	540599	627894
SP-043:008_14	540636	627912
SP-043:008_15	540644	627907
SP-043:008_16	540665	627925
SP-043:010	540240	626769
SP-043:011	541091	628048
SP-043:012	541197	626648
SP-043:013	541111	628147
SP-043:014	541056	628158
SP-043:015	541120	628120
SP-043:016	541175	628112
SP-043:017	541008	628150
SP-043:018	540995	628160
SP-043:019	540971	628073
SP-043:020_1	541130	628108
SP-043:020_2	540980	628068
SP-043:020_3	541122	628132

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-043:020_4	541046	628053
SP-043:021_1	540420	627447
SP-043:021_2	540414	627439
SP-043:021_3	540420	627439
SP-043:022	540644	627572
SP-043:023_1	540416	627413
SP-043:023_2	540494	627392
SP-043:024	540263	626828
SP-043:025_1	540987	626690
SP-043:025_2	540990	626686
SP-043:026	540970	627457
SP-043:027	541021	628148
SP-043:028	541161	627846
SP-043:029	541202	627776
SP-043:030_1	540609	627998
SP-043:030_2	540609	627986
SP-043:031_1	540297	626797
SP-043:031_2	540308	626797
SP-043:032	540323	626750
SP-043:033_1	540712	627875
SP-043:033_2	540714	627860
SP-043:034	540358	628125
SP-043:035	540977	628125
SP-043:036	541020	628131
SP-043:037	540945	628101
SP-043:038	541172	627809
SP-043:039	540959	628122
SP-043:040	540970	628112
SP-043:041	541244	627302
SP-043:042	540995	628144
SP-043:043	541064	628079
SP-043:044	541075	628139
SP-043:045	541021	628092
SP-044:001_1	539588	628724
SP-044:001_2	539585	628733
SP-044:001_3	539592	628706
SP-044:001_4	539582	628708
SP-044:001_5	539581	628746
SP-044:002_1	539565	628726
SP-044:002_2	539567	628737
SP-044:002_3	539556	628737
SP-044:003	539607	628746
SP-044:004	539569	628855

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-044:005	539641	628923
SP-044:006	539533	628721
SP-044:007_1	539576	628695
SP-044:007_2	539576	628705
SP-044:008_1	539856	629849
SP-044:008_2	539858	629851
SP-044:008_3	539857	629854
SP-044:008_4	539854	629858
SP-044:008_5	539863	629859
SP-044:008_6	539866	629843
SP-044:008_7	539831	629811
SP-044:008_8	539834	629820
SP-044:008_9	539818	629842
SP-044:008_10	539872	629863
SP-044:008_11	539851	629833
SP-044:009	539414	628671
SP-044:010	539343	628610
SP-044:011_1	539759	628799
SP-044:011_2	539762	628796
SP-044:011_3	539753	628796
SP-044:011_4	539773	628795
SP-044:011_5	539763	628782
SP-044:011_6	539717	628750
SP-044:011_7	539717	628758
SP-044:011_8	539724	628755
SP-044:011_9	539729	628768
SP-044:012	540444	628516
SP-044:013_1	538507	627764
SP-044:013_2	538524	627775
SP-044:015	539585	628644
SP-044:016_1	539392	628090
SP-044:016_2	539403	628094
SP-044:016_3	539400	628093
SP-044:016_4	539403	628087
SP-044:016_5	539405	628080
SP-044:017	539487	628788
SP-044:018	539599	628709
SP-044:019_1	539490	628646
SP-044:019_2	539525	628648
SP-044:020	539550	628703
SP-044:021	539747	629516
SP-044:022_1	539391	628654
SP-044:022_2	539382	628646

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-044:022_3	539395	628657
SP-044:022_4	539401	628659
SP-044:023	539381	628673
SP-044:024_1	539592	628646
SP-044:024_2	539589	628654
SP-044:025_1	539442	628434
SP-044:025_2	539445	628429
SP-044:025_3	539434	628426
SP-044:025_4	539479	628504
SP-044:025_5	539512	628461
SP-044:025_6	539493	628456
SP-044:025_7	539417	628405
SP-044:025_8	539217	628549
SP-044:025_9	539449	628484
SP-044:026	539695	629733
SP-044:027	539684	629147
SP-044:028_1	539783	629748
SP-044:028_2	539769	629750
SP-044:028_3	539759	629781
SP-044:028_4	539755	629789
SP-044:028_5	539745	629803
SP-044:028_6	539739	629789
SP-044:028_7	539788	629753
SP-044:029_1	539599	628689
SP-044:029_2	539594	628687
SP-044:030	539387	628187
SP-044:031	539594	628626
SP-044:032	539057	628419
SP-044:033	539645	628915
SP-044:034	540891	629125
SP-044:036	540291	628290
SP-044:040_1	539738	629849
SP-044:040_2	539737	629859
SP-044:040_3	539727	629853
SP-044:041	539581	628622
SP-044:042	539560	628614
SP-044:043	539351	628615
SP-044:044	539681	628918
SP-044:045	539622	628946
SP-044:046_1	540073	628548
SP-044:046_2	540018	628554
SP-044:046_3	540229	628475
SP-044:047	539492	628165

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-044:047	539402	628038
SP-044:048_1	539677	628437
SP-044:048_2	539644	628395
SP-044:049	539597	628872
SP-044:050	539569	628701
SP-044:051_1	540329	628650
SP-044:051_2	540346	628684
SP-044:052	540434	628628
SP-044:053	540035	628500
SP-044:054	539770	629035
SP-044:055	539750	629122
SP-044:056	539774	629319
SP-044:057	539625	629658
SP-044:058	539619	629502
SP-044:059	539651	629436
SP-044:060	537876	627130
SP-044:062	539230	628407
SP-044:063	539112	628414
SP-044:064	539589	628607
SP-044:065	538609	628085
SP-044:066	538546	628003
SP-044:067	538591	627864
SP-044:068	539498	628618
SP-044:069	539525	628610
SP-044:070_1	539775	628572
SP-044:070_2	539774	628564
SP-044:071_1	539802	628553
SP-044:071_2	539796	628540
SP-044:071_3	539807	628565
SP-044:072_1	540249	628477
SP-044:072_1	540259	628555
SP-044:072_2	540260	628544
SP-044:073	540129	629528
SP-044:074	540116	629941
SP-044:075_1	540014	628534
SP-044:075_2	539990	628536
SP-044:075_3	540021	628541
SP-044:076	539660	629289
SP-044:077	539660	629250
SP-044:078	539592	628598
SP-044:079_1	539679	629524
SP-044:079_2	539676	629515
SP-044:080	538661	628097

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-044:081	539627	629559
SP-044:082	539548	628750
SP-044:083	539637	628972
SP-044:085	539388	628680
SP-044:086	539499	628769
SP-044:087	539520	628678
SP-044:087	539572	628768
SP-045:001_1	538678	628697
SP-045:001_2	538670	628695
SP-045:001_3	538670	628708
SP-045:001_4	538671	628712
SP-045:001_5	538675	628716
SP-045:001_6	538686	628679
SP-045:002	538687	628743
SP-045:003	538614	628746
SP-045:004_1	538602	628675
SP-045:004_2	538596	628662
SP-045:004_3	538605	628673
SP-045:005	538586	628622
SP-045:006	538407	629133
SP-045:007	538690	628766
SP-045:008	538674	628772
SP-045:009	539046	628549
SP-045:010_1	538489	629050
SP-045:010_1	538466	629037
SP-045:010_1	538507	629075
SP-045:010_2	538507	629063
SP-045:011	538505	628095
SP-045:013	538652	628668
SP-045:014	538576	628601
SP-045:015	538383	629180
SP-045:017	538625	628692
SP-045:019	538636	628695
SP-045:020_1	538287	629875
SP-045:020_2	538279	629877
SP-045:020_3	538273	629876
SP-045:020_4	538281	629893
SP-045:020_5	538315	629906
SP-045:020_6	538316	629890
SP-045:021_1	538630	628773
SP-045:021_2	538599	628764
SP-045:022	538713	628734
SP-045:023	538684	628576

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-045:024	538596	628571
SP-045:025	538567	628583
SP-045:026	538555	628493
SP-045:027_1	538374	629101
SP-045:027_2	538377	629104
SP-045:028	538531	628229
SP-045:029_1	538319	629844
SP-045:029_2	538339	629855
SP-045:030	538249	629958
SP-045:031	538475	628919
SP-045:032	538624	628535
SP-045:033	538507	628502
SP-045:034	538650	628630
SP-045:035	538861	628645
SP-045:036	538757	628694
SP-045:037	538803	628676
SP-045:038	538778	628684
SP-045:039	538506	628538
SP-045:040	538710	628719
SP-045:041	538651	628682
SP-045:042	538592	628592
SP-045:043	538584	628578
SP-045:044	538695	628717
SP-045:045	538688	628710
SP-045:046	538721	628752
SP-045:047	538727	628758
SP-045:049	538616	628642
SP-046:001_1	537985	627845
SP-046:001_2	537970	627849
SP-046:001_3	537988	627843
SP-046:002_1	537890	627794
SP-046:003	538012	627914
SP-046:004	537902	627860
SP-046:005	537591	627385
SP-046:006	537719	627776
SP-046:007	537888	627879
SP-046:008	537234	626439
SP-046:010_1	537795	627449
SP-046:010_2	537828	627392
SP-046:011	537800	628095
SP-046:012_1	537998	627862
SP-046:012_2	537983	627861
SP-046:013_1	537983	627901



<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-046:013_2	537976	627896
SP-046:014_1	537989	627897
SP-046:014_2	537985	627893
SP-046:015	538024	627901
SP-046:016	537974	627871
SP-046:017	538090	627866
SP-046:018	538011	627798
SP-046:019_1	538001	627760
SP-046:019_2	537990	627767
SP-046:019_3	537988	627764
SP-046:019_4	537986	627770
SP-046:020	537905	627873
SP-046:021	537884	627884
SP-046:022	537852	627904
SP-046:023	537903	627841
SP-046:024_1	537849	627760
SP-046:024_2	537854	627767
SP-046:025	537746	627738
SP-046:026_1	537721	627521
SP-046:026_2	537740	627507
SP-046:027_1	537642	627716
SP-046:027_2	537644	627711
SP-046:027_3	537669	627698
SP-046:027_4	537661	627697
SP-046:027_5	537645	627694
SP-046:027_6	537631	627704
SP-046:028_1	538007	627860
SP-046:028_2	538008	627857
SP-046:029	537422	627105
SP-046:030_1	538005	627723
SP-046:030_2	538006	627720
SP-046:031	537363	626832
SP-046:032	537318	626823
SP-046:033_1	536949	627013
SP-046:033_2	536975	626977
SP-046:033_3	536980	626974
SP-046:033_4	536951	627002
SP-046:033_5	536947	626888
SP-046:033_6	537128	627131
SP-046:034	538019	627908
SP-046:035	537293	627013
SP-046:036	537214	626782
SP-046:037	537332	626748

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-046:038	537283	626711
SP-046:039	537059	626491
SP-046:040_1	537239	626801
SP-046:040_2	537237	626816
SP-046:041	536856	626670
SP-046:042	538221	627868
SP-046:043	537736	627936
SP-046:044	537659	627942
SP-046:045	537828	628134
SP-046:046	537919	627800
SP-046:047	537987	627742
SP-046:048	537305	626948
SP-046:049	537918	627779
SP-046:050	537424	627155
SP-046:051	537188	627343
SP-046:052	537287	627320
SP-046:053	537293	627308
SP-046:054	538064	627830
SP-047:001_1	533799	630936
SP-047:001_2	533810	630925
SP-047:001_3	533791	630931
SP-047:001_4	533798	630917
SP-047:003_1	533702	630808
SP-047:003_2	533777	630779
SP-047:003_3	533682	630832
SP-047:003_3	533726	630796
SP-047:004	533980	631047
SP-047:005_1	533947	630690
SP-047:005_2	533937	630726
SP-047:005_3	533936	630775
SP-047:006	533803	630958
SP-047:007	533801	630886
SP-047:008	533092	627742
SP-047:009	532472	626894
SP-047:010	533731	630800
SP-047:011_1	534053	630517
SP-047:011_2	534063	630509
SP-047:011_3	534093	630521
SP-047:011_4	534059	630566
SP-047:011_5	534085	630490
SP-047:011_6	534078	630496
SP-047:011_7	534039	630568
SP-047:011_8	534050	630549

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-047:011_9	534011	630551
SP-047:011_10	534034	630519
SP-047:011_11	534035	630494
SP-047:012	533778	630949
SP-047:013	533586	630579
SP-047:014	533617	630626
SP-047:015_1	533384	631036
SP-047:015_2	533377	631044
SP-047:016	533370	631064
SP-047:017	533704	630823
SP-047:018	533817	630895
SP-047:019	533832	630906
SP-047:020	533852	630873
SP-047:021	533865	630844
SP-047:022	533800	630797
SP-047:023	533769	630793
SP-047:024	533728	630905
SP-047:025	533689	630941
SP-047:026	533675	630937
SP-047:027	533577	630994
SP-047:028	533622	630354
SP-047:029	533818	630446
SP-047:030	533918	629764
SP-047:031	533919	630830
SP-047:032_1	533613	628834
SP-047:032_2	533601	628839
SP-047:032_3	533623	628820
SP-047:032_4	533615	628864
SP-047:033_1	533443	629104
SP-047:033_2	533464	629105
SP-047:034	533948	630739
SP-047:035	533622	630966
SP-047:036_1	533896	630405
SP-047:036_2	533894	630393
SP-047:036_3	533891	630384
SP-047:036_4	533878	630391
SP-047:036_5	533875	630369
SP-047:036_6	533877	630363
SP-047:037	533510	629090
SP-047:038	533799	630902
SP-047:039	533804	630901
SP-047:040	534086	630441
SP-047:041	533733	630868

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-621:001	541014	627075
SP-621:002	540433	627705
SP-621:003	539893	627542
SP-621:004	533266	629499
SP-621:005	536835	629862
SP-621:006	542119	622942
SP-621:006	541974	624364
SP-621:007_1	540933	618397
SP-621:007_2	541484	619094
SP-621:008	534980	617144
SP-621:009	537666	627444
SP-621:009	533400	621929
SP-621:010	538353	628281
SP-621:011	540592	628297
SP-621:012	543308	620821
SP-621:013	540934	625977
SP-621:015	541034	625992
SP-621:017	541249	627634
SP-621:018	545109	623939
SP-621:019	543610	626373
SP-621:020	543122	628089
SP-621:021	543249	627745
SP-623:001_1	542135	622839
SP-623:001_2	542140	622839
SP-623:001_3	542148	622849
SP-623:002_1	542177	622790
SP-623:002_2	542184	622781
SP-623:003_1	542250	622772
SP-623:003_2	542222	622743
SP-623:004_1	541915	621794
SP-623:004_2	541916	621780
SP-623:004_3	541919	621780
SP-623:004_4	541900	621764
SP-623:004_5	541898	621753
SP-623:005	541926	621650
SP-623:006	541963	622855
SP-623:007	542133	622725
SP-623:008_1	542160	622722
SP-623:008_2	542127	622672
SP-623:009	541918	620102
SP-623:010	542143	622858
SP-623:011	542092	622866
SP-623:012	542159	622848

<b>Samtala</b>	<b>Austur</b>	<b>Norður</b>
SP-623:013	542084	622814
SP-623:014	542166	622845
SP-623:015	542099	622823
SP-623:016	542185	622830
SP-623:017_1	542110	622805
SP-623:017_2	542110	622839
SP-623:017_3	542104	622808
SP-623:018	542251	622811
SP-623:019	542198	622871
SP-623:020	542142	622695
SP-623:021	542198	622858
SP-623:022	542051	622697
SP-623:023	542242	622642
SP-623:024	542029	622715
SP-623:025	541930	621797
SP-623:026	542180	622806
SP-623:027	542200	622810

### **Viðauki III: Minjakort Þorgeirsfjörður og Keflavík**

Kortin eru unnin ofan á loftmyndir frá Loftmyndum ehf.

# Keflavík og Þorgeirsfjörður

## Yfirlit



# Þönglabakki - kort 1



044074

044040

044008

044028

044026

044057

044081

044058

044079

044021

044073

044059

044056

044076

044077

044027

044055

044054

044083

044045

044005

044033



044044

044049

044004

0 75 150 225 300 m

# Pönglabakki - kort 2



# Pönglabakki - kort 3





# Þönglabakki Heimatún og nágrenni



# Botn - kort 1



045030

045020

045029


045015

045006

045027

045010

0 75 150 225 300 m



# Botn - kort 2



045031

045021 045008 045047

045003 045002 045044 045022

045019 045001 045036

045004 045013 045038 045037 045035

045049 045034

045014 045005 045042 045023

045025 045024

045039 045032

045033 045026

621010

045028

045011 044065 044080



044066

0 50 100 150 200 m



# Botn Heimatún og nágrenni



# Hóll - kort 1



# Hóll - kort 2



# Hóll

## Heimatún og nágrenni



# Keflavík - kort 1



047016  
047015

047004

047027

047035 047025 047012 047006

047026 047038 047019

047024 047018 047020

047017 047041 047021

047003 047022 047031

047010 047023

047034

047005

047014

047013

047011



047029

047040

047036


047028

0 100 200 300 400 m





# Keflavík - kort 2



047030

621004

047033


047037

047032

047008

047009

0 200 400 600 800 m





# Keflavík Heimatún og nágrenni



# Fornleifar á fleiri en einni jörð

